Fornleifaskráning í Kjósarhreppi III:

Káranes, Káraneskot, Laxárnes, Miðdalur, Miðdalskot, Hækingsdalur og Vindás

I. bindi



Ritstjóri: Sólveig Guðmundsdóttir Beck
Höfundar efnis: Sólveig Guðmundsdóttir Beck og Sigurjóna Guðnadóttir

Fornleifastofnun Íslands
FS496-07123
Reykjavík
2012

Forsíðumynd er af Sognsseli GK-347:012 með Sandfellstjörn og Sandfell í baksýn, horft er til SSA. Ljósmynd tók Sólveig G. Beck.

© Fornleifastofnun Íslands 2012
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is
Heimasíða: www.instarch.is

Efnisyfirlit

I. Bindi

1. Inngangur..... 4
2. Löggjöf um fornleifar..... 5
3. Byggðarsaga Kjósarhrepps..... 7
4. Fornleifaskrá..... 21
GK-320 Káranes..... 23
GK-321 Káraneskot..... 37
GK-322 Laxárnes..... 43
GK-332 Mýdalur/Miðdalur..... 62
GK-333 Mýdalskot/Miðdalskot..... 80
GK-338 Möðruvellir (viðbót)..... 82
GK-346 Hækingsdalur..... 83
GK-347 Vindás..... 107

II. Bindi

GK-348 Reynivellir..... 127
GK-348b...Seljadalur/Reynivallasel..... 157
GK-349 Vesturkot..... 165
GK-350 Sogn..... 170
GK-355 Hvítanes..... 181
GK-358 Þrándarstaðir..... 195
GK-359 Ingunnarstaðir..... 205
GK-360 Hrísakot..... 224
5. Samantekt..... 237
6. Niðurstöður..... 247
7. Lokaorð..... 251
8. Heimildaskrá..... 252

Viðaukar..... i

Hnitaskrá á ISN93..... ii
Minjakort..... viii

1. Inngangur

Vorið 2007 sömdu Fornleifastofnun Íslands og Kjósarhreppur um aðalskráningu allra minjastaða í sveitarfélaginu vegna fyrirhugaðs aðalskipulags en áður hafði Fornleifastofnun gert svæðisskráningu fyrir hreppinn fyrir sama svæði.[1] Aðalskráning hófst sumarið 2007 og lýkur henni sumarið 2011. Ákveðið var að forgangsraða skráningu jarða eftir því sem hentaði sveitarfélaginu best í stað þess að skrá samliggjandi jarðir í hverjum áfanga eins og venja er. Fyrstu tveir áfangarnir voru skráðir sumurin 2007-2008 og voru þá samtals skráðar 532 fornleifar, eða að meðaltali um 25 fornleifar á jörð. Niðurstöður fyrstu áfanganna tveggja komu út vorið 2009 í skýrslu sem Birna Lárusdóttir ritstýrði.[2] Sumarið 2009 var þriðji áfangi skráður. Þá voru alls skráðar 249 fornleifar eða að meðaltali um 31 fornleif á jörð. Niðurstöður þessa áfanga voru gefnar út í sérstakri skýrslu vorið 2010 sem Sólveig Guðmundsdóttir Beck ritstýrði.[3] Fjórði áfangi skráningar fór fram sumarið 2010 en þá voru skráðar fornleifar á níu jörðum í Kjósarhreppi. Það voru bæirnir Káranes, Káraneskot, Laxárnes, Miðdalur, Miðdalskot, Reynivellir, Reynivallasel, Vesturkot og Hvítanes. Alls voru skráðar 227 fornleifar eða að meðaltali um 25 fornleifar á jörð. Við skráningu er miðað við lögbýli eins og þau koma fyrir í Jarðabók Johnsen frá árinu 1847 en það þýðir að hjáleigur og nýbýli sem byggst hafa síðan þá, fá yfirleitt ekki sérstakt jarðanúmer heldur eru þær skráðar undir því lögbýli sem þær byggðust frá. Frá þessu er þó gerð ein undantekning. Eyðibýlið Reynivallasel og aðrar fornleifar í eyðidalnum Seljadal voru skráðar undir sérstöku númeri, GK-348b, (númer Reynivalla er GK-348) enda er þar að finna fjölbreytta minjaflóru og þótti hagræðing í því að hafa allar minjar á svæðinu undir sérstöku númeri. Fimmti og síðasti áfangi vettvagnsskráningar fór svo fram sumarið 2011. Þá voru skráðar jarðirnar Hækingsdalur, Vindás, Sogn, Þrándarstaðir, Ingunnarstaðir og Hrísakot. Þar voru alls skráðir 200 minjastaðir eða að meðaltali um 33 fornleifar á jörð. Tveir síðustu áfangarnir koma nú út saman í lokaskýrslu haustið 2012. Sólveig Guðmundsdóttir Beck, jarðfornleifafræðingur, sá um skráningu og skýrslugerð. Skrásetjari vill þakka öllum þeim sem aðstoðuðu við verkefnið á einn eða annan hátt en sérstakar þakki fá heimildamenn sem rætt var við meðan á skráningu stóð. Nöfn þeirra er að finna í heimildaskrá aftast í skýrslu.

[1] Sædís Gunnarsdóttir. 2005 (FS266-04241).
[2] Birna Lárusdóttir. 2008 (FS394-07121).
[3] Sólveg Guðmundsdóttir Beck. 2010 (FS394-07122).

2. Löggjöf um fornleifar

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 10. grein þjóðminjalaga (nr. 107, 2001), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja …“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

a. búsetulandslag, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum og öskuhaugum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum, verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;

c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;

d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir,

ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;

e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;

f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum;

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;

i. skipsflök eða hlutar úr þeim.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.


Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Fornleifaverndar ríkisins.

3. Byggðasaga Kjósarhrepps

Kjósarhreppur er í sunnanverðum Hvalfirði. Hreppurinn nær frá Miðdalsá og norðurhlíðum Esju í suðri, að suðurbakka Botnsár í Botnsdal í Hvalfjarðarbotni, Hvalfells og Hvalvatns í norðri. Að austan marka svo fjöllin Hlíðar, Kjölur, Leggjabrjótur og Botnssúlur skil á milli Kjósarhrepps og Þingvallasveitar. Syðst í Kjósinni í norðurhlíðum Esjunnar eru fimm dalir sem liggja gróflega norður-suður. Vestastur er Hrútadalur, þá Eilífsdalur, Flekkudalur, Eyjadalur og loks Svínadalur austast. Innan hreppsins eru fimm fjöll; Eyrarfjall, Meðalfell, Reynivallaháls, Þrándarstaðafjall og Múlafjall, sem skipta svæðinu niður í sex stóra dali til viðbótar. Miðdalur sunnan við Eyrarfjall, Kjósardalur milli Eyrarfjalls og Reynivallaháls, Laxárdalur milli Meðalfells/Möðruvallaháls og Reynivallaháls, Hlíða- og Skálafellsháls, Fossárdalur milli Reynivallaháls og Þrándarstaðafjalls, Brynjudalur milli Þrándarstaðafjalls/Suðurfjalls og Múlafjalls og svo loks Botnsdalur milli Múlafjalls og Selfjalls/Háafells. Upp af Fossárdal er svo Seljadalur á milli Reynivallaháls og Kjalar. Flesta bæi Kjósarhrepps er að finna í þessum dölum en þó eru nokkrir bæir dreifðir eftir Hvalfjarðarströnd. Eitt stórt vatn er í Kjósinni vestanverðri milli Esju og Meðalfells sem kallast Meðalfellsvatn og hefur þar myndast á síðustu áratugum stór sumarbústaðabyggð. Slíka byggð er einnig að finna við mynni Eilífsdals litlu vestar og á Hvalfjarðarströnd vestan við Hvammsvík. Laxá í Kjós er ásamt Meðalfellsvatni eitt stærsta aðdráttarafl Kjósarinnar enda áin ein vinsælasta laxveiðiá landsins.

Helstu bæir sem skráðir voru í Kjósarhreppi dreifast misjafnt um svæðið en flesta þeirra má þó finna í Kjósar- og Laxárdölum (sjá *kort 1*). Í Miðdal eru nú bæirnir Kiðafell, Morastaðir og Miðdalur, sem og bærinn Eilífsdalur við mynni samnefnds dals. Kjósardal er skipt í tvennt af Dælisá og Bugðu sem renna saman og mynda eitt langt vatnsfall sem eitt sinn var nefnt Eilífsá. Vestan við Bugðu eru bæirnir Eyri, Þúfa, Bær, Blönduholt og Laxárnes norðaustan undir Eyrarfjalli en bæirnir Sandur, Eyjar, Flekkudalur, Grjóteyri og Meðalfell eru austan við árnar tvær. Flestir bæir eru austan við Meðalfellsvatn á meðan sjálfur Meðalfellsbærinn er norðan við vatnið. Austan við Bugðu í Laxárdal eru svo bæirnir Neðri-Háls, Valdastaðir, Sogn, Reynivellir, Vindás og Hækingsdalur norðan við Laxá. Sunnan við ána eru Fremri-Háls, Írafell, Möðruvellir, Þorláksstaði, Hurðarbak, Káranes og Káraneskot.



Kort 1 – Kjósarhreppur, herforingjaráðskort 26 og 36 (Landmælingar Íslands).

Vestanvert við norðurmynni Fossárdals var bærinn Fossá og upp og suður af Fossárdal er Seljadalur þar sem má finna leifar bæjarins Reynivallasels. Bæirnir Ingunnarstaði, Þrándarstaði og Skorhagi (Múli) eru í Brynjudal. Á Hvalfjarðarströnd eru bæirnir Útskálahamar norðvestan undir Eyrarfjalli og Hvammur, Hvammsvík og Hvítanes norðan undir Reynivallahálsi og vestan við Fossá. Enginn bær sem tilheyrir Kjósarhreppi er í Botnsdal í Hvalfjarðarbotni.

Þegar saga Kjósarinnar er skoðuð má sjá að talsvert af bæjum hefur þar byggst upp og fallið í eyði í gegnum aldirnar, þó að stærstu jarðirnar hafi verið í stöðugri ábúð. Í *töflu 1* er að finna yfirlit yfir þekkta bæi og býli á svæðinu ásamt upplýsingum um hvenær þeirra er fyrst getið í heimildum.

Frásögnum um landnám í Kjós ber ekki alveg saman. Kjósin virðist þó sannarlega hafa verið hluti af landnámi Ingólfs Arnarsonar. Samkvæmt Landnámu nam Helgi bjóla, tengdasonur Ingólfs Arnarssonar land á Kjalarnesi en hafði aðeins yfir að ráða svæðinu á milli Mógilsár og Miðdalsár (Mýdalsár).[4] Kjalnesingasaga áætlar Helga, vinum hans og vandamönnum hins vegar mun stærra svæði eða allt land milli Leiruvogs og Botnsár. Samkvæmt Kjalnesingasögu útdeildi Helgi landinu til skipverja *"ok þar hverjum, sem honum þótti fallit vera.*[5]*"* Í sögunni eru nefndir þrír bæir í Kjósinni; Þrándarstaðir (GK-358) í Brynjudal, Eilífsdalur (GK-334) og Hækingsdalur (GK-346) í ofanverðum Laxárdal, sem Helgi bjóla útdeildi til skipaverja sinna (sjá *kort 2*).[6] Það er áhugavert að allar þessar jarðir eru í þröngum dölum langt frá hver annarri í útjaðri Kjósarinnar sem gæti gefið til kynna að Helgi bjóla hafi haldið bestu svæðunum fyrir sjálfan sig og fjölskyldumeðlimi.

Bærinn Þrándarstaðir er ekki nefndur aftur í heimildum fyrr en í dómabréfi árið 1509.[7] Hækingsdals er einnig getið í Sturlungu og í landamerkjabréfi frá árinu 1270 þar sem merkja milli bæjanna Vindáss (GK-347) og Hækingsdals er getið og kemur þar bæjarnafnið Vindás fram í fyrsta skipti.[8] Vindásjörð hefur því greinilega einnig byggst nokkuð snemma. Eilífsdalur er nefndur um 50 árum fyrr, eða um 1220, í máldaga Saurbæjarkirkju og árið 1478 eru landamerki milli Eilífsdals og Miðdals

[4] ÍF I, 50-51
[5] Íslendinga sögur XII, 313
[6] Íslendinga sögur XII, 313
[7] DI VIII, 284
[8] Sturlunga saga I, 406; DI II, 81-82

(Mýdals GK-332) nefnd í fornbréfi.[9] Munnmæli eru um að bænhús hafi verið bæði í Hækingsdal og að Þrándarstöðum (sjá *kort 2*).[10]

Í Landnámu er sagt frá fjórum aðal landnámsmönnum í Kjósinni; Svartkeli hinum katneska, Hvamm-Þóri, Þorsteini Sölmundarsyni og Valþjófi Örlygssyni (sjá *kort 2*). Svartkell nam samkvæmt Landnámu land vestast í Kjósinni frá Miðdalsá að Eilífsá (nú Dælisá og Bugða). Á hann að hafa búið fyrst að Kiðafelli (GK-330) en flutt síðar norðaustur fyrir Eyrarfjall að kirkjujörðinni (Hvalfjarðar-) Eyri (GK-326). Heimildir eru annars þöglar um Kiðafell fyrr en komið er fram til um 1700 en Eyrar er næst getið árið 1198 í Sturlungu og Eyrarkirkja er einnig nefnd í kirknaskrá Páls þegar um 1200 og máldaga Saurbæjarkirkju um 1220.[11] Meintur flutningur Svartkels frá Kiðafelli til Eyrar þar sem er betra undirlendi norðaustan og austan undir Eyrarfjalli gæti einfaldlega verið til marks um að landgæði hafi þótt betri þar, sér í lagi þegar fram liðu stundir, en undirlendi við bæjarstæði Kiðafels, suðvestan við Eyrarfjall, er takmarkað þar sem bærinn stendur nokkuð hátt í fjallshlíð stutt frá Miðdalsá og strönd Hvalfjarðar.

Hvamm-Þórir nam land milli Laxár og Fossár og bjó í Hvammi (GK-353) samkvæmt Landnámu. Í Sturlungu er Hvammur orðinn að stórbýli árið 1237[12] og er útkirkja nefnd þar í Hítardalsbók um 1367[13]. Í Harðar sögu er sagt frá því þegar Ormur sonur Hvamm-Þóris gefur Bolla þræl sínum land að Bollastöðum. Bollastaða er annars ekki getið í heimildum fyrr en í Jarðabók Árna og Páls árið 1705 þar sem jörðin er talin upp sem eyðibýli. Mannvistarleifar sem gætu verið leifar af bænum eru rétt austan við landamerkin milli Valdastaða (GK-351) og Neðri-Háls (GK-352) á landsvæði innan landnáms Hvamm-Þóris.[14]

Þorsteinn Sölmundarson nam samkvæmt Landnámu land í Brynjudal milli Bláskeggsár og Fossár en ekki er ljóst hvar hann bjó. Hann átti son sem Refur hét og talinn er hafa búið að Múla (GK-357:008) eða á Stykkisvöllum í Brynjudal (Gullhlaðsvöllum GK-359:010)[15] og gæti faðir hans hafa búið á svipuðum slóðum. Þó er ekki útilokað að hann hafi búið í norðanverðum Botnsdal eða jafnvel enn norðvestar í Hvalfjarðarstrandarhreppi. Múla er annars getið í máldaga

[9] DI I, 402; DI V, 516
[10] JÁM III, 419; Ö-Hækingsdalur, 6; JÁM III, 437-438
[11] JÁM III, 390; Sturlunga I, 235; DI XII, 9; DI I, 402
[12] Sturlunga saga I, 405 og 407
[13] DI III, 218
[14] ÍF XIII, 65, 86-70 og 79; JÁM III, 428
[15] ÍF I, 59 nm; ÍF XIII, 63

Reynivallakirkju árið 1352[16] en bærinn var fluttur að Skorhaga um eða fyrir 1600 þegar skriður grafa eldra bæjarstæði að mestu.[17]

Í Kjalnesinga sögu er sagt frá kristnum Íra að nafni Örlygur sem kom til Íslands með konu og uppkomnum syni. Samkvæmt sögunni fékk Örlygur land hjá Helga bjólu frænda sínum, reisir bæ og kirkju að Esjubergi og býr á jörðinni til æviloka.[18] Samkvæmt Landnámu nam Valþjófur sonur Örlygs *"Kjós alla"* og bjó að Meðalfelli (GK-336) við Meðalfellsvatn.[19] Trúlega er þar átt við landsvæðið sem afmarkast af landnámi Svartkels að vestan og Hvamm-Þóris að norðan og austan, milli Eilífsár og Laxár suður að Esju og Skálafelli. Kirkjan að Meðalfelli er nefnd í kirknaskrá Páls um 1200. Innan þessa landsvæðis eru einnig Möðruvellir (GK-343) þar sem Valbrandur sonur Valþjófs er sagður hafa byggt fyrst en hann bjó þar árið 1198 samkvæmt Sturlungu.[20]

Landnám Örlygs á Kjalarnesi og Valþjófs sonar hans í Kjósinni gefur til kynna að Helgi bjóla hafi sannarlega haft einhver yfirráð yfir landsvæðum í Kjósinni líkt og Kjalnesinga saga greinir frá þótt Landnáma taki ekki beint undir það. Valþjófi hefur trúlega verið úthlutað landsvæði fyrir sína fjölskyldu og vini um leið og föður hans þar sem hann kom til landsins fulltíða. Þeir sem námu fyrst land í Kjósinni hafa því flestir trúlega haft einhver tengsl við Helga bjólu og fjölskyldu hans og fylgt þeim að málum. Því til stuðnings má t.d. nefna frásögn í Kjalnesinga sögu sem greinir frá því þegar Búi Andríðarson erfir eigur tengdaföður síns Þorgríms goða Helgasonar bjólu. Þar segir m.a.: *"Tók þá Búi við mannaforræði. Hafði hann allt út at Nýjahrauni ok inn til Botnsár,"*[21] sem gefur til kynna að stuðnings- og venslamenn fjölskyldunnar hafi verið til staðar a.m.k. norður í Botnsdal.

Aðrir bæir í Kjósarhreppi sem nefndir eru í elstu heimildum er bærinn Valdastaðir sem nefndur er í Sturlungu árið 1237 og í fornbréfum frá 1352. Í Jarðabók Árna og Páls er getið um munnmæli um að bænhús hafi verið á jörðinni en staðsetning þess er óþekkt.[22] Ekki er ljóst hvort Valdastaðir byggjast úr landi Bollastaða, á svipuðum tíma og jörðin Neðri-Háls eða úr óskiptu landi Hvamms.

[16] DI III, 70-71
[17] JÁM III, 442
[18] Íslendinga sögur XII, 313-314; ÍF I, 54-55.
[19] ÍF I, 56-60
[20] ÍF I, 57; DI XII, 10; Sturlunga saga I, 235
[21] Íslendinga sögur XII, 356
[22] Sturlunga saga I, 406; DI III, 70-71; JÁM III, 427



Kort 2 – Nokkrir elstu bæir í Kjósarhreppi (rauður – þekktir landnámsbæir; blár – bæir nefndir í Íslendingas.; gulur – kirkjustaðir ónefndir í Íslendingas.; grænn – heimildir um bænhús). Loftmynd fengin af Google Earth.

Bollastaðatóftir eru h.u.b. á merkjum Neðra-Háls og Valdastaða og gætu jarðirnar hafa byggst úr landareign Bollastaða eftir að jörðin leggst í eyði.

Kuml eru talin góð sönnun fyrir byggð á 10. öld en engin slík hafa enn fundist í Kjósarhreppi. Sú kenning hefur verið sett fram að skýringar kumlaleysisins gæti a.m.k. að hluta verið að leita í háu hlutfalli kristinna landnámsmanna á svæðinu en slíkar hugmyndir hafa ekki verið rannsakað neitt frekar.[23]

Dreifing kirkna og bænhúsa á miðöldum getur einnig gefið mikilvægar vísbendingar um byggðasögu. Slík hús voru víða á bæjum fyrir siðaskipti og talið er að flest slík hús hafi verið reist í heimagrafreitum um eða stuttu eftir kristnitöku í byrjun 11. aldar.[24] Gera má ráð fyrir að þeir bæir sem nefndir eru í kirknaskrá Páls[25] um 1200 hafa mjög líklega verið sjálfstæðar jarðir í byrjun 11. aldar. Samkvæmt máldaga Saurbæjarkirkju á Kjalarnesi frá 1220 voru sóknarmörk kirkjunnar á miðöldum um Eilífsá og tíundir lögðust til kirkjunnar af öllum jörðum vestan við ána nema af Eyri og Miðdal þar sem einnig voru kirkjur.[26] Hálfkirkja var að Eyjum (GK-338:002) en hennar er getið fyrst í máldaga frá 1180[27]. Miðdalur hefur trúlega byggst út úr landnámi Svartkels en Eyjar út úr landnámi Valþjófs en báðar jarðirnar hafa trúlega verið komnar í byggð snemma á 11.öld, ef ekki fyrr. Örlygur faðir Valþjófs var í Kjalnesingasögu sagður kristinn þegar hann kom til Íslands[28] og líklegast hefur Valþjófur sonur hans verið það einnig. Því er ekki útilokað að kirkjan að Meðalfelli hafi verið reist áður en kristni var lögtekin. Kirkjur voru einnig að Reynivöllum (GK-348:002) og á Ingunnarstöðum (GK-359:002) strax um 1180 samkvæmt máldögum.[29] Báðar jarðir hafa greinilega orðið til snemma. Reynivellir hafa trúlega byggst út úr landnámi Hvamm-Þóris á meðan Ingunnarstaðir gætu hafa byggst úr landi Múla í landnámi Þorsteins.

Auk þeirra kirkna og bænhúsa sem þegar hafa verið nefnd eru munnmæli um bænhús nefnd í Jarðabók Árna og Páls frá árinu 1705, á bæjunum Neðri-Hálsi (Stóri Háls GK-352:002) og Írafelli (GK-344:002)[30] en nákvæm staðsetning þeirra er óþekkt. Hafi bænhús verið á þessum jörðum styrkir það hugmyndir um að þessir bæir hafi

[23] Birna Lárusdóttir, 61
[24] Birna Lárusdóttir, 80-81
[25] sjá DI XII
[26] DI I, 402
[27] DI I, 267
[28] Íslendinga sögur XII, 313-314
[29] DI I, 266; DI I, 267; DI XII, 9; DI XII 10
[30] JÁM III, 415 og 428

verið komnir í byggð um eða stuttu eftir kristnitöku. Þeir hafa þá byggst úr landnámi Hvamm-Þóris (Háls) og Valþjófs (Írafell). Þess ber reyndar að geta að hvorugs bæjar er að nokkru getið í elstu heimildum. Neðri-Háls er fyrst getið í heimild frá um 1468[31] og Írafell virðist hvergi nefnt fyrr en í Jarðabók Árna og Páls í byrjun 18. aldar. Samkvæmt Svavari Sigurðssyni[32] eru ósamsett náttúrunöfn yfirleitt talin til marks um elsta stig búsetu. Ekki er útilokað að Neðri-Háls hafi í fyrstu aðeins heitið Háls eftir Reynivallahálsi en fengið á sig forliðinn Stóri-/Neðri- eftir að Efri-Háls byggðist (e-ð fyrir 1468?) mun ofar í Laxárdalnum undir Skálafellshálsi. Algengustu ósamsettu liðir í bæjarnöfnum Landnámu eru Fell, Dalur, Holt, Nes, Vík, Hóll, Á og Eyri og eru náttúrunafnaendingar einnig nokkuð algengar[33]. Samkvæmt þessu gæti Írafell verið nokkuð gamalt bæjarnafn. Írar koma sannarlega við sögu í Landnámu og ekki er útilokað að Írafell dragi nafn af þeim sem þar reisti fyrstur bær.

Af þessum upplýsingum hér að ofan er greinilegt að mörg af bestu landsvæðum Kjósarinnar voru komin í byggð fljótlega eftir landnám. Vitað er um a.m.k. fjóra aðra bæi (Þúfa GK-342, Sogn GK-350, Hurðarbak GK-319 og Káranes GK-321) sem samkvæmt heimildum hafa verið komnir í byggð fyrir lok 14. aldar en annarra jarða er ekki getið fyrr en síðar. Margar þeirra gætu þó vel hafa verið komnar í byggð á miðöldum, ef ekki fyrr, þó heimildir um það séu af skornum skammti.

Úr landnámi Svartkels hafa byggst jarðirnar Morastaðir (GK-331), Útskálahamar (GK-329), Þúfa (GK-324), Bær (GK-335), Blönduholt (GK-323) og Laxárnes (GK-322). Þúfa er nefnd fyrst í jarðabréfum frá 1352/1397.[34] Eins og áður sagði eru bæjarnöfn sem eru ósamsett náttúrunöfn yfirleitt talin til marks um elsta stig búsetu svo ekki er útilokað að Þúfa hafi verið byggð snemma út úr Eyrarlandi. Það sama mætti hugsanlega líka segja um Bæ því þó nafnið sé ekki náttúrunafn er það einfalt og ósamsett.[35] Jarðarinnar er þó ekki getið í heimildum fyrr en um 1508.[36] Báðir bæirnir eru í Kjósardal austan og suðaustan undir Eyrarfjalli og eru ágætis jarðnæði. Svipaða sögu er að segja um bæina Blönduholt og Laxárnes milli Bugðu og Hvalfjarðarstrandar, fast suðvestan við ósa Laxár. Laxárness er fyrst getið í sölubréfi árið 1483 en Blönduholts í jarðabréfum árið 1616.[37] Allar þessar jarðir teljast

[31] DI V, 516
[32] Svavar Sigmundsson, 12
[33] Sama
[34] DI III, 70-71
[35] Svavar Sigmundsson, 12
[36] DI VIII, 207
[37] DIV, 800; Jarðabréf frá 16. og 17 öld, 18

meðalstórar (16-20 hdr) og hafa því líklegast flestar byggst út úr Eyrarlandi eftir landnám, en í hvaða röð það hefur gerst er ómögulegt að segja. Að lokum má svo nefna bæina Morastaði og Úskálahamar sem fyrst eru nefndir í heimildum í byrjun 18. aldar.[38] Morastaðir hafa mjög líklega verið byggðir úr landi Kiðafells eða Miðdals en hvenær það hefur gerst er óljóst. Bæjarnöfn með endinguna –staðir eru yfirleitt talin tilheyra seinni stigum landnáms.[39] Útskálahamar hefur trúlega byggst seint úr landi Kiðafells eða Eyrar enda er bæjarstæðið fremur slæmt, á strönd Hvalfjarðar norðvestan undir Eyrarfjalli þar sem undirlendi er af nokkuð skornum skammti.

Líklegt er að Flekkudalsjarðir (GK-340 og 341) sem upphaflega voru líklega ein jörð, hafi upphaflega byggst úr landnámi Valþjófs Örlygssonar frá Meðalfelli við mynni Flekkudals sunnan við Meðalfellsvatn. Svipaða sögu er að segja um Þorlaksstaði (GK-318), Hurðarbak (GK-319) og Káranes (GK-321) og loks Sogn (eða Sofn GK-350), Sand (GK-342) og Fremri-Háls (Litli-Háls GK-345). Flekkudalsbæjar er fyrst getið í sölubréfi frá árinu 1483.[40] Í Jarðabók Árna og Páls árið 1705 eru bæirnir orðnir tveir en þeir voru þó ætíð taldir saman (40 hdr) fram til ársins 1802.[41] Jörðin Sandur er einnig sunnan undir Meðalfellsvatni og vestan við Sandsá líkt og Flekkudalsbæirnir en jörðin er fyrst nefnd í heimildum árið 1687 og þá metin á 10 hdr.[42] Ef sett er fram sú tilgáta að jörðin Sandur hafi á einhverjum tímapunkti verið byggð úr landi Flekkudals hefur jörðin upphaflega verið 50 hdr jörð sem myndi þýða að hún hefði verið með dýrustu jörðum í Kjós og mætti ætla að hefði komist mjög snemma í byggð. Bæjarnafnið Sandur gefur til kynna að bærinn gæti tilheyri elsta búsetustigi á svæðinu.

Bæirnir Hurðarbak og Káranes eru báðir nefndir í máldaga Meðalfellskirkju árið 1397.[43] Þeir eru h.u.b. hlið við hlið á suðurbakka Laxár norðan undir Meðalfelli ásamt Þorlaksstöðum austan við Þorlaksstaðaás. Þorlaksstaðir eru taldir hafa verið komnir í byggð eitthvað fyrir 1640 en –staðar endingin gæti þó jafnvel gefið til kynna að bærinn verði til á seinni stigum landnáms.[44] Káranes samkvæmt Jarðabók Árna og Páls dýrasta jörðin af þessum þremur, metin á 30 hdr, en hinar eru metnar á 20 hdr.[45]

[38] JÁM III, 389 og 391
[39] Svavar Sigmundsson, 12
[40] DI V, 800
[41] JÁM III, 403; JJ, 100
[42] JÁM III, 404; Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 20
[43] DI IV, 115-116
[44] JÁM III; 413
[45] JÁM III, 409-410, 411, 413

Ekki er útilokað að í upphafi hafi aðeins ein jörð verið á þessu svæði sem afmarkað er af Bugðu í vestri, Laxá í norðri og austri og Meðalfelli í suðri. Einhvern tíman á fyrstu öldum má svo gera ráð fyrir að jörðinni hafi verið skipt upp í þrennt, annað hvort í einu eða tveimur þrepum. Sé raunin sú að allt þetta svæði hafi upphaflega tilheyrt sömu jörðinni hefði hún verið um 70 hdr og líklega með fyrstu jörðum í Kjósinni til að byggjast úr landnámi Valþjófs. Ekki er þó hægt að útiloka að að jarðirnar þrjár hafi ætíð verið aðskildar og byggst ein og ein úr landi Meðalfells.

Jörðin Sogn (12 hdr) er nefnd í máldaga Reynivallakirkju árið 1352 sem eign kirkjunnar[46] og hefur jörðin verið byggð eitthvað fyrir þann tíma annað hvort úr landi Reynivalla eða Valdastaða. Fremri Háls (Litli-Háls) er efsti bærinn í Laxárdal og í sjálfri Kjósinni, en hans er ekki minnst í heimildum fyrr en í byrjun 18. aldar.[47] Staðsetning hans svo langt inni í landi og í þröngum dal mætti túlka sem vísbendingu um að hann byggist fremur seint þegar annað og hentugra jarðnæði var á þrotum, og sannarlega eftir að Neðri- eða Stóri-Háls kom til sögunnar. Hvenær nákvæmlega það ætti að hafa verið er óþekkt.

Jarðirnar Hvítanes (GK-355) og Fossá (GK-356) hafa líklega báðar verið byggðar úr landnámi Hvamm-Þóris norðan Reynistaðaháls, en þeirra beggja er getið nokkuð seint í heimildum. Hvítanes er skráð í erfðabréfi frá árinu 1585[48] en Fossárbæjar er ekki getið nein staðar svo vitað sé fyrr en í Jarðabók Árna og Páls í byrjun 18. aldar[49]. Nöfn beggja þessa jarða (samsett náttúrunöfn) mætti túlka sem vísbendingu um að þær gætu hafa byggst snemma. Báðar jarðirnar eru meðalstórar (metnar á 16 og 20 hdr 1705) en undirlendi er á báðum stöðum takmarkað og verður því að teljast líklegt er að þær hafi byggst úr landi Hvamms (GK-353) og Þrándarstaða (GK-358, landsvæðið norðan við Fossána) eftir að aðrar og landbetri jarðir á svæðinu eru komnar í byggð.

Önnur stærri býli og bæir sem voru í byggð í Kjósarhreppi þegar Jarðabók Johnsens er gerð árið 1847[50]eru Káraneskot (GK-321), Þúfukot (GK-325), Eyrar-Uppkot (GK-327) og Eyrar-Útkot (GK-328), Miðdalskot (GK-333), Meðalfellskot (GK-337), Eyjahóll (GK-001), Vesturkot (GK-349), Hvammsvík (GK-354) og Hrísakot (GK-360). Býlin draga oftast nöfn af heimajörðinni ef frá er talið Vesturkot

[46] DI III, 70-73
[47] JÁM III, 418
[48] Jarðabréf frá 16. og 17. öld, 18
[49] JÁM III, 436
[50] JJ, 1847

Tafla 1 – Bæir, hjáleigur og býli í Kjósarhreppi

Númer	Heiti	Þekktar heimildir um byggð	Guðshús
GK-318:001	**Þorláksstaðir**	Í byggð eftir 1645	
GK-318:002	**Þorláksstaðir (eldri bær)**	Snjóflóð tók bæinn af um eða fyrir 1645	
GK-319:001	**Hurðarbak**	Nefnt í máldaga Meðalfellskirkju 1397	
GK-319:015	**Hjáleigutún**	Örn., ekki vitað um hvaða hjáleigu er að ræða	
GK-320:001	**Káranes**	Nefnt í máldaga Meðalfellskirkju 1397, lögbýli árið 1705	
GK-321:001	**Káraneskot**	Hluti af tvíbýli í Káranesi árið 1705? Hjáleiga frá Káranesi 1847	
GK-322:001	**Laxárnes**	Jarðar getið í sölubréfi árið 1483, lögbýli árið 1705	
GK-322:010	**Flóakot**	Hjáleiga frá Laxárnesi í byggð fyrir 1685	
GK-322:012	**Melkot**	Hjáleiga frá Laxárnesi frá 1843-1849 og frá 1864-1882	
GK-323:001	**Blönduholt**	Jarðar getið fyrst í jarðabréfum árið 1616	
GK-323:007	**Blönduholtskot**	Eyðihjáleiga byggð frá um 1665 til um1700	
GK-324:001	**Þúfa**	Nefnt í jarðabréfum frá 1352/1397	
GK-324:010	**Litlaþúfa/ Lindarbrekka**	1885-1897 og 1917-1930	
GK-324:011	**Litlibær**	1835-1944	
GK-325:001	**Þúfukot**	Hjáleiga í byggð 1705	
GK-326:001	**Eyri (Hvalfjarðareyri)**	Landnámsjörð Svartkels, sem fyrst bjó að Kiðafelli en flutti síðar að Eyri, jarðar getið í Sturlungu árið 1198	Kirkja, um 1200
GK-326:021	**Þorkelskot**	Í byggð 1703, ekki vitað hvenær fer í eyði	
GK-326:024	**Blómsturvellir**	Í byggð 1703, ekki vitað hvenær fer í eyði	
GK-326:025	**Harðbali**	1875-1890	
GK-326:026-:030	**Tómthúsbýli á Harðbala**	Flóðatangi, Oddsbær, Ólafsbær, Þórarinsbær og Þorsteinsbær, 19.öld	
GK-327:001	**Eyrar-Uppkot (Efrakot)**	Býli 1705 frá Eyri	
GK-328:001	**Eyrar-Útkot (Neðrakot)**	Býli 1705 frá Eyri	
GK-329:001	**Útskálahamar**	Í byggð 1705	
GK-330:001	**Kiðafell**	Landnámsjörð Svartkels, sem fyrst bjó að Kiðafelli en flutti síðar að Eyri.	
GK-330:018	**Ós**	Býli í landi Kiðafells, byggt um 1856	
GK-331:001	**Morastaðir**	Konungseign 1705	
GK-331:016	**(Rannveigarkot)**	1928-1935	
GK-332:001	**Miðdalur (Mýdalur)**	Fyrst getið um 1220, lögbýli 1705	Hálfkirkja
GK-332:009	**Efri-Mýdalur**	Eyðibýli árið 1847, hugsanlega hluti af þríbýli í Miðdal árið 1705?	
GK-332:012	**(Laufastekkur)**	Eyðibýli löngu fyrir 1705	
GK-332:037	**Melbær (Mýdalspartur)**	Í byggð a.m.k.frá 1848 til 1896	
GK-333:001	**Miðdalskot (Mýdalskot)**	Fyrst getið um 1802, lagt undir Miðdal árið 1921	
GK-334:001	**Eilífsdalur**	Bær nefndur í Kjalnesingasögu, nafnið nefnt um 1220 í máldaga Saurbæjarkirkju, 1478 landamerki milli Eilífsdals og Mýdals nefnd	
GK-334:009	**Eilífsdalskot/ Eilífsdalshjáleiga**	Skráð í byggð frá 1681 fram til 1740 í bókinni Kjósarmenn, sýnt á túnakorti frá árinu 1917	

GK-335:001	**Bær**	Getið í sölubréfi 1508	
GK-335:005	**Litlibær**	Hjáleiga frá Bæ 1847	
GK-336:001	**Meðalfell**	Landnámsjörð Valþjófs Örlygssonar.	Kirkja, um 1200
GK-336:012	**Hjarðarholt**	Nýbýli frá 1905	
GK-336:013	**Meðalfellssel**	1859-1868	
GK-336:015	**Dæliskot**	Komið í eyði um 1640, kannski löngu fyrr	
GK-336:027	**Bræðrapartur**	1858-1861	
GK-337:001	**Meðalfellskot**	Hjáleiga 1705, komin í eyði 1917	
GK-338:001	**Eyjar**	Kirkjan að Eyjum getið um 1180 í fornbréfum	Hálfkirkja, um 1180
GK-338:039	**Hvassnes**	Í byggð 1705, talið í eyði snemma á 18.öld	
GK-338:046	**Gróukot**	Í eyði milli 1640 og 1650	
GK-339:001	**Eyjahóll**	Hjáleiga Eyja fyrst nefnd 1705, fer í eyði eftir 1917	
GK-340:001	**Flekkudalur (enn efri)**	Getið í sölubréfi 1483. Flekkudalsbæir taldir saman til 1802.	
GK-340:017	**Neðri-Flekkudalur**	Frá því eitthvað fyrir 1700 fram til 1840	
GK-341:001	**Flekkudalur (enn neðri)/ Grjóteyri**	Jörðin Flekkudalur talin ein jörð til 1802	
GK-342:001	**Sandur**	Bæjarstæði um og eftir 1705	
GK-342:002	**Sandur (eldri bær)**	Jörð fyrst nefnd 1687 í jarðabréfi, færður fyrir 1705 vegna skriðu og vatnsfalla	
GK-342:013	**Austurkot**	Ekki vitað	
GK-343:001	**Möðruvellir**	Jarðar getið í Sturlungu 1198 og Valbrandur Valþjófsson bjó fyrst að Möðruvöllum samkvæmt Landnámu	
GK-343:015	**Grámói**	Sennilega í eyði löngu fyrir 1705	
GK-343:033	**Múlakot**	Óljóst, sennilega 19.öld af rústum að dæma	
GK-343:039	**Svínadalskot**	Í byggð á 17.öld, talið í eyði snemma á 18.öld	
GK-344:001	**Írafell**	Konungseign árið 1705	Bænhús
GK-344:017	**Fornaskjól**	Sennilega í eyði löngu fyrir 1705	
GK-344:020	**Ónefnt býli (Stapi?)**	Óljóst, talið í byggð um miðja 19.öld	
GK-345:001	**Fremri-Háls**	Bændaeign 1705	
GK-345:006	**Sauðafell**	Hjáleiga frá Fremri-Hálsi byggð löngu fyrir og fram til 1665	
GK-345:008	**Hulstaðir**	Hjáleiga frá Fremri-Hálsi í byggð eitthvað fyrir 1700	
GK-345:015	**Margrétarkot**	Hjáleiga frá Fremri-Hálsi í byggð í 4-5 ár eitthvað fyrir 1700 (Maungutóftir)	
GK-346:001	**Hækingsdalur**	Getið í Sturlungu, Kjalnesingasögu og í landamerkjabréfi frá 1270, skipt upp í Hækingsdal og Hlíðarás 1957	Bænhús
GK-346:014	**Bjarnakot/ Háamýri**	Í byggð um 5-6 ár e-ð fyrir 1705	
GK-347:001	**Vindás**	Fyrst getið í landamerkjabréfi frá 1270	
GK-348:001	**Reynivellir - Gamlibær**	Bær eyðilagðist í snjóflóði árið 1699	Kirkja, um 1180
GK-348:003	**Reynivellir – Nýibær**	Bær byggðist eftir 1699, bæjarhóll yfirgefinn þegar núverandi íbúðarhús var byggt 1956	Kirkja

GK-348:015	**Austurkot/ Reynivallakot**	Í byggð fram til 1855, óljóst hvenær kotið byggðist fyrst	
GK-348b:001	**Reynivallasel**	Seljadalur, í byggð frá 1861-1921	
GK-349:001	**Vesturkot (Sólbrekka)**	Gömul hjáleiga frá Reynivöllum árið 1705, lagt undir Reynivelli árið 1877	
GK-350:001	**Sogn**	Jörð eign Reynivallakirkju árið 1352	
GK-351:001	**Valdastaðir**	Getið í Sturlungu 1237, nefnt í fornbréfum 1352/1397	Bænhús
GK-351:015	**Valdastaðir II, Austurbær**	Tvíbýli var að Valdastöðum að minnsta kosti frá 1650-1882	
GK-351:036	**Býli**	Í byggð eitthvað fyrir 1700	
GK-351:037	**Bollastaðir**	Nefndir í Harðar Sögu, í byggð e-ð fyrir 1600, forn lögbýlisjörð sem Valdastaðir og Neðri-Háls hafa haft afnot af?	
GK-351:039	**Kothólar**	?	
GK-351:049	**Afbýli frá Valdastöðum I**	1828-1847	
GK-351:050	**Afbýli frá Valdastöðum II**	1767-1846	
GK-352:001	**Neðri-Háls (Stóri Háls)**	Jörðin nefnd í vitnisburðarbréfi 1468	Bænhús
GK-352:015	**Ullarhóll**	Komið í eyði um 1660	
GK-352:016	**Arnarkot**	Komið í eyði upp úr 1600	
GK-353:001	**Hvammur**	Hvamm-Þórir nam land milli Laxár og Fossár og bjó í Hvammi. Stórbýli í Sturlungu 1237	Útkirkja, um 1367
GK-353:014	**Naglastaðir**	Óvíst, sennilega í eyði löngu fyrir 1705	
GK-353:015	**Ásmundarstaðir (tómthús)**	Búseta í 3 ár nálægt 1700	
GK-354:001	**Hvammsvík**	Var hjáleiga frá Hvammi, talin byggð fyrst um 1660, sjálfstætt býli 1847	
GK-355:001	**Hvítanes**	Getið í jarðabréfum árið 1585, í eyði síðan 1941 vegna hernáms	
GK-356:001	**Fossá**	Einkaeign 1705	
GK-356:011	**Kotatún**	?	
GK-357:001	**Skorhagi**	Í byggð um eða fyrir 1600 þegar Múli hverfur í skriður	
GK-357:008	**Múli**	Getið í Landnámu, þar bjó Refur hinn gamli sonur Þorsteins landnámsmanns í Brynjudal, getið í máldaga Reynivallakirkju árið 1352, síðast í byggð eitthvað fyrir 1600	
GK-357:009	**Þorkötlustaðir**	Í byggð eitthvað fyrir 1700	
GK-358:001	**Þrándarstaðir**	Jörð nefnd í Kjalnesingasögu og í dómsbréfi árið 1509, talin vera sama jörð og Þorbjarnarstaðir sem nefndir eru í Harðarsögu frá fyrri hluta 13. aldar (?)	Bænhús
GK-358:011	**Ónefnd hjáleiga**	Í byggð um 1675-1700	
GK-359:001	**Ingunnarstaðir**	Kirkju á Ingunnarstöðum getið í máldaga frá um 1180 og í kirknaskrá Páls frá því um 1200	Hálfkirkja, um 1180
GK-359:010	**Gullhlaðsvellir**	Í byggð eitthvað fyrir 1705. Landnámsbær?	
GK-359:011	**Þórunnarsel**	Þar er ætlað að býli hafi verið til forna samkvæmt JÁM III árið 1705	
GK-360:001	**Hrísakot**	Byggt úr landi Ingunnarstaða, afgömul hjáleiga 1705, fór í eyði um 1964	

sem byggðist út úr landi Reynivalla og Hrísakot sem byggðist út úr landi Ingunnarstaða. Flest þessara býla eru komin í byggð í byrjun 18. aldar (sjá *töflu 1*) fyrir utan Miðdalskot sem nefnt er fyrst um 1802. Auk þeirra bæja og býla sem þegar eru upptalin voru skráð um 50 önnur býli, hjáleigur og tómthús í Kjósarhreppi sem þýðir um 1,2 býli á hverja jörð, sem er rétt neðan við gróft meðaltal (1,6) þegar tölurnar eru bornar saman við sjö aðra hreppi sem áður hafa verið skráðir[51]. Flest eiga býlin það sameiginlegt að hafa verið fremur stutt í byggð. Upplýsingar um þau er að finna í *töflu 1* (merktar með gráu) en býlin eru talin upp á eftir lögbýlinu sem þau byggjast frá. Heimildir um eldri býli eru mjög óljósar en þegar nær dregur aldamótum 1900 fjölgar heimildum. Af bústöðunum 50 voru 20 í byggð á 17. öld eða fyrr, sex í byggð á 18. öld og fyrr og 24 í byggð á einhverjum tímapunkti frá lokum 18. aldar og fram á 20. öld.[52] Flest býli voru skráð að Eyri, eða átta, en þar af voru fimm tómthúsbýli ásamt býlinu Harðbala frá 19. öld sem líklega hafa tengst útgerð á þessu svæði. Fimm býli voru skráð frá Valdastöðum (sex ef Valdastaðir II eru taldir með) og fjögur frá Meðalfelli. Á flestum jörðum voru aðeins skráð 0-3 býli. Þegar jarðir skráðar með fleiri en eitt býli voru skoðaðar nánar kom í ljós að oftar en ekki virðist aðeins eitt býli (í mesta lagi tvö) hafa verið í byggð á hverri jörð á sama tíma og sjálft lögbýlið.


[51] Stefán Ólafsson, 11

[52] Að auki má geta að tvö örnefni voru einnig skráð sem gefa mannabústaði til kynna, Hjáleigutún GK-319:015 í landi Hurðarbaks og Kotatún GK-356:011 í landi Fossár, en óljóst er hvort um var að ræða raunverulega mannabústaði á svæðinu eða hvenær þeir voru í byggð. Engar ýtarlegri upplýsingar hafa fundist um þessi býli.

4. Fornleifaskrá

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-191:001). Fornleifaskrá hverrar jarðar hefst á stuttu yfirliti yfir skiptingu jarðarinnar, eignarhald hennar og matsverð, og einnig er gefin stutt lýsing á náttúrufari og búskaparaðstæðum og sléttun túna. Þar á eftir kemur listi yfir fornleifar sem fundist hafa heimildir um.

Í skránni fær hver minjastaður eina grein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða nátttröll). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.



Dæmi um skráningu á dæmigerðum minjastað

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í gráðum og mínútum. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum (stillingin WGS 84) og er mælt í

miðju hvers minjastaðar. Áætlað frávik frá miðju er oftast ekki meira en 10 metrar að meðaltali. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó að engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.


Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Þeir minjastaðir sem eru fjarri byggð og öllu því umróti sem hugsanlega gæti skemmt þá teljast ekki í hættu. Minjar á eða við svæði þar sem framkvæmdir eiga sér stað teljast í hættu ef hugsanlegt er talið að þeim verði rótað. Sem dæmi um slíka staði má telja fornleifar í túni en þær teljast í hættu vegna þess umróts sem fylgir ábúð og búskap og minjastaðir sem eru á svæði þar sem framtíðar landnotkun er óráðin. Í stórhættu teljast minjastaðir þar sem miklar líkur teljast á að stöðum kunni að verða raskað vegna áætlaðs eða fyrirsjáanlegs umróts. Sem dæmi um slíka staði má nefna minjastaði sem eru á skipulagssvæði þéttbýlis, inni í skógræktarreitum, innan áhrifasvæðis stórframkvæmda eða sem uppblástur ógnar.

Gerð er grein fyrir hver er hættuorsök hverju sinni. Þá er í síðustu línu getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

GK-320 Káranes

20 hdr 1673, Jarðabréf, 19. 20 hdr 1705. Káranes GK-320 er komið í byggð árið 1705 samkvæmt Jarðabók Árna og Páls en Káraneskot, hjáleiga GK-321, virðist ekki í byggð þetta sama ár. Þó er vísbending í texta um að þar sé engu að síður tvíbýli. Þar segir: "Ábúandinn Grímur Magnússon, býr á hálfri. Annar Loftur Bjarnason, býr á hálfri." JÁM III, 409-410. Árið 1397 segir í máldaga Meðalfellskirkju: "a xxc j heimalandi. Leiguland Þat er ad Hurdarbaki heitir. ...Þar liggia vnder tiunder af Hurdarbaki oc Karanesi oc lysitollar. So gropttur." DI IV, 115-116. Rjómabú var á jörðinni. Örnefnaskrá, 2. 1705: Landþröng er mikil, og bólgna vötn yfir mestallan haga um vetur, og gjörist því jörðin vetrarþúng í mesta máta." JÁM III, 410. 1840: "Heyskapur er þar nokkur á bökkum líkt og á hinu kotinu og landslag sama." SSGK, 258. Túnakort 1917: Tún 3,7 teigar, garðar 1000 m^2. Allt sléttað.



Túnakort Káraness GK-320 og Káraneskots GK-321 frá árinu 1917


GK-320:001 *Káranes* bæjarhóll bústaður 64° 20.055N 21° 35.133V

"Fyrir austan bæjarhúsin er Áarhóll við vað [Höfðavað 010] á ánni, og svo er hóll heima við bæ, sem heitir Bæjarhóll," segir í örnefnaskrá. Káranes er um 2 km austan við Laxárnes 322:001, um 1,8 km NNA við Meðalfell 336:001 og um 300 m suðvestan við Laxá. Samkvæmt Pétri Lárussyni bónda í Káranesi var gamli bærinn fast SSV við núverandi íbúðarhús (2010). Káranes var byggt úr landi Meðalfells. Káranesbær er í



Bæjarhóllinn í Káranesi GK-320:001, horft til ANA

miðjum Laxárdal á lágu holti sem stendur 2-10 m upp úr mýrinni og snýr NNA-SSV. Á bæjarhólnum er íbúðarhús sem byggt var 1965-1967 og sléttað tún. "Hann [Hestgangur 004] var sunnan við gamla íbúðarhúsið, sem var sunnan við núverandi íbúðarhús," segir í svörum við spurningum um örnefnaskrá. Í grein eftir Halldór Jónsson um Jón Halldórsson í Káranesi segir m.a.: "Íbúðarhús 10x12 al. með veggjum að hálfu leyti steyptum og að hálfu leyti úr timbri, járnvarið með kjallara undir (einlyft),". Bæjarhóll Káraness er um 40 m á lengd, um 20 m á breidd, 1-3 m á hæð og snýr NNA-SSV. Hóllinn er að mestu sléttað grasigróið tún/lóð umhverfis núverandi íbúðarhús (2010). Útihús 002 voru nyrst í bæjarröðinni og hestgangur 004 syðst. Íbúðarhúsið var byggt á árunum 1965-1967 og stendur á miðjum hólnum þar sem útihús 002 voru áður. Þegar húsið var byggt komu í ljós í grunni þess gólfskánir og hleðslur eldri bæjar. Ekki virðist vera kjallari undir nýja húsinu. Á meðan verið var að byggja nýja húsið stóð gamli bærinn fast sunnan við það. Gamli bærinn var svo rifinn árið 1968 en grunnur hans finnst enn undir sverði. Gamli bærinn var byggður um 1896 og lá bæjarröðin NNA-SSV með framhlið til VNV. Bærinn var timburhús með hlöðnum kjallara en seinna voru steyptir veggir utan um bæinn. Húsið var um 60 m^2 að flatarmáli á þremur hæðum þ.e. Kjallari, jarðhæð og ris. Þegar bærinn var rifinn voru lítil eldiviðargeymsla og smíðaskúr áföst honum að norðanverðu (sem höfðu verið byggð við húsið eftir 1896). Gengið var um aðalinngang til austurs inn í eldiviðargeymsluna. Þegar inn var komið var gengið til hægri inn í bæinn sjálfan til suðurs. Framdyr og kjallaratröppur voru hlið við hlið vestarlega á norðurhlið bæjarins. Tröppur voru vestar og dyr inn á gang á jarðhæð austar. Þegar Pétur Lárusson, bóndi í Káranesi, man fyrst eftir sér voru þrjú herbergi í kjallara. Kartöflugeymsla, þvottahús og mjólgeymsla. Mjólgeymslan varð seinna baðherbergi. Á tímabili var einnig olíukynding í kjallaranum. Á jarðhæð voru tvö herbergi til vesturs og eldhús og stofa til austurs. Gangur var á milli eldhúss og nyrðra herbergis og herbergjanna tveggja. Þar var gengið upp í ris. Í risinu voru geymsluloft og eitt svefnherbergi. Eina loftræstingin í húsinu voru litlar túður í veggjunum sem fylltar voru með tuskum á vetrum.



Herbergjaskipan gamla bæjarins í Kárnesi GK-320:001, hlutföll ekki nákvæm

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Káranes, 1; Ö-Káranes svör við sp, 3; Óðinn 1924, 46

GK-320:002 heimild um hjall 64° 20.061N 21° 35.115V
Á túnakorti frá árinu 1917 eru merkt útihús 002 um 3 m NNA við bæ 001. Samkvæmt Pétri Lárussyni bónda í Káranesi var lítið sund milli bæjar og útihúsa. Þar sem hjallurinn stóð er núverandi íbúðarhús í Káranesi, byggt á árunum 1965-1967. Samkvæmt túnakorti voru útihúsin þrískipt, um 12 m á lengd, um 6 m á breidd og snéru eins og bærinn NNA-SSV. Síðan Pétur Lárusson man eftir sér var útihúsunum skipt í hjall næst bæ, smiðju og dráttarvélaskúr nyrst. Fast austan við hjallinn voru

einnig kamar og reykkofi yst en þau voru byggð eftir að túnakortið var teiknað 1917. Ofan á reykkofanum var vindmylluturn. Öll þessi hús voru rifin um 1965 áður en núverandi íbúðarhús var byggt. Samkvæmt Pétri stóð dráttarvélaskúrinn þar sem eldhús íbúðarhússins er nú (2010) í NNA enda íbúðarhúss. Líklega hefur nyrsta húsið haft annað hlutverk áður en dráttarvélar komu til sögunnar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-320:003 heimild um fjós 64° 20.042N 21° 35.206V
"...og kringum fjósið er Aukatún," segir í örnefnaskrá. Umrætt fjós er líklega það sama og merkt er inn á túnakort frá 1917 um 80 m suðvestan við bæ 001. Samkvæmt Pétri Lárussyni bónda í Káranesi var fjósið um 65 m VSV við bæ 001. Á þessum stað er malarplan fyrir heyrúllur og steinsteypt fjós sem byggt var milli 1960-1970 um svipað leyti og núverandi íbúðarhús. Um fjósið segir í grein eftir Halldór Jónsson frá 1924: "... fjós og hesthús fyrir 18 stórgripi með áfastri heyhlöðu fyrir 350 hesta, steypt á 3 vegu, heyhlöðu með járnþaki og veggjum úr torfi og grjóti, er tekur um 300 hesta. Fjárhús á hann yfir 140 fjár. Nú er hann að undirbúa áburðarhús úr steinsteypu, sem mun komast upp í sumar." Fjósið var byggt árið 1914 og skiptist í fjós, hlöðu og haughús. Grunnur þess var hlaðinn og svo steypt ofaná. Timbur var milli hlöðu og fjóss og þakið var klætt bárujárni. Fjósið sjálft var nyrst, næst var hlaðan og svo súrheysgryfja syðst. Haughúsið var vestan við fjósið. Tryppakofa var seinna bætt við vestan við hlöðu og súrheysgryfju. Gengið var inn að vestan. Fjósið var rifið um 1960-1970 þegar steinsteypt fjós var byggt á sama stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Káranes, 2; Óðinn 1924, 46

GK-320:004 *Hestagangur* heimild um strokk 64° 20.049N 21° 35.136V
"Flöt suður af húsinu er nefnd Hestagangur. Hún var hlaðin upp, þegar rjómabúið [004] var hér. Var hestaflið notað og gengu þeir þennan gang," segir í örnefnaskrá. "Hestagangur var þannig hlaðinn upp að hestar gætu gengið í hring og snúið strokk rjómabúsins," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Samkvæmt Pétri Lárussyni bónda í Káranesi var Hestagangur fast SSV við bæ 001 í bláenda bæjarhólsins. Bæjarhóllinn er á þessum stað vel grasigróinn, ávalur og sléttaður. Brekkan í enda bæjarhólsins hallar 5-10° í SSV. "Hestgangur, eins og við notum orðið, sést ekki lengur. Hann var sunnan við gamla íbúðarhúsið, sem var sunnan við núverandi íbúðarhús. Engin ummerki eru sjáanleg nú um rjómabúið. Þar var starfrækt á árunum 1909-1920 að við höldum," segir í svörum við spurningum um örnefnaskrá. Samkvæmt Pétri Lárussyni var Hestgangur slétt flöt með grjóthlöðnum kanti sem byggður var 1896. Flötin var um 6 m á lengd og um 5 m á breidd. Strokkur stóð í miðri flötinni og var hann knúinn af hestum. Strokkurinn var notaður til að búa til smjör. Sveitungar komu með rjóma en fóru með smjör heim. Svæðið var sléttað um leið og gamli bær var rifinn um 1968.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Káranes, 2; Ö-Káranes aths og viðb; Ö-Káranes svör við sp, 3

GK-320:005 *Hesthústún* heimild um hesthús 64° 20.067N 21° 35.318V
"Fyrir vestan kelduna er Hesthústún, og Fjárhústún er við Fjárhúsin [009]," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Pétri Lárussyni bónda í Káranesi var hesthús um 150 m VSV við bæ 001. Á þessum stað er nýtt gríðarstórt hátæknifjós á sléttu malarplani byggt árið

2005. Um hesthúsið segir í grein eftir Halldór Jónsson frá 1924: "[...] fjós og hesthús fyrir 18 stórgripi með áfastri heyhlöðu fyrir 350 hesta, steypt á 3 vegu, heyhlöðu með járnþaki og veggjum úr torfi og grjóti, er tekur um 300 hesta." Ekkert sést til fornleifa. Hesthúsið var rifið milli 1970 og 1980 en það stóð þar sem nú er suðurendi austurgafls hátæknifjóssins. Hesthúsið var torf- og grjóthlaðið garðahús með bárujárnsþaki. Í húsinu voru hýst um 12 hross en það var upprunalega fjárhús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Káranes, 2; Óðinn 1924, 46

GK-320:006 frásögn öskuhaugur 64° 20.088N 21° 35.130V
Samkvæmt Pétri Lárussyni bónda í Káranesi var stór öskuhaugur um 60 m norðan við bæ 001. Á þessu svæði er sléttað tún fast norðan við bæjarhólinn. Ekkert sést til fornleifa. Sléttað var úr öskurhaugnum til SSV, yfir brunn 007 milli 1940 og 1950.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-320:007 frásögn brunnur 64° 20.057N 21° 35.181V
Samkvæmt Pétri Lárussyni bónda í Káranesi var hlaðinn brunnur um 40 m vestan við bæ 001. Á þessu svæði er sléttað tún. Brunnurinn var grjóthlaðinn að minnsta kosti 2 m niður en hann var grafinn alveg niður á klöpp. Aðeins sést ógreinileg lítil dæld í túni sem mælist um 0,5x0,5 m að flatarmáli og <0,2 m á dýpt. Brunnurinn var notaður fyrir 1937. Sléttað var yfir brunninn þegar rutt var úr öskuhaug 006, milli 1940 og 1950. Þá höfðu vatnleiðslur löngu verið lagðar heim í bæ. Tekið var vatn úr brunninum fyrir bæ og fjós.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-320:008 *Grafarvöllur* náma mógrafir 64° 20.143N 21° 35.491V
"Fyrir vestan Káranesásana heitir Grafarvöllur," segir í örnefnaskrá. Í svörum við spurningum um örnefni í Káranesi segir um grafirnar: "Mógrafirnar eru sem sagt mýrastykki milli Holtanna og Grafarvallar. Þær eru rúmlega 1 ha. að stærð, allar útgrafnar í gömlum mógröfum, uppgrónum að mestu þegar ég var krakki. Það var löngu hætt að taka upp mó þar, þegar ég [Pétur Lárusson] fór að muna eftir mér." Grafarvöllur er fast vestan við Káranesása um 350 m norðvestan við bæ 001 og um 80 m VSV við mókofa 017. Á þessu svæði er stórþýft og sundurgrafið graslendi nýtt sem hrossahagi. Grafirnar eru um 250x100 m að flatarmáli og snúa NNA-SSV. Svæðið er hæðótt og skurðir hafa verið grafnir til að ræsa það fram. Skurðirnir eru samsíða, langir og mjóir og 0,5-1 m djúpir. Hlíðar þeirra hafa brotna mjög niður og eru nú (2010) aflíðandi. Grafirnar sjálfa eru hér og þar á milli þessara skurða og snúa bæði norður-suður og austur-vestur. Samkvæmt Pétri Lárussyni bónda í Káranesi var mórinn skorinn í 20x15x15 cm stóra



Grafarvöllur GK-320:008, horft til norðausturs

köggla. Mónum var hraukað í nokkrar vikur til þerris og svo raðað upp í hlaða á Káranesásunum (sjá 017). Hætt var að taka mó á þessum stað þegar Pétur fór fyrst að muna eftir sér.


Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Káranes, 1; Ö-Káranes svör við sp, 1

GK-320:009 *Fjárhústún* tóft beitarhús 64° 20.014N 21° 35.565V



Beitarhús GK-320:009, horft til ANA

"Fyrir vestan kelduna er Hesthústún [005], og Fjárhústún er við Fjárhúsin," segir í örnefnaskrá. "Húsaflöt er sunnan við gömlu fjárhúsin og er nafnið dregið af þeim," segir í svörum við spurningum um örnefnaskrá. Gömlu beitarhúsin eru um 360 m vestan við Káranes 001 og um 310 m norðvestan við Káraneskot GK-321:001. Umhverfis beitarhúsin er smáþýft graslendi og sléttuð tún. Um beitarhúsin í Káranesi um 1924 segir í grein eftir Halldór Jónsson: "... Fjárhús á hann [Jón Halldórsson bóndi í Káranesi] yfir 140 fjár." Húsin skiptast í fjögur hólf (skemma, hlaða og 2 fjárhús) og ná yfir svæði sem er um 21 m á lengd, um 17 m á breidd. Þau snúa norðvestur-suðaustur. Í miðjunni er stór bárujárnsklædd hlaða úr timbri. Suðvesturgafl og vesturhorn hlöðunnar eru steinsteypt og 0,3-0,4 m þykk. Hlaðan er um 9 m á lengd, um 7 m á breidd, um 4 m á hæð og snýr norðaustur-suðvestur. Fast suðaustan við hlöðuna var skemma. Þar er aðeins grjót- og torfhlaðin tóft. Tóftin er um 8 m á lengd og um 3 m á breidd að innanmáli. Hlaðan er norðvesturveggur skemmunnar en norðaustur- og suðausturveggir hennar eru grjót- og torfhlaðnir. Trúlega hefur verið timburþil að suðvestan. Veggir skemmunnar eru 1-2 m á breidd og 0,5-1,5 m á hæð. Um 4 m norðaustan við skemmuna er um 0,5 m hár og um 10 m langur grjóthlaðinn veggur, eða bakki, sem snýr norðvestur-suðaustur. Hlutverk hans er óljóst. Tvö samhliða beitarhús voru fast norðvestan við hlöðuna en aðeins eystra húsið er enn uppistandandi. Húsin voru um 8 m á lengd, um 13 m á breidd samanlagt og snéru norðvestur- suðaustur. Gengið var inn í húsin um timburþil að norðvestan og innangengt var inn í hlöðuna úr báðum húsum um timburdyr að suðaustan. Húsið sem er enn uppistandandi er um 4 m á



Beitarhús og skemma GK-320:009

breidd, byggt úr timbri og klætt með bárujárni á þaki og suðvesturhlið. Norðausturhlíð er 1-2 m breiður og 0,5-1 m hár grjóthlaðinn veggur. Beitarhúsið er um 3 m á hæð undir mæni. Ekki er ólíklegt að um 2 m breiður grjótveggur hafi verið milli húsanna en hann er horfinn ásamt stórum hluta af garðaundirstöðu og suðvesturvegg vestara húss vegna sléttunar. Einu leifar vestara hússins eru um 5 m löng, 1 m breið og <0,5 m há garðaundirstaða og um 7 m langur, um 2 m breiður og <0,5 m hár mjög siginn grjótveggstubbur sem bæði liggja norðvestur-suðaustur. Garðaundirstaðan liggur beint undir timburdyrum inn í hlöðu. Krærnar hafa verið 1-1,5 m á breidd. Svæðið er grasigróið. Samkvæmt Pétri Lárussyni bónda í Káranesi voru húsin garðahús sem tóku um 120 kindur og voru þau byggð um 1914. Strangt til tekið eru húsin enn örfáum árum frá því að teljast til fornleifa en þau eru talin með í fornleifaskrá enda byggð að stórum hluta að fornri byggingarhefð.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Káranes, 2; Ö-Káranes svör við sp, 3-4; Óðinn 1924, 46

GK-320:010 *Höfðavað* heimild um vað 64° 20.098N 21° 34.966V
"Fyrir austan bæjarhúsin [001 og 002] er Áarhóll við vað á ánni," segir í örnefnaskrá. Þar segir einnig: "Vöð úr landinu eru Höfðavað, beint norður frá bæ, þá Laxavað [skráð í landi Valdastaða GK-351:029], þar sem er eyri í ánni." Samkvæmt Pétri Lárussyni bónda í Káranesi lá Höfðavað yfir Bugðu um 160 m ANA við bæ 001. Á þessu svæði er Bugða ekki stígvélafær en þó virðist hún vera straumlítil. Áin er 4-12 m á breidd á þessum slóðum og engin greinileg leið yfir. Káranesmegin er árbakkinn lágur og grasigróinn. Valdastaðamegin er bakki árinnar hár og brattur eða 1-2 m á hæð og nokkuð rofinn á köflum. "Um Höfðavaðið finnst mér einkennilegar upplýsingar frá Á. Þ., því það var einmitt hann, sem sagði mér hvar það var. Var þetta vað yfirleitt ekki notað frá þessum bæjum, nema helst af afa mínum [P.L), sem bjó hér á undan foreldrum mínum. ... Er í landi Káraness," segir í svörum við spurningum um örnefnaskrá. Vaðið tengir Káranesland við Valdastaðaland GK-351 en engar greinilegar leiðir eða götur sjást yfir ána þar sem vaðið var.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Káranes, 1; Ö-Káranes, 2; Ö-Káranes svör við sp., 2

GK-320:011 álagablettur 64° 20.197N 21° 35.170V
"Vestan við Fitina er mýrarrönd, austan við Hólavöll sem ekki mátti slá, það hafði einu sinni verið brotið gegn þessu, eftir því sem sagnir herma, og hafði þá drepist besta kýrin í fjósinu og reiðhestur húsbóndans. Síðan hefur hún ekki verið slegin," segir í svörum við spurningum um örnefnaskrá. Samkvæmt Pétri Lárussyni bónda í Káranesi er mýrarröndin sem um ræðir fast suðaustan við Káranesása, um 380 m norðan við bæ 001. Á þessu svæði er



Álagablettur GK-320:011, horft til norðausturs

þýft og ófært graslendi eða órækt milli tveggja sléttra túna. Engar fornleifar eru á svæðinu svo vitað sé.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Káranes svör við sp, 3

GK-320:012 *Móvað* heimild um vað 64° 20.096N 21° 35.683V
"Móvað er á Bugðu móti fjárhúsunum [009], rétt ofan við sumarbústaðinn Árnes," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Pétri Lárussyni bónda í Káranesi var Móvað á Bugðu um 450 m vestan við bæ 001 og um 180 m NNV við beitarhús 009. Á þessu svæði í Káraneslandi er sléttað tún. Bakki Bugðu er 1-2 m á hæð og brattur en samkvæmt Pétri Lárussyni er áin búin að rjúfa mikið efni burt. Botn árinnar er malarbotn. Straumur er ekki mjög harður og hugsanlega er stígvélafært á þessum stað. Malarbakki er Laxárnesmegin. "Á þeim tíma var tekinn upp mór í landi Laxaness [GK-322], vestan Bugðu. Að því er komið örnefnið Móvað á Bugðu. Það er til enn og notað sem örnefni, en ekki sem vað á ánni. Móvaðið: staðsetning þess er ónákvæm í örnefnaskránni. Það er ekki rétt fyrir ofan Árnes, heldur rétt ofan við afleggjarann, sem liggur frá bænum beint út að Bugðu," segir í svörum við spurningum um örnefnaskrá. Samkvæmt Pétri Lárussyni var áin grynnri þegar vaðið var í notkun en nú (2010) sést ekkert til götu til eða frá vaði. Farið var yfir vaðið af veg 022 þegar farið var í mógrafir GK-322:026 í Laxárneslandi.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Káranes, 2; Ö-Káranes svör við sp, 1

GK-320:013 *Ármótavað* vegur vað 64° 20.392N 21° 35.538V
"Rétt ofan við Grafarvöll [008] neðan við Fagurhól er Ármótavað," segir í örnefnaskrá. "Ármótavað er við ármót Laxár og Bugðu, Bugðumegin," segir í svörum við spurningum um örnefnaskrá. Ármótavað er yfir Bugðu um 700 m NNV við bæ 001 fast sunnan við ármót Bugðu og Laxár. Á þessum stað er botn Bugðu grunnur malarbotn, vel stígvélafær. Malareyri er í miðri á, 2-5 m á breidd, en áin er 0,2-0,5 m djúp. Malarvegur 022 liggur á þessu svæði yfir Bugðu á leið frá Káranesi yfir í Laxárnesland. Leiðin lá frá Káranesi yfir ásana og meðfram Bugðu í norður, yfir Ármótavað í vestur meðfram bakka Laxár að Hvalfjarðarvegi GK-322:036 í landi Laxárness.


Ármótavað GK-320:013, horft til norðvesturs

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Káranes, 2; Ö-Káranes svör við sp, 2

GK-320:014 *Boltaeyri* heimild um leikvöll 64°19.896N 21° 36.123V
"Á einum stað gengur greið eyri fram að ánni, sem heitir Boltaeyri. Þar var

fótboltavöllur þeirra, sem nú eru um sextugt, þegar þeir voru ungir," segir í örnefnaskrá. Í ævisögu Einars Ólafssonar frá Lækjarhvammi (1896-1991) Af Halamiðum á Hagatorg segir m.a. um eyrina: "Knattspyrnuvöllurinn var á eyri á Bugðubökkum og eftir að við fórum að hittast þar kölluðum við eyrina Boltaeyri." Samkvæmt Einari Ólafssyni kom fótboltinn fyrst í Kjósina 17. júní árið 1901. Í ævisögu hans segir einnig: "Einn sunnudag seint í júlí [1915] gengu þeir Guðsveinn [Jónsson] og Þorleifur [Guðmundsson] sem oftar um land Káraness, og staðnæmdust niðri á Bolteyri til þess að horfa á blóma sveitarinnar snúast í kringum boltann. Þeir sáu sem var að við vorum ekki langt komnir í félagsþroskanum. ... Hann [Þorleifur] horfði á okkur hugsi og sagði síðan: "Þið ættuð frekar að stofna ungmennafélag en að asnast við að elta bolta allan daginn stefnulaust." Við gripum hugmyndina á lofti og hvíldum boltann um stund, ...samþykkt var samstundis þarna á eyrinni að stofna ungmennafélag." Ungmennafélagið Drengur var svo stofnað formlega á eyrinni 1. ágúst árið 1915. Samkvæmt Pétri Lárussyni bónda í Káranesi var Boltaeyri á austurbakka Bugðu um 850 m VSV við bæ 001. Á þessu svæði er sléttað tún. Samkvæmt Pétri í Káranesi notuðu ungmenni í Kjós slétta eyrina til að spila fótbolta. Engin mannvirki voru á staðnum og nú (2010) er búið að slétta eyrina í tún. Eyrin var þó skráð þar sem hún er mikilvægur og áhugaverður partur af sögu Ungmennafélagsins Drengs og almennar útbreiðslu knattspyrnuiðkunar á Íslandi.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Káranes, 1; Af Halamiðum á Hagatorg, 81-83

GK-320:015 vegur leið 64° 20.325N 21° 35.018V



Vegur GK-320:015, horft til norðausturs

"Laxavað [GK-351:029] er ca. 100 m neðan við Fitina, sem er tún í Káranesi. Það er aðalvaðið á Laxá í Laxárdalnum neðanverðum, í Káraneslandi. Akvegur liggur að því beggja megin. Það var mikið notað af ábúendum Káranesbæja og sveitafólki hér áður fyrr og farið þar með hestvagna, síðar á ökutækjum. Það er gott vað, oftast fært að sumri til," segir í svörum við spurningum um örnefnaskrá. Malarvegur liggur frá Laxavaði GK-351:029 í átt að Káranesi 001 um 500 m norðan við bæ. Vegurinn liggur um grasigróna móa á Káranesásum. Vegurinn er greinilegur, 3-4 m breiður malarvegur sem enn er notaður. Vegurinn liggur um 550 m frá Laxavaði á Laxá meðfram Káranesásum í suðvestur. Þar tengist vegurinn vegi 022 sem liggur á þessum stað niður af ásunum bæði í VNV og ASA. Vegur 022 liggur í ASA um 350 m heim að Káranesbæ. Laxavað var skráð árið 2009 í landi Valdastaða undir númeri GK-351:029. Framhald þessarar leiðar var einnig skráð í landi Valdastaða undir númeri GK-351:046.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Káranes svör við sp, 2

GK-320:016 vegur traðir 64° 20.074N 21° 35.093V

Á túnakorti frá árinu 1917 er merktur vegslóði frá Káranesbæ 001 í norðaustur að Höfðavaði 010 á Laxá og lá vegurinn yfir vaðið yfir í Reynivallaland GK-348. Núverandi vegur (4827) heim að bæ liggur hins vegar úr suðri frá Þorláksstaðavegi (4824) og var samkvæmt Pétri Lárussyni bónda í Káranesi ekki lagður fyrr en árið 1947. Vegurinn liggur um grasigróinn bæjarhól út í ANA framhjá núverandi íbúðarhúsi að norðvestan-verðu. Vegurinn er malarvegur sem liggur ANA-VSV niður að Laxá og inn á tún Káraness. Vegurinn er um 3 m á breidd og um 70 m á lengd. Samkvæmt Pétri Lárussyni var vegurinn hlaðinn upp með torfið og grjóti vegna votlendis en hann er nú að mestu aðeins malarvegur. Hleðslur sjást þó ennþá ógreinilega beggja megin við veginn. Hleðslurnar eru um 0,5 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð en illa rofnar vegna stækkunar og mikillar notkunar vegar. Girðing er beggja megin við veg. Svæðið er um 4 m á breidd alls.



Vegur GK-320:016, horft til ANA

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-320:017 þúst leifar móhrauka 64° 20.155N 21° 35.399V

Samkvæmt Pétri Lárussyni bónda í Káranesi var mónum sem skorinn var fyrir bæinn staflað á ógróinni klöpp á Káranesásum um 280 m norðvestan við bæ 001 og um 40 m SSV við sumarbústað sem stendur á ásnum. Á þessu svæði er ásinn nú (2010) afgirtur, grasigróinn og búið er að planta mikið af trjágróðri á svæðinu. Mónum var staflað á ásnum og hann þurrkaður. Á þessum stað sjást ummerki um að minnsta kosti einn móstafla. Með tímanum myndaðist samsafn af leifum móhrauka sem mynduðu saman e.k. afmörkun eða þúst umhverfis svæðið þar sem mónum var staflað. Þústin er um 7 X 4 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Hliðar hennar eru 1-2 m á breidd, <0,4 m á hæð og vel grasigrónar. Þústin er orðin mjög óljós og er við það að hverfa í gras og þúfur. Samkvæmt Pétri Lárussyni heimildamanni, var klöppin ógróin þegar breytt var úr mónum til þerris á ásunum.



Þúst GK-320:017, leifar móhrauka, horft til norðvesturs

Hættumat: hætta, vegna skógræktar

GK-320:018 frásögn mógrafir 64° 19.909N 21° 35.565V
Samkvæmt Pétri Lárussyni bónda í Káranesi átti Káranes mótak í Káraneskotslandi um 450 m suðvestan við Káranes 001 og um 250 m vestan við Káraneskot GK-321:001. Á móti fékk Káraneskot að veiða í Laxá. Ekki er ljóst hversu lengi mór var tekin á þessu svæði en hætt var alveg að taka mó Í Káranesi um 1960. Á þessu svæði er nú (2010) sléttað tún. Ekkert sést til fornleifa.


Hættumat: engin hætta

GK-320:019 tóft stekkur 64° 20.308N 21° 35.338V
"Það eru gamlar tóttir sjáanlegar ennþá vestan í Stórhól. Þar var stekkur," segir í svörum við spurningum um örnefnaskrá. Í bókinni Ljósmyndir II eftir Halldór Jónsson segir m.a.: "Hjeldust þó fráfærur alllengi í sveitinni á flestum bæjum, en lögðust þó að lokum alls staðar niður fyrir fullt of allt vegna breyttra ástæðna og vaxandi dýrleika á vinnuafli. Lengst héldust fráfærur í Eilífsdal og Miðdal. Þar var fært frá fram að 1930." Stekkur 019 er í NNA-enda Káranessáss, norðvestan undir ásnum um 500 m NNV við bæ 001. Á þessu svæði er stórþýft graslendi í brekku sem hallar um 2-5° í norðvestur. Girðing liggur NNA-SSV yfir stekkjartóftina miðja. Stekkurinn er þrískiptur, um 19 x 8 m stór og snýr VNV-ASA. Veggir hans eru grjót- og torfhlaðnir og vel grasigrónir en nokkuð signir. Veggirnir eru um 2 m á breidd og <0,5 m á hæð. Stekkurinn skiptist í stórt hólf austast (A) og tvö minni hólf (B og C) að vestan. Hólf A er um 6 X 4 m að innanmáli og snýr VNV-ASA. Veggir hólfsins að norðan og vestan eru skýrir en suðurveggur er mjög ógreinilegur. Þó virðist þúfnaröð mögulega vera síðustu ummerki um vegg sem var um 1 m breiður með opi í miðju. Gengið var inn í hólf B að VNV úr austurhorni hólfs A. Hólf B er um 3 X 2 m að innanmáli og snýr VNV-ASA. Gengið var inn í hólfið um 0,5 m breitt op á VNV-vegg fast upp við NNA-vegg. Engin merki eru um op á milli hólfa B og C vegna sigs og gróðurs. Hólf C er um 2 m ASA við hólf B. Hólf C er 2x2 m að innanmáli. Tóftin virðist hafa verið grafin að hluta inn í Káranessás að ASA-verðu. ASA-veggur hólfs C er aðeins um 1 m á breidd.



Stekkur GK-320:019, horft til NNV

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Káranes svör við sp, 3; Ljósmyndir II, 175



Stekkur GK-320:019

GK-320:020 þúst rétt 64° 19.829N 21° 35.876V "Það eru gamlar tóttir sjáanlegar ennþá vestan í Stórhól. Þar var stekkur [019]. Einnig vestan við Einbúann, þar var fjárrétt," segir í svörum við spurningum um örnefnaskrá. Rétt var VNV í Einbúa um 730 m suðvestan við bæ 001 og um 520 m VSV við Káraneskot GK-321:001. Vestan í Einbúa er stórþýft graslendi í brekku sem hallar 5-10° í VNV. Umhverfis Einbúa er sléttað tún. Réttin er nú (2010) mjög óljós. Hlíðar Einbúa eru mjög þýfðar og grasigrónar og veggir réttar eru útflattir svo erfitt er að gera sér grein fyrir stærð hennar og lögun. Klettaveggur Einbúans hefur trúlega myndað austurvegg réttarinnar. Í grasinu glittir víða í hleðslur en þær eru of hrundar og signar til að hægt sé að greina eiginlegt lag réttarinnar. Réttin hefur þó trúlega verið um 14 X 4 m stór og snéri norðaustur-suðvestur. Brot af vegghleðslum sjást fast upp við klettaveggina í báðum endum réttarinnar. Innanmál hennar hefur verið um 12x3 m. Vesturveggur réttarinnar hefur trúlega hrunið niður brekkuna til vesturs. Óljóst er hvar gengið hefur verið inn en trúlega hefur það verið í öðrum hvorum enda. Réttin var ekki notuð í tíð Péturs Lárussonar.



Réttarþúst GK-320:020, horft til norðausturs

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Káranes svör við sp, 3

GK-320:021 þúst uppsátur 64° 20.194N 21° 34.931V

Samkvæmt Pétri Lárussyni bónda í Káranesi var uppsátur fyrir einæring Jóns í Káranesi við Laxá um 300 m norðaustan við bæ 001 og um 10 m norðvestan við Laxá (sjá ferju 025). Á þessu svæði er grýtt graslendi rétt utan við sléttað tún, á norðvesturbakka Laxár. Ekkert eiginlegt skýli var byggt fyrir bát Jóns og því sést aðeins ógreinileg dæld í grasinu á bakkanum á þessum stað. Dældin er um 3x2 m að flatarmáli, snýr austur-vestur og er um 0,3 m á dýpt.



Þúst GK-320:021, uppsátur, horft til austurs

Hættumat: engin hætta

GK-320:022 hleðsla traðir 64° 20.058N 21° 35.144V

"... er hann í Laxaneslandi [Fagrihóll], vestan Bugðu, beint vestur af tröðunum, sem liggja héðan frá bænum vestur að Bugðu," segir í svörum við spurningum um örnefnaskrá. Samkvæmt Pétri Lárussyni bónda í Káranesi lá vegurinn heim að bæ 001 lengi í vestur yfir Káranesásana frá Bugðu heim að bæjarhólnum suðvestanverðum og má sjá þennan veg á túnakorti frá1917. Núverandi vegur heim að bæ var ekki lagður fyrr en 1947 en þar sem hann liggur úr suðri að Káranesi framhjá Káraneskoti GK-321:001 vestanverðu voru áður illa færir mýraflákar. Vegurinn lá um deigar mýrar og yfir lítt gróinn Káranesás niður að austurbakka Bugðu. Samkvæmt túnakorti lá vegurinn frá suðvesturhorni bæjar 001 í VNV um 20 m. Þar beygði hann í SSV og hélt áfram um 25 m áður en hann beygði aftur í VNV í átt að Káranesásum. Samkvæmt Pétri Lárussyni var vegurinn hlaðinn upp með grjóti og torfi vegna votlendis. Vegurinn lá yfir Káranesásana að Móvaði 012 og frá Móvaði meðfram austurbakka Bugðu í norður að Ármótavaði 013. Þessi vegur er að mestu horfinn undir núverandi heimreið og mikið notaðan malarborinn veg í útihúsin í Káranesi og niður að Bugðu og Laxá. Óljósar leifar má þó greina í grasinu fast norðvestan við heimreiðina um 30 m VNV við grunn gamla bæjarins 001. Þar er greinanlega vel gróin en mjög óljós röð af grjóti í grasinu í vegkantinum á um 4-5 m löngum kafla.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917, Ö-Káranes svör við sp, 2

GK-320:023 heimild um kálgarð 64° 20.059N 21° 35.138V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var kálgarður fast norðvestan við bæjarröðina 001 og 002. Heimreið 022 lá heim að bæ 001 fast SSV við kálgarðinn. Á þessu svæði er malarbílastæði og malarvegur fast norðvestan við núverandi íbúðarhús. Ekkert sést til fornleifa en kálgarðurinn var horfinn um miðja 20. öld þegar Pétur Lárusson bóndi í Káranesi man fyrst eftir sér. Samkvæmt túnakorti var kálgarðurinn um 20 x 15 m stór og snéri NNA-SSV. Garðlag hefur trúlega afmarkað kálgarðinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-320:024 hleðsla kálgarður 64° 20.052N 21° 35.156V

Samkvæmt túnakort frá árinu 1917 var kálgarður fast SSV við heimreið 022 og um 5 m suðvestan við bæ 001. Leifar af gerði sem var umhverfis kálgarðinn sjást ennþá um 18 m vestan við grunn gamla bæjar 001 fast suðaustan við heimreið að bæ. Á þessu svæði er sléttað tún suðvestan undir bæjarhól. Grjótveggur gerðisins sést enn í vegkantinum. Hleðslan er um 8 m löng og sigin. Hún er grjóthlaðin og um <0,3 m á hæð og <0,5 m á breidd. Samkvæmt Pétri Lárussyni bónda í Káranesi var þetta VNV-hlið kálgarðsins. Hleðslan snýr NNA-SSV. Samkvæmt túnakorti var kálgarðurinn um 25 X18 m stór og snéri NNA-SSV.



Leifar af kálgarði GK-320:024, horft til NNA

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

GK-320:025 *Laxárferja* heimild um ferju 64° 20.197N 21° 34.909V

Samkvæmt Pétri Lárussyni bónda í Káranesi var ferja yfir Laxá um 320 m norðaustan við bæ 001 og um 20 m austan við uppsátur 021. Á þessu svæði er Laxá ekki stígvélafær. Áin er straumlítil, um 0,5 m á dýpt og um 10 m á breidd. Bakkar beggja vegna árinnar eru lágir og grasigrónir. Botn árinnar er flöt klöpp á þessum slóðum. Bakki árinnar Káranesmegin er aflíðandi og 0,2-0,4 m á hæð. Ekkert sést til fornleifa (en sjá einnig 021). Samkvæmt Pétri Lárussyni kom Laxárferja í Káranes rétt fyrir aldamótin 1900. Ferjan var einæringur og var hann notaður frá því um 1900 til 1940. Heimilisfólk notaði ferjuna aðallega á vorin og haustin til að komast til kirkju á Reynivöllum GK-348:001. Labbað var um 3 km frá ferjustað til kirkju.

Hættumat: engin hætta

GK-320:026 mannvirki skurður 64° 20.040N 21° 35.133V

Af túnakorti frá 1917 mætti ætla að vegslóðar hafi verið sunnan, vestan og austan við bæjarhól 001 og bæjarhól Káraneskots GK-321:001. Samkvæmt Pétri Lárussyni bónda eru umræddar merkingar þó af handgröfnum skurðum sem sjást enn 5-20 m sunnan og austan við bæjarhól 001. Á þessu svæði eru sléttuð grasigróin tún og deig mýri austan við bæjarhólinn. Fast sunnan við bæjarhól 001 er skurður A sem snýr austur-vestur um 35 m sunnan við núverandi íbúðarhús. Þessi skurður er nú (2010) um 90 m á lengd. Samkvæmt túnakorti var skurðurinn árið 1917 alls um 160 m á lengd en vestasti hluti skurðarins er horfinn undir malarveg og útihús um 40 m suðvestan við bæ 001. Skurðurinn tengdist bæjarlæknum sem nú er fast vestan við útihúsin. Í austri tengist skurður A skurði B um 70 m ASA við 001 og þannig er það einnig á túnakorti. Skurður B er um 80 m á lengd og snýr NNV-SSA. Skurðurinn endar í NNV við norðaustanverðar rætur bæjarhóls um 30 m austan við núverandi íbúðarhús. Í SSA hverfur skurður B í mýri um 85 m suðaustan við núverandi íbúðarhús. Út frá þeim

enda lá annar skurður C í SSV samkvæmt túnakorti um 30 m. Hugsanlega sjást leifar af þessum skurðstubbi ennþá en hann virðist þó hafa verið lengdur til muna eftir 1917 í áttina að Káraneskoti GK-321. Leifar um 130 m langs skurðar D sem snýr austur-vestur sjást einnig í graslendi og mýri um 310 m sunnan við Káraneskot GK-321:001. Að vestan beygir skurðurinn í norður við veginn heim að bæjunum en að austan stoppar hann í Illukeldu. Þessi skurður er einnig sýndur á túnakorti en hann hefur trúlega verið endurgrafin með vélum. Skurðirnir eru 3-4 m á breidd, 0,2-1 m á dýpt og hafa líklega verið grafnir til að beina vatni niður í Laxá um bæjarlækinn og í mýrarnar austan við bæjarranann til að þurrka landið kring um bæjarhól Káraness og Káranesskots. Hlutar af þeim virðast ekki hafa verið endurgrafnir nýlega.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-320:027 heimild um beðasléttur 64° 20.182N 21° 35.085V
Samkvæmt Pétri Lárussyni voru beðasléttur um 200 m norðan við bæ 001 á vesturbakka Laxár. Beðslétturnar eru teiknaðar á túnakort frá árinu 1917 um 240 m NNA við bæ 001. Í grein í Óðni frá árinu 1924 eftir Halldór Jónsson segir: "Nú er hann [Jón Halldórsson bóndi í Káranesi] búinn að sljetta túnið og bæta við það 8 dagsláttum. Af þeim 8 dagsláttum eru 3, sem verða fullgerðar nú í sumar, að nokkru leyti sáðsljetta." Á þessu svæði eru sléttuð tún. Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt Pétri Lárussyni voru beðaslétturnar gerðar þannig að langar 0,1-0,2 m djúpar og <0,5 m breiðar vatnsrásir voru grafnar samsíða í tún með 4-5 m millibili og fylgdu þær brekkunni í suðaustur svo að vatnið rann í rásunum niður í átt að Laxá. Á túnakorti sjást 11 beð og voru þau gerð af Jóni Halldórssyni bónda sem bjó samkvæmt bókinni Kjósarmenn í Káranesi frá 1890-1931.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Óðinn 1924, 46; Kjósarmenn, 458

GK-321 Káraneskot

Hjáleiga Káraness GK-320, ekki í byggð árið 1705 þegar Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er skrifuð. JÁM III, 409. Í Jarðabók Johnsens frá 1847 er Káraneskot skráð sem hjáleiga. Þar segir í neðanmálsgrein. "Sýslumaður skiptir dýrleikanum jafnt niður á milli Káraness og kotsins, 10 h.á hvoru." JJ, 99. 1840: "... niður á flatlendi, á flötum hávaða við lítið seg; hefir allsæmilegan heyskap og mýrlendi til beitar, ekki mikið." segir í Sýslu- og sóknalýsingum Gullbringu- og Kjósasýslna. SSGK, 257. Túnakort 1917: Tún 2,6 teigar, allt slétt, garðar 820 m^2.

GK-321:001 *Káraneskot* bæjarstæði bústaður 64° 19.917N 21° 35.255V



Bæjarstæði Káraneskots GK-321:001, horft til NNA

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var Káraneskot um 290 m SSV við Káranes 320:001. Það var nálægt því sem núverandi íbúðarhús í Káraneskoti stendur, um 280 m SSV við Káranes GK-320:001. Á þessu svæði er nýlegt íbúðarhús ásamt umfangsmiklum útihúsum og malarplani fast norðan við íbúðarhúsið. Sunnan við íbúðarhúsið er sléttað tún. Enginn greinilegur bæjarhóll er sjáanlegur á svæðinu vegna bygginga, sléttunar og trjágróðurs. Samkvæmt Pétri Lárussyni heimildamanni stóð eldri torfbær á svipuðum stað og yngra steinsteypt hús sem byggt var um 1930. Í steinhúsinu var kjallari, jarðhæð og ris en fjósið og hlaðan voru stakstæð og byggð úr torfi og grjóti. Þessi hús voru rifin á seinni hluta 20. aldar þegar núverandi hús voru byggð. Samkvæmt túnakorti virðist svæðið sem torfbærinn stóð á vera um 40x40 m að stærð. Bærinn sjálfur var um 22 m á lengd, um 10 m á breidd og snéri austur-vestur. Um fimm hús/rými virðast hafa verið í gamla bænum en nákvæmt hlutverk þeirra er óþekkt. Ekki er alveg ljóst hversu lengi hefur verið búið í Káraneskoti en hugsanlega hefur byggð ekki verið það lengi á þessum stað að náðst hafi að byggjast upp greinilegur bæjarhóll.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-321:002 heimild um útihús 64° 19.926N 21° 35.265V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 20 m norðan við bæ 001. Á þessu svæði er nú (2010) steinsteypt fjós, hlaða og malarplan ábúenda í Káraneskoti. Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt túnakorti var útihúsið um 5x4 m stórt og snéri austur-vestur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-321:003 heimild um útihús 64° 19.926N 21° 35.277V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 25 m norðvestan við bæ 001 og um 5 m vestan við útihús 002. Á þessu svæði er steinsteypt fjós, hlaða og malarplan

ábúenda í Káraneskoti. Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt túnakorti var útihúsið um 8 x 5 m stórt og snéri norður-suður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-321:004 heimild um útihús 64° 19.930N 21° 35.266V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 25 m norðan við bæ 001 og um 5 m norðan við útihús 002. Á þessu svæði er steinsteypt fjós, hlaða og malarplan ábúenda í Káraneskoti. Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt túnakorti var útihúsið um 8 x 6 m stórt og snéri austur-vestur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-321:005 heimild um útihús 64° 19.934N 21° 35.281V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 35 m NNV við bæ 001 og um 10 m norðan við útihús 003. Á þessu svæði er steinsteypt fjós, hlaða og malarplan ábúenda í Káraneskoti. Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt túnakorti var útihúsið mjög lítið eða um 2 x 2 m að stærð og snéri norður-suður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-321:006 heimild um útihús 64° 19.860N 21° 35.260V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 100 m sunnan við bæ 001. Það hefur staðið nálægt því þar sem gamalt fjárhús á steyptum grunni er nú, um 105 m sunnan við bæ 001. Á þessum stað er sléttað tún og lítið bárujárnsklætt fjárhús á steinsteyptum grunni. Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt túnakorti skiptist útihúsið í fjögur hólf, var um 14 x 10 m stórt og snéri austur-vestur. Ekki er ólíklegt að húsið hafi verið fjárhús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-321:007 heimild um brunn 64° 19.905N 21° 35.213V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var brunnur um 40 m ASA við bæ 001. Hann var um 40 m ASA við bæ 001. Á þessu svæði er sléttuð lóð, trjágróður og þýfður mói í austurjaðri rimans sem bærinn stendur á. Á þessum stað er 1-1,5 m djúp hola sem er 1,5 m í þvermál. Úr holunni er óljós skurður í austur. Tré hefur verið gróðursett í holuna. Ekki er víst að umrædd hola séu leifar brunnsins en það verður að teljast líklegt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-321:008 heimild um ristu 64° 19.747N 21° 35.135V
"Torf- og reiðingsrista var sameiginleg hjá báðum Káranesbæjum. Var víða til nota á báðum bæjum, en nú er lítið um hana í landi Káraness, nema á engjum [ekki skráð sérstaklega]. Besta ristan áður var í Illukeldu í landi Káraneskots ... ," segir í svörum við spurningum um örnefnaskrá. Torfrista var í Illukeldu um 330 m SSA við bæ 001 og um 570 m sunnan við Káranes GK-320:001. Á þessu svæði er sléttlend mýri með þúfnaklösum hér og þar. Mýrin er grasi- og mosagróin en lítt deig. Í svörum við spurningu um örnefnaskrá segir einnig: "Áður var torf notað á hey, sem geymt var úti,

og á torfhús. Það var hætt að nota torf á hey þegar ég fór að muna eftir mér, ennþá notað á nokkur torfþök." Illakelda sjálf er um 300 x 100 m að stærð og snýr norður-suður en ekkert sést lengur til ummerkja um torfristu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Káranes svör við sp, 3

GK-321:009 *Langabrú* heimild um leið 64° 19.605N 21° 35.263V
"Langabrú er engjavegur, heldur austan bæjar yfir forirnar og niður á engjarnar," segir í örnefnaskrá. "Langabrú var engjavegur frá Meðalfelli," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Engjavegurinn lá áður í sléttuðu graslendi um 850 m SSV við Káranes 320:001 og um 580 m sunnan við Káraneskot 001. Á þessu svæði er þýfð mýri og sléttað tún. Samkvæmt Pétri Lárussyni bónda í Káranesi lá engjavegurinn frá Meðalfellsbænum meðfram fjallsrótum Meðalfells í norðaustur niður í mýrarnar um brekkurnar suðvestan við Löngutjörn. Þar í mýrinni má rétt svo greina einu leifar vegarins en þær eru mjög óljósar. Norðan við tjörnina er vegurinn horfinn undir vegslóða út á engjarnar sem nýttur er til að keyra inn á sléttuð túnin í mýrinni. Farið var yfir lækinn frá Löngutjörn fast vestan við vesturenda tjarnarinnar þar sem áður var vatnshlið (sjá 011).


Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Káraneskot, 2; Ö-Káraneskot ath og viðb, 1

GK-321:010 *Hóllinn* tóft stekkur 64° 19.778N 21° 35.261V
"Þá er Hóllinn, sem er gamall rústarhóll, og vestast er Nýjatún, nýrækt vestan við veginn," segir í örnefnaskrá. Tvískipt tóft er á Hólnum um 260 m sunnan við bæ 001, um 50 m austan við heimreið 4827 (gerð árið 1947) heim að Káranesi og um 525 m SSV við Káranes GK-320:001. Á þessu svæði er grasigróinn hóll í sléttuðu túni. Hóllinn er aflangur, 1-1,5 m á hæð, um 35x30 m stærð og snýr NNA-SSV. Tóftin á hólnum er tvískipt, um 12 x 6 m stór og snýr austur-vestur. Tóftin er grasigróin og veggir hennar eru mjög signir og ógreinilegir, um 2 m á breidd og 0,2-1 m á hæð. Utanmál tóftarinnar er skýrast en ekkert op er greinanlegt. Hólf A er um 4 x 2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hólf B er 2 m vestan við hólf A, er um 2 x 2 m að innanmáli og snýr eins og hólf A. Rofabörð eru tekin að myndast í norðvestur- og suðvesturhornum tóftar vegna ágangs búpenings. Engar heimildir eru til um hlutverk þessarar tóftar en staðsetning, stærð hennar og byggingarlag bendir til að hún sé stekkur.



Stekkur GK-321:010 á Hólnum, horft til norðvesturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Káraneskot, 2



Stekkur GK-321:010 á Hólnum

GK-321:011 *Flóðgarður* garðlag áveita 64° 19.716N 21° 35.058V Samkvæmt Pétri Lárussyni bónda í Káranesi var umfangsmikið áveitukerfi á flóðsléttum Laxár í Kjós norðan Hurðarbaks yfir allan dalbotninn milli Meðalfells og Reynivallaháls vestan frá Káranesi GK-320:001 austur dalinn í átt að Vindási GK-347:001. Í heimildum má finna hér og þar örlitlar upplýsingar um áveiturnar. Í örnefnaskrá Káraness segir svo: "Engjarnar liggja fyrir austan Káranessef og norðan við Hurðarbakssef. Austur af Káranessefjum heita Skákir, sem þeir eiga hver fyrir sig. Svo heitir þar Flóðgarður, og austur af því er Kolsengi." Í örnefnaskrá Sogns segir svo: "Austurflóð og Vesturflóð: Þessar áveitur voru gerðar í minni Guðmundar [f. 1907], þannig að Kíllinn var stíflaður. Kíllinn er farvegur með pyttum, sem liggur eftir mýrunum þvert yfir landið." Í bókinni Ljósmyndir II eftir Halldór Jónsson segir um áveitur í Laxárdal: "Nokkur eftir 1920 var hjer að Reynivöllum hafizt handa um að byggja flóðgarða á engjum prestseturssins með láni úr kirkjujarðasjóði." Halldór talar aðeins um að gerðir hafi verið flóðgarðar í landi Reynivalla GK-348, Sogns GK-350, Suðurness (nes í landi Reynivalla) og Káraness GK-320. Ekkert kemur fram í frásögn hans um áveitugarða í landi Hurðarbaks GK-319 en þó er ekki óvíst að garðlög eða áveituskurðir hafi verið gerð þar líka um leið og unnið var í Káraneslandi. Ef svo hefur verið hefur Gunnar Holm bóndi á Hurðarbaki (1939-1946) þó trúlega fjarlægt þá fljótlega aftur þegar hann lét slétta mikið land með vélum (Ljósmyndir I). Smá partar af þessu mikla áveitukerfi hafa verið skráðir hér og þar í Laxárdalnum í landi Þorlákksstaða (GK-318:027), Káraneskots (GK-321:011), Hurðarbaks (GK-319:017), Sogns (GK-350:014) og Reynivalla (GK-348:037). Litlar sem engar greinilegar leifar áveitunar finnast í undirlendi Valdastaða GK-351 eða Hurðarbaks GK-317 vegna mikillar sléttunar.



Affallsskurður GK-321:011, horft til NNV

Engin skýr heildarmynd hefur náðst af kerfinu vegna rasks á 20. öld. Í landi Káraneskots sjást ennþá leifar affallsskurðar og neðsta flóðgarðs áveitukerfisins. Affallsskurðurinn er um 400 m SSA við bæ 001. Flóðgarðurinn er um 300 m suðaustan við bæ 001. Á þessu svæði eru sléttuð tún, deigar, vel grasigrónar og þýfðar mýrar og Langatjörn. Langatjörn er um 800 m löng og 50-200 m breið tjörn í mýrinni um 500 m suðaustan við bæ 001. Í vesturenda tjarnarinnar er um 3 m breiður og 1-1,5 m djúpur affallsskurður sem liggur í bugðum og sveigjum norður í Laxá. Samkvæmt Pétri Lárussyni bónda í Káranesi var vatnshlið efst í affallsskurðinum en engin greinileg ummerki eru um hlið þar nú (2010). Þar sem skurðurinn tengist tjörninni er hann <0,5 m á dýpt en fjarar út við tjarnarbakkann. Á norðurbakka skurðarins, um 30 m norðan við vatnshliðið, er SSV-endi flóðgarðs sem eitt sinn var neðsti flóðgarðurinn í neðsta flóðhólfinu á áveitukerfinu í Laxárdal. Garðlagið er vel greinilegt ennþá en er illa farið á köflum vegna hrossabeitar. Garðlagið liggur í NNA um 410 m áður en það hverfur í sléttað tún. Suðaustan við garðlagið er sléttað tún en grasigróin mýri að norðvestan. Garðlagið er torfhlaðið, sigið og vel grasigróið. Það er 0,5-1 m á breidd, <0,5 m á hæð og um 410 m á lengd. Girðing liggur með öllu garðlaginu. Samkvæmt Pétri Lárussyni var vatn leitt úr Laxá ofarlega í dalnum og voru áveitur yfir allan dalinn milli fjalla, alveg vestur að Káranesi. Mikið graslendi er á flóðasléttum Laxár sem bændur vildu nýta og voru verkfræðingar fengnir til þess að mæla hæðarmun í landi og byggja áveitukerfið. Var landið hallamælt nákvæmlega og vatni úr Laxá var veitt þangað sem landið var hæst (hugsanlega í Kílinn, sjá örnefnaskrá fyrir Sogn). Áveituskurðir voru grafnir undan halla landsins á meðan garðlög voru hlaðin þvert á hallann og mynduðu þau flóðhólf sem lokuðu inni vatnið. Hvert flóðhólf var lægra en það næsta. Vatnshlið voru á öllum hólfum frá áveituskurðunum sem héldu vatni inni meðan vatni var hleypt á en úti þegar því var veitt af fyrir sláttu. Áveitan jók grassprettu til muna fyrir kindur og kýr en vatnið var haft á í um tvo mánuði. Veitt var á þegar voraði, yfirleitt í byrjun apríl, og veitt af síðast í maí. Slegið var í júní í fyrstu með orfi og ljá en seinna með vélum. Auðvelt var að heyja með vélunum þegar sumur voru þurr en mjög erfitt þegar þau voru blaut. Samkvæmt lögum er hér ekki um fornleif að ræða en var þessum upplýsingum þó skellt með vegna þess hversu ógurleg vinna og peningar fór í þessa framkvæmd á sínum tíma og sýnir þetta afrek hversu vinnusamir og hugrakkir Íslendingar geta verið. Síðast var veitt af milli 1960 og 1970.



Áveitugarðlag GK-321:011, horft til suðvesturs

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Káraneskot, 2; Ö-Sogn PB, 2; Ljósmyndir II, 191; Ljósmyndir I, 186-187

GK-321:012 heimild um kálgarð 64° 19.915N 21° 35.290V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var kálgarður um 2 m vestan við vesturenda

bæjarraðar 001. Á þessu svæði er malarplan og húsagarður núverandi íbúðarhúss í Káraneskoti. Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt túnakorti var kálgarðurinn um 30 x 28 m stór og snéri VNV-ASA. Hlaðið gerði hefur trúlega verið umhverfis garðinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-321:013 heimild um kálgarð 64° 19.855N 21° 35.300V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var kálgarður 120 m SSV við bæ 001 og um 10 m vestan við útihús 006. Á þessu svæði er sléttað tún. Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt túnakorti var kálgarðurinn um 16 x 10 m stór og snéri norður-suður. Gerði hefur trúlega verið umhverfis garðinn að norðan-, sunnan- og vestanverðu.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-321:014 frásögn vegur 64° 19.923N 21° 35.284V
Samkvæmt Pétri Lárussyni, heimildamanni, lá heimreið úr NNV niður af Káranesásunum heim að Káraneskoti 001 að norðvestanverðu. Hún lá um grasigróin tún og móa. Núverandi heimreið var ekki lögð fyrr en um 1947. Á þessu svæði eru sléttuð tún og núverandi heimreið heim að Káranesi og Káraneskoti. Ekkert sést til eldri heimreiðar lengur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-322 Laxárnes

16 hdr 1705. Laxveiði góð árið 1705, þá sagt að áður hafi selveiði verið til hlunninda. JÁM III, 397-398. 1483: Jarðarinnar er getið í sölubréfi. DI V, 800. 1507: Jarðarinnar er getið í dómabréfi, þá virðist jörðin vera í Saurbæjarkirkjusókn. DI VIII, 146. Flóakot GK-322:010: Hjáleiga í byggð fyrir 1685 samkvæmt Jarðabók Árna og Páls. Í bókinni Kjósarmenn segir frá því er kotið er aftur byggt upp um 1861 og var í byggð til 1870. Þar hefur ekki verið búið síðan. JÁM III, 398; Kjósarmenn, 451. Melkot GK-322:012: Hjáleiga frá 1843-1849 og frá 1864-1882. Kjósarmenn, 444. HÞ telur Laxárnes réttara en Laxanes. HÞ:"Rannsókn og leiðrjettingar á nokkrum bæjanöfnum á Íslandi" Árbók 1923, 34. 1705: "Engjar eru öngvar, so annarstaðar þarf til að kaupa ut supra." JÁM III, 398. Túnakort 1917: Tún 3,8 teigar, allt sléttað, garðar 820 m2. "Móinn við voginn er kargþýfður, kafloðinn með háum bökkum við sjó, og brotnað því nokkuð. Mjóst er orðið milli bakkans og vestur túnsins við garðlagshornið um 16 metra. Þaðan norður eftir er túnefnið mikið og gott. Túnið alt afgirt."



Túnakort Laxárness GK-322 frá árinu 1917

GK-322:001 *Laxárnes* bæjarhóll bústaður 64° 20.150N 21° 37.615V



Bæjarstæði Laxárness GK-322:001, horft til vesturs

Bærinn Laxárnes var um 2 km vestan við Káranes GK-320:001, um 200 m norðvestan og neðan við Hvalfjarðarveg 47 og um 50 m NNA við Sauðhól þar sem nú (2010) eru mikil steinsteypt útihús. Í bókinni Ljósmyndir segir svo: "Hús voru mjög ljeleg á jörðinni, er Ingvar [Bjarni Ingvar Jónsson] tók við [1928]. Kom hann sjer upp íbúðarhúsi úr timbri, steinsteypta heyhlöðu væna með áföstu fjósi, og eina steinsteypta votheys-hlöðu reisti hann. Enn fremur hefir hann byggt litla heyhlöðu við fjárhús með veggjum úr torfi og grjóti og með járnþaki. Kom þessi hlaða í stað lítillar og mjög lélegrar heyhlöðu, er þar var áður." Á því svæði sem gamli bærinn stóð eru slétt malarplan, gamalt timburhús frá 1934 og umfangsmikil steinsteypt útihús með bárujárnsþaki. Ekkert sést til bæjarhóls vegna sléttunar og þeirra miklu útihúsa sem risu árið 1977. Laxárnes er ekki lengur í byggð en landið er nýtt fyrir hrossabeit. Samkvæmt Pétri Lárussyni bónda í Káranesi var hefðbundnum kúabúskap hætt í Laxárnesi í kring um 1980 en jörðin er enn leigð út og landið vel nýtt.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Ljósmyndir I, 61

GK-322:002 heimild um útihús 64° 20.153N 21° 37.588V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 voru tvö lítil, samsíða útihús 2-5 m austan við bæjarhús 001. Á þessu svæði stendur stórt steinsteypt útihús og malarplan umhverfis þau. Ekkert sést til fornleifa á þessum slóðum lengur en útihúsin hafa trúlega staðið fast NNA við steinsteypt útihús sem nú (2010) eru á þessum slóðum. Samkvæmt túnakorti voru bæði húsin frekar lítil. Vestara húsið var um 4x4 m stærð en það eystra um 6x4 m. Bæði húsin sneru líklegast NNA-SSV og voru þau tengd saman að NNA að því er virðist með litlu garðlagi. Nákvæmt hlutverk er óþekkt.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-322:003 heimild um útihús 64° 20.140N 21° 37.586V


Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var tvískipt útihús 30 m suðaustan við bæ 001. Þar sem húsið stóð er stórt steinsteypt útihús og malarplan umhverfis þau. Ekkert sést til fornleifa. Útihúsin hafa trúlega staðið um 15 m sunnan við suðurhorn steinsteyptra útihúsa. Samkvæmt túnakorti voru bæði hólfin nokkuð aflöng og mynduðu L. Nyrðra hólfið snéri NNA-SSV og það syðra snéri VNV-ASA. SSV-endi nyrðra húss tengdist vestanverðri norðurhlið syðra húss. Nákvæmt hlutverk er óþekkt.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-322:004 *Fjárhústún* tóft fjárhús+hlaða 64° 20.057N 21° 37.554V "Vestur frá túni ofanverðu sunnan við bæ [001] er stór klettahóll, sem heitir Sauðhóll, og austan hans er Suðurkinn. Þar ofar nær vegi er Fjárhústún. Þar hafa verið fjárhús," segir í örnefnaskrá. Þar segir einnig: "Suður af Stekkjarás [sjá 022 og 023] er Sandskarð í Ásana, og sunnar er Stöðulskarð [sjá 019], sem er upp af fjárhúsunum í Laxárnesi." Tóftir fjárhúsanna sjást enn um 180 m SSA við bæ 001 og 5-10 m norðan við Hvalfjarðarveg. Á þessu svæði er sléttað þýft graslendi sem samkvæmt örnefnaskrá er nefnt Fjárhústún. Landi hallar um 5° í norður. Fjárhústóftin er mjög sigin og erfitt að greina útlínur veggja. Ekki er ólíklegt að veggir hafi að hluta verið jafnaðir út og fyllt uppí hólfin eftir að hætt var að nota húsin. Hlutar veggja hafa greinilega verið steinsteyptir. Tóftin er vel grasigróin, um 18 x 16 m stór og snýr austur-vestur. Veggir eru mjög óljósir og aðeins 0,2-0,4 m á hæð. Gengið hefur verið inn í húsin að norðan. Í austanverðri tóftinni eru tvær greinilegar grjóthlaðnar garðaundirstöður. Garðaundirstöðurnar eru um 8 x 1 m að stærð og 0,3-0,5 m á hæð og snúa norður-suður. Um 3 m eru á milli garðanna. Hólfin austan og vestan við garðana voru um 1,5 m á breidd og 8-10 m á lengd. Trúlega hafa verið fjórar 1,5 m breiðar krær í húsinu og því skipt upp í tvö rými með timburþili í miðju. Sunnan við krærnar er slétt 6 m breitt svæði þar sem hugsanlega gæti hafa verið hlaða en ekkert sést lengur til hennar. Vestan við krærnar er einnig 8 m breitt slétt vel grasigróið svæði sem gefur vísbendingar um húsbyggingar. Mögulegt er að þarna hafi staðið timburhlaðan sem getið er í bókinni Ljósmyndir eftir Halldór Jónsson (sjá 001) sem byggð var upp við torf- og grjóthlaðin fjárhús.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Laxárnes, 2, 4






Fjárhús GK-322:004, horft til norðvesturs

GK-322:005 tóft fjárhús+hlaða 64° 20.203N 21° 37.786V Tvískipt fjárhús eru um 170 m norðvestan við bæ 001 og 20-30 m suðaustan við sjó. Tóftin er merkt á túnakort frá 1917 um 160 m VNV við bæ 001. Umhverfis eru sléttuð tún sem hallar um 5° til suðaustur. Tóftin er tvískipt, vel grasigróin og hlaðin úr torfi og grjóti. Hún er um 12 x 6-8 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir tóftar eru um 2 m á breidd og 0,3-1 m á hæð, hæstir í hólfi B eða um 1 m, en annars 0,3-0,8 m á hæð. Gengið hefur verið inn í hólf A að norðvestan, trúlega um dyr á timburþili. Engar garðaundirstöður eru sjáanlegar í hólfi A og líklega hefur það verið jötuhús. Hólf A er um 6 x 2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Trúlega hefur verið gengið inn

í hólf B úr hólf A en það er óljóst vegna þess hversu signir millivegurinn er. Hólf B er um 4 x 2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur, þvert á hólf A. Grjóthleðslur eru aðeins greinanlegar hólfi B en annars eru veggir mjög grasigrónir. Ekki er ólíklegt að hólf B hafi verið hlaða.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917





Fjárhús GK-322:005, horft til ASA

GK-322:006 heimild um brunn 64° 20.155N 21° 37.606V
Á túnakorti Laxárness frá árinu 1917 er merktur brunnur fast norðan við bæ 001. Á þessu svæði er nú (2010) slétt malarplan og umfangsmikil steinsteypt útihús með bárujárnsþaki. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-322:007 garðlag túngarður 64° 20.145N 21° 37.711V
Á túnakorti frá árinu 1917 er merktur túngarður í útjaðri heimatúns suðvestan og vestan við bæ 001, norðan og sunnan við Sauðhól (merkt Klettahóll á túnakorti). Einnig er túngarður norðvestan við bæ 001 í L-laga boga um 25 m vestan og 60 m norðan við útihús 005. Hlíðar Sauðhóls eru vel grasigrónar en grýttar. Toppur hólsins er flatur og grýttur en lítt gróinn. Umhverfis tóft 005 er sléttað tún sem hallar um 5-10° í VNV. Túngarðurinn er grjóthlaðinn og samtals um 145 m á lengd, 0,5-1,5 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Hleðslur hans eru mjög signar til útflattar. Aðeins syðri hluti túngarðsins sem liggur yfir Sauðhól er enn sjáanlegur. Garðlagið sést fyrst við traðir vegslóða 013 norðan við Sauðhól um 80 m vestan við bæ



Garðlag GK-322:007, horft til SSA

001. Garðlagið liggur í suður upp á hólinn. Á toppi hans er um 20 m eyða í túngarðinum þar sem hóllinn er sendinn og gróðurlaus. Garðlagið heldur áfram til suðurs og SSA og endar í þýfðum móa sunnan við Sauðhól, um 135 m SSV við bæ 001 og um 7 m norðvestan við vesturenda skurðar 015. Nyrðri hluti túngarðs sem sýndur er á túnakorti við tóft 005 er horfinn og hefur sá partur trúlega verið sléttaður í tún og jafnvel brotnað í sjó á kafla. Samkvæmt túnakorti tengdist túngarður tröðum 013 í norðri. Nú sjást hins vegar aðeins leifar hleðsla sunnan við heimreiðina.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-322:008 garðlag vörslugarður 64° 20.063N 21° 37.892V
Grjóthlaðið garðlag er vestan undir Arnarþúfu, um 280 m suðvestan við bæ 001 og um 50 m austan við Þvottavað 323:021. Garðlagið er í grýttri grasi-, mosa- og lúpínugróinni brekku vestan undir hárri klettabungu sem kallast Arnarþúfa. Brekkunni hallar 5-20° til VNV. Garðlagið er grjóthlaðið, um 95 m á lengd, 0,5-1 m á breidd, 0,2-0,4 m á hæð. Það snýr gróflega VNV-ASA. Hleðslur eru signar. Í VNV kemur garðlagið í ljós í þéttum breiðum af lúpínu. Ekki er útilokað að garðlagið nái lengra í VNV, niður að vegi 013 en ómögulegt er að segja til um það vegna lúpínunnar. Garðlagið liggur um 60 m í ASA áður en það beygir upp í brekku í austur og heldur áfram um 35 m alveg upp undir Arnarþúfu vestanverða. Staðsetning garðsins bendir til að hann sé vörslugarður.


Garðlag GK-322:008, horft til SA

Hættumat: hætta vegna ábúðar

GK-322:009 heimild um lendingu 64° 20.365N 21° 37.229V
Samkvæmt Pétri Lárussyni bónda í Káranesi lögðu áætlunarbátar stundum við grjótbryggju við Grafarnef um 500 m norðaustan við bæ 001, við norðaustanverðan munna Húsavogs. Sagt er frá þessari lendingu í skáldsögunni Kári litli í sveit eftir Stefán Júlíusson en þar kemur m.a. fram að ekki var hefðbundin bryggja á þessu svæði, aðeins náttúrulegur klettur og all mikið af skerjum var úti fyrir lendingunni. Samkvæmt Pétri lá Copelandsvegur 028 eitt sinn niður að þessari lendingu. Grýtt fjara austan við Grafarnefið, sem er að rofna smátt og smátt í burtu. Grafarnefið er grasgrænt og um 2 m hátt. Ekkert sést til mannvirkja á þessu svæði í nú (2010).

Hættumat: hætta, vegna rofs

GK-322:010 *Flóakot* tóftir býli 64° 19.561N 21° 37.144V
"Hjáleiga hefur hjer til forna verið, kölluð Flóakot, bygð um ein tvö eður þrjú ár, þar sem aldrei hafði fyrr býli verið, og hefur það nú undir 20 ár í eyði legið," segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Í bókinni Kjósarmenn segir um kotið: "Síðan reisti Benjamín [Jónsson] nýbýli í landi Laxárness og nefndi það Flóakot. Þar bjó hann til æviloka [1869], en ekkja hans afgreiddi kotið til jarðareigandans í fardögum 1870." Flóakot er á miðju Langholti, um 1,2 km SSA við Laxárnes 001. Kotið er um 1,9 km VSV við Káranes 320:001 og um 200 m suðvestan við


Meðalfellsveg 461. Langholt er langt og mjótt holt sem snýr norðaustur-suðvestur í Suðurflóa á vesturbakka árinnar Bugðu. Meðalfellsvegur liggur yfir holtið um 300 m norðvestan við brúna yfir Bugðu. Langholt er malarholt. Hlíðar holtsins eru vel grasigrónar en hvirfill þess er mjög rofinn, trúlega vegna umgangs hrossa og ágangs vatns og vinda. Copelandsvegur 028 lá um hríð um holtið fram hjá Flóakoti og hefur sú umferð trúlega aukið rof til muna. Þrjár tóftir eru ennþá greinilegar í Flóakoti en hleðslur þeirra eru signar og niðurtroðnar vegna ágangs búpenings. Tóftirnar ná yfir svæði sem er um 60 m á lengd, um 20 m á breidd og snýr NNA-SSV. Tóft A er um 18x12 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er mjög niðurtroðin og hólf óljós. Veggir eru 0,2-1 m á hæð, 1-2 m á breidd og nokkuð grasigrónir en hvergi sést glitta í hleðslugrjót. Ekki er lengur hægt að greina op á hólfin nema á einstaka stað. Í tóftinni sjást nokkur hólf og hafa þau a.m.k.verið 5 eða 6 talsins. Hólf I er stærst, um 9 x 5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Líklega hefur það verið kálgarður. Hólf II er suðvestast í tóftinni, suðaustan við hólf I og er annað stærsta hólfið. Hólfið er um 9 x 1-3 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hugsanlega hefur verið gengið inn í hólfið að norðvestan úr hólfi I. Hólf III er um 3 m norðaustan við hólf II í suðausturenda tóftar. Hólf III er um 4 x 1 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hólf IV er um 2 m suðaustan við hólf I fyrir miðri í tóftinni. Hólfið er 2 x 2 m að innanmáli. Hólf V er um 3 m norðaustan við hólf IV og 2 m norðvestan við hólf III. Hólfið er um 2 x 1,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur eins og hólf III. Hólf VI er um 1 m norðvestan við suðvesturhelming hólfs V. Hólfið er 2 x 1 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hugsanlega hefur verið gengið inn í hólfið að norðvestan úr hólfi I líkt og hólf I. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin gegndi en ekki er ólíklegt að hún hafi verið mannabústaður. Tóft B er um 4 m norðaustan við tóft A. Tóftirnar eru samsíða. Tóft B er einföld, 14x14 m að flatarmáli og 12x12 m að innanmáli. Ekki er ólíklegt að hún hafi einnig verið kálgarður eða einhvers konar aðhald. Veggir tóftarinnar eru mjög rofnir og hleðslur eru signar. Veggirnir virðast hafa verið torfhlaðnir, eru um 2 m á breidd og 0,2-1 m á hæð. Veggirnir eru greinilegastir í suðurhorni tóftar. Hugsanlega hefur suðurhorn tóftar B verið tengt austurhorni tóftar A með garðlagi. Enginn greinilegur inngangur er í tóft B. Tóft C er um 50 m NNA við tóft A. Hún er tvískipt, um 9 x 8 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir hennar eru niðurtroðnir, 0,2-0,5 m á hæð og 2-3 m á breidd. Víða glittir í hleðslugrjót í grasinu. Rofabörð eru í norðausturhlið tóftar. Hólf I er austar. Það er um 5 x 1 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hugsanlega hefur verið gengið inn í hólfið að norðvestan. Hólf II er um 2,5 m suðvestan við hólf I. Hólfið er um 2,5 x 1 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hólfið er aðeins framar (norðvestar) en hólf I. Enginn greinilegur inngangur er sjáanlegur. Hlutverk tóftar er óþekkt en hugsanlega gæti hún hafa verið útihús. Ekki er víst hvort fleiri tóftir voru á holtinu en ef svo var eru þær horfnar í þúfur og



Flóakot GK-322:010, tóftir A og B, horft til NNV

rofabörð.

Hættumat: stórhætta, vegna rofs
Heimildir: JÁM III, 398; Kjósarmenn, 451



Flóakot GK-322:010, tóftir A-C

GK-322:011 *Valdastaðagrafir* náma mógrafir 64° 20.389N 21° 35.847V "Þar á bakkanum, nokkuð neðan Ármóta [Bugðu og Laxár], heita Valdastaðagrafir, grafahringur á milli ánna," segir í örnefnaskrá. Í örnefnaskrá Valdastaða segir einnig: "Móvað [351:030] er rétt á móti Káranesi [320:001] móti Ásunum. Þetta er gamalt vað, meðan mór var sóttur bæði yfir Laxá og Bugðu." Valdastaðagrafir eru í landi Laxárness um 1,5 km ANA við Laxárnes 001 og um 1,9 km VSV við Valdastaði 351:001. Frá Valdastöðum var farið um Móvað á Laxá þegar mór var sóttur í Valdastaðagrafir. Grafirnar eru um 200 m sunnan við Laxá og um 300 m vestan við Bugðu. Valdastaðaland er fast norðan við Laxá á þessum slóðum á meðan grafirnar eru sunnan við Laxá. Á þessu svæði er deig mosa- og grasigróin mýri fast sunnan við vegslóða sem veiðimenn keyra við veiðar í Laxá. Birkihríslum hefur víða verið plantað í mýrinni. Mógrafasvæðið hefur trúlega verið um 200 x 200 m að stærð. Mógrafir eru á víð og dreif um svæðið en þær eru smám saman að sökkva í mosa og gras. Nokkrar eru enn greinanlegar en barmar þeirra eru signir. Stærð þeirra er mismunandi en flestar virðast vera aflangar og gróflega ferkantaðar þó þær snúi sitt á hvað. Dýpt virðist vera 0,2-0,5 m og fífur vaxa í botni þeirra. Dýpstu grafirnar eru mjög deigar.



Valdastaðagrafir GK-322:011, horft til norðausturs

Hættumat: hætta, vegna skógræktar
Heimildir: Ö-Laxárnes, 4

GK-322:012 *Melkot* tóftir býli 64° 19.414N 21° 37.642V
Í Jarðabók Johnsen frá árinu 1847 segir í neðanmálsgrein: "Prestur nefnir Melkot, sem nýbýli, en þareð þess hvorki er getið 1802 né af sýslumanni, er því hér sleppt." Melkot er einnig nefnt í örnefnaskrá Laxárness: "Eftir holtinu liggur nýr vegur. Suður af austurenda þess við Skorá eru rústir eftir Melkot, og þar aðeins neðar með ánni er hvammur, sem oft var matazt í á engjum. Hann heitir Matarbolli [021]." Í bókinni Ljósmyndir I eftir Halldór Jónsson segir: "Í Saurbæjarsókn í Laxárnesslandi voru áður fyrr bæirnir Flóakot [010] og Melkot, hvorttveggja þurrabúðir." Í Kjósarmenn segir um Melkot: "Árni Jónsson og kona hans Guðrún Einarsdóttir bjuggu í Melkoti, húsmannsbæ í Blönduholtslandi, 1843-49. [...] Guðmundur [Guðmundsson] bjó í Melkoti 1864-82, en fluttist síðan til Reykjavíkur [...]." Samkvæmt Kjósamönnum var Melkot í Blönduholtslandi en þar sem það er allsstaðar annarsstaðar talið með Laxárnesi er þetta líklegast bara villa. Það er um 1,4 km sunnan við Laxárnesbæ 001, um 80 m austan við Skorá og um 400 m suðvestan við Meðalfellsveg 461. Melkot var byggt á 1-3 m háu grasigrónu holti á austurbakka Skorár sem liggur norðaustur-suðvestur. Fast norðaustan við holtið eru 5-6 samsíða skurðir og tún sem liggja norðvestur-suðaustur.




Melkot GK-322:012, horft til VSV

Skurðurinn næst Melkoti skilur hálfpartinn tóft D frá tóftum A-C en skurðurinn var aðeins grafinn upp að rótum holtsins beggja megin svo hægt er að ganga frá tóftum A-C yfir að D um þetta hlé á skurðinum efst á holtinu. Einn skurður í viðbót er svo fast SSA við holtið sem liggur þvert á hina skurðina eða norðaustur-suðvestur. Melholt er vel grasigróið þó víða séu rofabörð bæði á holtinu sjálfu og í umhverfinu norðan og sunnan við það. Melkotstóftir eru í NNV-verðu holti. Tóftirnar eru fjórar (A-D) og ná yfir svæði sem er um 70 m á lengd, um 40 m á breidd og snýr ANA-VSV. Tóftir B og C eru tengdar saman að NNV af torfhlöðnu garðlagi E sem myndar eitt stórt hólf sem hugsanlega gæti hafa verið kálgarður. Tóftirnar eru grjót- og torfhlaðnar og voru byggðar í nokkuð beinni röð ANA-VSV. Veggir tóftanna eru 1-3 m á breidd, 0,2-1 m á hæð og flestar snúa þær gróflega eins, NNV-SSA eða ANA-VSV. Grjóthleðslur eru víða greinanlegar en tóftirnar eru nokkuð signar og vel grasigrónar. Tóft A er þrískipt, um 10 x 9 m stór og snýr ANA-VSV. Veggir hennar eru 1-3 m á breidd. Hólf I er vestast, um 2x2 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Gengið hefur verið inn í hólfið að norðanverðu um 0,5-1 m breiðar og 2 m djúpar dyr. Hólf II er um 1 m ANA við hólf I. Það er um 3 x 1-1,5 m stórt og snýr ANA-VSV. Hólfið er nokkuð samfallið en gengið hefur verið inn í það að austanverðu um 0,5 m breiðar og 1 m djúpar dyr. Hólf III er um 3 m norðan við hólf II. Það er um 3 x 1 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Gengið hefur verið inn í hólfið að norðanverðu um 0,5 m breiðar og um 1 m djúpar dyr. Veggir austan og vestan við hólf III eru um 2 m á breidd. Milli hólfa II og III er um 3 m breiður veggur en suðurveggir hólfa I og II eru um 1 m á breidd. Vesturveggur hólfs I er 1-1,5 m á breidd. Tóft B er vestan við tóft A.

Norðvesturhorn tóftar A er um 2 m ANA við suðausturhorn tóftar B. Tóft B er þrískipt, um 9 x 8 m stórt og snýr NNV-SSA. Gengið er inn í hólf I um 4 m langan og 0,5 m breiðan gang sem liggur ANA-VSV. Af ganginum er komið inn í hólf I í norðvesturhorni þess. Hólfið er um 3 x 2 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Hólf II er um 2 m VSV við hólf I. Gengið er inn í hólf II af áðurnefndum gangi til SSA um 1,5 m innan við inngang. Hólf II er um 1,5 x 1 m að innanmáli snýr eins og hólf I. Inngangur í hólfið er um 0,5 m breiður og 1 m djúpur. Hólf III er um 2 m NNV við hólf I og II. Mögulegt er að þessi tóft hafi verið mannabústaður. Tóft C er um 5 m VSV við tóft B. Tóft C er einföld, um 6 x 5 m stór og snýr NNV-SSA. Innanmál hennar er 3 x 1,5 m. Inngangur hefur trúlega verið í norðurhorni tóftar. Veggir hennar eru 1-2 m á breidd. Garðlag tengir tóftir B og C og myndar hólf E á milli þeirra og NNV við þær. Garðlagið er um 1-2 m á breidd og um 25 m á lengd. Garðlagið byrjar við norðurhorn tóftar C. Þaðan liggur það í NNV um 7 m áður en það beygir 90° í ANA. Í ANA liggur það um 9 m áður en það beygir aftur 90° í SSA. Í SSA liggur garðlagið um 5 m þar sem það tengist norðurhorni hólfs III í tóft B. Tóftir B og C og garðlag E mynda breitt L-laga hólf sem er um 14 m á lengd, 5-9 m (5 m milli tófta B og C, 9 m inni í garðlagi) á breidd og snýr NNV-SSA. Garðlagið gæti hugsanlega hafa verið hlaðið umhverfis kálgarð. Tóft D er um 40 m ANA við tóft A. Hugsanlega ætti frekar að kalla þetta mannvirki þúst því það virðist illa farið og er að mestu 0,5-1,5 m hár, 10 m langur og 9 m breiður, egglaga hóll sem snýr VNV-ASA. Í hólnum sunnanverðum er 2x2 m ferköntuð dæld sem snýr norðvestur-suðaustur. Dældin er um 0,4-1 m á dýpt og hugsanlega hefur verið gengið inn í hana að suðvestanverðu. Norðaustan og suðaustan við dældina eru miklar grjóthrúgur í hólnum sem virðast of reglulegar (aflangar og nokkuð jafn hliða) til að vera náttúrulegar. Ekki er alveg ljóst hvers konar mannvirki er hér um að ræða og hlutverk er óþekkt.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: JJnm, 99; Ö-Laxárnes, 3; Ljósmyndir I, 265; Kjósarmenn, 444



Melkot GK-322:012

GK-322:013 hleðsla traðir 64° 20.148N 21° 37.691V
Gamlivegur 025 heim að Laxárnesi 001 sést að hluta á túnakorti frá árinu 1917. Á kortinu eru greinilegar upphlaðnar traðir báðu megin við veginn síðustu 60 m heim að bæ. Þessar traðir eru nú aðeins greinanlegar við veginn að sunnanverðu en sá hluti traðanna á að hafa tengst túngarði 007 að vestanverðu og gerir enn. Vegurinn liggur

um þýft graslendi þegar nær dregur bæjarhól 001. Ummerki um upphlaðnar traðir eru litlar nú (2010). Þó sést um 20 m langur, <0,5 m breiður og <0,3 m hár grófur grjótgarður enn um 60 m vestan við bæ 001 sunnan við malarveg sem kallaður er Gamlivegur (025). Aðrar leifar traðanna virðast vera horfnar líklega vegna lagfæringar á Gamlavegi á 20.öld.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Laxárnes, 2; Teikning - Laxárnes

GK-322:014 garðlag áveita 64° 20.302N 21° 35.959V
Umfangsmikil áveitukerfi eru í Norður- og Suðurflóum í landi Laxárness, um 600 m suðaustan við Laxárnesbæ 001, suðaustan við Ásana. Flóarnir eru mjög víðáttumiklar og flatlendar mýrar. Mýrarnar eru deigar, þýfðar og mjög grasigrónar. Langholt og Skrokkhólar skipta flóunum gróflega í tvennt á langveginn. Margir torfhlaðnir áveitugarðar liggja þvers og kruss um flóana í Laxárnes-landi sunnanverðu frá Laxá suðvestur að Skorá. Flóarnir eru um 2,3 km að lengd, um 0,5-1 km á breidd og snýr svæðið norðaustur-suðvestur. Vatn virðist hafa verið leitt úr Dælisá suðaustan við landamerki Blönduholts GK-323 (Skorá) yfir í flóann vestan við Langholt. Úr ánni liggur langur skurður gróflega í NNA yfir mýrarnar að austanverðu Melholti. Þar beygir hann í norðvestur norðan við Melholt að aðalskurðinum. Aðalskurðurinn í vestari flóanum liggur gróflega norðaustur-suðavestur um miðjan flóann. Sitt hvoru megin við skurðinn mynda garðlög mörg misstór ferköntuð hólf sem snúa flest annað hvort norðaustur-suðvestur eða norðvestur-suðaustur. Hólfin raða sér öll meðfram skurðinum sitt hvoru megin frá Melholti norður að Stekkjarás. Af loftmynd má telja 18-20 hólf á þessu svæði. Í flóanum austan við Langholt virðist vatn hafa verið leitt úr Bugðu í NNV um 220 m neðan og norðaustan við brúna í Meðalfellsvegi (GK-366) sem liggur yfir Bugðu. Austan við Langholtið er bara ein löng röð af óreglulega löguðum hólfum sem liggur NNA-SSV og nær hún frá Meðalfellsvegi í suðri norður að Mjóeyrarholti. Af loftmynd má telja a.m.k.7-8 hólf. Svæðin tvö virðast hafa verið tengd með skurðurm/garðlögum á milli Langholts og Skrokkhóla. Trúlega hefur allt vatnið svo verið leitt aftur af flóunum sunnan við Ármótaholt neðar í Bugðu norðvestan við Káranesland GK-320 en þar virðast vera 1-2 skurðir sem liggja í norðaustur úr flóunum niður að ánni. Áveitugarðarnir eru allir torfhlaðnir en hleðslur þeirra eru signar. Garðarnir eru 1-3 m á breidd og 0,2-1 m á hæð. Samsíða görðunum eru einnig grunnir ræsiskurðir. Samkvæmt Pétri Lárussyni bónda í Káranesi voru áveitukerfin byggð á tímabilinu 1915-1920 af þáverandi eiganda Laxárnes sem hét Copeland. Copeland seldi hey af flóunum til Reykjavíkur. Copeland átti Laxárnes, Neðri-Ás og Hvamm um tíma en bjó aldrei á bænum í Laxárnesi. Árið 1918 kaupir Copeland Árnes af afa Péturs í Káraneslandi og byggir þar sumarbústað. Copeland fór á hausinn rétt fyrir 1925.



Áveitugarðlag GK-322:014, horft til norðurs


Hættumat: engin hætta

GK-322:015 heimild um handgrafinn skurð 64° 20.076N 21° 37.622V
Inn á túnakorti frá árinu 1917 er merktur skurður í heimatúni Laxárness, 120-140 m sunnan, suðaustan og austan við bæ 001. Á þessu svæði eru sléttuð grasigróin tún og malarvegur 024. Samkvæmt túnakorti var skurðurinn að minnsta kosti um 250 m á lengd innan heimatúns og um 2 m á breidd. Í heimatúni Laxárness sjást nú (2010) aðeins óljósar mjóar og grunnar dældir 140-150 m sunnan og suðvestan við bæ 001. Ekki er ólíklegt að þessir skurðir hafi verið handgrafnir.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917


GK-322:016 tóft naust 64° 20.226N 21° 38.121V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1705 segir: "Heimræði má vera um vor, sumar og haust, þá fiskur er á Hvalfirði, og þó alls ótækt, nema sætt hjer sjáfarfalli, því útgrynni er mikið." Í örnefnaskrá segir einnig: "Norður með Laxárvognum er svokallað Vesturnes. Á því eru Naustin. Þar var skiparétt." Naust er vestast á Vesturnesi um 430 m VNV við bæ 001. Á þessu svæði er grasi- og mosagróinn mói á nesinu austan við tóft en grýtt fjara norðan, vestan og sunnan við tóftina. Naustið er gróflega hringlaga og einfalt. Það er um 16 x 14 m stórt og snýr norður-suður. Innanmál þess er 14x12 m og vel grasigróið. Veggir naustsins eru grjóthlaðnir en nú (2010) að mestu útflattir. Veggirnir eru 2-3 m á breidd og <0,3 m á hæð. Vesturhlið þess er byrjuð að hverfa í sjávarrof. Bátar voru trúlega settir inn í naustið að vestan um 2 m breiðan inngang. Hugsanlega hefur einnig verið hægt að ganga inn í það að norðan en þar má sjá hleðslur sem minna á samfallinn inngang eða jafnvel þrep.

Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: JÁM III, 398; Ö-Laxárnes, 2



Naust GK-322:016, horft til norðvesturs

GK-322:017 þúst útihús 64° 20.169N 21° 37.749V



Þúst GK-322:017, útihús

Þúst er um 115 m VNV við bæ 001 og um 70 m SSA við útihústóft 005. Þústin er í suðvesturenda ás sem snýr norðaustur-suðvestur. Ásinn er frekar lágur og kallast líklega Fuglstapi. Þústin er mjög óljós vegna ágangs búpenings en þó vel grasi- og mosagróin. Þústin er tvískipt, um 8 x 6 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir tóftarinnar eru <0,4 m á hæð og 1-1,5 m á breidd. Hólf I er skýrara og í hliðum þess glittir í hleðslugrjót á stöku stað. Hólfið er um 4,5 x 1 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hólf II er mun ógreinilegra. Innanmál þess hefur verið um 4 x 3 m og hefur það snúið norðvestur-suðaustur. Líklegast hefur verið gengið inn í bæði hólfin að norðvestan. Ekki er ljóst hvort leifarnar eru af grjóthlöðnum grunni timburhúss eða mjög signar leifar húss úr torfi og grjóti.

Hættumat: hætta vegna ábúðar

GK-322:018 *Stöðull* heimild um kvíar 64° 20.125N 21° 37.821V

"Stöðull var fyrir vestan Vesturkinn. Þar voru mjólkaðar bæði ær og kýr," segir í örnefnaskrá. Stöðullinn fannst ekki. Hann var vestan við Vesturkinn, um 170 m VSV við bæ 001. Á þessu svæði er grýttur mói norðvestur undir Sauðhól. Landið hallar 0-5° í norðvestur. Ekkert sést til fornleifar. Hugsanlega hafa verið færikvíar á þessum stað eða jafnvel aðeins náttúrulegt aðhald.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Laxárnes, 2

GK-322:019 *Stöðulskarð* tóft kvíar 64° 20.026N 21° 37.518V


"Suður af Stekkjarás [sjá 022 og 023] er Sandskarð í Ásana, og sunnar er Stöðulskarð, sem er upp af fjárhúsunum í Laxárnesi," segir í örnefnaskrá. Grjóthlaðin rétt eða stöðull er norðvestan undir Stöðulskarði í Ásunum um 245 m SSA við bæ 001. Réttin er um 65 m SSA við fjárhús 004 og 10-20 m suðaustan við Hvalfjarðarveg. Á þessu svæði er grasi- og mosagróinn mói í brekku sem hallar í 5-10° í norður. Fast ofan við tóftina eru 1,5-3 m háir klettar í Ásunum. Stöðullinn er einfaldur og grjóthlaðinn, um 12 x 6 m að stærð og snýr norðvestur-



Stöðull GK-322:019, horft til VNV

suðaustur. Veggir stöðulsins eru um 1,5 m á breidd, 1-1,5 m á hæð og standa enn að mestu þó þeir séu teknir að siga í norðurhlið hans. Einnig hafa verið einhverjar hleðslur upp við 1,5-3 m háan klettavegginn sem markar af suðausturhlið en þær hleðslur eru að mestu hrundar. Gengið er inn að suðaustan um 1 m breiðan inngang. Innan hólfsins er vel grasigróið. Hólfið er 8 x 4-5 m að innanmáli. Utan við tóftina glittir einnig í ógreinilegan lágan grjótgarð í grasinu meðfram hlíðinni suðaustan við suðausturenda hólfsins. Garðlagið liggur í suðaustur frá vegg stöðulsins suðvestan við innganginn. Það er um 0,5 m á breidd, um 7 m á lengd og <0,4 m á hæð. Hugsanlega hefur það beint búpening inn í stöðulinn.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Laxárnes, 4



Stöðull GK-322:019

GK-322:020 *Bollastaðavað* heimild um vað 64° 20.477N 21° 36.715V

"Rétt fyrir neðan brúna er vað á Laxá sem heitir Bollastaðavað [Bollastaðir GK-351:037]," segir í örnefnaskrá. Bollastaðavað var á Laxá um 950 m norðaustan við bæ 001 og 50-100 m NNV við núverandi brú yfir ána. Áin er breið á þessu svæði en frekar grunn, 0,2-0,5 m djúp. Botn hennar er sléttar basaltklappir sem eru víð grýttar. Áin er hér að mestu stígvélafær. Ekki er greinilegt hvar Bollastaðavað var nákvæmlega á ánni en samkvæmt Pétri Lárussyni bónda í Káranesi lá þjóðvegur 036 yfir Laxá um vaðið á leið að Neðri-Hálsi í norðvestri og Valdastöðum og Bollastöðum í austri. Ekkert sést til fornleifa.



Bollastaðavað GK-322:020, horft til austurs

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Laxárnes, 2

GK-322:021 *Matarbolli* heimild um áfangastað 64° 19.513N 21° 37.964V
"Eftir holtinu liggur nýr vegur. Suður af austurenda þess við Skorá eru rústir eftir Melkot [012], og þar aðeins neðar með ánni er hvammur, sem oft var matazt í á engjum. Hann heitir Matarbolli," segir í örnefnaskrá. Staðsetning Matarbolla er ekki alveg ljós líklega var hann um 320 m norðvestan við Melkot 012, um 1,2 km sunnan við Laxárnes 001 og um 15 m norðaustan við Skorá. Á þessu svæði er grasigróin grunn hvilft á austurbakka Skorár. Hvilftin er um 30x10 m að flatarmáli og snýr NNV-SSA. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Laxárnes, 3

GK-322:022 *Gamlistekkur* heimild um stekk 64° 20.223N 21° 36.912V
"Gamlistekkur var í hæð undir Ásnum nyrzt, þar sem nú er samkomuhúsið Félagsgarður. Þar norðan við er lækur í sveit, sem fer í Laxá rétt ofan við brúna. Þessi lækur heitir Stekkjarlækur," segir í örnefnaskrá. Gamlistekkur er horfinn en hann var um 580 m austan við Laxárnesbæ 001. Á þessu svæði er samkomuhúsið Félagsgarður, malarplan og trjálundur. Brekkan við húsið hallar í um 5° í VNV. Ekkert sést til fornleifa því leifum stekkjarins var rutt út við byggingu Félagsgarðs.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Laxárnes, 3


GK-322:023 *Nýistekkur* tóft stekkur 64° 20.280N 21° 36.477V
"Ofar er Laxfoss við Fossás. Um það bil við upptök Stekkjarlækjar og austur frá Gamlastekk heitir Nýistekkur," segir í örnefnaskrá. Nýistekkur er um 950 m norðaustan við bæ 001 efst í nyrsta toppi Stekkjaráss að suðvestanverðu og um 370 m ANA við Gamlastekk/ Félagsgarð 022. Á þessu svæði er ásinn grasi- og mosagróinn smáþýfður mói. Stekkurinn er í brekku sem hallar í <5° til suðvestur. Nýistekkur er grjót- og torfhlaðinn, um 11 x 7 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Stekkurinn er þrískiptur og mjög greinilegur en hleðslur hans eru signar. Veggir eru um 1 m á breidd og 0,2-1 m á hæð. Gengið er inn í tóftina að suðvestan. Fremst í tóftinni er um 1 x 5 m stórt svæði sem snýr norðvestur-suðaustur og er partur af hólfi I að suðaustanverðu. Gengið er inn í aðal hluta hólfs I til austurs. Hólf I er um 9 x 2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Norðvestan við hólf I eru hólf II og III. Hólf II er mjög óljóst og virðist fullt af grjóti. Hólfið hefur trúlega verið um 2x2 m að innanmáli. Líklega hefur verið gengið í gegn um hólf II til að komast inn í hólf III en engir inngangar eru greinanlegir, hvorki inn í hólf II eða III. Hólf III er um 4 x 2 m að innanmáli og snýr eins og hólf I, norðaustur-suðvestur. Út frá suðurhorni tóftar í suðvestur er ógreinilegur garður sem hugsanlega hefur beint búpeningi inn í stekkinn. Garðlagið er J-laga, um 1 m á breidd, <0,2 m á hæð og um 8



Nýistekkur GK-322:023, horft til norðausturs

m á lengd. Um 6 m suðvestan við tóftina beygir garðlagið í VNV og endar 2 m vestar um 6 m SSV við vesturhorn stekkjarins.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Laxárnes, 3



Nýistekkur GK-322:023

GK-322:024 vegur leið 64° 20.133N 21° 37.571V
Inn á túnakort af Laxárnesi frá árinu 1917 er merktur beinn vegur heim að Laxárnesi 001 úr ASA. Á þessu svæði er nú (2010) malarvegur, skurðir og sléttuð tún. Samkvæmt túnakorti var vegurinn í heimatúni um 90 m á lengd innan heimatúns og 3-4 m á breidd. Þessi vegur er ennþá til staðar og er hann um 4 m breiður og alls um 300 m langur malarvegur sem liggur gróflega í VNV niður að Laxárnesi frá Hvalfjarðarvegi. Þessi vegur hefur trúlega verið gerður á sama skeiði og þegar Nýivegur 030 var tekinn í notkun og ekki var lengur almennt ekið um Gamlaveg 013 þó heimamenn hafi þó án efa haldið áfram að nota hann.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-322:025 *Gamlivegur* vegur leið 64° 20.137N 21° 37.861V
"Neðan vegar frá fossi og norður fyrir heita Neðribugar, mýrarstakkar og móar niður að á. Neðan þeirra, þar sem gamli vegurinn lá yfir ána, er vað á henni, sem heitir Þvottavað [sjá 323:020, 323:021 og 323:022]. Frá því lá vegurinn niður allmikla brekku, sem hét Fagrabrekka," segir í örnefnaskrá. Gamli vegurinn heim að Laxárnesi 001 sést að hluta á túnakorti frá árinu 1917 (sjá 013) og er að hluta til vel greinilegur í landi Laxárness í dag (2010). Vegurinn liggur



Gamlivegur GK-322:025, horft til suðvesturs

upp Fögrubrekku í norðvestur frá Skorá norðvestan meðfram Arnarþúfur og Sauðholti um grýtta hálfgróna móa og þýft graslendi þegar nær dregur bæ 001. Austan við bæ hefur vegurinn trúlega legið um grasigróna og þýfða móa, mýrar, mela og klapparholt í Laxárneslandi fast norðvestan undir Ásunum þar sem Hvalfjarðarvegur er í dag (2010). Hann gæti einnig hafa legið að hluta um Ásana sjálfa þó lítil ummerki um slíkt sjáist nú (2010). Frá Þvottavaði á Skorá í norðaustur heim að bæ 001 er vegurinn um 400 m langur. Hann er um 4 m breiður malarvegur. Vegurinn er merktur sem Gamlivegur á grófu örnefnakorti af Laxárnesi og var hann hluti af gömlu þjóðleiðinni 036 um Hvalfjörð. Leið þessi hefur einnig verið skráð í landi Blönduholts GK-323:001 undir númeri GK-323:022. Þjóðvegurinn hefur verið 1,5-2 km á lengd í Laxárneslandi frá Skorá í suðvestri að Bollastaðavaði [020] á Laxá í norðaustri. Meirihluti vegarins er horfinn vegna vegagerðar á 20.öld.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Laxárnes, 2

GK-322:026 náma mógrafir 64° 20.119N 21° 35.894V
"Um móinn [vestan Bugðu] er það að segja, að hann þótti góður úr Laxanessflóanum og voru margar stungur niður. Mógrafir þar voru mannhæðar djúpar eða meir. Það voru ca. 2 stungur af rofi niður á móinn. Það voru margir bæir hér í dalnum sem fengu mótekju í Laxanesflóanum þegar ég fór fyrst að muna eftir mér," segir í svörum við spurningum um örnefnaskrá Káraness. Svæðið sem nefnt er í svarinu, er samkvæmt Pétri Lárussyni bónda í Káranesi, í landi Laxárness á vesturbakka Bugðu til móts við Káranesland, um 1,4 km austan við bæ 001 og um 620 m vestan við Káranes 320:001. Svæðið er deig mýri sem er gríðarlega vel gróin grasi- og mosa. Svæðið er fast norðan við Vörðuholt [027] í norðausturenda Laxárnesflóanna að suðvestanverðu um 200 m vestan við Bugðu. Mógrafirnar eru á um 200 x 100 m svæði sem snýr norðaustur-suðvestur. Þar er eitt stórt, 0,5-1 m djúpt grafarsvæði sem trúlega inniheldur margar minni og misdjúpar grafir. Erfitt er þó að greina þær þar sem svæðið er falið í háu grasi og hugsanlega hefur verið fyllt upp í einhverjar. Samkvæmt Pétri Lárussyni bónda í Káranesi var síðast tekinn mór fyrir Káranes í Laxárneslandi um 1960 til að reykja kjöt. Mórinn á þessu svæði var djúpt og voru grafirnar allt að 3 m djúpar. Mórinn var móbrúnn og fíngerður með litlum trjáleifum.



Mógrafir GK-322:026, horft til norðausturs

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Káranes svör við sp, 1-2

GK-322:027 *Vörðuholt* varða óþekkt 64° 19.995N 21° 36.069V

"Fagurhóll er hóll alveg við ána, beint á móti Káranesi. Upp með Bugðu er annar hóll, Vörðuholt, og með ánni er Vörðuholtseyri," segir í örnefnaskrá. Lítil vörðuhrúga er á suðvesturenda Vörðuholts um 760 m vestan við Káranes 320:001 og um 1,3 km austan við Laxárnes 001, fast norðan við Bugðu. Vörðuholt er mosagróið klettabelti sem snýr norðaustur-suðvestur frá Laxá í suðvestri í átt að Ármótum í norðaustri. Varðan er grjóthlaðin. Hleðslur vörðunnar eru útflattar og mjög grasi- og mosagrónar. Flatarmál hrúgunnar er 0,5x1 m og hæð hennar er um 0,3 m. Hlutverk óþekkt.



Leifar af vörðu á Vörðuholti GK-322:027, horft til

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Laxárnes, 4

GK-322:028 *Copelandsvegur* vegur leið 64° 20.228N 21° 36.837V

Samkvæmt Pétri Lárussyni bónda í Káranesi lét eigandi Laxárness, danskur fiskkaupmaður að nafni Copeland, hlaða upp veg í gegn um Laxárnesflóana um eða eftir 1915 að mestu eftir Langholti endilöngu um 1 km suðaustan við bæ 001. Flóarnir eru mjög víðáttumiklar og flatlendar mýrar. Þær eru deigar, þýfðar og mjög grasigrónar. Í flóunum eru nokkur aflöng klappar- og malarholt sem flest liggja norðaustur-suðvestur. Samkvæmt Pétri Lárussyni var Copelandsvegur hlaðinn upp um svipað leyti og áveita 014 eða 1915-1920. Vegurinn var torfhlaðinn en möl var einnig borin ofan í mýrina. Vegurinn sést enn (2010) og er 2-4 m á breidd, en 0,2-0,4 m að hæð og er um 3 km frá Grafarnefi við Hvalfjörð uppá Meðalfellsveg 461 Vegurinn lá í suðaustur frá Grafarnefi, þar sem áætlunarbátar lögðu stundum að (009), beint upp á Ásana fram hjá Félagsgarði að norðaustanverðu. Af Ásunum liggur hann út í mýrina áfram með smá sveigju í suðaustur yfir að Mjóeyrarholti. Vegurinn beygir þar upp á holtið í suðvestur og liggur um 200 m í suðvestur áður en hann beygir aftur út í mýrina í vestur yfir að Litla Skrokkhól. Norðvestan við hólinn beygir vegurinn í suðvestur og heldur áfram í suðvestur á Stóra-Skrokkhól og Langholti að Meðalfellsvegi. Vegurinn lá



Copelandsvegur GK-322:028, horft til norðurs

framhjá Flóakoti 010 að suðaustanverðu. Vegurinn hefur trúlega verið notaður m.a. til að flytja hey úr flóunum og áleiðis til Reykjavíkur.

Hættumat: engin hætta

GK-322:029 náma mógrafir 64° 20.245N 21° 37.368V
"Heima við bæ, norðan Norðurness, er svonefndur Húsavogur, og mýrin þaðan út að Laxárósi er nefnd Laxárnesmýri. Við Húsavoginn er Grafarnef. Þar voru miklar grafir," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Pétri Lárussyni bónda í Káranesi voru mógrafir meðfram strönd Hvalfjarðar fast suðaustan við Húsavog og um 260 m norðaustan við bæ 001. Á þessu svæði er mjög þýfður og grasigróinn mói. Þurrlendi. Mógrafarsvæðið er um 200 x 100 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Svæðið virðist sundurgrafið en erfitt er að sjá grafirnar þar sem svæðið er á kafi í háu grasi. Grafirnar sem sjást hafa ekki verið notaðar í langan tíma. Bakkar þeirra eru samfallnir, aflíðandi og vel grónir. Þær dýpstu eru um 1 m.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Laxárnes, 2

GK-322:030 *Nýivegur* vegur leið 64° 20.058N 21° 37.913V
Á örnefnateikningu af Laxárneslandi er merktur Nýivegur um 300 m suðvestan við bæ 001 og um 20 m suðvestan við vörslugarð 008. Nýivegur liggur frá Þvottavaði GK-323:021 og er hann yngra framhald af gamla þjóðveginum sem lá um vaðið (sjá einnig traðir 013 og Gamlivegur 025). Á þessu svæði er grýtt grasi-, mosa- og lúpínugróin brekka vestan undir hárri klettabungu sem kallast Arnarþúfa. Brekkunni hallar í 5-20° í VNV. Aðeins neðar er mjög brött lúpínugróin og grýtt brekka sem hallar í um 10-20° til suðvesturs niður að Skorá. Vegurinn er að hluta horfinn í lúpínur. Slóðinn er mjög óljós en hann liggur upp frá Þvottavaði (GK-323:021) í ASA upp brekkurnar meðfram Arnarþúfu og þaðan í austur upp á núverandi Hvalfjarðarveg rétt sunnan við fjárhústóft 004. Vegurinn er 3-4 m á breidd og um 400 m langur frá Þvottavaði að þjóðvegi. Samkvæmt örnefnaskrá Blönduholts lá gamla þjóðleiðin um Þvottavað fram undir miðja 20.öld.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Teikning - Laxárnes, Ö-Blönduholt, 4

GK-322:031 heimild um laxveiði 64° 20.462N 21° 36.116V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1705 segir svo frá: "Laxveiði er góð með steingildrum og torfverki, erfið nokkuð en gagnsöm oftlega." Nákvæm staðsetning er óþekkt en Pétur Lárusson bóndi í Káranesi telur líklegast að hér sé verið að tala um Laxána neðan við Laxfoss um 1,3 km norðaustan við bæ 001. Á þessum slóðum er Laxá um 50 m breið en frekar grunn og straumlítil. Trúlega ekki stígvélafær. Bakkar Laxár eru grasi- og mosagrónir, 0,2-2 m háir og aflíðandi. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM III, 397

GK-322:032 heimild um kálgarð 64° 20.146N 21° 37.611V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var kálgarður fast sunnan við bæ 001 og um 5 m VNV við útihús 003. Á þessu svæði er slétt malarplan, gamalt timburhús og umfangsmikil steinsteypt útihús með bárujárnsþaki. Ekkert sést til fornleifa.

Samkvæmt túnakorti var garðurinn um 24x10 m stór og snéri VNV-ASA.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-322:033 heimild um kálgarð 64° 20.136N 21° 37.591V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var kálgarður fast sunnan við útihús 003. Á þessu svæði er slétt malarplan, gamalt timburhús og umfangsmikil steinsteypt útihús með bárujárnsþaki. Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt túnakorti var garðurinn um 22 x 16 m stór og snéri VNV-ASA. Svo virðist sem heimreið 024 hafi legið að útihúsi 003 úr suðaustri inn á milli kálgarða 033 og 034.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-322:034 heimild um kálgarð 64° 20.143N 21° 37.576V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var kálgarður fast austan við nyrðri enda útihúss 003 og að um 5 m norðan við kálgarð 033. Á þessu svæði er slétt malarplan, gamalt timburhús og umfangsmikil steinsteypt útihús með bárujárnsþaki. Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt túnakorti var garðurinn um 20 x 10 m stór og snéri VNV-ASA. Svo virðist sem heimreið 024 hafi legið að útihúsi 003 úr suðaustri inn á milli kálgarða 033 og 034.


Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-322:035 heimild um kálgarð 64° 20.157N 21° 37.643V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var kálgarður fast vestan við bæ 001 og kálgarð 032. Malarplan er fast VSV við standandi útihús 2010. Á þessu svæði er slétt malarplan, gamalt timburhús og umfangsmikil steinsteypt útihús með bárujárnsþaki. Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt túnakorti var garðurinn um 20 x 20 m stór. Punktalína milli kálgarða 032 og 035 gefur trúlega til kynna að hægt var að ganga úr suðri að bæ 001 milli kálgarðanna.

Hættumat: hætta vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-332 Mýdalur

40 hdr 1705. Í Jarðabókinni frá 1705 er jörðin samanlagt metin á 40 hdr en henni var skipt í fjögur býli, þrír aðgreindir bæjir sem standa þó allir saman og heita allir Mýdalur [001]. Fjórða býlið stendur á túninu og er nefnt Miðdalskot GK-333:001. Einnig er getið um eyðihjáleigu GK-332:012 á bænum sem ekki er vitað hvar var. JÁM III, 385-389. Kirkjunnar 002 í Mýdal er fyrst getið í máldaga Saurbæjarkirkju frá um 1220: "[í Saurbæ] liggia tiundir til millum blikdals ar. Oc æilifsdals ar. Nema af eyri. Oc vr myrdal. Ef þar bua landeigendr. Þa sculu þeir taka sina tiund heima oc hiona sinna allra. En ef leiglendingar bua þar eða hiabuðar menn. Þa scal j saurbæ þeirra tiund gialldaz oc hiona þeirra. Ef þav giora skiptingar tiund." DI I 402. Varðveist hefur máldagi kirkjunnar frá því um haustið 1269: "Mariu kirkia j mydal a .x. Hundrard j lande og ku eina." DI II, 64. Kirkjunnar er enn getið í máldaga Saurbæjarkirkju frá um 1315: "[til Saurbæjar] liggia tijundir til millum blikdalzär oc eilyfsdalzar nema af eyri og yr mydal ef þar bua landeigenndur. Skulu þeir taka heima



Túnakort Miðdals GK-332 og Miðdalskots GK-333 frá árinu 1917

tijund sijna oc allra hiona sinna. Enn ef leiglenndijngar bua þar eda hiabudamenn þa skal j saurbæ gialldast tijunnd þeirra oc hiona þeirra. Ef þau giora skiptijnngar tijunnd" DI III, 32. Í máldaga kirkjunnar frá um 1367 segir að krikjan eigi: "xc j lande og viij ær," DI III, 219. Í máldaga Saurbæjarkirkju frá um 1379 segir: " [til Saurbæjar] liggur tijund til millum blikdalzär og dalzär nema af eyri og mydal," DI III, 342. 1397: Kirkjan nefnd í máldaga Saurbæjarkirkju, DI IV, 114-115. 1397: "a xc j landi Þar skal syngia annan hvern dag helgann oc hinn fiorda hvern ottusong. Xvij aurar skulu lvkast j tijdaoffur og skal heima takst tiund Heimamanna.lysa skal fyrer loghelga messudaga svo Mariumesso vns lydur." DI IV, 115. 1468: Landamerkjabréf milli Eilífsdals og Mýdals. DI V, 516. [1491-1518]: Mydals kirkiu maldagi. Maríu kirkia j Mydal aa .x.c j heimalandi og viij ær en Jon Palsson lagdi til suo .iiij. Kugilldi voru." DI VII, 54. Jörðin átti uppsátursítak í landi Mela nálægt Kiðafellsárós. Konungur átti 6 hdr af

jörðinni sem var árið 1847 metin á 36 hdr. JJ, 100. "Mýrdalskot [GK-333:001] er fyrst nefnt 1802, en áður hlýtur það að vera talið með undir höfuðjörðunni, sem með Mýrdals parti [GK-332:037] var talin 40 h. Öll (A.M.) og parturinn þarí útaf fyrir sig 6 h., með 36 al. 1sk. 1 kúg. ... Annars segir þar, að eyðijörðin "Efri-Mýdalur" [GK-332:009] sé yrkt bæði frá Mýdal og Mýdalskoti." JJnm, 100. Jörðin heitir nú Miðdalur GK-332:001. Mýdalskot (GK-333) hjáleiga, lögð undir Mýdal. HÞ telur Mýdalsnafnið réttast: HÞ:"Rannsókn og leiðrjettingar á nokkrum bæjanöfnum á Íslandi" Árbók fornleifafélagsins 1923, 34. 1705: "Tún, engjar og hagar eru sífeldum skriðum undir orpnar, sem árlega spilla, og er jafnan fyrir því hætt, jafnvel heygörðum og fjósum þeirra Sölmundar og Guðlaugs. ... Engjar eru annars litlar mjög, snöggvar og grýttar. Landþröng er mikil. Hætt er fyrir snjóflóðum og foruðum." JÁM III, 388. 1917: Tún 3,3 teigar, garðar 550m2. Mestallt tún á Miðdal er slétt.

GK-332:001 *Mýdalur* bæjarhóll bústaður 64° 17.778N 21° 43.044V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín er Miðdalur metinn á 40 hdr árið 1705. Þar segir m.a.: "Jörðin er afdeild í fjögur býli, þrjú af þeim, sem þó eru þrír aðgreindir bæir, standa öll til samans og kallast öll heimajarðar nafninu; fjórða stendur í túninu góðan snert frá hinum, og er kallað Mïdalskot [333:001]." Gamli bærinn í Miðdal sem merktur er inn á túnakort frá 1917 stóð 10-15 m norðan við íbúðarhúsið sem byggt var árið 1921 sem stendur enn sem hluti af fjósi og um 30 m ASA við núverandi íbúðarhús í Miðdal sem byggt var á seinnihluta 20.aldar. Bærinn stóð um 5 m austan við íbúðarhúsið frá 1921 þar sem hlaðan stendur núna. Nákvæm staðsetning bæjanna sem stóðu þétt saman samkvæmt Jarðabók Árna og Páls er óþekkt en líklegast hafa þeir staðið á svipuðum stað og bærinn sem sýndur er á túnakorti frá 1917. Á þessu svæði er nýtt hátæknifjós, hlaða og sléttað malarplan. Í bókinni Ljósmyndir I eftir Halldór Jónsson segir m.a.: "Þegar Guðmundur Brynjólfsson kemur að Miðdal [1921], kaupir hann jörðina og einnig Miðdalskot fyrir kr. 7000,00 og fylgdu kaupunum sex ær og ein kýr. Á báðum býlum var eiginlega allt í rústum og öll hús að kalla mátti komin að falli. ... Hann reisti allstórt íbúðarhús úr steinsteypu með áfastri steinsteyptri heyhlöðu og tveim litlum votheysgryfjum steyptum, fjós yfir tuttugu gripi og áburðarkjallara undir fjósinu, ennfremur byggði hann litla fjárhúshlöðu og aðra hlöðu rjett við bæjarhúsin, en þessar hlöður og tilheyrandi gripahús byggði hann með veggjum úr torfi og grjóti með járnþökum." Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var svæðið sem bærinn og aðrar tengdar byggingar og garðar stóðu á um 50x40 m stórt og snéri VNV-ASA. Ekkert sést til bæjarhóls vegna framkvæmda á 20. öld. Ekki er þó útilokað að einhverjar mannvistarleifar leynist enn undir sverði VNV við núverandi útihús og undir þeim eldri sem byggð voru um eða eftir 1921 norðarlega á bæjarstæðinu.



Bæjarstæði Miðdals GK-332:001, horft til VNV

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM III, 385

GK-332:002 heimild um hálfkirkja 64° 17.830N 21° 42.976V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1705 segir: "Hjer hefur áður hálfkirkja verið, og er hún aflögð fyrir löngu, so sjötigir menn minnast valla að húsið var uppi, og þó voru tíðir löngu fyr aflagðar." Í örnefnaskrá segir: "Brekka beint upp af bæ heitir Kirkjubrekka." Í viðbótum við örnefnaskrá segir einnig: "Kirkjubrekka: Eitt sinn var kirkja í Miðdal. Ef til vill hefur hún staðið undir þessari brekku. Ekki er vitað um grafreiti í Miðdal, nema að einn maður er jarðaður í þessari brekku. Grímur man eftir þúfu sem sagt var leiði þessa manns." Nákvæm staðsetning hálfkirkjunnar og leiðisins er óþekkt en líklegast var kirkjan heima við bæ 001. Kirkjubrekka er um 100 m NNA við bæjarstæði 001 og þó nokkuð ofarlega í hlíðinni ofan við bæ 001 svo ekki er líklegt að brekkan tengist kirkjunni beint þó sjálft örnefnið tengist henni óneitanlega. Kirkjubrekka er vel grasigróin, nokkuð slétt og hallar í 5-20° til suðvestur.
MÝ(R)DALUR Á KJALARNESI (K) - Maríu (SAURBÆJARÞING) - HÁLFKIRKJA
[um 1220]: "[í Saurbæ] liggia tiundir til millum blikdals ar. Oc æilifsdals ar. Nema af eyri. Oc vr myrdal. Ef þar bua landeigendr. Þa sculu þeir taka sina tiund heima oc hiona sinna allra. En ef leiglendingar bua Þar eða hiabuðar menn. Þa scal j saurbæ þeirra tiund gialldaz oc hiona þeirra. Ef þav giora skiptingar tiund,". Máld DI I 402 [Saurbæjar]. [haustið 1269]: "Mariu kirkia j mydal a .x. Hundrard j lande og ku eina. Þar skal syngia annan hvern dag loghelgan. Ok enn fiorda hvern ottv song og kavpa .xviij. Avrum ad presti ur savrbæ og skal heima týund allra heima manna Lysa skal fyrer loghelga daga fra mariv messv. Vnz lidr paska vikv,". Máld DI II 64. [1315]: "[til Saurbæjar] liggia tijundir til millum blikdalzär oc eilyfsdalzar nema af eyri og yr mydal ef þar bua landeigenndur. Skulu þeir taka heima tijund sijna oc allra hiona sinna. Enn ef leiglenndijngar bua þar eda hiabudamenn þa skal j saurbæ gialldast tijunnd þeirra oc hiona þeirra. Ef þau giora skiptijnngar tijunnd,". Máld DI III 32 [Saurbæjar]. [1367]: "xlvi. Mariukirkia j Mydal a xc j lande og viij ær. Les Vilchinsbok. Vtann hier stendur suo. Skal lukazt atian aurar j tijdaoffur preste j Saurbæ. Annad ber saman,". Hítardalsbók DI III 219. [1379]: "[til Saurbæjar] liggur tijund til millum blikdalzär og dalzär nema af eyri og mydal ef þar bua landeigendur. Þa skulu þeir taka sina tijund heima og allra hiona sinna,". Máld DI III 342, Máld DI IX 17 [Saurbæjar]. 1397: [sbr [1379]]; Máld DI IV 114-115 [Saurbæjar]. 1397: "a xc j landi. Þar skal syngia annan hvern dag helgann oc hinn fiorda hvern ottusong. Xvij aurar skulu lvkast j tijdaoffur og skal heima takst tiund Heimamanna. Lysa skal fyrer loghelga messudaga svo Mariumesso vns lydur,". Máld DI IV 115. [1491-1518]: "Mydals kirkiu maldagi. Maríu kirkia j Mydal aa .x.c j heimalandi og viij ær en Jon Palsson lagdi til suo .iiij. Kugilldi voru. Þar skal syngia annan huern dag helgan og hinn fiorda huern ottusaung. Xvij avrar skulu lukast j tidaoffur og skal heima tkast tiund heimamanna. Lysa skal fyrir laughelga messudaga,". Máld DI VII, 54 [AM 238 4to, bl. 133 (Bessastaðabók)]. 1575: Gíslamáldagi. "Hälfkirkian i Mijdal.ä xc.i heimalande. Jtem iiij mälnijtu kugilldj. Jtem lijtel klucka. Jørdenn xxxc. Lausagötz xxxjc." DI XV, 634. {1598: hálfkirkja; AM 263 fol. Bl. 63, 64}. Heimild óljós. Í Kirkjubrekku eru tvær þústir 038A og 038B og óljósar leifar, hugsanlega garður 038C. Ólíklegt er þó að umræddar leifar séu af hálfkirkjunni enda staðsetningin ólíkleg vegna mikils halla í brekkunni og fjarlægðar frá bæjarstæði 001.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM III, 389; Ö-Miðdalur, 6; Ö-viðbætur, 2; DI I, 402; DI II, 64; DI III, 32; DI III, 219; DI III, 342; DI IX, 17; DI IV, 114-115; DI IV 115; DI VII, 54; AM 263 fol. bl. 63, 64, DI XV, 634

GK-332:003 hleðsla útihús 64° 17.787N 21° 43.048V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 5 m norðvestan við bæ 001. Á gamalli ljósmynd í eigu Guðmundar Davíðssonar bónda í Miðdal sem tekin er eftir 1921 þegar að steinsteypt íbúðarhús hafði verið reist á bæjarhólnum sést umrætt útihús sem þá var enn uppistandandi, rétt NNV við íbúðarhúsið. Á þessu svæði er sléttað malarplan og grasigróin brekka sem hallar í um 5-10° til suðvestur. Við fyrstu sýn eru engin ummerki um fornleifar á þessu svæði merkjanlegar. Þegar betur er að gáð má sjá langa og mjóa steinaröð rétt á yfirborði um 10 m norðvestan við norðurhorn hlöðunnar. Steinaröðin er um 4 m á lengd, 0,2-0,3 m á breidd og snýr norðaustur-suðvestur. Hún gæti hugsanlega verið leifar af þessu horfna útihúsi. Ekki er óhugsandi að frekari leifar leynist undir sverði. Á ljósmyndinni sést greinilega að húsið er lítill tvískiptur grjót- og torfhlaðinn kofi. Kofinn var með timburþiljum og bárujárnsþaki sem gengið var inn í að norðvestan. Efra húsið var undir burst á meðan slétt en skáhallt skúrþak var yfir því neðra. Á ljósmyndinni sjást hænur á vappi við húsið og ekki er óhugsandi að hluti af því hafi verið notað sem hænsnakofi á þessum tíma.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-332:004 heimild um útihús 64° 17.771N 21° 43.011V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var lítið útihús um 20 m ASA við bæ 001. Húsið var um 5 m austan við norðausturhorn kálgarðs 031 og fast sunnan við heimreið 030. Á þessu svæði er stórt hátæknifjós, gömul steinsteypt útihús og malarplan. Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt túnakorti var útihúsið lítið eða um 4x4 m stórt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-332:005 heimild um útihús 64° 17.813N 21° 43.078V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús í heimatúni, um 70 m norðvestan við bæ 001 mitt á milli kálgarðs 033 og mannvirkis 039. Á þessu svæði er gróðurhús úr plasti og trjálundur. Fast suðvestan við húsið er slétt grasflöt sem hallar í um 5° til suðvesturs. Fast ofan og norðaustan við það er nýlegur kálgarður. Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt túnakorti var útihúsið lítið eða um 4x4 m að stærð. Um 2 m sunnan við húsið var tóft eða hólf 039 og um 4 m norðan við það var kálgarður 033.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-332:006 tóft fjárhús 64° 17.778N 21° 42.892V
Inn á túnakort frá 1917 er merkt tvískipt útihús um 120 m ANA við bæ 001, í útjaðri heimatúns. Tóftir húsanna sjást enn um 155 m austan við núverandi íbúðarhús. Samkvæmt Guðmundi Davíðssyni bónda í Miðdal voru húsin sauðahús. Fjárhúsin eru í grasigróinni og grýttri brekku sem hallar í 10-20° til suðvesturs. Fjárhús 006 eru þrískipt, um 12 x 11 m stór og snúa norðaustur-suðvestur. Veggir tóftarinnar eru nokkuð signir, 1-2 m á breidd og 0,5-1,5 m á hæð. Í veggjum sjást 2-5 umför af hleðslu. Gengið var inn í tóftina að suðvestan. Hólf A er stærst, um 10 x 1 m á breidd að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Nýleg 0,5 m breið, léleg hleðsla virðist vera fyrir hólfinu þar sem gengið var inn en áður hefur hugsanlega verið gengið inn um timburgafl. Hólf B er um 2,5 m suðaustan við hólf A í suðvesturenda tóftar. Það er um 3 x 2,5 m að innanmáli og snýr einnig norðaustur-suðvestur. Um 2 m þykkur veggur er

suðvestan við hólfið. Hugsanlega hefur verið gengið um dyr á þessum vegg en það er óljóst vegna hruns. Fast norðvestan undir tóftinni í svipaðri línu og hólf B að suðaustanverðu er um 0,5 m djúp dæld sem er um 1,5 x 1 m að innanmáli og snýr eins og hólf A og B. Umhverfis dældina eru ójósar hrúgur sem gætu verið leifar af veggjum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917





Fjárhústóft GK-332:006, horft til suðurs

GK-332:007 heimild um útihús 64° 17.705N 21° 42.971V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús eða rétt um 140 m suðaustan við bæ 001 og um 150 m SSV við fjárhús 006. Á þessu svæði er malarplan fast suðvestan við nýlegt bárujárnsklætt fjárhús. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-332:008 heimild um túngarð 64° 17.822N 21° 43.109V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var túngarður í norðvesturjaðri heimatúns, um 90 m norðvestan við bæ 001 og um 35 m vestan og suðvestan við útihús 005. Á túnakorti segir um þennan túngarð: "Lágur grjótgarður við gamla skriðu. Ekki aðrar girðingar." Á þessu svæði er grasigróin brekka sem hallar í 5-10° til VSV og vírgirðing. Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt túnakorti var túngarðurinn um 130 m að lengd og lá norðaustur-suðvestur meðfram norðvesturjaðri heimatúns Miðdals 001. Að suðvestan endaði túngarðurinn við vegslóða GK-333:008. Sunnan við vegslóðann tók túngarður GK-333:004 við.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-332:009 *Efri-Mýdalur* bæjarstæði býli
Í Jarðatali Johnsen frá árinu 1847 segir í neðanmálsgrein: "Annars segir þar, að eyðijörðin "Efri-Mýdalur" sé yrkt bæði frá Mýdal og Mýdalskoti." Efri-Miðdals er

ekki getið með þessu nafni í öðrum heimildum, hvorki í Jarðabók Árna og Páls frá 1705 eða í yngri heimildum og hefur því hugsanlega aðeins verið í byggð um stutt skeið. Þó er talað um í Jarðabók Árna og Páls að Miðdalsjörðinni sé skipt í fjögur býli og að þrír aðskildir bæir séu allir á svipuðum stað. Ekki er ólíklegt að Efri-Mýdalur hafi verið einn að þessum bæjum. Ekkert er lengur vitað um hvar eyðibýlið stóð og hvorki eru þekkt örnefni sem gætu gefið vísbendingar um staðsetninguna né heldur eru rústir innan Miðdals sem gætu bent til bústaðar. Ekkert sést til fornleifa.

Heimildir: JJnm, 100; JÁM III, 385; Kjósarmenn, 336-352

GK-332:010 heimild um fjós
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1705 segir m.a.: "Tún, engjar og hagar eru sífeldum skriðum undir orpnar, sem árlega spilla, og er jafnan fyrir því hætt, jafnvel heygörðum [011] og fjósum þeirra Sölmundar og Guðlaugs. [...]. Engjar eru annars litlar mjög, snöggvar og grýttar. Landþröng er mikil. Hætt er fyrir snjóflóðum og foruðum." Nákvæm staðsetning fjósanna sem getið er í lýsingu Árna og Páls er óþekkt en ekki er útilokað að mannvirki þessi hafi hugsanlega verið öðru hvoru megin við bæjargilið undir Fjóshamri norðvestan við bæ t.d. þar sem þúst 017 og hrútakofi 018 eru í dag (2010). Einnig er hugsanlegt að eitthvað leynist undir sverði í þúst 013 sem er rétt um 20-30 m austan við bæjargilið. Ekkert sést til fornleifa.

Heimildir: JÁM III, 388

GK-332:011 heimild um heygarð
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá árinu 1705 segir m.a.: "Tún, engjar og hagar eru sífeldum skriðum undir orpnar, sem árlega spilla, og er jafnan fyrir því hætt, jafnvel heygörðum og fjósum [010] þeirra Sölmundar og Guðlaugs. [...]. Engjar eru annars litlar mjög, snöggvar og grýttar. Landþröng er mikil. Hætt er fyrir snjóflóðum og foruðum." Nákvæm staðsetning heygarðsins sem getið er í lýsingunni hér að ofan er óþekkt en ekki er útilokað að mannvirki þessi hafi hugsanlega verið öðru hvoru megin við bæjargilið undir Fjóshamri norðvestan við bæ t.d. þar sem þúst 017 og hrútakofi 018 eru í dag (2010). Einnig er hugsanlegt að eitthvað leynist undir sverði í þúst 013 sem er rétt um 20-30 m austan við bæjargilið. Ekkert sést til fornleifa.

Heimildir: JÁM III, 388

GK-332:012 bæjarstæði býli
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá árinu 1705 segir m.a.: "Hjáleiga hefur af þessari jörðu bygð verið til forna, eyðilögð fyrir allra þeirra manna minni, sem nú eru á lífi. Vita menn ekki hvað þar hafi afgjald verið, og ekki hvað hjáleigan hefur fóðrað. Nú eru í hjáleigustæðinu stekkir tveir af hálfri jörðunni,". Nákvæm staðsetning þessarar hjáleigu er óþekkt og Guðmundur Davíðsson bóndi í Miðdal kannaðist ekki við tvo stekki á sama stað neins staðar á landareigninni. Ekki er þó útilokað að hér sé um að ræða sama svæði og nú kallast Laufastekkur 014 í fjallshlíðinni rétt austan við landamerkin milli Morastaða GK-331 og Miðdals GK-332. Þó gæti hún einnig allt eins hafa verið á svipuðum stað og Efri-Mýdalur 009 eða Melbær 037. Ekkert sést til fornleifa.

Heimildir: JÁM III, 389

GK-332:013 þúst óþekkt 64° 17.821N 21° 43.087V

Grasigróin þúst er um 60 m norðan við núverandi íbúðarhús í Miðdal sem byggt var á seinni hluta 20.aldar og um 90 m NNV við gamla bæjarstæði 001. Þústin er í grasi gróinni brekku sem hallar í 5-10°til suðvesturs. Hóllinn er um 22 x 16 m stór, 1-3 m á hæð og snýr norðvestur-suðaustur. Búið er að slétta úr bláenda hólsins að suðaustan vegna varnargarðs. Hóllinn er grasigróinn, aflangur og og ávalur en engin ummerki um fornleifar sjást á yfirborði. Ekki er þó ólíklegt að fornleifar leynist þar undir sverði af lögun hans og útliti að dæma. Hugsanlegt er að undir sverði leynist annað þeirra fjósa sem nefnd eru í Jarðabók Árna og Páls sem skráð voru undir númeri 010.



Þúst GK332:013, horft til austurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-332:014 *Laufastekkur* tóft stekkur 64° 18.062N 21° 44.219V

"Uppaf mýrinni [Markmýri] eru klettar, en austur af henni er allmikið svæði, sem heitir Laufastekkur. En neðar með ánni, neðan við mýrina, heitir Laufastekkseyri. Í Laufastekknum utarlega er gömul rétt," segir í örnefnaskrá. Laufastekkur/rétt er stutt austan við Markmýri, við landamerkin milli Morastaða GK-331 og Miðdals. Réttin er um 1 km norðvestan við bæ 001 og um 300 m NNV við beitarhús 016. Á þessu svæði er grýtt en þó nokkuð sléttlend brekka sem hallar í 10-20° til SSV. Brekkan er mosa- og grasigróin. Í bókinni Ljósmyndir I eftir Halldór Jónsson kemur fram að fráfærum í Miðdal var hætt um 1930. Réttin er einföld, þríhyrnd og 15-16 m á hvern kant. Veggir hennar eru grjóthlaðnir, 1-2 m á breidd og 0,2-1 m á hæð. Allt að 4 umför af hleðslu eru sjáanleg í veggjunum. Hleðslur eru teknar að siga nokkuð. Innanmál tóftarinnar er um 10 x 2-6 og botn hennar er grasigróinn. Grjótið í réttinni er mosagróið. Gengið er inn við vesturhornið á suðvesturhlið um 1-3 m breiðan inngang. Horn réttarinnar vísa í norður, ASA og VSV. Fast upp við austurhorn réttarinnar eru 2-3 stórir steinar og hrúgur af minna grjóti. Um 5 m austan við hornið var líklega áður hólf eða stekkur. Í mosa- og grasigróinni brekkunni er greinileg um 1 m breið og <0,3 m há röð af sokknum grjóthnullungum




Laufastekkur GK-332:014, vestara hólf, horft til VSV

sem mynda um 10 m langt og 3 m breitt ferkantað hólf sem snýr norðaustur-suðvestur. Gengið var inn að suðvestan. Útlit er fyrir að þessir veggir hafi verið rændir þegar réttin var byggð.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Miðdalur, 2; HJ: Ljósmyndir I, 94






Eystra hólf Laufastekkjar, horft til norðausturs, og teikning af báðum hólfum

GK-332:015 tóft beitarhús 64° 17.909N 21° 43.927V

"Austur af Miðhjalla í miðjum hlíðum er hjalli, sem heitir Lambhúsahjalli," segir í örnefnaskrá. Lambhúsahjalli er það hátt uppi í fjallshlíð Sandfells að engar líkur eru á því að beitarhús hafi verið á honum. Beitarhústóftin sem örnefnin eru dregin af eru hins vegar við rætur Sandfells undir hjöllunum um 750 m VNV við bæ 001 og um 125 m austan við þúst 016. Á þessu svæði er grasigróin, smáþýfð brekka sem hallar í 5-10° til suðvestur. Fast norðvestan við tóftina er deig mýri og um 3 m SSV við hana er há og brött grasigróin brekka sem hallar í 45° til SSV. Beitarhúsin eru sigin og ógreinileg. Þau eru tvískipt, um 16 x 6-8 m stór og snúa norðaustur-suðvestur. Veggir þess eru 0,2-0,4 m á hæð og grasigrónir. Aðeins glittir í 1-2 grjóthleðslur innan í hólfi A. Hólf A er ógreinilegt en það hefur trúlega verið um 10 x 2 m að innanmáli og hefur snúið norðaustur-suðvestur. Gengið var inn í hólfið á suðvesturhlið. Hólf B er norðaustan við hólf A, um 3 X 2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. B var líklega hlaða. Líklegast hefur verið gengið inn í hólf B úr hólfi A en vegna þess hversu signir veggirnir eru sést opið ekki lengur.




Beitarhús GK-332:015

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Miðdalur, 2

GK-332:016 tóft beitarhús 64° 17.910N 21° 44.082V
"Neðar og heldur utar [en 015] eru Fjárhúsbörð," segir í örnefnaskrá. Beitarhúsatóft er um 870 m VNV við bæ 001, um 125 m vestan við beitarhús 015 og 30-50 m norðaustan við Miðdalsá. Á þessu svæði er grasigróið smáþýft flatlendi á norðurbakka Miðdalsár sem hallar í 2-5° til suðvestur. Fast suðvestan við tóftina er stórt rofabarð. Tóftin er tvískipt og egglaga, um 14 x 10 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er mjög illa farin þar sem veggir eru lítið annað en 2-4 m breiðar og 0,2-0,5 m háar þúfnahrúgur. Í tóftinni má enn greina tvö hólf. Hólf A er um 5 x 1 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Um 2 m norðaustan við hólf A er hólf B. Hólf B er um 2 x 2 m að innanmáli og aðeins dýpra en hólf A. Í tóftinni glittir víða í hleðslugrjót en aðallega í innanverðu hólfi B. Líklegast er tóftin af beitarhúsum (A) og hlöðu (B). Ekki er hægt að segja til um það hvort beitarhús 016 er eldra eða yngra en 015 vegna þess hversu illa farið beitarhús 016 er.

Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Miðdalur, 2






Beitarhús GK332:016, horft til suðvesturs

GK-332:017 *Fjóshamar* þúst útihús 64° 17.820N 21° 43.173V
"Klettur austar og ofan við Lambhúshjalla [sjá 015] heitir Fjóshamar," segir í örnefnaskrá. Þúst er undir Fjóshamri um 130 m norðvestan við bæ 001 og 10-20 m norðvestan við Bæjargil. Á þessu svæði er grasigróin brekka sem er suðvestan undir hamrinum og hallar í 5-20° til suðvesturs. Þústin virðist einföld og er mjög sigin en þó fremur stór og grasigróin. Hún er um 24 x14 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Norðvesturveggur þústar er greinilegastur. Hann er 3-4 m á breidd, 0,5-1 m á hæð og víða glittir í grjóthleðslur í grasinu. Norðaustur- og suðausturveggir eru mjög signir og lítið annað en 0,2-0,5 m háar og um 6 m breiðar þústir. Gengið hefur verið inn í húsið að suðvestan en þar virðist hafa verið um 1,5 m breiður inngangur. Innanmál þústarinnar er skýrast suðvestast en þar er um 4 x 5 m stórt, skýrt hólf sem hefur mögulega náð a.m.k. 6 m lengra til norðausturs. Hlutverk þústarinnar er óþekkt en fjarlægð frá bæ og nálægð hennar við Fjóshamar gæti bent til að um fjós sé að ræða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Miðdalur, 2



Útihústóft GK-332:017, horft til ANA

GK-332:018 tóft hrútakofi 64° 17.820N 21° 43.234V


Lítil tóft er á rústahól um 170 m VNV við bæ 001 og um 50 m vestan við þúst 017. Á þessu svæði er grasigróin brekka suðvestan undir Fjóshamri sem hallar í 5-20° til suðvesturs. Svæðinu hefur verið raskað vegna sumarbústaðar sem átti að rísa en var aldrei byggður. Svæðið sem um ræðir er um 50 x 30 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Tóft 018A er skýrust og samkvæmt Guðmundi Davíðssyni bónda í Miðdal var hún hrútakofi. Hrútakofinn er á svæðinu suðvestanverðu og frá dyrum kofans var horft niður að bæjarlæknum. Kofinn er um 6 x 6 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Gengið var inn að suðvestan. Innanmál tóftar er um 2x2 m. Veggir hennar eru um 2 m á breidd, 0,2-1,2 m á hæð og eru grasigrónir. Hleðslugrjót er greinilegt norðvestan og suðvestan í tóftinni. Óljós, 2 m breiður garður virðist ganga í norðaustur upp brekkuna út frá norðurhorni kofans. Lítið rofabarð er á þessum garði um 3 m norðaustan við kofavegginn og í barðinu sjást greinilegar grjóthleðslur í garðinum suðaustanverðum. Út frá vesturhorni kofans liggur annað rofabarð en það er lítið annað en 9 m löng, <1m breið og 0,2-0,4 m há tota sem trúlega er ekki mjög gömul. Norðvestan við tóft A er slétt grasflöt (12x10 m að stærð) sem hallar í 5-10° til suðvesturs. Rask vegna sumarbústaðar er norðaustan og suðvestan við þessa flöt. Raskið er L-laga dæld sem er um 3 m á breidd og 0,5-1,5 m á dýpt. Dældin er nú grasigróin en hún virðist hafa verið grafin inn í brekkuna á milli tveggja hóla. Annar hóllinn er suðaustan við dældina og ANA við hrútakofann. Hann er um 21 x 15 m að stærð og 2-3 m hár. Hóllinn er ávalur



Hrútakofi GK-332:018, horft til vesturs

og grasigróinn. Ekki er ólíklegt að mannvistarleifar leynist undir sverði í honum þó engin greinileg ummerki séu um tóftir á honum. Fast norðvestan við dældina er annar hóll með tveimur ávölum toppum sem er um 26 x 10-15 m stór og 2-3 m á hæð og snýr einnig norðaustur-suðvestur. Hóllinn lítur út fyrir að vera að hluta uppmokstur upp úr dældinni en ekki er útilokað að mannvistarleifar kunni að leynast undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar




Rústasvæði GK-332:018, hrútakofi neðst til hægri

GK-332:019 tóft útihús 64° 17.845N 21° 43.390V

Lítil niðurgrafin tóft er fast austan við lækjarsprænu sem fellur ofan af Lambhúshjalla. Tóftin er um 300 m VNV við bæ 001 og um 50 m NNA við lækinn sem rennur úr Bæjargili í Miðdalsá. Á þessu svæði er grasigróin, þýfð brekka sem hallar í 10° til SSV. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti. Hún er tvískipt, um 8 x 4 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Norðausturhluti tóftarinnar er grafinn inn í brekkuna. Veggir hennar eru grasigrónir og hleðslur standa grónar. Í innanverðum veggjum sjást 1-5 umför af hleðslu. Veggirnir eru 1-2 m á breidd og 0,5-1 m á hæð. Bæði hólfin eru um 2 x 1 m að innanmáli og snúa norðaustur-suðvestur. Hólf A er suðvestar en hólf B. Gengið var inn í tóft að suðvestanverðu, inn í hólf A en inngangur er fallinn saman. Óljós samansiginn gangur er greinanlegur í 1 m breiðum veggnum milli hólfa A og B. Tóftin er líklega e.k. útihús.

Hættumat: engin hætta



Útihústóft GK-332:019, horft til suðvesturs

GK-332:020 *Tóftabali* örnefni óþekkt 64° 17.497N 21° 42.273V
"Vestur af Vindásmýri heitir Tóftarbali. Hann er um götuna [þjóðvegur 460] niður undan Vindásgili, slétt flöt," segir í örnefnaskrá. Örnefnið Tóftarbali gefur til kynna að tóft hafi einhvern tíman verið á þessu svæði. Nákvæm staðsetning hennar er óþekkt og engin mannvirki fundust á þessum slóðum. Balinn var neðan við Eyrarfjallsveg 460, um 800 m suðaustan við bæ 001. Á þessu svæði er malarvegur og sléttaður grasbali niður undan Vindásgili. Ekkert sést til fornleifa og Guðmundur Davíðsson bóndi í Miðdal kannaðist ekki við nein mannvirki á þessu svæði en þau gætu hafa verið sléttuð út eða horfið undir veg.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Miðdalur, 3

GK-332:021 *Húsadalur* örnefni óþekkt 64° 18.005N 21° 42.509V
"Ofan og austan við Fjóshamar og Kattartorfur er Húsadalur eða Húsadalir, sem eru beggja vegna við stóra gilið, sem er utan (vestan) við túnið. Þetta gil heitir Bæjargil ... ," segir í örnefnaskrá. Húsadalur er í fjallinu ofan við Miðdal um 600 m norðaustan við bæ 001. Guðmundur Davíðsson bóndi í Miðdal kannaðist ekki við útihús í þessum dal og ekki fundust þau við vettvangsrannsókn. Húsadalur er um 200 m langur og 150 m breiður dalur sem snýr norðaustur-suðvestur meðfram suðausturbakka Bæjargils. Dalurinn er mýrlendur og mikið er um djúpar duldar lækjarsprænur. Þýft graslendi og mosa- og lyngbreiður eru í botni dalsins og hlíðum. Ekkert sést til fornleifa. Ef hér voru einhvern tíman mannvirki eru þau horfin í þúfur og mýri. Líklegast er að dalurinn sé nefndur eftir bæjarhúsum 001 þar sem dalurinn er í fjallinu beint upp og norðaustur af þeim.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Miðdalur, 2-3

GK-332:022 heimild um leið 64° 17.681N 21° 43.005V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá árinu 1705 segir: "Kirkjuvegur lángur og erfiður um vetur." Í örnefnaskrá segir svo: "Í mýrarjaðrinum norðanverðum er gata [núverandi þjóðvegur 460]; þar heitir Vaðmelur, þar sem farið var yfir Vindáslæk, en það er lækurinn sem kemur upp úr gilinu. Áður fyrr var farið eftir læknum, áður en hann kom í ána." Engin greinileg ummerki um gamlar götur eru á þessu svæði í dag (2010). Á þessu svæði eru þýft graslendi og mýrar, og sléttuð tún. Ekkert sést til fornleifa. Leiðin lá á milli Miðdals 001 og Eilífdals GK-334:001.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM III, 389; Ö-Miðdalur, 3

GK-332:023 *Vaðmelur* heimild um vað 64° 17.514N 21° 42.264V
"Í mýrarjaðrinum norðanverðum er gata; þar heitir Vaðmelur, þar sem farið var yfir Vindáslæk, en það er lækurinn sem kemur upp úr gilinu. Áður fyrr var farið eftir læknum, áður en hann kom í ána," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt heimildum var vaðið á Vindáslæk um 80 m suðaustan við bæ 001. Vaðið var líklega við munna Vindásgils (en þó er ekki útilokað að það gæti hafa verið neðar á læknum). Á þessu svæði er þjóðvegur 460 um Miðdal en Vindáslæk hefur verið beint um rör undir þjóðveg 460 og að afleggjara að sumarbústaðabyggð í Vindásgili. Á þessum slóðum er lækurinn um 1 m á breidd og stígvélafær. Bakkar hans eru grasigrónir. Lækurinn rennur út úr Vindásgili í suðvestur en beygði svo í VNV niðri á láglendi og rann í Miðdalsá mun vestar. Ekkert sést til fornleifa. Vaðið yfir Vindáslæk var á leið 022 frá

Miðdal yfir í Eilífsdal.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Miðdalur, 3-4

GK-332:024 *Grjótstekkur* örnefni stekkur 64° 17.477N 21° 43.341V
"Vestur af þessu svæði er lækur austan við Tindastaðahnjúk, sem heitir Stekkjarlækur og rennur alla leið niður. Fer hann fyrst um Grjóthólagil, sem er vestur af Klofningnum. Austan við Stekkjarlæk niðri á jafnsléttu heita Seyrur, þar sem mætist mýri og valllendi. Þar vestur af heitir Grjótstekkur," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Halldóri Jónssyni höfundi bókanna Ljósmyndir I og II var fráfærum hætt í Miðdal um 1930. Örnefnið Grjótstekkur er í sunnanverðum Miðdal um 600 m SSV við bæ 001 en engar stekkjartóftir fundust á svæðinu. Á þessu svæði er þýfð grasigróin og grýtt brekka sem hallar í um 5° til NNA undir lítilli 1 m hárri klettastrýtu. Ekkert sést til fornleifa. Þetta svæði hefur verið mikið niðurtraðkað af búpeningi og mikið er um skriðuföll á svæðinu. Ekki er útilokað að stekkur hafi verið á þessu svæði en hann er þá horfinn í þúfur eða undir skriður.


Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Miðdalur, 5; HJ:Ljósmyndir II, 175

GK-332:025 tóft rétt 64° 17.738N 21° 42.857V
Grjóthlaðin rétt er um 75 m SSA við fjárhústóft 006 og um 165 m ASA við bæ 001. Þetta mannvirki er ekki merkt inn á túnakorti frá 1917. Ekki er þó útilokað að það hafi verið uppistandandi á þeim tíma þar sem það hefur verið utan heimatúns og lítur ekki út fyrir að vera neitt yngra en fjárhús 006. Á þessu svæði er grasigróin grýtt brekka sem hallar í 5-10° til suðvesturs. Réttin er einföld og grjóthlaðin. Hún er um 16 x 8 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir hennar eru 2-3 m á breidd, 0,4-1,2 m á hæð og 2-4 umför af hleðslu sjást í innanverðri réttinni. Veggir eru grasigrónir. Réttin hefur verið grafin inn í brekkuna að hluta og því eru ytri veggir í norðausturenda tóftarinnar óljósir. Innanmál réttarinnar hefur verið um 10 x 2,5 m en norðvesturveggur er nokkuð hruninn og um 5 m lengri en sá suðaustari. Stór klettur er um 1,5 m SSA við suðurhorn réttarinnar. Gengið hefur verið inn um 1 m breiðan inngang á suðvesturhlið. Um 4 m SSV við réttina er um <0,5 m djúp köntuð dæld sem er um 2 m á breidd, a.m.k.um 5 m á lengd og snýr NNA-SSV. Austur- og vesturhliðar dældarinnar minna á traðir. Mögulegt er að rásin hafi verið e.k. rekstrarvegur upp að réttinni gerður í þeim tilgangi að beina fénaði rétta leið. Mögulegt er þó að ummerkin séu einungis merki um náttúrulegt rofabarð sem gróið hefur upp.



Rétt GK-332:025A, horft til suðvesturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Rétt GK-332:025A og óþekkt dæld B

GK-332:026 *Leikvöllur* heimild um leikvöll 64° 17.816N 21° 43.110V
"Leikvöllur er út við gilið, rétt vestur af Leyni," segir í örnefnaskrá. Völlurinn var um 90 m norðvestan við bæ 001 og um 60 m VSV við huldufólksbústað 027. Á þessu svæði er sléttað tún í brekku sem hallar í um 5° til suðvesturs. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Miðdalur, 6

GK-332:027 heimild um huldufólksbústað 64° 17.822N 21° 43.038V
"Leikvöllur [026] er út við gilið, rétt vestur af Leyni. Klettur er út við gilið, þar sem var huldufólksbyggð. Þetta huldufólk veitti börnum vernd í leikjum sínum," segir í örnefnaskrá. Huldufólkskletturinn er um 80 m norðan við bæ 001 og um 70 m norðaustan við núverandi íbúðarhús. Kletturinn er 2-2,5 m hár í brekku sem hallar í 5-10° til VSV. Kletturinn er grasigrónir að ofan/austan en ógróið klettafésið snýr til vesturs. Gamall trjálundur er fast suðaustan við klettana.



Huldufólksbyggð GK-332:027, horft til austurs

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Miðdalur, 6

GK-332:028 *Helguhóll* huldufólksbústaður 64° 17.056N 21° 42.723V
"Vatn fellur til Miðdalsár; þá er næst Hrútatunga. Vestan við hana heitir Illagil að ofan. Þá tekur við breið tunga, er heitir Skessutungur ofan til, en Helguhólstungur neðan til. Neðan til í þeim er grjóthóll, sem heitir Helguhóll," segir í örnefnaskrá. Í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá segir að huldufólk hafi búið í Helguhól. Helguhóll er náttúruleg klettastrýta í sunnanverðum Miðdal, um 1,4 km sunnan við bæ 001 og um 930 m SSV við Grjótstekk 024. Strýtan er mjög greinileg neðarlega í fjallshlíð Tindstaðahnúks. Hún er um 100x 50 m stór, 10-20 m há og snýr norðaustur-suðvestur. Toppur hennar er ógróinn. Á þessu svæði er fjallshlíðin vel grasigróin og mýrlend og hallar í 10-30° til norðaustur.



Helguhóll GK-332:028, horft til SSV

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Miðdalur, 4; Ö-Miðdalur ath og viðb., 1

GK-332:029 heimild um mógrafir
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1705 segir: "Móskurður til eldiviðar er nærri þrotinn og þarf árlega annarstaðar til að kaupa, gefa menn 5 álnir venjulega fyrir hvörja gröf, þá er sje tíu fóta löng og tíu fóta breið." Nákvæm staðsetning þessara mógrafa er óþekkt. Mikill hluti dalbotnarins er deigur en þó er ekki víst að mikið finnist af mó í landi Miðdals. Mótekja vel þekkt víða á svipuðum slóðum t.d. bæði á Morastöðum GK-331 og í Eilífsdal GK-334.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM III, 388

GK-332:030 gata leið 64° 17.720N 21° 42.869V
Inn á túnakort frá 1917 er merktur vegslóði frá bæ 001 í ASA út úr heimatúni. Þessi slóði sést enn fjær bæ 20-25 m ANA við Eyrarfjallsveg 460. Á þessu svæði heima við bæ eru hátæknifjós, málmgrindahólf og malarplan en leifar af heimreiðinni sjást ennþá í þýfðum grasigrónum móa fjær bæ. Vegurinn er vel grasigróinn slóði sem snýr norðvestur-suðaustur frá bæjarstæðinu. Vegurinn lá heim að bæ ofan við íbúðarhúsið sem byggt var



Leið GK-332:030, horft til NNV

árið 1921 en neðan gamla bæjar 001 sem er horfinn. Vegurinn er um 5 m breiður og er aðallega nýttur sem hestagata. Vegurinn hverfur í rofabörð og þjóðveg 460 í suðaustri um 300 m frá bæ 001.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-332:031 heimild um kálgarð 64° 17.771N 21° 43.030V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður fast sunnan og suðaustan við bæ 001. Lítill stígur eða gata skildi kálgarða 031 og 032 að. Íbúðarhúsið sem byggt var 1921 og stendur enn (2010) var trúlega byggt þar sem kálgarðurinn var áður. Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt túnakorti var kálgarðurinn um 20 x 15 m stór og snéri austur-vestur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-332:032 heimild um kálgarð 64° 17.775N 21° 43.052V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður fast sunnan, suðvestan og vestan við bæ 001. Lítill stígur eða gata skildi kálgarða 031 og 032 að. Íbúðarhúsið sem byggt var 1921 og stendur enn (2010) var trúlega byggt þar sem kálgarðurinn var áður. Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt túnakorti var kálgarðurinn um 22 x 18 m stór og snéri norður-suður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-332:033 heimild um kálgarð 64° 17.816N 21° 43.069V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður um 5 m NNA við útihús 005 og um 70 m norðvestan við bæ 001. Á þessu svæði er rabbbaragarður í órækt í brekku sem hallar í um 5° til suðvestur. Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt Guðmundi Davíðssyni bónda í Miðdal var á þessu svæði áður gamall kálgarður með grjóthlöðnum veggjum umhverfis en honum var ýtt út upp að bæjargili á 9.áratug 20.aldar til að búa til flóðvarnargarð. Samkvæmt túnakorti var garðurinn um 10 x10 m stór og snéri NNA-SSV.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-332:034 heimild um ristu
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá árinu 1705 segir: "Torfrista og stúnga valla bjargleg". Nákvæm staðsetning ristunnar er nú (2010) óþekkt. Guðmundur Davíðsson bóndi í Miðdal kannaðist ekki við að torfrista hafi verðið stunduð í landi Miðdals en mikið grasigróið sléttlendi er í botni dalsins.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM III, 388

GK-332:035 þúst óþekkt 64° 17.625N 21° 43.134V
Egglaga þúst sem gæti vel verið rústahóll er um 310 m sunnan við núverandi íbúðarhús í Miðdal (eftir 1950), um 340 m suðvestan við fjárhús 006 og um 100 m sunnan við Miðdalsá. Á þessu svæði er sléttlent graslendi sem nú (2010) er nýtt sem hagi fyrir nautgripi og mjólkurkýr. Hóllinn er grasigróinn en nokkuð illa farinn vegna ágangs búpenings. Hóllinn er um 30x30 m að stærð og 2-4 m á hæð. Hross hafa verið grafin í

þessum hól en ábúendur hafa ekki orðið varir við neinar hleðslur eða mannvistarleifar. Útlit hans bendir hins vegar til að þar kunni mannvistarleifar að leynast undir sveriði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-332:036 brunnur vatnsból 64° 17.788N 21° 43.010V
Samkvæmt Guðmundi Davíðssyni bónda í Miðdal var grjóthlaðinn brunnur um 60 m austan við núverandi íbúðarhús (eftir 1950) og um 15 m norðaustan og ofan við núverandi hænsnakofa, fjós og hlöðu. Á þessu svæði er grasigróinn bali ofan við útihúsin, norðaustan við sléttað malarplan. Brunnurinn var við suðurenda skurðar sem grafinn hefur verið í brekkuna norður-suður. Einu ummerkin um brunninn nú (2010) er lítil grjótdreif. Búið er að fylla uppí brunninn en hann var um 1x1 m að stærð og grjóthlaðinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


GK-332:037 *Melbær* heimild um býli 64° 17.751N 21° 43.365V
Í bókinni Kjósarmenn segir: "Melbær. Afbýli af Miðdal. Kristín Ólafsdóttir, ekkja Guðmundar Magnússonar, bjó í Melbæ frá 1848-55." Í byggð til 1896. Í örnefnaskrá segir: "Vestan við túngarð [333:004 og 332:008] er Melbær. Flötin þar út frá heitir Partur. Svo er Jarðfall, þar sem Bæjargilið kom niður." Nákvæm staðsetning Melbæjar er óþekkt en Guðmundur Davíðsson bóndi í Miðdal telur líklegt að bærinn hafi verið í túni um 260 m VSV við bæ 001, undir eða neðan og sunnan við Eyrarfjallsveg 460. Á þessu svæði er sléttað tún og Eyrarfjallsvegur 460 en vegurinn liggur ANA-VSV í gegnum flöt sem kallast Partur. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Kjósarmenn, 357; Ö-Miðdalur, 6

GK-332:038 þúst óþekkt 64° 17.814N 21° 42.976V
Í Kirkjubrekku sunnanverðri eru tvær þústir og að auki ummerki sem gætu verið eftir garðlag. Mjög ólíklegt er að mannvirkin séu leifar tengdar kirkju þó að örnefnið bendi til kirkju á þessum slóðum. Svæðið er um 85 m norðaustan við bæ 001 og um 100 m ANA við núverandi íbúðarhús (byggt eftir 1950). Kirkjubrekka er vel grasigróin, nokkuð slétt og hallar í 5-20° til suðvestur. Mannvistarleifarnar sem sjást í Kirkjubrekku eru á svæði sem er um 75 x 70 m stórt og snýr NNA-SSV. Þar eru tvær þústir 038A-038B og meint garðlag 038C. Þúst A er greinilegust en hún er um 10 x 8 m stór og snýr ANA-VSV. Engin greinileg dæld er í þústinni en hún er 0,2-1,2 m á hæð. Þústin virðist hafa verið grafin inn í brekkuna að austanverðu því þar er hún ógreinilegust á meðan vestur- og norðurhliðar sem og suðurhorn þústar eru mjög greinileg. Vestast í þúst A glittir í mögulega í hleðslugrjót í grasinu. Ekki er ólíklegt að rústin sé af einhvers konar útihúsi. Þúst 038B er um 50 m NNV við 038A en innan þess svæðis sem garðlag 038C afmarkar að norðan og austan. Þústin er um 20 x 10 m stór, <0,5 m á hæð og snýr NNA-SSV. Engin greinileg dæld er í miðju þessarar þústar sem er þó nokkuð reglulega ferköntuð. Brekkan á þessum stað er nokkuð brött. Ekki er ljóst hvort um náttúrulega þúst eða mannvirki er að ræða en ekki er óhugsandi að hér hafi verið kálgarður. Beint upp frá þúst 038A virðist vera garðlag en aðeins er hægt að greina innri hlið þess. Þúst A og garðlagið eru greinilega tengd. Garðlagið liggur upp brekkuna í NNA frá þúst A í mildum í gleiðum boga í um 60 m áður en það beygir ofarlega í brekkunni í norðvestur. Í þá átt heldur það áfram um 40 m áður en það fjarar þá út í brekkunni, um 15 m norðan við þúst B. Garðlagið liggur sem sagt umhverfis Kirkjubrekkuna að norðan- og austanverðu. Ummerkin eru verulega sigin og

ógreinileg en í grasinu glittir á stöku stað í grjót en engar greinilegar hleðslur fundust. Garðlagið er 2-3 m á breidd og 0,2-0,6 m á hæð. Hlutverk þessa svæðis er óljóst og hallar það nokkuð mikið til SSV. Af landslagi og útliti minja að dæma væri helst að giska á að þær hefðu verið kálgarðar eða nátthagi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Þúst GK-332:038A, horft til suðurs

GK-332:039 heimild um óþekkt 64° 17.810N 21° 43.084V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var gerði eða aðhald um 70 m norðvestan við bæ 001 og um 2 m SSV við útihús 005. Á þessu svæði er gróðurhús úr plasti og trjálundur. Fast suðvestan við gróðurhúsið er slétt grasflöt sem hallar í um 5° til suðvestur. Fast ofan við það er nýlegur kálgarður. Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt túnakorti var mannvirkið um 16 x 12 m stórt og snéri NNA-SSV.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-332:040 þúst fjárhús 64° 17.768N 21° 42.881V
Óljósar leifar af mannvirki, mögulega útihúsi, eru í grasigróinni brekku um 130 m austan við bæ 001 og um 20 m SSA við fjárhústóft 006. Þústin er í grasigróinni og grýttri brekku sem hallar í 10-20° til suðvestur. Þústin er lítið annað en dæld eða sléttað svæði í brekkunni. Þústin er um 12 x 8 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Engar hleðslur eða hólf eru nú merkjanleg en um 1,2 m hár hjalli er fast ofan við flötina líkt og grafið hafi verið inn í brekkuna á þessum stað. Hugsanlega hefur útihús verið áður á þessum stað.



Fjárhúsþúst GK-332:040, horft til suðvesturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-333 Mýdalskot

1705, er Mýrdal (GK-332) skipt í fjögur býli, þrír aðgreindir bæir sem standa þó allir saman og heita allir Mýdalur. Fjórða býlið stendur á túninu og er nefnt Miðdalskot. Konungur átti 6 hdr af jörðinni. 1847: Hjáleiga Mýdals GK-332. "Mýrdalskot ... áður hlýtur það að vera talið með undir höfuðjörðinni, sem með Mýrdals parti var talin 40 h. Öll (A.M.) og parturinn þarí útaf fyrir sig 6 h., með 36 al. 1sk. 1 kúg." JJnm, 100. 1917: Meirihluti túna í kotinu er slétt.

GK-333:001 *Miðdalskot* bæjarhóll bústaður 64° 17.756N 21° 43.151V
Miðdalskot var um 100 m VSV við eldri Miðdalsbæ 001 sem byggður var fyrir 1921 og um 80 m suðvestan við núverandi íbúðarhús í Miðdal GK-332 sem byggt var á seinni hluta 20. aldar. Um kotið segir svo í bókinni Ljósmyndir I eftir Halldór Jónsson sem gefin var út árið 1953: " Baðstofa og bæjarhús öll voru með afbrigðum ljeleg í Miðdalskoti og allt í rauninni að falli komið, er þessi hjón [Gestur Bjarnason og Guðrún Stefánsdóttir] fóru þaðan, vorið 1921. Vorið 1921 var svo Miðdalskotið sameinað Miðdalnum ..." Á þessu svæði er sléttað tún og liggur Eyrarfjallsvegur 460 að Eilífsdal ANA við túnið. Engar leifar Miðdalskots sjást lengur og engar leifar í heimatúni þess. Ekki er ólíklegt að mannvistarleifar kunni að leynast undir sverði. Samkvæmt túnakorti voru um 8 hólf/hús í bæjarröðinni sem var um 30 x 20 m stór og snéri norðvestur-suðaustur. Trúlega hefur verið gengið inn í bæ að suðvestan.



Bæjarstæði Miðdalskots GK-333, horft til austurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Ljósmyndir I, 80

GK-333:002 heimild um útihús 64° 17.714N 21° 43.169V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 80 m sunnan við bæ 001. Á þessu svæði er sléttað tún. Ekkert sést til fornleifa. Á túnakorti sést að húsið hefur verið tvískipt, um 10 x 6 m stórt og snéri NNA-SSV.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-333:003 heimild um útihús 64° 17.708N 21° 43.139V
Á túnakorti frá 1917 er merkt útihús um 90 m SSA við bæ 001 og um 25 m austan við útihús 002. Á þessu svæði er sléttað tún. Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt túnakorti var húsið einfalt, um 5 x 5 m að stærð og snéri norðvestur-suðaustur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-333:004 heimild um túngarð 64° 17.689N 21 43.182V
Á túnakorti frá 1917 er merktur túngarður í suðurenda heimatúns, um 130 m sunnan við bæ 001. Á þessu svæði er sléttað tún. Ekkert sést til fornleifa. Túngarður 004 afmarkaði austur, suður og vesturjaðra heimatúns í Miðdalskoti. Heimatúnið var um 200x180 m að

flatarmáli og lá allt meira og minna suðvestan við bæ 001. Samkvæmt túnakorti var norðurendi garðlags 004 við heimreið 007 og um 80 m suðaustan við bæ 001. Þaðan lá garðurinn í gleiðum boga í suður, í um 50 m áður en hann beygði í VSV. Frá horninu lá garðurinn í tveimur gleiðum sveigum (líkjast öldum) VSV um 210 m að suðvesturhorni heimatúns við Miðdalsá, um 205 m frá bæ. Við ána beygði hann í norður. Á túnakorti segir þar: "Lágur grjótgarður við gamla skriðu - Ekki aðrar girðingar." Um 120 m norðvestan við bæ 001 beygði garðurinn í norðaustur í gleiðum boga. Garðurinn hélt áfram í þá átt um 220 m, með um 3 m breiðu skarði við vegslóða 008 um 70 m norðvestan við bæ 001, áður en það endaði um 30 m norðvestan við útihús 332:005 frá Miðdal. Síðustu 130 m garðlagsins frá vegslóða 008 út á enda í norðaustri eru einnig skráðir undir númerinu 332:008 þar sem garðlagið tengist Miðdalsbænum 332:001. Samtals hefur garðlagið verið um 600 m langt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-333:005 heimild um útihús 64° 17.748N 21° 43.151V
Á túnakort frá 1917 er merkt útihús, um 15 m sunnan við bæ 001, innan ferkantaðs garðlags sem var fast ASA við kálgarð 006. Á þessu svæði er sléttað tún. Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt túnakorti var útihúsið þrískipt, um 8 x 8 m að stærð og snéri VNV-ASA.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-333:006 heimild um kálgarð 64° 17.752N 21° 43.173V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður fast suðvestan við bæ 001 meðfram mestallri bæjarlengjunni. Ekki virðist hafa verið nein gata á milli garðs og húsa en þó er líklegt að einhver stígur hafi verið framan við bæinn. Á þessu svæði er sléttað tún. Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt túnakorti var gerði umhverfis kálgarðinn sem var um 28 x 25 m stórt og snéri VNV-ASA. Garðlag var aðeins vestan, sunnan og austan við garðinn. Annað minna gerði sem var um 15 x 15 m að stærð var samtengt gerðinu umhverfis kálgarðinn að ASA umhverfis tóft 005. Ekkert hlið hefur verið teiknað inn í þetta minna gerði að mannvirki 005.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-333:007 heimild um leið 64° 17.749N 21° 43.132V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 lá heimreið heim að bæ 001 úr suðaustri að suðvesturenda bæjarraðar 001. Á þessu svæði er sléttað tún. Í heimatúni virðist heimreiðin hafa verið um 70 m löng. Þessi vegur hefur trúlega tengst aðalvegi GK-332:022 sem lá ASA-VNV um Miðdal.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-333:008 heimild um leið 64° 17.769N 21° 43.190V
Á túnakorti frá 1917 er merktur vegslóði sem lá til norðvesturs frá norðvesturenda bæjarraðar 001, í gegn um túngarð 004. Á þessu svæði eru sléttuð tún og Eyrarfjallsvegur 460. Ekkert sést til fornleifa. Trúlega hefur þessi vegslóði legið í VNV út Miðdal meðfram fjallshlíðinni norðan við Miðdalsána eða í útihús fjær bæ.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-338 Möðruvellir

GK-338:037 *Sjálfkvíavað* heimild vað 64° 18.764N 21° 30.469V
Í örnefnalýsingu Þorláksstaða segir frá Sjálfkvíum við Laxá: "Á landamerkjum norður við Laxá er klettakví eða krókur, sem heitir Sjálfkvíar." "Á flötinni er ekkert sem bendir til sjálfkvía fyrir fé. Í ánni niðurundan var Sjálfkvíavað," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá Eyja. "Í suðvestur frá bænum [Vindás GK-347:001] er Sjálfkvíavað og Sjálfkvíahylur ... Vegur [GK-347:028] til kirkju [GK-348:004] og þingstaðar [GK-348:007] að Reynivöllum, lá yfir Laxá á Sjálfkvíavaði og neðan við Brekkumel. Þar var farið frá Eyjabæjum [GK-338:001 og GK-339:001], Grjóteyri [GK-341:001] og Flekkudal [GK-340:001]," segir í örnefnaskrá Vindáss. Samkvæmt örnefnaskrá Vindáss var Sjálfkvíavað á Laxá um 250 m VNV við Vindásbæ GK-347:001 og um 60 m vestan við vesturenda túngarðs GK-347:010B. Ekki er vitað um nein dæmi þess að Sjálfkvía-örnefni bendi á mannvirki heldur virðist um náttúruheiti að ræða, þ.e. stað sem er "kvíar" af náttúrunnar hendi. Því eru sjálfkvíar ekki skráðar sérstaklega hér. Á þessu svæði er Laxá 6-10 m á breidd á og áreyrar hennar 30-60 m á breidd. Farvegur hennar er grýttur og erfiður yfirferðar en við skráningu var áin stígvélafær og straumlítil. Beggja megin við ána eru 5-10 m háir klettar á fjórum stöðum sem rísa og hníga á árbakkanum eins og öldur. Ekkert sést til fornleifa. Auðvelt er að komast niður brekkuna að ánni frá Vindási GK-347:001 um 250 m norðvestan við bæinn GK-347:001 og eru þar óljósar hesta- og kindagötur (sjá GK-347:028). Örnefnið Sjálfkvíar er trúlega tengt náttúrunni á svæðinu frekar en eiginlegri kví. Klettarnir austan og vestan við Laxá á þessu svæði mynda hálfgert aðhald og engar heimildir fundust um mannvirki.




Sjálfkvíavað GK-338:037, horft til vesturs

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Eyjar ath og viðb., 3; Ö-Vindás BÓ, 4

GK-346 Hækingsdalur

30 hdr. 1705. Bænhús var á jörðinni. Eyðihjáleigur tvær 1705, Sauðhús og Háamýri. JÁM III, 419-422. Bændaeign. 30 hdr. 1847. JJ, 100. 1237: Í Sturlungasögu er getið um mann úr Hækingsdal. Sturlunga saga I, 405 og 407. Varðveist hefur landamerkjabréf Vindáss GK-347:001 frá því um 1270 þar sem getið er merkja milli Vindáss og Hækingsdals. DI II, 81-82. Samkvæmt Hannesi Þorsteinssyni er Hækingsdallur réttnefni. "Rannsókn og leiðrjettingar á nokkrum bæjanöfnum á Íslandi" Árbók 1923, 34. 1705: "Túnunum hverutveggjum spillir skriða og snjóflóð, og er fyrir því árlegur háski, kostar og oft erfiði af að moka. Enginu spillir ogso skriða." JÁM III, 421. 1840: "... Þar er heyskapur nokkur, en beitiland arðgott, einkum á sumrum og landrými ..."Sýslu- og sóknarlýsingar Gullbringu- og Kjósarsýslu, 256. Túnakort 1917: Tún 7,2 teigar, slétt, garðar 1370 m^2.



Túnakort Hækingsdals frá árinu 1917

GK-346:001 *Hækingsdalur* bæjarhóll bústaður 64° 17.583N 21° 23.814V

Gamli bærinn í Hækingsdal var nálega þar sem íbúðarhúsið á jörðinni stendur nú. Gamli bærinn var þó örlítið vestar, þ.e. austasti hluti hans var við vesturjaðar íbúðarhúss og náði til vesturs, milli þess og útihúss sem nú hefur verið rifið. Greinilegur bæjarhóll er að sunnan og vestan. Aðrar hliðar hans fjara út inn í landslagið. Bæjarhóllinn er 50 X 30 m að stærð og 1-1,5 m á hæð. Hann snýr norðvestur-suðaustur. Grunnur núverandi íbúðarhúss var grafinn ofan í bæjarhólinn



Bæjarstæði Hækingsdals GK-346:001, horft til NNV

að hluta til og nú (2003) er að mestu bara hlað og grasflöt þar sem gamli bærinn stóð. Gamli bærinn var burstabær með fjórum burstum. Vestasta burstin var rifin um 1950 en fram að því var búið í gamla bænum. Umrædd burst var rifin þegar útihús var byggt vestan bæjar en hinar burstirnar þrjár stóðu lengi. Kjallari var undir 2 burstunum. Fjós var sambyggt bæ að aftan austast. Innangengt var í það úr bæjargöngunum. Árið 1976 var teiknuð upp afstöðumynd af túninu í Hækingsdal eftir tilsögn Hannesar Guðbrandssonar. Þar er teiknuð mynd af bænum. Austast var fjós og fast fram af því Reykkofi (gamalt eldhús), vestan við fjósið kom skemma, svo búr, þá gangur stofa og eldhús. Vestast var skúr og síðan lítið sund svo mókofi og fjóshlaða fast við bæinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Uppdráttur af túni.

GK-346:002 *Bænhúsholt* heimild um bænhús 64° 17.481N 21° 23.706V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1705 segir: "Hjer segja menn til forna hafi bænhús verið; aflagt og í auðn komið fyrir allra þeirra manna minni, sem nú lifa.". "Neðan við Stöðul er Bænhúsholt. Þar sjást engar tóftir," segir í örnefnaskrá. Talið er að bænhús hafi verið rúmlega 200 m SSV við bæinn í Hækingsdal 001. Þar er Bænhúsholt. Á háholtinu hafa nú verið byggð útihús (og grafið var niður á fast) en þar voru engar mannvistarleifar enda hafði trú manna ætíð verið sú að bænhúsið væri annars staðar í holtinu, norðvestarlega. HÆKINGSDALUR Í KJÓS (K) – BÆNHÚS. Vestarlega í holtinu eru tveir staðir sem koma til greina fyrir bænhúsið. Annars vegar er lágur hóltoppur á holtinu 20-30 m VNV við útihúsabygginguna og er það VNV horn holtsins. Útlit hólsins gefur vísbendingu um að þar kunni að reynast einhverjar minjar. Annabella Harðardóttir, heimildamaður hafði hins vegar heyrt menn geta sér til að húsið hefði verið 15-20 m suðvestar í vesturjaðri holtsins. Þar er dæld eða hvompa í holtsjaðarinn og þar var það talinn líklegasti staðurinn í bernsku heimildamanns. Í hvorugan stað hefur verið grafið. Vegurinn heim að Hækingsdal lá um þessar slóðir allt fram til 1962 þegar nýja brúin var gerði. Gamla leiðin lá yfir flóann suðvestan Bænhúsholts, um holtið vestanvert rétt vestan við þar sem bænhúsið er talið hafa verið, en beygði svo til norðurs og norðvestur og lá heim að bæ 001.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM III, 419; Ö-Hækingsdalur, 6

GK-346:003 heimild um traðir 64° 17.569N 21° 23.765V
Á túnakorti frá árinu 1917 eru teiknaðar upphlaðnar traðir sem lágu í suðaustur frá bænum 001 vestanverðum. Guðbrandur Hannesson heimildamaður man eftir tröðum úr torfi og grjóti sem lágu gróflega í austur að Bæjarlæknum þar sem þær beygðu í suðaustur niður með læknum og eru þetta líklega einu og sömu traðirnar. Norðurör á túnakorti virðist hafa beint meira til VNV en norðurs sem skýrir þessa skekkju. Á þessu svæði er malarplan og sléttuð grasflöt sem hallar um 5° í VSV. Ekkert sést til fornleifa vegna sléttunar og rasks. Samkvæmt túnakorti voru traðirnar um 70 m á lengd.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-346:004 heimild um hesthús 64° 17.571N 21° 23.725V
Samkvæmt Guðbrandi Hannessyni var lítið hesthús um 50 m ASA við bæ 001, fast sunnan við traðir 003. Á þessu svæði er sléttað tún og malarvegur að núverandi fjárhúsum. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-346:005 heimild um lambhús 64° 17.615N 21° 23.746V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 80 m norðaustan og ofan við bæ 001 og um 40 m vestan við Bæjarlæk. Á þessu svæði er sléttað tún. Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt Guðbrandi Hannessyni heimildamanni var lambhús á þessum stað en húsinu var ýtt út upp í brekkuna þegar túnið var sléttað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-346:006 heimild um beitarhús 64° 17.758N 21° 24.088V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var þrískipt útihús og kálgarður 050 á stakstæðum túnskika tæplega 400 m norðvestan við bæ 001.
Á þessu svæði er íbúðarhúsið Klörustaðir.
Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt Guðbrandi Hannessyni voru á þessu svæði fjárhús og hlaða úr torfi með bárujárnsþaki. Nyrðra hólf fjárhúss var byggt algerlega úr torfi og grjóti með helluþaki.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-346:007 heimild um beitarhús 64° 17.768N 21° 24.264V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var þrískipt útihús og kálgarður 051 á stakstæðum túnskika um 500 m norðvestan við bæ 001 og um 150 m vestan við fjárhús 006. Á þessu svæði er sléttað malarplan og steinsteypt útihús frá Hlíðarási byggð á seinni hluta 20.aldar. Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt Guðbrandi Hannessyni heimildamanni var á þessum stað fjárhús og hlaða.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-346:008 heimild um beitarhús 64° 17.757N 21° 24.291V
Á túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 500 m norðvestan við bæ 001 og um 20 m sunnan við beitarhús 007 og kálgarð 051 í sama túnskika. Á þessu svæði er sléttað malarplan og steinsteypt útihús frá Hlíðarási byggð á seinni hluta 20. aldar. Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt Guðbrandi Hannessyni heimildamanni var á þessum stað gömul fjárhústóft er hann man fyrst eftir sér.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-346:009 heimild um túngarð 64° 17.755N 21° 24.040V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var stuttur túngarður um 30 m austan við fjárhús 006 og um 370 m norðvestan við bæ 001. Á þessu svæði er sléttað graslendi og malarplan við Klörustaði. Samkvæmt Guðbrandi Hannessyni heimildamanni var garðlagið grjóthlaðið. Á túnakorti virðist það hafa verið aðeins um 60 m á lengd og legið gróflega norður-suður í austurjaðri túnauka umhverfis fjárhús 006. Ekkert sést til fornleifa vegna uppbyggingar og rasks við Klörustaði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-346:010 garðlag túngarður 64° 17.802N 21° 24.347V

Á túnakorti frá árinu 1917 er túngarður um 80 m VNV við beitarhús 007. Þessi túngarður sést enn ásamt grjóthlaðinni rétt sem áföst er garðlaginu að vestanverðu um 400 m suðaustan við Kýrgil SSV undir Urðum, um 90 m VNV til norðvestan við beitarhús 007 og um 580 m norðvestan við bæ 001. Á þessu svæði er grýtt mosagróin fjallshlíð. Brekkan á þessu svæði hallar 5-30° í SSV og er hún ýtt sem hagi fyrir hross. Beint ofan og NNA við rétt er lítill foss sem fellur ofan af um 10 m háum Hjallaklettum í litlum læk sem rennur í SSV um 10 m norðvestan við rétt. Samkvæmt túnakorti var hluti þessa garðlags í vesturenda lítils túnauka umhverfis fjárhús 007 og 008. Garðlagið og réttin eru á svæði sem er um 100 X 20 m stórt og snýr NNA-SSV. Engin rétt er merkt inn á túnakortið. Garðlagið er grjóthlaðið og liggur í mildum sveig úr norðri í suðvestur. Garðlagið er um 100 m á lengd, 1-1,5 m á breidd og 0,4-1,4 m á hæð (4-6 umför). Grjóthleðslur eru örlítið mosagrónar hér og þar. Garðlagið er vel hlaðið og snyrtilegt í graslendi neðst en lítið annað en grjóthrúga efst þar sem hann nær alveg upp í kletta. Um 1 m breitt hlið eða op í garðinn er við suðurhorn réttar um 80 m norðvestan við útihúsin frá Hlíðarási. Annað op er á garðlinum um 50 m NNA við neðri (SV) enda garðlagsins og beygt strax inn í rétt til norðausturs. Ofan við réttina er garðlagið illa hrunið trúlega vegna vatnsrofs og þar því aðeins um 40 m á lengd, um 1 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Réttin sjálf er einföld, um 15 X 9 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Suðausturveggur réttarinnar er hluti af túngarði. Innanmál réttar er 12x6 m. Veggir hennar eru 1-2 m á breidd (4-10 umför) og 0,4-1,5 m á hæð. Gengið er inn í réttina við suðurhorn hennar um suðvesturvegg og við vesturhorn hennar um norðvesturvegg. Ekki er víst að inngangur hafi alltaf verið á norðvesturhlið. Þurr lækjarspræna er greinileg inni í tóftinni við suðausturvegg sem hefur trúlega myndast við vatnavexti í læknum að norðvestan. Nokkuð hefur hrunið úr veggjum inn í rétt en minjar eru illa farnar vegna ágangs búpenings og vatnsrofs. Efniviður hefur trúlega verið sóttur í Urðirnar norðan við réttina.



Rétt og túngarður GK-346:010



Túngarður og rétt GK-346:010, horft

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-346:011 garðlag túngarður 64° 17.561N 21° 23.557V

Á túnakorti frá árinu 1917 er sýndur túngarður austan við Bæjarlæk um 220 m ASA við bæ 001. Á þessu svæði er grýtt og grasigróin brekka sem hallar 5-40° í suðvestur. Garðlagið liggur upp á 6-8 m háa öxl við fjallrætur. Garðlagið er nú (2011) lítið annað en löng grjóthrúga þar sem allar hleðslur eru hrundar. Það er 1-2 m á breidd, 0,2-0,5 m á hæð, tæplega 150 m á lengd og liggur NNA-SSV. Samkvæmt Guðbrandi Hannessyni heimildamanni var garðurinn grjóthlaðinn efst og nyrst, en torfhlaðinn neðar. Torfhleðslur virðast þó vera að mestu horfnar vegna sléttunar. Garðlagið hefur verið lengra en sýnt er á túnakorti því að þótt hluti þess sé horfinn er það samt jafn langt og sýnt er á túnakorti.



Túngarður GK-346:011, horft til norðausturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-346:012 *Selflatir* þúst sel 64° 15.811N 21° 21.722V

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1705 segir: "Selstöðu á jörðin í sínu eigin landi góða, þar sem heita Selsvellir á Geitahlíð." Í örnefnaskrá segir m.a.: "Neðan við Brattafell eru Selflatir. Þar var sel áður fyrr og sá enn fyrir tóftum, þar til aurskriða lagði þær undir fyrir nokkrum árum. Sel þetta er rúmlega 2 km frá bænum." Í svörum við spurningaskrá Þjóðháttadeildar um Hækingsdal segir einnig: "Eitt sel enn er í suðaustur frá bæjardyrunum í Hækingsdal. Það sel tilheyrði Hækingsdal, það stendur á Selflötum vestan undir Brattafjalli í Kjósarskarði." Selflatir eru 20-30 m austan við Laxá í norðvesturhlíð Brattafells um 3,7 km SSV við Hækingsdal 001. Selflatir eru grasigróin fjallshlíð og fjallsrætur Brattafells austan við Laxá upp af Þórufossi. Brekkan hallar 5-30° í VNV. Samkvæmt Guðbrandi Hannessyni, heimildamanni, er selið horfið undir skriður. Engar tóftir eða líklegar þústir sjást á Selflötum eða í nágrenni þeirra norðan við Brattafellsgilslæk. Innst inni í Brattafellsgilinu gætu þó verið leifar fast undir suðurbrún gilsins á suðurbakka Brattafellsgilslækjar á svæði sem er um 14x10 m að flatarmáli. Þar er hugsanlega lítil rétt eða aðhald, A, sem nú (2011) er fullt af jarðvegi. Brúnin hallar 50-80° í norðvestur. Þar er lítið annað en óljós ferköntuð dæld sem er um 4x1,5-2 m að innanmáli og 0,2-0,5 m á dýpt, með hugsanlegum grjóthleðslum í




Þúst eða dæld GK-346:012 í Brattafellsgili, horft til ASA

köntum. Um 4 m norðar á suðurbakka Brattafellsgilslækjar er 0,2-0,5 m há þýfð og ávöl þúst B sem er um 8x7 m að flatarmáli. Ekki er útilokað að fornleifar finnist undir sverði en þó gæti einnig verið aðeins um náttúrumyndun að ræða. Í grasinu glittir víða í grjót en engar greinilegar vegghleðslur.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM III, 421; Ö-Hækingsdalur, 9; Svör við spurningaskrá IV, Þjóðháttadeild, 21

GK-346:013 *Saudhus* tóft fjárskýli 64° 18.065N 21° 25.616V

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1705 segir: "Saudhus hefur til forna í Hækingsdalslandi kallað verið þar sem stundum hefur í manna minni selstaða brúkast, og halda menn bygt ból hafi í gamalli tíð verið, og hafa til líkinda þar um girðinga og fóta leifar, ekkert vita menn til þess annað og kann ei aftur að byggjast, því túnstæði alt er komið í mosa, mó og mýri, og mjög brotið af á þeirri, sem þar rennur, kölluð Selá," "Utan við Lágamýri er Selármói. Þar fyrir utan Selárflatir. Í Selármóa voru dældir. Sú þeirra, sem var einna mest áberandi, hét Grænadæld. Og svo kemur Selá. Fyrir utan Selá er fyrst Borgarmýri. Á henni efst er mikil móaþyrping, er heitir Fjárborgir," segir í örnefnaskrá. Í svörum við spurningaskrá Þjóðháttadeildar segir svo: "Sauðabyrgi var til frá því gamla daga á svæði þar sem heitir Sauðaborg og Borgarmýri." Hóllinn Fjárborgir er um 155 m suðvestan við stekk 041 og um 1,7 km VNV við bæ 001. Á þessu svæði er mikill grasigróinn hóll í brekku sem hallar 5-20° í suður. Hóllinn er 10-20 m ofan og NNA við sléttað tún á vesturbakka Selár. "Það hafði verið hlaðið en var mjög innfallið þegar Hannes sá það fyrst og á geysistóru svæði. Þar er nú stór gróinn hóll núna, það sést aðeins hvað það hefur verið víðáttumikið. Þessi byrgi voru hlaðin úr sniddum þannig að veggirnir voru látnir hallast inn og mætast í toppinn. Það var ekki nokkur spýta notuð í það. Þetta var notað yfir fé, aðallega sauði, yfir veturinn svo ekki þyrfti að smala þeim því þeir fóru þarna inn sjálfir." Umræddur hóll er í nú (2011) mjög hlaupinn í þúfur og vel grasigróinn. Hóllinn er gróflega hringlaga, um 45x45 m að flatarmáli og um 0,5-3 m á hæð. Aðeins ein greinileg hringlaga tóft er norðarlega og efst á hólnum en frekari mannvistarleifar leynast örugglega undir sverði. Tóftin er einföld, hringlaga og snýr NNA-SSV. Hún er <0,5 m á hæð, um 10 m í þvermál en innanmál er ferkantað og um



Fjárskýli GK-346:013



Sauðhús GK-346:013, horft til suðurs

4x1 m. Líklegast hefur verið gengið inn að sunnan. Þúfnaþyrpingar eru bæði norðan og austan við tóftina en ekkert greinilegt er hægt að lesa út úr þeim. Um 70 m ASA við tóft A í Fjárborgum, nær Selánni, er önnur þúst B sem hugsanlega gæti einnig leynt fornleifum. Þústin er óregluleg, um 12x10 m að flatarmáli, <0,5 m á hæð og snýr gróflega norðaustur-suðvestur. Engin greinileg dæld er í miðju þústar.

Hættumat: hætta, vegna jarðræktar
Heimildir: JÁM III, 421; Ö-Hækingsdalur, 3-4; Svör við spurningaskrá IV, Þjóðháttadeild, viðb.

GK-346:014 *Háamýri* bæjarstæði býli 64° 18.150N 21° 26.308V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1705 segir: "Háamýre, kallað öðru nafni Bjarnakot á Háumýri. Hefur í manna minni hjáleiga verið af Jækingsdal, bygð þar sem aldrei hafði fyr bólstaður verið, og hjelst bygðin um 5 eður 6 ára tíma. Landskuld var engin nema að geyma sauðfé heimabóndans um vetur við fjárhús það, sem stóð á Sauðhúsum." Háamýri er um 550 m VNV við Fjárborgir 013 og um 2,3 km VNV við bæ 001. Háamýri er þýfð grasi- og mosagróin mýri á flatlendi sem hallar 2-5° í suður. Mýrin er skorin í tvennt af tveimur stórum og djúpum lækjargiljum sem renna til suðurs yfir mýrina. Á vesturbakka eystra gilsins efst í mýrinni rétt neðan og sunnan við línuveg gætu vel verið leifar af tóftum því þar eru óvenjulega reglulegar dældir og þústir í landslaginu á minnsta kosti þrem stöðum á svæði sem er a.m.k. 60x60 m stórt. Þó er ekki hægt að lýsa stærð þeirra eða gerð ýtarlegar vegna þúfumyndunar og rofs. Ekki er útilokað að við myndun eystra gilsins hafi bæjarstæði Bjarnakots verið skorið í tvennt. Samkvæmt Guðbrandi Hannessyni, heimildamanni, veiddi ábúandi Bjarnakots lax í poka við Pokafoss.


Háamýri GK-346:014, horft til SSA

Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM III, 421-422

GK-346:015 *Hólmavað* heimild um vað 64° 15.441N 21° 21.843V
"Landamerki: Merkin eru móti Stíflisdal og Selkoti frá Laxá í Hólmavað á ánni, þá beint í klapparhól, sem er uppi á Brattafelli, austan Kjósarskarðs. Síðan í Steinkirkju [ekki fornleif], svo um Hákjöl að norðan í Hjaltadalsárupptök, svo frá henni móti Vindási um Skálafellsvörðu [017] í Skiptagil. Laxá er á hinn veginn," segir í örnefnaskrá. Hólmavað er á Laxá um 4,3 km SSA við bæ 001 og um 650 m sunnan við Selflatir 012. Laxá er á þessu svæði grýtt í botninn, 4-6 m á breidd, straumhörð en grunn og trúlega stígvélafær. Árdalurinn allur er 10-20 m á breidd og hér hefur áin einu sinni verið tví- til þrískipt. Lítill hólmi er í vestanverðri ánni. Áin breiðir greinilega úr sér í fleiri farvegi í miklum leysingum, bakkar árinnar eru flatir og grasigrónir svo auðvelt er að komast að og frá ánni fast vestur undir Brattafelli. Ekkert sést til fornleifa. Mjög líklega hefur verið farið yfir Hólmavað af leið 049 frá Hækingsdal 001

í suðaustur út úr Kjósinni yfir á Þingvallaveg.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hækingsdalur, 1

GK-346:016 heimild um hesthús 64° 17.618N 21° 23.841V
Samkvæmt afstöðumynd af Hækingsdalsbæ sem gerð var af gamla torfbænum frá því um 1900-1920 eftir frásögn Hannesar Guðbrandssonar árið 1976 var hesthús um 40 m norðvestan við bæ 001. Samkvæmt Guðbrandi Hannessyni, heimildamanni var húsið þó um 70 m NNV við bæ 001 og gat hann bent á nákvæma staðsetningu þess. Á þessum stað er sléttað tún. Ekkert sést á þessu svæði nema óljós þúst í túni. Húsið er ekki merkt inn á túnakort sem líklega þýðir að húsið hafi verið rifið eða fallið í rústir fyrir 1917.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Svör við spurningaskrá IV, Þjóðháttadeild, afstöðumynd

GK-346:017 *Skálafellsvarða* varða landamerki 64° 18.684N 21° 25.270V
"Landamerki: Merkin eru móti Stíflisdal og Selkoti frá Laxá í Hólmavað [015] á ánni, þá beint í klapparhól, sem er uppi á Brattafelli, austan Kjósarskarðs. Síðan í Steinkirkju [ekki fornleif], svo um Hákjöl að norðan í Hjaltadalsárupptök, svo frá henni móti Vindási um Skálafellsvörðu í Skiptagil. Laxá er á hinn veginn," segir í örnefnaskrá. Skálafellstoppur er um 2,4 km norðvestan við bæ 001 og um 1,65 km norðaustan við Vindáshlíð. Á þessu svæði er mosa- og lyngigróið grýtt holt sem snýr VSV-ANA á Skálafelli. Á svæðinu er engin greinileg uppistandandi varða. Þar er hins vegar náttúruleg klöpp sem stendur áberandi hátt upp úr holtinu og snýr VSV-ANA. Vel má vera að klöppin sé það sem kallað var Skálafellsvarða. Klöppin er köntuð, 6-8x2-3 m stór og um 2 m á hæð. Klöppin er gróin mosa og skófum en hún er smátt og smátt að brotna í sundur. Um 55 m norðvestar er svo grjóthrúga sem hugsanlega gæti hafa verið hrunin varða. Hrúgan er aflöng, um 1,5 m há og 4x4 m að flatarmáli. Engin greinileg umför. Ekki er útilokað að hér hafi verið landamerkjavarða en þó virðist staðsetningin ekki vera eins áberandi og náttúrulega klöppin sem nefnd var að ofan.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hækingsdalur, 1

GK-346:018 tóft rétt 64° 17.665N 21° 23.712V
Einföld fjárrétt er um 20 m norðan og ofan við sléttað tún og um 175 m NNA við bæ 001. Á þessu svæði er grýtt graslendi í fjallshlíð sem hallar 5-10° í VSV. Réttin er einföld, um 18 x 8 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir hennar eru grjóthlaðnir, 1-1,2 m á breidd og 0,2-0,8 m á hæð. Innanmál réttarinnar er 15x6 m og má sjá 1-4 umför af hleðslum í veggjum. Inngangur er samfallinn en hann hefur trúlega verið um 1 m breiður í suðvesturenda réttarinnar. Samkvæmt Guðbrandi Hannessyni heimildamanni var réttin notuð fyrir 1900 en grjóti var rænt úr henni þegar núverandi íbúðarhús var byggt. Út frá staðsetningu og byggingu er ekki útlokað að réttin hafi verið nýtt sem kví eða stöðull.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hækingsdalur, 1



Rétt GK-346:018 og Lambhúslind GK-346:019, horft til suðvesturs

GK-346:019 *Lambhúslind* lind vatnsból 64° 17.664N 21° 23.724V
"Túnið á milli Bæjarlækjar og Lambhúslindar, er rennur gegnum túnið fyrir vestan bæ, heitir: Efsti hluti þess, bunguvaxið stykki, heitir Hjálmur, þar fyrir neðan að heimreið heitir Lambhúsvöllur," segir í örnefnaskrá. Lambhúslind á uppruna sinn við vesturhorn réttar 018 um 160 m NNA við bæ 001. Á þessu svæði er grýtt graslendi í fjallshlíð sem hallar 5-10° í VSV. Á þessum stað er ferhyrndur mosagróinn timburkassi í grýttu og leirríku dýi sem er gróflega 2x2 m að flatarmáli. Innan í timburkassanum er dýpra vatn en í sjálfu dýinu, eða 0,2-0,8 m. Vatnið frá lindinni rennur í VSV niður í lítinn læk en mest allt vatn úr fjallhlíðinni ofan og norðan við bæinn sem ekki rennur um/í Bæjarlækinn er leitt neðanjarðar með grjótfyllingu í suðvestur undir heimatúnið norðvestan við bæ 001 í ræsiskurði og þaðan að lokum niður í Laxá.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hækingsdalur, 1

GK-346:020 heimild um smiðju
"Smiðjuflöt fyrir austan bæ og heiman lind. Hannes man eftir smiðju þar. Tóftir voru þarna lengi síðan, en nú er þar allt orðið slétt," segir í örnefnaskrá. Guðbrandur Hannesson, heimildamaður, kannaðist ekki við þessa lýsingu. Samkvæmt Guðbrandi var smiðjan í bæjarröðinni þegar hann man eftir sér milli fjóss og bæjar. Þar er hins vegar merkt skemma á afstöðumynd sem gerð var af gamla torfbænum frá því um 1900-1920 eftir frásögn Hannesar Guðbrandssonar árið 1976. Nákvæm staðsetning er því óþekkt en ekki er ólíklegt að smiðja þessi hafi verið einhversstaðar í túninu rétt norðan eða norðaustan við gömlu bæjarröðina og núverandi íbúðarhús. Á þessu svæði er sléttað tún. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hækingsdalur, 1; Svör við spurningaskrá IV, Þjóðháttadeild, afstöðumynd

GK-346:021 *Gerði* heimild um nátthaga 64° 17.663N 21° 23.927V
"En túnið fyrir vestan lind og ofan heimreið, út að læk, heitir Sléttatún. Neðst á því var Gerði," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Guðbrandi Hannessyni var Gerði um 180 m norðvestan við bæ 001 og um 330 m suðaustan við beitarhús 007. Á þessu svæði er sléttað tún. Í svörum við spurningaskrá Þjóðháttadeildar segir m.a.: "Í Hækingsdal var ekki nátthagi. En Hannes [Guðbrandsson, f.1897] mundi eftir geysistóru hólfi hlöðnu úr sniddum þar. En það var ekki notað sem nátthagi og amma hans sáluga mundi ekki heldur eftir að það hafi verið notað. En Hannes gat ekki ímyndað sér að þetta hólf hafi verið notað til annars en sem nátthagi. Sumir, sagði hann, halda því fram að þetta hafi verið kirkjugarður en það veit enginn um það. ... Þetta hólf hafði móðir hans heyrt kallað gerði." Í örnefnaskrá segir: "... Gerði, afgirt svæði með torfgarði, u.þ.b. 80 m. á hlið. Það er miklu stærra en venjulegur nátthagi, þó að það hafi e.t.v. verið notað þannig." Samkvæmt Guðbrandi Hannessyni heimildamanni var Gerði sléttað í tún um 1950. Heimildamaður minnstist ekkert á að mannabein hafi komið fram við sléttun. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hækingsdal, 2; Svör við spurningaskrá IV, Þjóðháttadeild, 6

GK-346:022 *Baulukofi* heimild um óþekkt 64° 17.772N 21° 23.889V
"Túnflötin, sem er fyrir vestan og ofan Sléttatún (og læk), heitir Baulukofablettur. Þar var gamall kofi, sem hét Baulukofi," segir í örnefnaskrá. Baulukofablettur er upp við fjallsrætur um 360 m NNV við bæ 001 og um 160 m ANA við Klörustaði. Á þessu svæði er sléttað graslendi í brekku sem hallar 2-5° í suðvestur. Litlir lækir eru bæði sunnan og norðan við flötina. Samkvæmt Guðbrandi Hannessyni, heimildamanni, voru á tímabili tveir sumarbústaðir á þessu svæði og sjást enn merki um þá á flötinni en hann man ekki eftir neinum tóftum á þessum stað. Samkvæmt Guðbrandi var þetta tún fyrsta túnið sem hægt var að slá með sláttuvél á hestum. Ekkert sést til fornleifa og hlutverk Baulukofa er óþekkt.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hækingsdalur, 2

GK-346:023 heimild um áveitu 64° 17.641N 21° 24.373V
"Austast í þeim er dæld, Grænskurðadæld. Þar er grasgefið. Í dældinni voru skurðir, sem Þorleifur [Þórðarson, f.1842] sá, er bjó í Hækingsdal á undan föður Hannesar [1881-1905], gróf til að þurrka hana," segir í örnefnaskrá (ártöl úr Kjósarmenn). Samkvæmt Guðbrandi Hannessyni, heimildamanni, voru skurðirnir um 450 m vestan við bæ 001 og um 250 m SSV við Hlíðarásbæinn. Á þessu svæði eru sléttuð tún og ræsiskurðir sem snúa NNV-SSA. Samkvæmt Guðbrandi Hannessyni lágu skurðirnir gróflega ASA-VNV í náttúrulegum dældum í landslaginu á þessu svæði um mýrina á norðurbakka Laxár um 500 m norðaustan við ána og rann vatnið úr skurðunum trúlega í Kinnargilslækinn í austri. Ekkert sést til fornleifa vegna sléttunar.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hækingsdalur, 2-3; Kjósarmenn, 211-212

GK-346:024 þúst sel 64° 18.730N 21° 24.770V



Blautflói og þústir GK-346:024, horft til VNV

"Upp af Blautaflóa var gamalt sel og má rétt marka það í brekkunni," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Norðaustan og upp af Blautflóa við rætur Hornafells er þúfnaþyrping um 2,3 km NNV við bæ 001 og um 2 km norðaustan við Vindáshlíð. Á þessu svæði er grasigróin mýri og þurrlendi á gróinni aurkeilu lækjar sem rennur í suðvestur ofan úr Hornafelli, nokkuð sléttlent en þúfur hér og þar. Brekkunni hallar 5-10° til vesturs. Engar greinilegar tóftir eru á svæðinu. Þar er hins vegar um 0,2-0,4 m há þúfnaþyrping á svæði sem er um 16 x 14 m stórt og snýr gróflega norðvestur-suðaustur. Engin greinileg hólf er hægt að sjá út úr þúfunum en þó glittir þar víða í grjót.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hækingsdalur ath og viðb, 1

GK-346:025 *Barnhús* heimild um óþekkt 64° 18.024N 21° 25.914V

"Fyrir utan Enni er Lágamýri. Upp af henni er klapparhæð, er heitir Barnhús. Enga skýringu kann Hannes á því nafni. Þar var kofi," segir í örnefnaskrá. Guðbrandur Hannesson, heimildamaður, kannaðist ekki við tóftir á þessu svæði en talið er að Barnhús hafi verið um 1,9 km VNV við bæ 001 og um 250 m VSV við Sauðhús 013.
Á þessu svæði er grasi- og mosagróið dalverpi sem snýr norðaustur-suðvestur inn á milli rofinna malar- og moldarhóla. Dalverpið er um 50 x 100 m stórt. Brekkunni þar hallar í 5-10° til suðvesturs. Ekkert sést til fornleifa á þessu svæði og hlutverk kofans er óþekkt. Ekki er útilokað að tóftin sé horfin vegna jarðvegsrofs.


Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hækingsdalur, 3

GK-346:026 þúst óþekkt 64° 18.119N 21° 25.638V

Óljós þúst er um 1,8 km norðvestan við bæ 001, 130 m vestan við stekk 041 og um 100 m NNV við Sauðhús 013. Á þessu svæði er grasigróin brekka sem hallar 5-10° í suður. Þústin er lítið annað en þýfð tunga út úr brekkunni sem er nokkuð ferköntuð, um 8 x 5 m stór og snýr NNV-SSA. Óljós dæld er í miðri þústinni sem er aflöng, 2-3 m á lengd, <0,5 m á breidd og <0,3 m á dýpt en enginn greinanlegur inngangur er sjáanlegur að sunnanverðu.

Hættumat: engin hætta






Þúst GK-346:026, horft til norðvesturs

GK-346:027 þúst óþekkt 64° 18.150N 21° 25.747V
Óljós þúst er um 220 m vestan við stekk 041, um 190 m norðvestan við Sauðhús 013 og um 1,9 km norðvestan við bæ 001. Á þessu svæði er þýft graslendi fast ofan og NNA við ógróinn mel, fast SSV undir 45° brekku og háu klettabelti. Þústin er mosa- og grasigróin, um 8 x 5 m stór og snýr austur-vestur. Innanmál þústarinnar er skýrast. Hún hefur líklega verið einföld og um 6x2 m að innanmáli. Trúlega hefur verið gengið inn að vestan. Veggir eru nú (2011) lítið annað en 0,3-0,4 m háar þúfur en þeir líta út fyrir að hafa verið 1-2 m á breidd. A.m.k eitt grjót má sjá í þúfunum. Í austurenda þústarinnar eru tveir stórir, 1,5-2 m breiðir og 0,5 m háir klettar og er lítil grjóthleðsla ofan á þeim og á milli þeirra. Ekki er ljóst hvaða hlutverki tóftin gegndi en hún gæti hafa verið stekkur.



Þúst GK-346:027, horft til suðurs

Hættumat: engin hætta



Þúst GK-346:027, hugsanlegur stekkur

GK-346:028 *Stóravarða* varða óþekkt 64° 18.121N 21° 24.522V



Stóravarða GK-346:028, horft til VSV

"Þar fyrir heiman er gil, er heitir Uxagil. Þar fyrir heiman eru svo tveir hvammar, Stóri- og Litli-Vörðuhvammur. Sá stóri er ofar í brekkunni og upp af honum er Stóravarða, hlaðin úr hellum, en upp af hinum hvamminum, sem er neðar, er Litlavarða [029]," segir í örnefnaskrá. Stóravarða er um 260 m austan við Litluvörðu 029 og um 1,15 km NNV við bæ 001. Á þessu svæði er grýt mosagróin fjallshlíð. Varðan er á litlum klettahjalla í hlíð sem hallar 20-50° til suðvesturs. Varðan er gróflega ferköntuð og vel hlaðin úr grjóthellum, um 1,8 m á hæð og 1x1,2 m að flatarmáli. Í vörðunni eru 20-25 umför af hleðslum. Grjótið er gróið skófum og örlítið af mosa neðst. Hlutverk er óþekkt.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hækingsdalur, 4-5

GK-346:029 *Litlavarða* varða óþekkt 64° 18.124N 21° 24.851V

"Þar fyrir heiman er gil, er heitir Uxagil. Þar fyrir heiman eru svo tveir hvammar, Stóri- og Litli-Vörðuhvammur. Sá stóri er ofar í brekkunni og upp af honum er Stóravarða [028], hlaðin úr hellum, en upp af hinum hvamminum, sem er neðar, er Litlavarða," segir í örnefnaskrá. Litlavarða er um 260 m vestan við Stóruvörðu 028, um 1,3 km norðvestan við bæ 001 og um 1,4 km austan við Vindáshlíð. Á þessu svæði er grýt mosagróin fjallshlíð. Varðan er í brún lítils klettahjalla í hlíð sem hallar 20-50° til suðvesturs. Litlavarða er grjóthlaðin, gróflega hringlaga, 1,5 m að flatarmáli og tæplega 1 m á hæð. Varðan er lítið annað en ólöguleg grjóthrúga en þó má sjá ólögulegar hleðslur (5-6 umför). Hlutverk er óþekkt.



Litlavarða GK-346:029, horft til suðurs


Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hækingsdalur, 4-5

GK-346:030 *Ból* tóft fjárhús 64° 17.580N 21° 23.591V
"Austasti hluti túnsins, sem greinist frá heimatúninu með læk er rennur í gegnum túnið, heitir einu nafni Ból, stundum nefnt Bóltún. Lækurinn sá heitir Bæjarlækur," segir í örnefnaskrá. Tvær fornleifar (tóft A og þúst B) voru skráðar í Bóltúni um 180 m austan við bæ 001 og um 40 m vestan við túngarð 011. Á þessu svæði er mosa- og grasigróin 6-10 m há öxl í rótum Bæjarfjalls. Minjarnar eru í brekku sem hallar 5-10° til vesturs og VNV og sjást vel frá bæ 001. Tóft A og þúst B eru á svæði í Bóltúni vestanverðu sem er um 30 x 20 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Tóft A er tvískipt og hlaðin úr torfi og grjóti. Tóftin er um 8 x 7 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir tóftarinnar eru um 2 m á breidd, 0,4-1 m á hæð og má sjá 2-5 umför af hleðslum í þeim að innan og að utan. Gengið var inn að norðvestan inn í hólf I, trúlega um timburþil þar sem enginn grjótveggur er í þeim enda tóftarinnar. Hólf I er um 3x3 m að innanmáli. Gengið hefur verið inn í hólf II úr hólfi I við norðausturvegg. Hólf II er 3x2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Veggurinn milli hólfa I og II er nú (2011) mjög lágur (<0,3 m), um 1 m breið grjóthrúga svo ekki er óhugsandi að skilið hafi verið milli hólfa með timburþili eða að grjóti hafi verið rænt. Veggirnir eru mosa- og grasigrónir. Samkvæmt Guðbrandi Hannessyni, heimildamanni, voru fjárhús á þessum stað. Þúst B er um 20 m suðvestan við tóft A. Þústin er einföld, um 7 x 5 m stór og snýr VNV-ASA. Innanmál þústarinnar er 3x1 m. Veggir þústarinnar eru vel grasi- og mosagrónir, 1,5-2 m á breidd og 0,3-0,5 m á hæð en engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Hlutverk er óþekkt en útlit þústarinnar gefur í skyn að hér sé um nokkuð eldri minjar að ræða.



Fjárhústóft GK-346:030A, horft til suðausturs

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hækingsdalur, 1



Ból GK-346:030, fjárhústóft og þúst með óþekkt hlutverk

GK-346:031 *Varða* heimild um óþekkt 64° 17.587N 21° 22.953V
"Austan við Bæjargil efst (en neðan brún) er Leynir, grasigróinn bolli. Hann sést ekki fyrr en komið er upp á Leynirhól, sem er þar fyrir neðan. Þar niður af er Kringlugeiri. Austur af honum var hóll, nefndur Varða, hún er nú hrunin," segir í örnefnaskrá. Varða er um 250 m norðaustan við stekk 040 og um 700 m austan við bæ 001. Á þessu svæði er grýtt aflöng hraunstrýta gróin mosa og skófum sem snýr gróflega austur-vestur. Samkvæmt Guðbrandi Hannessyni heimildamanni er Varða nú (2011) aðeins stór steinn. Engin greinileg varða er á þessu svæði en hugsanlega hefur hún staðið á um 0,5 m háum flötum litlum klettadranga í vesturenda hraunstrýtunnar sem lýst var hér að ofan. Hlutverk er óþekkt.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hækingsdalur, 5-6

GK-346:032 *Stöðull* heimild um kvíar 64° 17.530N 21° 23.584V
"Fyrir austan túnið næst Bóli er Stöðull. Hannes hóf búskap 1921, hann hætti að færa frá 1929 og var hann síðasti bóndi í Kjós, sem það gerði. Kýr voru mjólkaðar á stöðli nokkru lengur," segir í örnefnaskrá. Stöðull var um 210 um ASA við bæ 001 og um 90 m sunnan við tóft 030A. Á þessu svæði er frekar slétt graslendi fast suðvestan undir Bóli sem hallar 2-5° til VSV. Samkvæmt svörum Hannesar Guðbrandssonar (1897) við spurningalista Þjóðháttadeildar voru aðeins notaðar færikvíar úr timbri í Hækingsdal og var fráfærum hætt árið 1929. Engar fornleifar sjást á svæðinu og reistur hefur verið sumarbústaður í norðvesturenda flatarinnar vestan undir Bóli (sjá 030).

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hækingsdalur, 6; Svör við spurningaskrá IV, Þjóðháttadeild, 5, 20

GK-346:033 *Ingugrafir* heimild um mógrafir 64° 17.450N 21° 23.321V
"Fyrir austan túnið næst Bóli [sjá 030] er Stöðull [032]. [...] Fyrir austan Stöðul eru Ingugrafir. Þar var færður upp mór áður fyrr. Sagt er að einhver Inga hafi farizt þar í mógröf. Brekkurnar þar ofan við heita Stekkjarbrekkur [sjá 040]," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Guðbrandi Hannessyni voru Ingugrafir á svæði um 470 m ASA við bæ 001 og um 150 m suðvestan við stekk 040. Á þessu svæði er sléttað tún. Ekkert sést til fornleifa vegna sléttunar. Samkvæmt Guðbrandi Hannessyni var fyllt upp í grafirnar um 1970. Mórinn úr gröfunum var þéttur og fíngerður en lélegt eldsneyti. Mórinn var skorinn og þurrkaður í 30x30 cm hnausum sem þurrkaðir voru á Mel meðfram Þveránni. Bakkar grafanna voru beinir og grafirnar allt að 4 m á dýpt. Börnunum í Hækingsdal var bannað að fara nálægt gröfunum og var þeim sagt að ef þau hættu sér of nálægt myndu Brúnklukkur (ófleygar vatnabjöllur) fljúga upp í þau og kæfa þau. Óljóst hversu stórt mógrafasvæðið var í raun en ekki er ólíklegt að hægt hafi verið að finna mó á svæði a.m.k. 200x200 að flatarmáli á vesturbakka Þverár. Fólkið í Hækingsdal fékk einnig oft að taka mó í landi Fremri-Háls GK-345:009.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hækingsdalur, 6

GK-346:034 varða óþekkt 64° 17.086N 21° 23.662V



Varða GK-346:034, horft til vesturs

"Fyrir austan Þverá neðst og næst Laxá er Kerlingarás. Þar fyrir austan er vörðuhóll, er heitir Haghóll," segir í örnefnaskrá. Varða er efst á Haghól um 930 m sunnan við bæ 001, um 150 m norðaustan við sumarbústaðabyggð sunnan við Kerlingarás og um 30 m beint ofan og NNV við stekk 042. Haghóll er náttúrulegur grasi- og mosagróinn aflangur grjóthóll eða klettanípa sem er 8-10 m á hæð og liggur norðaustur-suðvestur. Hlíðar hennar halla 20-50° til suðaustur og norðvestur. Varðan er illa hlaðin úr óreglulegu hellugrjóti og öðrum steinum en hleðslur eru signar og varðan lítið annað en stór grjóthrúga. Varðan hefur verið stór og mikil um sig en hún er nú hrunin til NNA, niður í brekkuna. Hún hefur verið gróflega hringlaga í grunninn og um 2x1,5 m að flatarmáli en hún er nú (2011) aðeins 0,5-0,8 m á hæð. Grjótið er mosagróið neðst og skófir út um allt. Hlutverk vörðunnar er óþekkt.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hækingsdalur, 6

GK-346:035 hleðsla varnargarður 64° 17.469N 21° 24.679V



Varnargarður GK-346:035, horft til NNV

"Á síðustu búskaparárum Þorleifs [hætti búskap 1905] braut áin árbakkann, að vísu ekki stórt svæði ... Þorleifur hlóð fyrir skarðið og varð að flytja grjót á hestum í bakkrókum, að vísu ekki langa leið og tókst að stöðva rennslið ..." Óljósar grjóthleðslur eru um 730 m VSV við bæ 001 og um 20 m frá núverandi farvegi Laxár. Á þessu svæði er grýtt og hálf grasigróin flóðaslétta Laxár og fornir grasi- og mosagrónir bakkar hennar suðvestan við sléttuð tún og mýrar. Bakkarnir eru 0,5-1,5 m á hæð. Samkvæmt Guðbrandi Hannessyni, heimildamanni, var þessi garður mikið mannvirki meðfram Laxánni, um 2 m breiður og um 50 m langur. Nú (2011) sést lítið á þessu svæði annað en 1-2 óljósar og um 2 m breiðar vel grasigrónar raðir og hrúgur af grjóti ofan á og í árbakkanum sem hugsanlega gætu verið gamlar útflattar grjóthleðslur. Um 100 m neðar og norðvestar með ánni glittir einnig í hugsanlegar grjóthleðslur í grasinu ofan á bakka Laxár en þó er ekki hægt að fullyrða neitt með vissu.

Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: HJ: Ljósmyndir I, 228

GK-346:036 *Dagmálafjallsvarða* varða eyktamark 64° 17.225 21° 21.773

"En brekkur austan við Þverá upp af Kerlingarás heita Grænubrekkur. Fjallið þar upp af heitir Dagmálafjall. Á hábungu þess er Dagmálafjallsvarða, sem er eyktarmark," segir í örnefnaskrá. Dagmálafjallsvarða er í norðvesturbrún Dagmálafjalls um 1,8 km ASA við bæ 001 og um 1,1 km VNV við hæsta punkt Dagmálafjalls. Dagmálafjall er á þessu svæði grýttur, hálfmosagróinn ávalur melur. Varðan er lítil og stendur á lágri klöpp. Varðan er grjóthlaðin og grunnflötur hennar er þríhyrndur. Langhlið er tæplega 1 m á lengd á meðan skammhliðar eru um 0,5 m á lengd. Í vörðunni sjást 3-4 gróflega hlaðin umför og er hún 0,6-0,8 m há. Frá vörðunni hátt á Dagmálafjalli rétt glittir í bæjarstæði Hækingsdals í VNV.



Dagmálafjallsvarða GK-346:036, horft til norðvesturs

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hækingsdalur, 7

GK-346:037 heimild um skotbyrgi 64° 16.559 21° 21.933

"Austur af Strákagilsbotnum heitir Grenhlíð. Þar voru tvö tófugren og enn er þar grjótbyrgi við hvort gren," segir í örnefnaskrá. Grenhlíð er brött grasgræn brekka hátt í vesturbrúnum Hlíðar ofan og norðaustan við Laxá og norðan við Grindagil, um 2,4 km suðaustan við bæ 001 og um 750 m vestan við Grindagilstjörn. Grenhlíð er um 350x80 m að flatarmáli og liggur NNV-SSA. Brekkan er vel grasigróin og þýfð en mjög brött og hallar 60-80° niður til VSV. Neðst í brekkunni ofan við snarbrött klettabelti er mjög mjór hjalli sem hallar 5-10° til VSV. Ekkert sést til fornleifa á svæðinu trúlega vegna gróðurs og jarðvegsskriðs niður brattar brekkurnar.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hækingsdalur, 8

GK-346:038 þúst beitarhús 64° 16.606 21° 22.928

Ólöguleg grasigróin þúst er á austurbakka Laxár fast norðaustan við vegslóða 049 um 1,9 km suðaustan við bæ 001. Árbakki Laxár er á þessu svæði mjög sléttlendur og vel grasigróinn. Stutt ofan og norðaustan við þústina er hátt og bratt klettabelti suðvestan við Dagmálafjall. Þústin er vel grasigróin, um 12x12 m að flatarmáli og <0,8 m á hæð. Í þústinni suðaustanverðri er aflangt, <0,5 m djúpt rofabarð þar sem



Þúst GK-346:038, horft til NNA

glittir í hugsanlegt hleðslugrjót hér og þar. Í norðvesturhluta þústarinnar er aðeins grasigróinn lágur hóll. Í suðvesturenda þústar er löng röð af grjóti sem liggur norðvestur-suðaustur sem gæti hafa verið hluti af suðvesturvegg. Ekki er útlokað að á þessu svæði hafi verið tvískipt beitarhús þar sem gengið hefur verið inn að suðvestan. Frekari rannsókna er þó þörft til að skera endanlega úr um hlutverk mannvirkisins.

Hættumat: engin hætta

GK-346:039 heimild um skotbyrgi 64° 17.791 21° 20.849

"Vestan þá og upp af Þverárdal er annar dalur, heitir hann Vestri-Hrossadalur. Vestan við hann eru hæðir nokkrar, heita þær einu nafni Grenhæðir. Þar eru þrjú gren. Sést vel byrgi við eitt þeirra," segir í örnefnaskrá. Grenhæðir eru rétt ofan við brúnir um 2,4 km austan við bæ 001, norðan og ofan við ána í Vestri-Hrossadal og um 650 m norðan við Þverá. Grenhæðir eru grasigróinn hæðóttur hjalli í suðvestanverðum Kjöl sem er um 500x250 m að flatarmáli og liggur ASA-VNV. Hjallinn er þýft grasigróið mólendi þar sem mikið er af deigum mýrarflákum með mikið af rofabörðum á milli. Brekkan á svæðinu hallar 2-10° í suður og SSV. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hækingsdalur, 10

GK-346:040 tóft stekkur 64° 17.495N 21° 23.182V




Stekkur GK-346:040, horft til VSV

Hannes Guðbrandsson greinir frá fjórum stekkjum [040-043] í svörum við spurningaskrá Þjóðháttadeildar. Samkvæmt honum var hætt að nota þá alla þegar hann og fjölskylda hans fluttu í Hækingsdal árið 1905. Þrír þeirra sáust vel árið 1976 þegar starfsmenn Þjóðhátta-deildar ræddu við Hannes og gerðu afstöðumynd. Stekkur 040 er um 540 m ASA við bæ 001 og um 250 m suðvestan og neðan við vörðu 031. Á þessu svæði er frekar flatt graslendi, fast undir um 5 m hárri þverhníptri grasigróinni brekku. Graslendið hallar um 2-5° í suðvestur. Um 5 m vestan við tóftina eru þúfur og rofabörð og 15-20 m austan og ofan við syðstu tún frá Hækingsdal. "Einn stekkurinn var hlaðinn úr torfi (sniddum), hann er nú mjög gróinn [040]. En þrír voru algjörlega hlaðnir úr grjóti [041-043]. Þeir virðast vera á líkum aldri og hljóta því að hafa verið notaðir samtímis. Auk þess sem þeir eru allir eins í laginu nema þessi úr torfinu. Hann var stór rétt sem ærnar voru hafðar í og minni viðbygging þar sem lömbin voru höfð. Grjót var neðst í veggjum lambakróarinnar en ekki í aðalréttinni. Hinir stekkirnir voru ferhyrndir nærri jafnhliða þannig að lambakróin var mjó aflöng og lá meðfram allri hlið stærri réttarinnar þannig að báðar réttirnar saman mynduðu nærri því jafnhliða ferhyrning." Stekkirnir eru merktir inn á Afstöðumynd sem gerð er eftir lýsingum Hannesar Guðbrandssonar. Af túninu í Hækingsdal sem teiknuð var 1976. Stekkur 040 er vel grasi- og mosagróinn. Hann er tvískiptur og snýr NNV-SSA. Vegghleðslur eru um 1-1,5 m á breidd og 0,2-0,5 m á

hæð. Hólf A er vestar, um 4x2 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Hólf B er fast austan við hólf A. Hólf B er þó minna, um 2x1 m að innanmáli, en snýr eins. Í veggjum hólfs B glittir í grjóthleðslur (1-3 umför) en grjótið er lítið og vel grasigróið. Engar grjóthleðslur voru sjáanlegar í hólfi A. Gengið var inn að SSA inn í hólf A um 1 m breiðan inngang og trúlega einnig inn í hólf B þó engin merki sjáist um slíkt. Ekki er ljóst hvort hólf A hefur verið hlaðið úr sniddum.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Svör við spurningaskrá IV, Þjóðháttadeild, 1, afstöðumynd



Stekkir GK-346:040 (vinstri) og GK-346:041 (hægri)

GK-346:041 tóft stekkur 64° 18.126N 21° 25.480V
Hannes Guðbrandsson greinir frá fjórum stekkjum [040-043] í svörum við spurningaskrá Þjóðháttadeildar. Samkvæmt honum var hætt að nota þá alla þegar hann og fjölskylda hans fluttu í Hækingsdal árið 1905. Þrír þeirra sáust vel 1976 þegar starfsmenn Þjóðháttadeildar ræddu við Hannes og gerðu afstöðumynd eftir lýsingum hans. Stekkur 041 er á vesturbakka Selár um 1,7 km norðvestan við bæ 001 og um 150 m norðaustan við Sauðhús 013. Á þessu svæði er grasigróinn grýttur árbakki Selár. Brekkunni hallar 2-5° til SSV. Tóftin er undir fastri 2-3 m hárri klöpp fast vestan við Selá. "Einn stekkurinn var hlaðinn úr torfi (sniddum) [040], hann er nú mjög gróinn. Ein þrír voru algjörlega hlaðnir úr grjóti [041-043]. Þeir virðast vera á líkum aldrei og hljóta því að hafa verið notaðir samtímis. Auk þess sem þeir eru allir eins í laginu nema þessi úr torfinu.[...]. Hinir stekkirnir voru ferhyrndir nærri jafnhliða þannig að lambakróin var mjó aflöng og lá meðfram allri hlið stærri réttarinnar þannig að báðar réttirnar saman mynduðu nærri því jafnhliða ferhyrning." Grjóthlaðin stekkur og garðlag eru á svæði sem er um 50 x 20 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Stekkurinn er einfaldur, 6-7 x 4 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Gengið var inn

að suðvestan um mjög mjóan inngang sem er <0,5 m á breidd. Allur norðvesturveggur stekkjarins er náttúruleg 2-3 m há klöpp. Innanmál stekkjarins er 4x2-3 m. Veggir hans eru um 1 m á breidd og 0,5-1,6 m á hæð. Fast suðvestan og neðan við stekkinn og klöppina er stórt bjöllulaga hólf sem hefur verið um 9x6-7 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur eins og stekkurinn. Veggir hólfsins eru mjög illa farnir og signir og er SSA-horn þess svo til alveg horfið í Selána. Trúlega hefur verið gengið inn í hólfið að suðvestan um 1,5 m breiðan inngang. Út frá vesturhorni hólfsins liggur svo um 40 m langur siginn grjótgarður í suðvestur sem hugsanlega hefur verið nýttur til að beina fé inn í stekkinn. Veggir hólfsins og hleðslur garðlagsins eru vel grasigrónar og signar, 0,2-0,5 m á hæð og 0,5-1 m á breidd. Ekki er útilokað að stekkurinn hafi verið endurhlaðinn að hluta á einhverjum tímapunkti þar sem lýsingin í spurningaskrá Þjóðháttadeildar er ekki að passa við þennan stekk en það er þó ekki víst. Enginn annar stekkur þekkist á svæðinu sem gæti passað betur við lýsinguna.



Stekkur GK-346:041, horft til SSV

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Svör við spurningaskrá IV, Þjóðháttadeild, 1, afstöðumynd

GK-346:042 tóft stekkur 64° 17.081N 21° 23.624V




Stekkur GK-346:042, horft til SSA

"Austanvert við Ásalæk er fljót eitt mikið í Laxá. Það heitir Stekkjarfljót. Fram í Stekkjarfljót gengur Stekkjarmelur. Vestan í honum, á bakka Ásalækjar, er Stekkur. Þar er hleðsla úr hellugrjóti, sem stendur enn vel," segir í örnefnaskrá. Hannes Guðbrandsson greinir frá 4 stekkjum (040-043) í svörum við spurningaskrá Þjóðháttadeildar sem hætt var að nota þegar hann fjölskylda hans flutti í Hækingsdal árið 1905. Þrír þessa sáust vel 1976 þegar starfsmenn Þjóðháttadeildar ræddu við Hannes og gerðu afstöðumynd eftir lýsingum hans. Stekkur 042 er um 950 m sunnan við bæ 001, um 850 m SSA við stekk 040 og um 30 m ASA við vörðu 034. Á þessu svæði er mosa- og grasigróinn mói. Fast norðvestan við stekk er Haghóll (sjá 034). "Einn stekkurinn var hlaðinn úr torfi (sniddum), hann (040) er nú mjög gróinn. Ein þrír voru algjörlega hlaðnir úr grjóti (041-043). Þeir virðast vera á líkum aldrei og hljóta því að hafa verið notaðir samtímis. Auk þess sem þeir eru allir eins í laginu nema þessi

úr torfinu.[...] Hinir stekkirnir voru ferhyrndir nærri jafnhliða þannig að lambakróin var mjó aflöng og lá meðfram allri hlið stærri réttarinnar þannig að báðar réttirnar saman mynduðu nærri því jafnhliða ferhyrning." Stekkur 042 er vel grasi- og mosagróinn, tvískiptur og grjóthlaðinn. Hann er um 10 x 6-9 m stór og snýr VNV-ASA. Hólf A er fast austan undir Haghól. Það er um 6 x 3 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Gengið var inn í hólfið úr suðvestri um vesturhorn hólfsins. Hólf B er samsíða hólfi A. Um 1,5 m þykkur veggur skilur á milli þeirra. Hólf B er um 3,5 x 2 m að innanmáli. Ekki er ljóst hvar gengið hefur inn í hólf B en líklega hefur það verið að sunnan. Veggir stekkjarins eru 1-2 m á breidd og 0,4-1 m á hæð en hleðslur eru nokkuð signar og grasigrónar. Norður- og vesturhliðar tóftar er mikið til náttúruleg grýtt hlíð Haghóls þó þar sjáist signar hleðslur sem hallast uppí brekkuna.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hækingsdalur, 11; Svör við spurningaskrá IV, Þjóðháttadeild, 1, afstöðumynd



Stekkir GK-346:042 (vinstri) og GK-346:043 (hægri)

GK-346:043 tóft stekkur 64° 17.885N 21° 24.627V
"Engjarnar fyrir ofan hann næst túni eru Forir. Þar upp af er nokkuð gróinn grjótbali, er heitir Stekkjarbali. Þar var síðast hafður stekkur. Móðir Hannesar mundi eftir honum í bernsku sinni," segir í örnefnaskrá. Hannes Guðbrandsson greinir frá fjórum stekkjum (040-043) í svörum við spurningaskrá Þjóðháttadeildar sem hætt var að nota þegar hann og fjölskylda hans fluttu í Hækingsdal árið 1905. Þrír þeirra sáust vel 1976 þegar starfsmenn Þjóðháttadeildar ræddu við Hannes og gerðu afstöðumynd eftir lýsingum hans. Stekkur 043 er um 270 m norðvestan við túngarð og rétt 010 og um 860 m norðvestan við bæ 001. Á þessu svæði er grasi- og mosagróin skriða við rætur Bæjarfjalls fast ofan og NNA við djúpan ræsiskurð sem snýr norðaustur-suðvestur. "Einn stekkurinn var hlaðinn úr torfi (sniddum), hann (040) er nú mjög gróinn. Ein þrír voru algjörlega hlaðnir úr grjóti (041-043). Þeir virðast vera á líkum aldrei og hljóta því að hafa verið notaðir samtímis. Auk þess sem þeir eru allir eins í laginu nema þessi úr torfinu.[...] Hinir stekkirnir voru ferhyrndir nærri jafnhliða þannig að lambakróin var mjó aflöng og lá meðfram allri hlið stærri réttarinnar þannig að báðar réttirnar saman mynduðu nærri því jafnhliða ferhyrning." Stekkur 043 er vel mosa- og grasigróinn, tvískiptur og grjóthlaðinn. Stekkurinn er um 10 x 9 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Hólf A er um 6x3 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Ekki er alveg ljóst hvar gengið hefur verið inn en hugsanlega hefur það verið á suðvesturvegg

við vesturhorn hólfsins. Hólf B er minna en liggur samsíða hólfi A. Um 1,5 m breiður mjög siginn grjótveggur skilur á milli hólfanna. Hólf B er um 5x2,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Enginn greinilegur inngangur sést inn í hólfið vegna sigs en hugsanlega hefur hann verið á norðvesturhlið hólfsins fast sunnan við inngang inn í hólf A. Veggir stekkjarins eru mjög signir, 1-2 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð. Óljós um 3 m langur grjótveggur eða tota liggur gróflega út í vestur frá miðju hólfi B. Veggurinn er um 0,5-1 m breið, einföld röð af vel grasigrónu grjóti. Hlutverk hans hefur trúlega verið að beina fé inn í stekkinn.



Stekkur GK-346:043, horft til ASA

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hækingsdalur, 3; Svör við spurningaskrá IV, Þjóðháttadeild, 1, afstöðumynd

GK-346:044 hleðsla óþekkt 64° 17.638N 21° 23.647V
Óljósar hleðslur sjást í útjaðri heimatúns um 170 m norðaustan við bæ 001 og um 50 m suðvestan við rétt 018. Á þessu svæði er sléttað tún neðan og suðvestan við garðinn og grasigróinn mói að ofan og norðaustan. Brekkunni hallar í 5-10° í suðvesturs. Grjót-hleðslurnar eru mjög sokknar í jörðu og vel grasigrónar en sjást óljóst á um 40 m löngum kafla. Þar sem þær eru greinilegastar sjást 1-2 umför af um 0,5 m breiðum og 0,3 m háum hleðslum. Samkvæmt Guðbrandi Hannessyni hefur ekki verið hlaðinn túngarður á þessu svæði í hans tíð og enginn túngarður er teiknaður á þessu svæði á túnakorti frá 1917. Hugsanlega eru þetta leifar um varnargarð sem hlaðinn hefur verið til varnar flóðum úr Bæjarlæknum.



Hleðslur GK-346:044, horft til VNV

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-346:045 heimild um brunn 64° 17.610N 21° 23.699V
Samkvæmt Guðbrandi Hannessyni, heimildamanni, var lokræsi hlaðið í heimatúni frá Bæjarlæk í suðvestur, heim í fjós og þaðan áfram niður á tún. Á þessu svæði er sléttað tún og núverandi íbúðarhús í Hækingsdal. Samkvæmt Guðbrandi lá lokræsið inn í fjós þar sem eldhúsglugginn í núverandi íbúðarhúsi er nú (2011). Samkvæmt Guðbrandi

Hannessyni, heimildamanni, var um árið 1900 leitt vatn úr Bæjarlæk með grjóthlöðnu lokræsi í VSV um 110 m heim í stóran brunn í fjósinu og þaðan úr brunninum áfram niður á tún. Samkvæmt Guðbrandi er ræsið enn til staðar í túninu ofan/norðaustan við bæinn undir sverði og sést gamalt rör í bakka Bæjarlækjar þar sem ræsið byrjaði. Í brunninum í fjósinu voru ætíð hafðir tveir silungar til að halda skordýrum frá. Þegar ræsið var byggt var fyrst grafinn 30-40 cm breiður og 30-40 cm djúpur skurður. Ofan í skurðinn voru svo settir hellusteinar á ská upp á rönd svo þeir héldu hver öðrum uppi að ofan og mynduðu þríhyrningslaga op fyrir vatnið til að ferðast um í botni skurðarins. Samkvæmt Guðbrandi sést suðvesturendi ræsisins einnig í skurði neðan/suðvestan við bæ. Lengd ræsisins hefur verið að minnsta kosti 100-200 m þegar bæði aðrennsli og frárennsli er tekið með í reikninginn. Ekkert sést til ræsis á yfirborði og brunnurinn er horfinn vegna núverandi íbúðarhúss.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-346:046 garðlag varnargarður 64° 17.691N 21° 23.780V

Mjög siginn varnargarður er um 210 m norðan við bæ 001 og um 80 m VNV við rétt 018, meðfram lítilli lækjarsprænu sem rennur í VSV niður úr Sneiðunum milli Bæjargils og Kinnagils. Á þessu svæði er mosa- og grasigróin brekka sem hallar í 5° til VSV. Lækurinn rennur um láglendi gróflega í vestur og er 2-5 m norðan við garðinn. Garðlagið er grjóthlaðið en mjög sigið (varla meira en 1 umfar sem sést á yfirborði) og snýr norðvestur-suðaustur. Garðlagið er 0,5-1,2 m á breidd, 0,2-0,5 m á hæð og um 75 m á lengd. Samkvæmt Guðbrandi Hannessyni var garðlagið hlaðið til varnar flóðum úr læknum í leysingum.

Hættumat: engin hætta



Varnargarðlag GK-346:046, horft til vesturs

GK-346:047 heimild um kálgarð 64° 17.579N 21° 23.815V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var kálgarður 2-5 m vestan við bæ 001. Norðurörin merkt á túnakortið er hins vegar röng og bendir til VNV svo kálgarðurinn var í raun suðvestan við bæ. Á þessu svæði er sléttað malarplan framan og suðvestan við núverandi íbúðarhús. Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt túnakorti var kálgarðurinn tvískiptur, 50-60 x 20 m stór og snéri norðvestur-suðaustur meðfram bæjarröð 001. Samkvæmt Guðbrandi Hannessyni, heimildamanni, var torfhlaðið garðlag umhverfis garðinn og í honum voru ræktaðar m.a. kartöflur og rófur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-346:048 heimild um varnargarður 64° 17.554N 21° 23.713V

Á túnakorti frá árinu 1917 er teiknað garðlag á vesturbakka Bæjarlækjar. Á þessu svæði er sléttað tún. Í túninu sést um 40 m langur, óljós hryggur NNA-SSV á vesturbakka Bæjarlækjar sem hugsanlega gæti verið leifar af þessu garðlagi en gæti þó

einnig aðeins verið náttúrumyndun. Staðsetning garðsins á túnakorti gefur til kynna að hann hafi verið varnargarður gegn flóðum úr Bæjarlæknum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-346:049 vegur leið 64° 15.596N 21° 21.991V
Greinileg gömul leið eða vegslóði er við norðausturbakka Laxár fast suðvestan við Selflatir 012. Á þessu svæði er norðausturbakki Laxár milli árinnar og fjallanna norðaustan í Laxárdal mjög landþröngur og nokkuð þverhníptur á köflum, sérstaklega við Þórufoss. Þó er bakkinn að mestu nokkuð vel grasigróinn og auðveldur yfirferðar. Gamli vegslóðinn er 3-5 m á breidd og að minnsta kosti um 4 km á lengd í landi Hækingsdals 001. Vegslóðinn liggur norðvestur-suðaustur meðfram norðausturbakka Laxár milli Hækingsdals 001 og Stíflisdals ÁR-459 í Þingvallahreppi. Um 5 km eru milli bæjanna. Ekki voru neinar greinilegar eldri hestagötur suðvestan við Selflatir en mjög líklega hefur verið hér lengi leið milli bæjanna.

Hættumat: engin hætta

GK-346:050 heimild um kálgarð 64° 17.757N 21° 24.101V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var kálgarður fast vestan við fjárhús 006. Norðurörin merkt á túnakortið er hins vegar röng og bendir til VNV svo kálgarðurinn var í raun SSV við útihúsin. Á þessu svæði er íbúðarhúsið Klörustaðir. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-346:051 heimild um kálgarð 64° 17.766N 21° 24.275V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var kálgarður fast VSV við fjárhús 007. Norðurörin merkt á túnakortið er hins vegar röng og bendir til VNV svo kálgarðurinn var í raun SSV við útihúsin. Á þessu svæði er sléttað malarplan og steinsteypt útihús. Ekkert sést til fornleifa.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-346:052 heimild um smalakofa
Í svörum við spurningaskrá Þjóðháttadeildar segir Hannes Guðbrandsson að smalarnir hafi byggt sér skýli úr grjóti, og tveir kofar séu vel sjáanlegir ennþá inni í Hrísdal. Staðsetning Hrísdals er óþekkt en örnefnið Hríshvammur er þó þekkt innan jarðarinnar í Hækingsdal. Í örnefnaskrá segir m.a.: "Austan við Grindagil er Hríshvammur. ... Upp af Hríshvammi er tunga vestur úr Geitahlíð, sem er eins og blaðsýft eyra í langinu, nefnd Blaðstýfing. Hríshvammur er austast í brekkum austan við Grindagil, en austan við hvamminn eru gljúfur í Laxá, sem heita Þrengsli." Ekkert er þó minnst á smalakofa í örnefnaskrá og engin greinileg ummerki um slík mannvirki fundust við skráningu á svæðinu. Staðsetning smalakofanna er því óþekkt.

Heimildir: Svör við spurningaskrá IV, Þjóðháttadeild, 12; Ö-Hækingsdals, 8-9

GK-347 Vindás

20 hdr 1705. Bústaður sóknarprests í Kjós gefin af kóngi eftir að bærinn að Reynivöllum eyðilagðist í skriðum og snjólflóði árið 1664. JÁM III, 422-423. Varðveist hefur landamerkjabréf jarðarinnar frá því um 1270. Um landamerki milli Vindáss og Reynivalla annarsvegar og Vindáss og Hækingsdals hinsvegar. DI II, 81-82. 1352/1397 og um 1478 á Reynivallakirkja skjólgarð GK-347:034 í landi jarðarinnar ásamt kastar skurði GK-347:011. (DI III 70-71, DI IV, 116-117, DI VI, 178-79). 1705: "Engjar eru nær öngvar, sem þessari jörðu fylgdi áður hún var prestunum gefin, og brúkar því presturinn engið, sem óskpilt varð eftir, þá beneficium fordjarfaðist, so mikið af því og lítið sem hönum líkar. Högum spilla skriður." JÁM III, 422-423. 1840: "... Heyskaparlítil jörð með stóru og þýfðu túni. Þar er allgott beitarland um sumar og vetur og skógarblettur af smáviði í Sandfellshlíð." Sýslu- og sóknarlýsingar Gullbringu- og Kjósarsýslu, 256. Túnakort 1917: Tún 5,2 teigar (meirihluti sléttað), garðar 1170 m^2.



Túnakort Vindáss frá árinu 1917

GK-347:001 *Vindás* bæjarhóll bústaður 64° 18.749N 21° 30.166V Vindásbærinn er í Laxárdal austan við Laxá og VNV undir Sandfelli. Hann er um 3 km SSA við Reynivelli 348:001 og um 5,5 km VNV við Hækingsdal 346:001. Leifar af bæjarhólnum eru nú (2011) um 10 sunnan við gamla fjósið og um 70 m suðvestan við yngsta íbúðarhúsið sem byggt var árið 1952. Í landi Vindáss er sumarbúðir KFUM og KFUK en þær eru staðsettar rúma 3 km suðaustan við bæ 001 rétt norðvestan við landamerki Vindáss og Hækingsdals GK-346:001. Þar sem gamli bærinn stóð er sléttað tún, steinsteypt fjós, einföld röð af háum lauftrjám og slétt malarplan þar fast fyrir sunnan en þar eru m.a. geymdar heyrúllur og vélar. Samkvæmt bókinni Kjósarmenn eftir Harald Pétursson var tvíbýli að Vindási frá um 1820 og fram til 1884. Ekki er ljóst hvort búið var á tveimur stakstæðum bæjum eða ekki. Ekki er útilokað að annar bærinn

hafi staðið þar sem heitir Ljóskollutóft (sjá 027) en engar heimildir hafa fundist um slíkt. Gamli bærinn er nú (2011) horfinn vegna bygginga sem reistar voru á 20. öld. Samkvæmt Magnúsi Lárussyni, heimildamanni, byggði Ólafur Einarsson (í Vindási 1905-1944) steinsteypt hús á bæjarhólnum, t.d. votheyshlöðu sem og tvær heyhlöður úr torfi og grjóti á fyrri hluta 20. aldar. Ekki er lengur búið að staðaldri í Vindási en tún eru enn nýtt til sláttu og sem beitiland fyrir hesta. Samkvæmt túnakorti frá 1917 var bæjarröðin um 30x40 m stór og snéri gróflega norður-suður. Í túninu sunnan við malarplanið eru í dag (2011) óljósar leifar bæjarhólsins sem er um 30x25 m að flatarmáli, 0,2-0,5 m á hæð og snýr austur-vestur. Engar greinilegar dældir eru í hólnum en mjög líklegt er að fornleifar finnist þar undir sverði. Að minnsta kosti 5-10 m af lengd norðurhluta gamla bæjarhólsins virðist horfinn undir malarplan og útihús.



Bæjarhóll Vindáss GK-347:001, horft til NNV

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-347:002 *Fjósaflöt* heimild um útihús 64° 18.771N 21° 30.173V
"Sunnan við vestri tröðina er Fjósaflöt, þá Haus að Stefánsgötu [021], en sunnan við hana er Gerði [025] og við suðurenda þess Fagrihóll," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 40 m norðan við bæ 001. Samkvæmt Magnúsi Lárussyni, heimildamanni, kallast túnið um 20 m norðan við þetta svæði Fjósflöt en ekki er ljóst hvort örnefnið tengist steinsteypta fjósinu sem byggt var 1967 og stendur enn eða eldri byggingum 002 og 003 sem stóðu áður á svæðinu. Á þessu svæði er gamalt steinsteypt fjós, malarplan, lítil hestarétt og bárujárnsklæddur skúr. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Vindás BÓ, 4; Túnakort 1917

GK-347:003 heimild um útihús 64° 18.778N 21° 30.173V
"Sunnan við vestri tröðina er Fjósaflöt, þá Haus að Stefánsgötu [021], en sunnan við hana er Gerði [025] og við suðurenda þess Fagrihóll," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 55 m norðan við bæ 001. Samkvæmt Magnúsi Lárussyni, heimildamanni, kallast túnið fast norðan við þetta svæði Fjósflöt en ekki er ljóst hvort örnefnið tengist steinsteypta fjósinu sem stendur enn eða eldri byggingum 002 eða 003 sem stóðu áður á svæðinu. Fast vestan við útihús 003 og um 60 m NNV við bæ 001 var einnig kálgarður. Á þessu svæði er malarplan, lítil hestarétt, bárujárnsklæddur skúr og sléttað graslendi fast norðan við malarplanið. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Vindás BÓ, 4; Túnakort 1917

GK-347:004 *Brunnur* þúst brunnur 64° 18.700N 21° 30.220V
"Austan við Fagrahól er Bolamói og nær austur að Brunni, sem er vatnsból bæjarins," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Magnúsi Lárussyni, heimildamanni, var Brunnur um 100 m SSV við bæ 001 um 20 m vestan við sáðsléttur 026. Á túnakorti Vindáss frá árinu 1917 var bygging á þessum stað svo ekki er ólíklegt að brunnhús hafi verið yfir Brunninum. Brunnurinn var þar sem nú (2011) er deig, 0,2-2 m djúp grasigróinni lægð milli sléttaðra túna. Lægðin snýr NNA-SSV og er hallinn á svæðinu 2-20° í SSV niður að Laxá. Ekkert vatnsrennsli virðist vera á svæðinu. Samkvæmt Magnúsi Lárussyni er búið að fylla upp í brunninn en Magnús mundi ekki hvenær það var gert eða hvort brunnurinn var hlaðinn. Umhverfis brunninn virðast vera leifar af lítilli yfirbyggingu en veggir hennar eru orðnir mjög niðurtroðnir og þýfðir vegna ágangs búpenings. Þústin er grasigróin, um 6 x 6 m stór. Innanmál er 2 x1,5 m og snýr norður-suður. Veggir eru niðurtroðnir og hlaupnir í þúfur, 1,5-2 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Ekki er ljóst hvar gengið var inn en ekki er ólíklegt að það hafi verið að norðanverðu. Brunnurinn sjálfur er alveg horfinn á yfirborði.



Þúst GK-347:004, hugsanlega leifar brunnhúss, horft til suðurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Vindás BÓ, 4

GK-347:005 heimild um útihús 64° 18.770N 21° 30.155V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var einhvers konar mannvirki eða lítið útihús um 15 m austan við útihús 002. Það hefur verið um 40 m vestan við yngsta íbúðarhúsið. Á þessu svæði er sléttað malarplan austan við gamalt steinsteypt fjós. Ekkert sést til fornleifa. Nákvæmt hlutverk óþekkt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-347:006 heimild um útihús 64° 18.822N 21° 30.165V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús í jaðri heimatúns um 130 m norðan við bæ 001 og um 25 m VSV við útihús 007, fast vestan við traðir 009. Á þessu svæði er sléttað tún. Ekkert sést til fornleifa. Nákvæmt hlutverk er óþekkt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-347:007 þúst útihús 64° 18.830N 21° 30.140V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús í jaðri heimatúns um 150 m norðan við

bæ 001 og um 60 m VNV við útihús 007 og um 20 m norðaustan við traðir 009. Á þessu svæði er þýft og grýtt graslendi fast norðan við sléttaða Lambhúsflöt (sjá 008). Rúst útihússins er mjög illa farin vegna ágangs búpenings og innri lögun er ógreinanleg. Aðeins er hægt að sjá út úr mosa- og grasigrónum þúfunum ólögulega aflanga og rúnaða þúst sem er um 20x10 m stór, <0,5 m á hæð og snýr norður-suður. Víða glittir í hleðslugrjót. Nákvæmt hlutverk tóftar er óþekkt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-347:008 *Lambhúsflöt* heimild um lambhús 64° 18.810N 21° 30.066V
"Norðan við vestari tröðina er Lambhúsflöt, hallar til vesturs. Hesthúsflöt [023] er norðan við bæinn, austur af henni er Norður-Bali," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 140 m NNA við bæ 001 og um 70 m austan við traðir 009 og er það líklega það hús sem Lambhúsflöt dró nafn af. Á þessu svæði er sléttað tún í norðvestanverðri öxl bæjarhjallans sem kallast Lambhúsflöt. Efst á hjallanum er malarvegur sem liggur til VSV framhjá yngsta íbúðarhúsinu að malarplaninu austan við bæjarhól 001. Ekkert sést til fornleifa vegna sléttunar og vegagerðar. Óljós hæð, <0,2 m há er í túninu á svipuðum slóðum en hún er of ógreinileg til að hægt sé að fullyrða að mannvistarleifar leynist undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Vindás BÓ, 4; Túnakort 1917

GK-347:009 vegur traðir 64° 18.730N 21° 30.123V
"Heimreið (Tröð) liggur þvert í gegnum túnið frá austri til vesturs, norðan við bæinn [001]," segir í örnefnaskrá. Hér mætti halda að verið væri að lýsa núverandi malarvegi heim að bænum frá Kjósarskarðsvegi 48 en líklega er þó verið að lýsa gamla þjóðveginum eins og hann lá 1917 milli Reynivalla 348:001 og Hækingsdals 346:001 þegar túnakortið var teiknað en þá lá þjóðvegurinn gróflega NNV-SSA framhjá Vindásbænum 001 að austanverðu og má sjá traðir heima við bæinn. Engar traðir eru við núverandi heimreið. Ekki er ljóst af hverju áttunum er ruglað svo en trúlega hefur áttin út með fjallinu ofan við Vindásbæinn á þessum stað verið kölluð austur en ekki norður eins og áttirnar liggja í raun og veru. Á þessu svæði eru sléttuð tún og malarplan á bæjarstæði Vindáss en gamla vegstæðið er ennþá frekar greinilegt, sérstaklega SSV við bæjarhól 001. Gamli vegslóðinn og traðir Vindásbæjar sjást á svæði sem er um 300 m á lengd. Vegslóðinn og traðirnar eru skýrastar fast SSA við bæjarhól 001 þar sem þær liggja í SSA um sléttað tún. Þaðan má rekja veginn um 170 m út úr heimatúninu (en vegurinn sjálfur verið alls um 250 m langur ef hlaðið heima við bæ er talið með). Grasigróinn slóðinn er um 3 m á breidd og 0,2-1,5 m háir bakkar sjást ennþá greinilega beggja



Traðir GK-347:009, horft til NNV

megin en aðallega þó að vestan. Engar grjóthleðslur eru greinilegar. Bakkarnir eru vel grasigrónir og skarpir. Á bæjarstæði hverfur slóðinn undir malarplan og sléttað graslendi en kemur þó óljóst í ljós aftur um 50 m norðan við bæ 001.Vegurinn hefur trúlega tengst vegi 041 í suðaustri í hlíðinni vestan undir Múla þar sem Kjósarskarðsvegur 48 er nú (2011) og vegi 048 í norðri neðan og vestan í holtunum norðan við bæinn en þar eru sléttuð tún.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Vindás BÓ, 3

GK-347:010 garðlag túngarður 64° 18.829N 21° 30.114V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 tengdi lítill túngarður A í útjaðri heimatúns suðausturhorn útihúss 007 við NNV-enda útihúss 008. Leifar þessa túngarðs sjást greinilega um 150 m NNA við bæ 001 fast NNV við Lambhúsflöt. Samkvæmt túnakorti afmarkaði einnig um 100 m langur túngarður eða þúst B útjaðar heimatúns um 160 m VNV við bæ 001. Á svæðinu þar sem túngarður A sést óljóst er sléttuð Lambhúsflöt í norðvesturöxl bæjarholtsins og þýfður mosa- og grasigróinn mói norðan við flötina. Þar sem leifar túngarðs B sjást er sléttað tún. Saman afmörkuðu túngarðar A og B norðvesturenda heimatúns að hluta samanlagt á um 150 m löngu kafla. Samkvæmt túnakorti afmarkaði túngarður A heimatúnið að NNV-verðu. Hann var um 60 m á lengd og í laginu eins og bjúgverpill. Garðurinn lá frá útihúsi 007 um 30 m í ANA áður en hann beygði í ávölum boga í suðvestur og hélt áfram um 30 m að útihúsi 008. Helmingur garðlagsins er nú (2011) horfinn vegna túnasléttunar. Fast neðan og NNV við Lambhúsflöt sjást þó ennþá greinilegar leifar hleðsla. Hleðslurnar eru útflattar og þýfðar en hleðslugrjót er vel greinilegt í þúfunum. Garðlagið er 2-3 m á breidd, 0,2-0,4 m á hæð og liggur um 40 m í ANA frá þúst 007. Þar beygir það í suðaustur en nær aðeins um 5 í þá átt áður en það hverfur í sléttað tún. Túngarður B afmarkaði norðvesturenda heimatúnsins. Garðurinn er nú (2011) lítið annað en 90 m langur áberandi hryggur í túninu sem er 4-5 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Hryggurinn snýr suðvestur-norðaustur og endar í vestri í brún bæjarholtsins ofan og austan við Laxá en að austan í sléttuðu túni. Á einum eða tveimur stöðum glittir í grjót í túni.


Túngarðlag GK-347:010, horft til VSV

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917


GK-347:011 heimild um mógrafir
Í Íslenskum fornbréfum frá 1352/1397 og um 1478 á Reynivallakirkja skjólgarð GK-347:049 í landi Vindáss GK-347:001 ásamt kastar skurði (mógröf). Staðsetning Reynivallamógrafar í landi Vindáss er óþekkt en ekki er útilokað að hún hafi þegar verið skráð undir númeri 014, 016 eða 042.

Heimildir: DI III 70-71, DI IV, 116-117, DI VI, 178-79

GK-347:012 *Sognssel* tóft sel 64° 18.931N 21° 28.232V
"Úr Sandfellstjörn rennur Fossá. Vestan við hana, nokkru eftir að hún fellur úr tjörninni er Sognssel og eru rústir þess enn mjög greinilegar. Frá Sandfellstjörn gengur kvos til norðurs inn í Hryggi og heitir Hryggjardalur," segir í örnefnaskrá Bjarna Ólafssonar frá Króki. "Austan við tjörnina er Sandfellsflói, blautur og víðáttumikill, austan við tjörnina, en líklega heitir hitt öðru nafni. Þar var sel, sem heitir Sognssel. Það er nokkuð eftir að Fossá fellur úr Sandfellstjörn, og eru þar gamlar rústir," segir í örnefnaskrá Ara Gíslasonar. Sognsselstóft er um 1,6 km ANA við bæ 001, um 4,9 km suðaustan við Sogn 350:001 og um 250 m norðvestan við Sandfellstjörn. Seltóftin er fast utan í 2-4 m háu holti að suðvestan. Holtið er aflangt, um 250 m á lengd, um 150 m á breidd og snýr NNA-SSV. Hlíðar holtsins eru þýfðar og mosa-, grasi- og lyngigrónar en holtið er þó ógróið í toppinn. Sognsselstóft er fjórskipt, ferköntuð og grjóthlaðin. Hún er um 8 x 7 m stór og snýr NNA-SSV. Veggir tóftarinnar eru 1-2 m á breidd og 0,5-1,2 m á hæð en hleðslur eru víða nokkuð signar og grasi- og mosagrónar. Gengið var inn í tóftina á VNV-hlið gróflega fyrir miðju eða um 4 m frá norðvesturhorni tóftar. Inngangurinn var um 2 m langur til ASA áður en hægt var að beygja inn í hólf A til vinstri og hólf B til hægri. Hólf A er 1,5x1,5 m að innanmáli en mögulegt er að það hafi áður náð um 0,5 m lengra til norðurs og snúið NNA-SSV. Hólf B er 1x1 m stórt. Hólf C er um 1 m ASA við hólf A. Hólf C er um 1,5x1,5 m að innanmáli líkt og hólf A og gæti einnig hafa náð til norðurs áður. Ekki er ljóst hvar gengið hefur verið inn í hólf C en mögulega var innangengt úr hólfi A. Hólf D er um 1 m SSV við hólf C og um 1 m ASA við hólf B. Hólf D er um 2,5x1,5 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Um 4 m langur og 0,5 m breiður beinn gangur er frá útgangi tóftarinnar á VNV-hlið sem liggur í ASA beint inn í hólf D á VNV-
hlið hólfsins fast upp við norðvesturhorn þess. Mikið grjóthrun er í hólfunum.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Vindás BÓ, 1; Ö-Vindás AG, 1






Sognssel GK-347:012, horft til norðvesturs

GK-347:013 *Kvíamýri* tóft kvíar 64°18.842N 21°29.903V
"Fossá sem áður er nefnd, fellur fram af Reynivallahálsi niður í Hvammá, beygir síðan meir til vesturs og fellur í smá fossum niður í Leyni og heitir þar frá Leynislækur. Úr Leyni rennur hann milli Leynismýrar og Kvíamýrar, um Leynislækjarmóa og saman

við Gíslalæk áður en þeir falla í Laxá," segir í örnefnaskrá. Í vesturjaðri Kvíamýrar er einföld grjóthlaðin rétt eða kví um 270 m norðaustan við bæ 001, um 10 m vestan við Kjósarskarðsveg 48 og um 5 m norðan við heimreið heim að bæ 001. Tóftin er ANA í bæjarholtinu í grasigróinni grýttri brekku sem hallar í 10-20° til ASA. Tóftin er einföld, um 12 x 6 m stór og snýr NNV-SSA. Innanmál tóftarinnar er um 10x4 m. Veggir tóftarinnar eru grjóthlaðnir, 1-1,5 m á breidd, 0,2-0,4 m á hæð en hleðslur eru mjög signar. Óljóst er hvar gengið var inn í réttina og ekki er útilokað að réttin hafi verið tvískipt. Stórir náttúrulegir steinar og klettar mynda hluta vesturveggjar tóftar og stór jarðfastur klettur er fast norðvestan við hana. Ekki er alveg víst að þessi tóft af kvíunum sem Kvíamýri er nefnd eftir en engin önnur líklegri tóft fannst á svæðinu.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Vindás BÓ, 1





GK-347:014 heimild um mógrafir 64°19.008N 21°30.059V
"Skammt norðan við Brekkumel er Litlimelur, norðan við hann Grafarhringsmelur og Grafarhringur. Austan við Grafarhring er Grafarhringsholt og þar næst Kvíaholt," segir í örnefnaskrá. "Grafarhringur er hringlaga mýrarspilda í kvos vestan við Grafarhringsholt). Þar er mikið af fornum mógröfum, svo sem nafnið bendir til," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning Grafarhrings er óljós en talið er að hann hafi verið á svæði 450-500 m NNA við bæ 001 og um 100 m vestan og neðan við Kjósarskarðsveg 48. Á þessu svæði er sléttað tún og hagi fyrir hesta. Ekkert sést til fornleifa og Magnús Lárusson, heimildamaður, kannaðist ekki við mógrafir á þessum stað.


Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Vindás ath og viðb., 2

GK-347:015 *Stöðull* tóft kvíar 64°18.661N 21°29.949V
"Milli Kvíamýrar [sjá 013] og Langáss er Móholt [sjá 016], suðvestan í því er Stöðull, þar eru tóftarbrot," segir í örnefnaskrá. Stöðullinn er í suðvesturenda Móholts er tóft að VNV-verðu, um 240 m suðaustan við bæ 001 og um 20 m ANA og ofan við gömlu traðir 009. Tóftin er í þýfðu graslendi undir Móholti sem er um 4 m hátt á þessum stað. Brekkunni hallar í 30-40° til norðvesturs. Tóftin er um 10 m SSV við steinsteypta

geymslu sem hulin hefur verið með jarðvegi. Tóftin er tvískipt og grjóthlaðin, um 10 x 7 m stór og snýr VSV-ANA. Tóftin er grasigróin og hleðslur signar. Hólf A er sunnar, um 9x1 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Smá grjóthrúga í austurenda hólfsins gæti gefið til kynna að hólfið hafi verið tvískipt en þó gæti einnig verið um hrun að ræða. Hólf B er um 1 m norðan við hólf A. Hólf B er helmingi minna eða 3x1 m að innanmáli og nokkuð óljóst en snýr eins og hólf A ANA-VSV. Gengið var inn í bæði hólfin að vestanverðu. Veggir eru 1-2 m á breidd og 0,4-1 m á hæð en þeir eru hæstir þar sem stór grjót og jarðfastur klettur hafa verið nýtt í veggina, sérstaklega í austurenda tóftarinnar. Tóftin hefur hugsanlega verið að hluta grafin inn í hlíð holtsins að sunnan. Ekki er alveg víst að hér sé um að ræða Stöðultóftina sem talað er um í örnefnaskrá en engin önnur líklegri tóft fannst á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Vindás BÓ, 2





Stöðull GK-347:015, horft til vesturs

GK-347:016 náma mógrafir 64°18.731N 21°29.644V


"Milli Kvíamýrar [sjá 013] og Langáss er Móholt," segir í örnefnaskrá. Greinilegar mógrafir eru norðan við norðausturenda Móholts, um 420 m austan við bæ 001 og um 280 m ANA við Stöðul 015. Á þessu svæði er þýft mosagróið graslendi og mýri sem er sundurgrafin ræsisskurðum á suðurbakka lítillar lækjarsprænu sem rennur úr Leynislæk niður í mýrina milli Móholts og Syðri-Leynimels. Svæðið þar sem mórinn var tekinn var að minnsta kosti 200x100 m stórt og snýr austur-vestur. Stærsta og greinilegasta gröfin er ferköntuð, um 8x4 m að flatarmáli, um 1 m á dýpt og snýr norðvestur-suðaustur. Fleiri minni og óljósari mógrafir eru á svæðinu en þær voru ekki mældar sérstaklega.



Mógrafir GK-347:016, horft til norðvesturs

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Vindás BÓ, 2


GK-347:017 tóft stekkur 64°18.292N 21°29.954V
"Skammt austan við Nesás er Jarðfall, og í framhaldi af því Stekkjargil, sem gengur inn í Langamel. Stekkjarhæð er austan við Stekkjargil, þá Stekkjarlaut, þar næst Stekkjarmói. Þar eru tóftarbrot. Þá taka við Stekkjarbrekkur meðfram Langamel að Langamelslæk," segir í örnefnaskrá. Stekkurinn er í Stekkjarmóa um 20 m ofan og ANA við Laxá um 870 m SSA við bæ 001. Á þessu svæði er grasigróið stórþýft nes við Laxá í brekku sem hallar í 2-5° til VSV. Tóftin er þýfð og grasigróin. Erfitt er að greina lögun hennar en hún virðist hafa verið þrískipt. Tóftin er um 18 x 14 m stór og snýr ANA-VSV. Hólfin þrjú eru lítið annað en óljósar dældir sem eru 0,2-0,5 m á dýpt. Hólf A er nyrst, 12x2-3,5 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Hólf B er um 2 m sunnan við hólf A. Hólf B er um 8 x 2 m að innanmáli og er samsíða A. Hólf C er austan við hólf B. Hólf C er minnst eða um 3x1,5 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Veggir eru signir, 1-3 m á breidd og 0,4-1 m á hæð. Ekkert hleðslugrjót er sjáanlegt. Líklega hefur verið gengið inn að vestan en engir greinilegir inngangar eru sjáanlegir.



Stekkur GK-347:017

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Vindás BÓ, 2

GK-347:018 *Fornistekkur* tóft stekkur 64°18.453N 21°29.554V
"Ásar kallast einu nafni grjótásar sem liggja austur af Langás. Þar í er lægð með valllendismóa og heitir þar Fornistekkur. Þar er stekkjarrúst," segir í örnefnaskrá. Fornistekkur er í miðjum Ásunum um 740 m suðaustan við bæ 001, um 280 m austan við Kjósarskarðsveg 48 og um 440 m norðaustan við stekk 017. Stekkurinn er í mjórri 1-3 m djúpri grasigróinni lægð sem snýr norðvestur-suðaustur milli tveggja grýttra mela í Ásunum. Lægðin er um 100 x 30 m stór. Undirlendið í lægðinni virðist vera smátt og smátt að rofna í burtu úr norðvestri þó enn sé þýft og grasi gróið þar sem tóftin er. Í lægðinni eru tvær grjóthlaðnar og grasigrónar tóftir á svæði sem er um 15 x 8 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Tóft A er þrískipt, 9-10 x 7 m stórtog snýr norðvestur-suðaustur. Hólf I er norðvestast og stærst eða um 6x1 m að innanmáli. Gengið var inn í það að norðvestan. Hólf II er um 1,5 m suðvestan við hólf I í norðvesturenda tóftar. Hólfið er um 2x1 m að innanmáli. Hólf III er



Stekkur GK-347:018

svo um 1 m suðaustan við hólf II. Hólf III er um 1,5x1 m að innanmáli. Öll hólfin snúa norðvestur-suðaustur. Ekki er hægt að greina hvar gengið hefur verið inn í hólf II og III. Veggir tóftarinnar eru 1-2 m á breidd og 0,2-0,8 m á hæð en engin umför eru greinanleg vegna sigs. Tóft B er um 2 m SSA við tóft A. Tóft B er einföld, um 5 x 5,5 m stór og snýr NNV-SSA. Veggir tóftarinnar eru 1-2,5 m á breidd, 0,2-0,5 m á hæð en mjög lítið hleðslugrjót er greinanlegt vegna sigs og gróðurs.

Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Vindás BÓ, 3



Fornistekkur GK-347:018, tóft 018A til vinstri, tóft 018B til hægri, horft til suðausturs


GK-347:019 *Hústóftir* heimild um beitarhús 64°18.088N 21°29.206V "Austan við Múlagilslæk niður undir Laxá eru Hústóftir, þar eru rústir eftir beitarhús," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Magnúsi Lárussyni, heimildamanni, voru Hústóftir um 1,4 km suðaustan við bæ 001 og um 20 m VSV við Kjósarskarðsveg 48. Á þessu svæði er stórþýft graslendi efst og austast á Hústóftarklöpp fast VSV við þjóðveginn. Hústóftir virðast vera horfnar í þúfur. Á þessu svæði sést ekkert nema óljós aflöng þúst í landslaginu sem er um 40 x 20 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Þústin er 0,4-1 m á hæð en engin hólf eða veggir eru greinanleg. Svæðið er mjög nálægt þjóðvegi 48 svo ekki er ólíklegt að rask vegna vegagerðarinnar hafi haft einhver áhrif á tóftina sem stóð á þessu svæði. Magnús Lárusson, heimildamaður, telur að Vindás II hafi á tímabili verið á þessum stað en engar heimildir fundust um slíkt.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Vindás BÓ, 3

GK-347:020 *Fjárhúsás* tóft beitarhús 64°17.891N 21°27.542V "Austan við Bollabörð er Fjárhúsás og neðan við hann Háimelur, sem fyrr er nefndur. Austan við Fjárhúsás eru beitarhúsatóftir mjög fornar. Í vestanverðum Fjárhúsás og milli hans og Skiptagils er víða nokkur birkiskógur og heitir einu nafni Vindáshlíð," segir í örnefnaskrá BÓ LEYSA ÚR. "Vestur af Skóginum upp af Klifsnesi er geysimikill klapparás með hlíðinni, sem heitir Fjárhúsás. Í hlíð austan hans eru geysimiklar rústir eftir fjárhús," segir í örnefnaskrá Ara Gíslasonar. Suðaustan í Fjárhúsás fannst ein greinileg tóft við skráningu um 2,6 km suðaustan við bæ 001, um 700 m VSV við sumarbúðirnar í Vindáshlíð og um 10 m SSV við fánastöng neðri sumarbústaðar 2 í Vindáshlíð. Á þessu svæði er grasigróin þýfð dæld eða lækjardrag fast austan undir Fjárhúsás. Í draginu eru fimm sumarbústaðir (2-7). Bústaður nr. 7 er

niðri við Kjósarskarðsveg 48 og fjórir ofar. Tóftin sem fannst er um 250 m fyrir ofan og NNA við sumarbústað 7 í birkikjarri. Fánastöngin sem nefnd var að ofan er á ógróinni klöpp 8-10 m NNV við tóftina fast sunnan við sumarbústað nr. 4. Brekkunni hallar í 2-10° til SSV. Lítill lækur rennur um 3 m suðaustan við tóftina. Samkvæmt örnefnalýsingu eiga þetta að vera umfangsmiklar rústir en þegar gengið var um svæðið fannst aðeins ein greinileg tóft. Tóftin er á lágum grasi- og mosagrónum þýfðum hól í brekkunni. Tóftin er um 15x15 m stór og 1-2 m á hæð að sunnanverðu. Tóftin er einföld, gróflega kringlótt, 9-10 m í þvermál og snýr ANA-VSV. Innanmál hennar er 3,5x3 m og snýr ANA-SVS. Enginn greinilegur inngangur er í tóftina en hún virðist hafa vera grjóthlaðin. Veggir hennar eru um 3 m á breidd og 0,5-1 m á hæð. Útlit og staðsetning tóftar minnir frekar á fjárskýli en beitarhús. Búið er að gróðursetja tré í veggi tóftarinnar. Fast ANA við enda tóftarinnar eru tvær óljósar ferkantaðar dældir sem hugsanlega gætu hafa verið hluti af mannvirki og voru þær skráðar sem 020B. Dæld I er 2,5x2 m að stærð, <0,4 m á dýpt og snýr NNA-SSV. Dæld II er um 1 m NNA við dæld I. Dæld II er um 1x1 m að flatarmáli og um 1 m á dýpt. Umhverfis dældirnar eru engir greinilegir veggir heldur aðeins óljósar þúfur sem eru 0,2-0,4 m á hæð. Hlutverk dældanna er óþekkt. Lítil þúst C var svo skráð um 40 m SSA við tóft A suðvestan undir um 1 m háum þýfðum og grasigrónum hjalla. Þústin er um 5x5 m að flatarmáli, um 0,5 m á hæð og snýr norðvestur-suðaustur meðfram bakkanum. Innanmál er um 2x2 m og <0,3 m á dýpt. Enginn greinilegur inngangur er í þústina og engar greinilegar grjóthleðslur. Vegna trjágróðurs og sumarbústaðabyggðar er erfitt að fá góða yfirsýn yfir svæðið og tímafrekt að leita að fornleifum. Miðað við örnefnalýsingu er líklegt er að fleiri tóftir finnist á svæðinu.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ö-Vindás BÓ, 3; Ö-Vindás AG, 2



Fjárskýli (?) og þúst GK-347:020, horft til suðurs á ljósmynd

GK-347:021 *Stefánargata* heimild um leið 64°18.778N 21°30.280V "Stefánargata, forn heimreið, lá til vesturs við Brekkumel sunnanverðan," segir í örnefnaskrá. Frá lýsingu í örnefnaskrá að dæma var gatan austan við Gerði 025 og Ljóskollutóft 027 um 110 m VNV við bæ 001. Á þessu svæði er sléttað tún. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Vindás BÓ, 3

GK-347:022 sáðslétta tún 64°18.810N 21°30.114V
Á Lambhúsflöt (sjá 008) eru greinilegar leifar af sáðsléttu um 120 m NNA við bæ 001 og um 10 m SSA við túngarð 010. Á þessu svæði er sléttað tún í brekku sem hallar í 5-10° til NNV. Í túninu eru enn greinanlegar a.m.k fimm daufar <0,5 m breiðar og <0,3 m djúpar rásir sem liggja NNV-SSA samsíða í hallanum í brekkunni. Um 5 m eru á milli rásanna. Svæðið er samtals um 50x30 m stórt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-347:023 *Hesthúsflöt* örnefni hesthús 64°18.761N 21°30.125V
"Norðan við vestari tröðina er Lambhúsflöt [sjá 008] hallar til vesturs. Hesthúsflöt er norðan við bæinn, austur af henni er Norður-Bali," segir í örnefnaskrá. Hesthúsflöt er fast norðaustan við bæjarhól 001, þar sem yngsta íbúðarhúsið stendur. Á þessu svæði er sléttað tún/grasflöt milli íbúðarhúss og bæjarhóls 001. Ekkert sést til fornleifa. Ekki er útilokað að staðið hafi hesthús á þessum bletti en þó er alveg jafn líklegt að hesthúsið hafi verið í bæjarröðinni 001 og að flötin hafi verið nefnd Hesthúsflöt vegna þess að heyjað var af flötinni handa hestunum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Vindás BÓ, 4

GK-347:024 *Vindássel* heimild um sel 64°18.908N 21°27.666V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1705 segir: "Selstöðu á jörðin í sínu eigin landi, en brúkast þó ekki, heldur í selstöðu þeirri, er beneficio tilheyrir á Seljadal [skráð undir númerinu GK-348b:001 sem hluti af Seljadal],". Í svörum Hannesar Guðbrandssonar bónda í Hækingsdal við spurningum Þjóðháttadeildar segir einnig um sel frá Vindási: "Vindássel var einnig til þarna vestur af Sandfelli. Á Vindásflóum stendur það. Einn flóinn heitir Selflói þar sem selið hefur staðið líklega." Vindássel fannst ekki á flóunum austur og norðaustur af Sognsseli 012 um 2 km austur af bæ 001 í Vindási. Flóarnir norðan við Sandfell og Sandfellstjörn eru mjög deigir og á mörgum stöðum mjög rofnir í drullu- og sandflög. Selflói er ekki nefndur í örnefnaskrá Vindáss svo staðsetning selsins er mjög óljós. Ekki er útilokað að það sé horfið vegna rofs eða sokkið í þúfur og mýri.

Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: JÁM III, 423; Svör við spurningaskrá IV, Þjóðháttadeild, 21

GK-347:025 *Gerði* örnefni óþekkt 64°18.773N 21°30.335V
"Sunnan við vestri tröðina er Fjósaflöt [sjá 002 og 003], þá Haus að Stefánargötu [021], en sunnan við hana er Gerði og við suðurenda þess Fagrihóll," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt örnefnaskrá var gerðið um 140 m VNV við bæ 001 á svæðinu milli Ljóskollutóftar 027 og túngarðs 011 austan við Fagrahól. Á þessu svæði er sléttað tún. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Vindás BÓ, 4

GK-347:026 sáðslétta tún 64°18.696N 21°30.165V

Í túnbrekkunni austan og ofan við Brunn 004 eru greinilegar leifar af sáðsléttum um 100 m sunnan við bæ 001 og um 70 m suðvestan við traðir 009. Á þessu svæði er sléttað tún sem hallar í 5-15° til vesturs. Í túninu sjást greinilega a.m.k sex rásir sem liggja samsíða ANA-VSV með 4-5 m millibili niður túnbrekkuna að girðingu á svæði sem er um 35x30 m stórt. Rásirnar eru um 0,5 m á breidd, <0,3 m á dýpt og um 35 m langar. Rásirnar hafa trúlega verið fleiri en lítið sést af þeim nú (2011) vegna sléttunar.



Sáðslétta GK-347:026, horft til suðausturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-347:027 *Ljóskollutóft* þúst óþekkt 64°18.738N 21°30.297V

"Í suður frá bænum við norðurjaðar Bolamóa er Ljóskollutóft," segir í örnefnaskrá. "2. Ljóskollutóft. Enginn vissi, af hverju þetta sérstæða nafn var dregið, en tóftin er á allhárri hæð í suðvestur frá bænum. Snýr tóftin frá austri til vesturs, á að gizka 20 m á lengd og 3-4 m á breidd. Afhýsi lítið hafði verið í austurendanum, en þá dyr á milli þess og aðalhússins. Auk þess höfðu verið dyr á afhýsinu, og sneru þær í átt til bæjarins. Dyr aðalhússins höfðu verið á vesturenda þess. Tóftir þessar voru mjög fornar, en þó greinilegar. Einu sinni grófum við bræður holu niður í afhýsið og komum þar niður á viðarkol og viðarkolaösku, en ekki var það rannsakað meir. Nú mun vera búið að slétta yfir Ljóskollutóft," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Ljóskollutóft er nú (2011) lítið annað en sléttaðir hólar um 110 m vestan við bæ 001 og um 80 m norðvestan við Brunn 004. Á þessu svæði er sléttað tún á háum austurbakka Laxár. Í túninu eru tveir mjög áberandi hólar á svæði sem er um 80x80 m stórt. Hóll A er um 22 x 14 m stór, 2-3 m á hæð og snýr norður-suður. Efst í hólnum eru tvær aflangar dældir sem snúa báðar norður-suður og eru þær 0,2-0,4 m djúpar. Dæld I er um 10x3 m að innanmáli en dæld II er um 3x2 m. Nyrðri hóllinn er óljósari. Hann er um 30x25 m að stærð, 1-2 m á hæð og snýr norðaustur-suðvestur. Engar greinilegar dældir eru í hólnum.



Ljóskollutóft GK-347:027, horft til suðvesturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Vindás BÓ, 4; Ö-Vindás ath og viðb, 1

GK-347:028 heimild um leið 64°18.802N 21°30.435V
"Vegur til kirkju [348:004] og þingstaðar [348:007] að Reynivöllum, lá yfir Laxá á Sjálfkvíavaði [GK-338:037] og neðan við Brekkumel. Þar var farið frá Eyjabæjum [338:001 og 339:001], Grjóteyri [341:001] og Flekkudal [340:001]," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt örnefnaskrá var Sjálfkvíavað á Laxá um 250 m VNV við bæ 001 og um 60 m vestan við vesturenda túngarðs 011. Gatan hefur líklega verið í vesturbrún holtanna í Vindási vestan við tún og austan við Laxána um 240 m VNV við bæ 001. Á þessu svæði eru malareyrar Laxár, sléttuð tún og framræstar mýrar. Um 0,5 m breiður malarstígur sem liggur NNA-SSV er greinilegur í brekkunni ofan við ána en hann hverfur um 50 m norðar í sléttuð tún eða tekur skarpa beygju og breytist í hálfgert einstigi (<0,3 m á breidd) upp bratta grasigróna brekku í SSA í átt að bæ 001. Ekki er ljóst hvort einhver ummerki sjást um leiðina norðar í landi Vindáss en líklega hefur hún tengst vegi 041 við Gíslalæk um 800 m NNA við bæ 001. Leiðin hefur verið um 1 km á lengd í landi Vindáss. Vestan við Laxá hefur leiðin trúlega legið í VSV suður fyrir Klauf og Nautahjalla í suðausturenda Greniáss norðan við Eyjatjörn í VNV að Eyjum GK-338:001 og vestur yfir Sandsá í átt að Flekkudal. Ekki er ólíklegt að enn sé hægt að finna leifar af leiðinni milli Laxár og Eyjatjarnar (sjá einnig 338:038).

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Vindás BÓ, 4, 5

GK-347:029 heimild um vað 64°18.577N 21°30.229V
"Við Nestá er Nestáarhylur. Milli hans og Berghyls er vað. ... Frá Sandi [342:001] var farið [til kirkju 348:004 og þingstaðar 348:007 að Reynivöllum á vaðinu vestan við Nestá og [upp] á veginn [041] austan við túnið," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt örnefnaskrá var vaðið yfir Laxá um 320 m sunnan við bæ 001 og um 280 m VSV við Stöðul 015. Laxá er á þessu svæði 5-15 m á breidd, stígvélafær en þó frekar straumhörð. Árbakkar og eyrar eru grýtt en auðvelt er að komast yfir þar sem bakkar eru aflíðandi austan megin og aðeins 0,2-1 m á hæð vestan megin. Ekkert sést til vegslóða á þessu svæði í landi Vindáss en um 300 m langur slóði (sjá 031) hefur verið frá vaðinu í austur upp á veg 041.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Vindás BÓ, 4, 5

GK-347:030 heimild um vað 64°18.052N 21°29.395V
"Við Litlu-Eyri er vað. ... Frá Möðruvöllum [GK-343:001; var farið til kirkju GK-348:004 og þingstaðar GK-348:007 á Reynivöllum GK-348:003] á vaðinu við Litlueyri og á veginn [041] austan við Langamel," segir í örnefnaskrá. Litla-Eyri er um 1,4 km SSA við bæ 001 og um 160 m VSV við Hústóftir 019.
Á þessu svæði er Laxá um 4-6 m á breidd og stígvélafær þó grýttar áreyrarnar séu um 200 m breiðar. Auðvelt er að komast yfir.
Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Vindás BÓ, 4, 5

GK-347:031 heimild um leið 64°18.593N 21°30.167V
"Við Nestá er Nestáarhylur. Milli hans og Berghyls er vað [029]. ... Frá Sandi [GK-

342:001] var farið [til kirkju GK-348:004 og þingstaðar GK-348:007 að Reynivöllum GK-348:003] á vaðinu vestan við Nestá og [upp og austur] á veginn [041] austan við túnið," segir í örnefnaskrá. Leiðin frá Sandi hefur líklega legið frá vaði 029 í austur upp á veg 041 um 350 m sunnan við bæ 001 á svæðinu þar sem mógrafir 042 voru einnig. Á þessu svæði er djúpt lækjargil í gegn um hálfgróinn mel og þýft graslendi. Ekki eru neinar greinilegar vísbendingar um gamla götu eða leið á þessu svæði. Hugsanlega hefur verið riðið upp eftir lækjardraginu (nafn óþekkt) í austur að vegi 041. Ekki er þó útilokað að malarvegurinn sem liggur frá Kjósarskarðsvegi 48 um 120 m sunnan við lækjardragið sé á svipuðum stað og leiðin var áður. Leiðin hefur trúlega legið frá Laxá í vestur inn í land Eyjabæjanna (sjá GK-338:017), norður fyrir Eyjafell sunnan við Eyjatjörn og yfir Sandsá heim að Sandi 342:001. Vegslóðinn hefur verið um 300 m langur í landi Vindáss 001.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Vindás BÓ, 4, 5

GK-347:032 heimild um kolagröf 64°17.879N 21°27.358V
"Kolhrúgur eru austan við Fjárhúsás [020] ofanverðan," segir í örnefnaskrá. "Kolhrúgur eru móabörð, nokkru austan við Fjárhúsás í Vindáshlíð. Þar mun hafa verið gert til kola," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning kolagrafanna er óþekkt en svæðið í Vindáshlíð ASA við Fjárhúsásinn er um 2,8 km suðaustan við bæ 001 og um 550 m VSV við sumarbúðirnar og kirkjuna í Vindáshlíð. Á þessu svæði er grasigróið þýft graslendi og kjarr á víð og dreif sunnan undir Vindáshlíð. Hlíðinni hallar í 2-10° til suðurs og SSV. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ö-Vindás BÓ, 3; Ö-Vindás ath og viðb, 2

GK-347:033 heimild um kálgarð 64°18.744N 21°30.189V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var kálgarður fast vestan við bæ 001. Á þessu svæði er sléttað tún og rafmagnsstaur. Brekkunni hallar í 5-10° til vestur. Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt túnakorti var garðlag umhverfis kálgarðinn að norðan, vestan og sunnan.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-347:034 heimild um vörslugarð
Í Íslenskum fornbréfum frá 1352/1397 og um 1478 á Reynivallakirkja skjólgarð í landi Vindáss GK-347:001 ásamt kastar skurði (sjá mógröf GK-347:011). Staðsetning þessa skjólgarðs er óþekkt.

Heimildir: DI III 70-71, DI IV, 116-117, DI VI, 178-79

GK-347:035 heimild um kálgarð 64°18.710N 21°30.294V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var kálgarður um 60 m vestan við Brunn 004 og um 130 m suðvestan við bæ 001. Á þessu svæði er sléttað tún í brekku sem hallar 5-10° í suður niður í átt að Laxá. Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt túnakorti var ekki garðlag umhverfis garðinn.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917


GK-347:036 tóft rétt 64°18.675N 21°29.923V



Rétt GK-347:036, horft til ASA

Einfalt grjóthlaðið mannvirki er um 240 m suðaustan við bæ 001 og um 30 m norðaustan við tóft 015. Á þessu svæði er grasi- og mosagróin brekka í Móholti norðvestanverðu. Brekkan er þýfð og grýtt og hallar í 20-30° til norðvesturs. Tóftin er fast ANA við steinsteypta geymslu sem hulin hefur verið jarðvegi og fast ASA við sléttað tún milli Móholts og bæjarhjallans. Í miðri tóftinni er kartöflu- og rabbabaragarður. Tóftin er grjóthlaðin og einföld, um 16x12 m stór og snýr austur-vestur. Innanmál hennar er um 14x7-8 m. Veggir eru grjóthlaðnir, 1,5-2 m á breidd og 0,4-1 m á hæð (3-5 umför). Hleðslur standa grasigrónar en búið er að eyðileggja norðurvegg til hálfs en þar er búið að ýta honum upp í eina 6x4 m stóra grjóthrúgu trúlega þegar túnið var sléttað. Aðeins 7 m langur veggur er eftir uppistandandi að norðan. Enginn veggur virðist hafa verið á vesturhlið en þó er ekki útilokað að hann sé einnig í grjóthrúgunni. Trúlega hefur verið gengið inn að vestan upp í brekkuna.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Rétt GK-347:036

GK-347:037 heimild um heygarð 64°18.776N 21°30.162V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var heygarður fast ANA við útihús 002 og 003. Á þessu svæði er malarplan, lítil hestarétt og sléttað graslendi fast norðan við

malarplanið. Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt túnakorti var líklega garður umhverfis heygarðinn að norðan, austan og sunnan.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-347:038 þúst útihús 64°18.802N 21°30.038V
Óljós þúst er á miðju bæjarholtinu um 140 m norðaustan við bæjarhól 001 og um 130 m suðvestan við kvíar 013, fast suðaustan við heimreiðina heim að bæ. Á þessu svæði er sléttað tún. Þústin er um 15x10 m stór, <0,5 m á hæð og snýr norður-suður. Mjög óljós dæld er í miðju þústarinnar en dældin er aðeins um 2x1 m að innanmáli og <0,3 m á dýpt. Þústin er þessleg að mannvistarleifar geti leynst undir sverði. Staðsetning og stærð þústar gæti gefið til kynna að hér gæti hafa staðið útihús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-347:039 þúst óþekkt 64°18.805N 21°29.929V
Mjög óljós þúst er sunnan við núverandi heimreið heim að Vindási, um 220 m ANA við bæjarhól 001, um 30 m vestan við Kjósarskarðsveg 48 og um 70 m SSV við tóft réttartóft 036. Á þessu svæði er grýtt grasigróin brekka sem hallar í 5-20° til ANA í austurenda bæjarhjallans. Þústin er um 8 x 5 m stór snýr gróflega norður-suður. Þústin er <0,4 m á hæð og sjást 3-4 steinar í röð á tveimur stöðum í grasinu.



Þúst GK-347:039, hlutverk óþekkt, horft til suðurs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-347:040 þúst óþekkt 64°18.711N 21°30.212V
Óljós aflöng dæld er um 80 m SSV við bæ 001 og um 20 m NNA við brunn 004. Dældin virðist grafin inn í sléttaða túnbrekku sem hallar í 5-10° til suðvesturs. Dældin er um 2x1 m að innanmáli, 0,2-0,4 m á dýpt og snýr austur-vestur. Engir greinilegir veggir sjást umhverfis dældina en hugsanlega mætti greina óljósar þústir á svæði sem er um 8 x 7 m stórt. Líklegt virðist að eitthvert mannvirki hafi verið á þessum stað áður.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-347:041 gata leið 64°18.838N 21°29.339V
"Vegurinn sem liggur fram dalinn norðan við Laxá, kemur í Vindásland við Gíslalæk [sjá 348:023], liggur síðan um Litlamel, norðan við túnið, austur Langamel, ofan við Hústóftir [019], um Vindáseyrar, Háamel og Vindáshlíð. Þessi vegur lá áfram [yfir Laxá] að Hækingsdal [346:001] og Fremra-Hálsi [345:001], enn fremur um Kjósarskarð og Stíflisdal til Þingvalla. ... Frá Sandi [GK-342:001] var farið [til kirkju

GK-348:004 og þingstaðar GK-348:007 að Reynivöllum á vaðinu [GK-347:029] vestan við Nestá og [upp] á veginn austan við túnið. Frá Möðruvöllum [GK-343:001] á vaðinu [GK-347:030] við Litlueyri og á veginn austan við Langamel. Frá Írafelli [GK-344:001] var farið yfir Laxá á Norðlingavaði [GK-343:026] eða neðan við Háamel og þar á veginn," segir í örnefnaskrá. Leifar þessa vegar sjást ennþá greinilega t..d. ofan og austan við Leyni norðvestan undir Múla um 600 m austan við bæ 001 og ofan við Kjósarskarðsveg 48 um 150 m norðaustan við Hústóftir GK-347:019. Gatan lá um hálfgróna mela, móa og mýrar undir fjöllunum í landi Vindáss. Þar sem gamli þjóðvegurinn sést er hann 0,2-1 m djúpur malarslóði sem er 0,5-1,5 m breiður og vel greinilegur. Slóðinn hefur verið um 4 km í landi Vindáss frá Gíslholtslæk í norðri að Laxá og Svínadalsá í ASA. Á köflum er gatan horfin vegna rasks við gerð Kjósarskarðsvegar 48. Vegurinn var einnig skráður í landi Reynivalla undir númeri GK-348:023. Ekki er ólíklegt að við ármót Laxár og Svínadalsár í vestri hafi vegurinn skipts í tvennt og legið upp með Svínadalsánni í átt að Írafelli GK-344:001 og haldið áfram meðfram Laxánni í landi Írafells í suðvestur í átt að Stíflisdalsvatni. Leiðin var ekki skráð í landi Írafells.



Gata GK-347:041, horft til suðurs

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Vindás BÓ, 4, 5

GK-347:042 frásögn mógrafir 64°18.498N 21°30.086V
Samkvæmt Magnúsi Lárussyni, heimildamanni voru mógrafir á austurbakka Laxár, norðvestan við Nestá um 470 m SSA við bæ 001. Á þessu svæði er nokkuð flatt en þýft gras- og mýrlendi sem hallar í 2-5° til VNV. Frá Kjósarskarðsvegi 48 liggur malarvegur úr VNV-ASA niður að Laxá. Ekki fundust nein greinileg ummerki um mógrafir en svæðið sem um ræðir er um 200x200 m stórt.

Hættumat: engin hætta

GK-347:043 varða landamerki 64°19.714N 21°27.921V
Varða sem gæti verið á landamerkjum, er á norðvesturmerkjum Vindáslands í Hryggjunum á Reynivallahálsi, um 254 km norðaustan við bæ 001 og um 400 m norðvestan við vörðu 044. Stendur í norðausturenda grjótholts sem snýr norðaustur-suðvestur á Reynivallahálsi. Holtið er örlítið mosa- og lyngigróið og um 1-3 m á hæð. Norðvesturbrún holtsins er mun greinilegri en sú suðaustanverða. Þessi varða er lítið annað en mosagróin hringlaga grjóthrúga sem er <0,4 m á hæð og 1x1 m að flatarmáli. Engin önnur greinileg varða sést í nágrenninu.

Hættumat: engin hætta

GK-347:044 varða landamerki 64°19.544N 21°27.601V
Varða sem gæti verið á landamerkjum er við norðvesturmerki Vindáslands, við Fossá, í Hryggjunum á Reynivallahálsi um 2,54 km norðaustan við bæ 001 og um 20 m suðvestan við Svínaskarðsveg 046. Á þessu svæði eru mosa- og lyngigrónir klettar og varðan stendur í norðurbrún 5-6 m hárrar klettabríkur sem snýr norðaustur-suðvestur samsíða Svínaskarðsvegi 046. Varðan er hlaðin úr hellusteinum, um 1,2 m á hæð (15-20 umför) og um 1x1 m að stærð. Varðan er við Svínaskarðsveg 046 sem liggur til norðausturs í átt að Fossá (sjá GK-356:026). Grjótið í vörðunni er örlítið mosagróið en varðan mjókkar upp í topp.



Landamerkjavarða GK-347:044, horft til austurs

Hættumat: engin hætta

GK-347:045 varða landamerki 64°19.322N 21°27.290V
Varða sem gæti verið á landamerkjum er í Hryggjunum á Reynivallahálsi um 2,45 km NNV við Vindáshlíð og um 2,55 km ANA við bæ 001. Á þessu svæði eru Hryggir lítt mosagróinir melar. Varðan er hrunin og því lítið annað en ferköntuð grjóthrúga úr þursabergi sem er <0,4 m á hæð. Hún er 1x1 m stærð.

Hættumat: engin hætta

GK-347:046 *Svínaskarðsvegur* gata leið 64°19.538N 21°27.662V
"Svínaskarðsvegur [sjá einnig GK-356:026] sem var mjög fjölfarinn á sumrin bæði af Kjósverjum, og þó einkum þeim sem ferðuðust á hestum milli Reykjavíkur og norður- og vesturlandsins, lá yfir Laxá á Norðlingavaði, upp Klifsnes, Vindáshlíð, Sandfellsmela norðan við Sandfell, sunnan við Hryggi, vestan við Dauðsmannsbrekku og síðan áfram yfir að Hvalfirði [í landi Fossár]. Þessi vegur meðan hann lá um Vindásland, var alltaf í daglegu tali nefndur Þjóðvegur (sjá einnig GK-338:038 og GK-343:040)," segir í örnefnaskrá. Svínaskarðsvegur sést ennþá vel austan, norðaustan og norðan við Sandfell og á Reynivallahálsi um 2 km austan við bæjarhól 001 og um 140 m austan við Sandfellstjörn. Slóðinn liggur að mestu um sendna og grýtta mela og mosagróna móa. Svínaskarðsvegur er 2-5 m breiður malarvegur eða slóði sem liggur frá Laxá í suðri upp Vindáshlíð norður fyrir Sandfell að austanverðu að landamerkjum Vindáss í norðri. Vegurinn hefur verið um 4,5 km á lengd í Vindáslandi. Vegurinn er ennþá vel greinilegur mest alla leiðina frá brekkunum ofan við sumarbúðirnar í Vindáshlíð að landamerkjum í norðri.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Vindás BÓ, 5

GK-347:047 *Selstígur* gata leið 64°18.438N 21°28.798V
"Selstígur lá yfir Ása, austan við Eystri Hvammamýri, upp Múla og Múlahorn vestan við Sandfell, og þar á þjóðveginn [046]. Í framhaldi af Selstíg lá gata norður yfir Hryggi, að Seljadal. Eins og nafnið bendir til mun Selstígur í fyrstu einkum hafa verið notaður til selfara, því Sogn átti sel [348:012] við Sandfellstjörn sunnanverða, en Vindás átti sel [348b:010] í Seljadal, skammt vestur af Skálafelli. Einnig var hey flutt niður Selstíg, þegar heyjað var uppi á Vindásflóum, en það mun hafa verið stundað nokkuð einkum þegar tvíbýli var á Vindási. Allmikil umferð var um Selstíg meðan búið var á Seljadal. Einnig fóru hann margir sem leið áttu yfir Reynivallaháls." Samkvæmt Magnúsi Lárussyni, heimildamanni, var beygt út af leið 041 suðvestan undir Múla þegar farið var Selstíg. Þá var farið upp með Múlalæk um 200 m norðan við Hústóftir 019 og um 1,5 km suðaustan við bæ 001. Selstígur lá um grýtta bratta fjallshlíð, grasigróna móa og gróðurlausa grýtta mela. Selstígur lá upp með Múlalæk í norðaustur en þegar komið var upp á brúnina var beygt í NNA meðfram Sandfelli. Gengið var um stíginn í boga meðfram Sandfellinu norðvestan verðu og norður fyrir það sunnan við Sandfellstjörn í ANA, en stígurinn tengdist Svínaskarðsleið 046 um 2,1 km austan við bæ 001 og 300 m suðaustan við Sandfellsvatn. Stígurinn hefur verið um 2 km á lengd.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Vindás BÓ, 5

GK-347:048 *Steinkugil* gata leið 64°18.733N 21°28.753V
"Norðan við Leyni er Leynismelur nyrðri, ofan við hann Þverbrekkur. Mosató er lítil mosaþemba ofan við Þverbrekkur, en austan við þær Vestari-Hvammur. Upp af honum Steinkugil. ... Stundum var þó á leið milli þeirra [Vindáss 001 og Seljadals GK-348b:001] bæja gengið um Steinkugil, vestan við Fossá. Þegar heyjað var uppi á Vindásflóum hafði heyskaparfólkið jafnan gengið um Steinkugil," segir í örnefnaskrá. Steinkugil er ANA við Hvamma um 1,1 km austan við bæ 001, um 550 m norðan við Selstíg á brún Múla og um 550 m VSV við Sandfellstjörn. Stígurinn lá um grýtta og gróna fjallshlíð, ógróið gil og mela. Stígurinn hefur verið um 1,5 km á lengd. Engar greinilegar götur eru í Hvömmunum neðan við gilið við leið 041.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Vindás BÓ, 2, 6

Fornleifaskráning í Kjósarhreppi III:

Reynivellir, Vesturkot, Seljadalur, Sogn, Hvítanes,
Þrándarstaðir, Ingunnarstaðir og Hrísakot

II. bindi



Ritstjóri: Sólveig Guðmundsdóttir Beck
Höfundar efnis: Sólveig Guðmundsdóttir Beck og Sigurjóna Guðnadóttir

Fornleifastofnun Íslands
FS496-07123
Reykjavík
2012

Forsíðumynd er af Hækingsdalsseli GK-348b:010 í Seljadal, horft er til VNV. Ljósmynd tók Birna Lárusdóttir.

© Fornleifastofnun Íslands 2012
Bárugötu 3
101 Reykjavík
Sími: 551 1033
Fax: 551 1047
Netfang: fsi@instarch.is
Heimasíða: www.instarch.is

Efnisyfirlit

I. Bindi

1. Inngangur.... 4
2. Löggjöf um fornleifar.... 5
3. Byggðarsaga Kjósarhrepps.... 7
4. Fornleifaskrá.... 21
GK-320 Káranes.... 23
GK-321 Káraneskot.... 37
GK-322 Laxárnes.... 43
GK-332 Mýdalur/Miðdalur.... 62
GK-333 Mýdalskot/Miðdalskot.... 80
GK-338 Möðruvellir (viðbót).... 82
GK-346 Hækingsdalur.... 83
GK-347 Vindás.... 107

II. Bindi


GK-348 Reynivellir.... 127
GK-348b...Seljadalur/Reynivallasel.... 157
GK-349 Vesturkot.... 165
GK-350 Sogn.... 170
GK-355 Hvítanes.... 181
GK-358 Þrándarstaðir.... 195
GK-359 Ingunnarstaðir.... 205
GK-360 Hrísakot.... 224
5. Samantekt.... 237
6. Niðurstöður.... 247
7. Lokaorð.... 251
8. Heimildaskrá.... 252

Viðaukar.... i
Hnitaskrá á ISN93.... ii
Minjakort.... viii

GK-348 Reynivellir

Beneficial. 30 hdr. 1847. "Jarðabækurnar nefna bæði Vesturkot [GK-349:001] og Austurkot [GK-348:015]." JJ, 100 (nmgr.) Staður, dýrleiki ekki gefin upp 1705 vegna þess að þá var jörðin í eyði eftir snjóflóð sem féll um 1699. Þá var henni skipt upp í 3 býli, Nýjabæ [003], Austurkot [015] og Vesturkot [GK-349:001] sem öll voru í byggð. Kirkjunnar [002] á Reynivöllum er fyrst getið í máldaga Ingunnarstaðakirkju og kirkjunnar í Eyjum: [1180]: "ef enginn fæsc prestr. [á Ingunnarstöðum] Þa scolo reynevellingar fyrst eiga kost at lata syngia til Þessa kaups ef Þeir vilia," DI I, 266. [1180]: "Mariu kirkia i Eyivm ... Þar scal syngia annan hvarn dag loghelgan af reyne vollom;" DI I, 267. c. 1200: "veisla ger mót Páli bp á yfirreið," Biskupasögur I, 340. 1200: Kirkjunnar er næst getið í kirknaskrá Páls biksups. DI XII, 9. Í máldaga kirkjunnar frá 1352 segir: "a kirkian. allt heima lannd og eina vtjord er heitir j sornne. þridiung j laxafossi oc særliga siovarfoss. Bollstædijnnga hyl. kiosar sker. fiogara tiga sauda beit j mula lannd. lamba hofnn j eilyfsdal. ellefu tigum. ij manada beit gomlum saudum j sanndfellz hlijd oc skiolgard j vinndaslanndi oc kastar skurdur. er annar kastar skurdur j eyiarlannd. þridie til valldastada. xij rossa beit j þufu lannd. vj j eyrar lannd." DI III, 70-71. Næsti máldagi kirkjunnar sem varðveist hefur er frá um 1367: "xliv. Mariukirkia a Reynevollum a heimaland alltt Sornns land. þridiung j laxfoss. Sioarfoss allann." DI III, 219. Í Vilcinsbók frá því um 1397 segir: "a heimaland allt. Sornsland. þridiung j Laxfossi. Siofarfos allann. Kiosarskier. Bollstædingahylur. tuær skogartoptter j Skoradal oc ein j Svijnada." DI IV, 116-117. Í mádlaga Eyjakirkju frá 1397 segir: "[til Eyja] skal syngia annann hvern dag loghelgann af Reynivollumm. paskadag oc kyndilmessv." DI IV, 116. Í máldaga Ingunnarstaðakrikju frá því 1397 segir: "ef ei fæst prestur. [á Ingunnarstöðum] Þa skulu Reynivellingar fyrst eiga kost ad lata syngia," DI IV 118. Í máldaga kirkjunnar frá því um 1478 segir: "Mariukirkia a reynivollum j kios a heimalannd allt sornns lannd. þridiunng j laxfosse. siofarfoss allann. kiosarsker. bollstædijnngahyl. ij skogartopter j skoradal oc eina j suijnadal. kastar skurd j vinndas lannd. annan j þorlaksstada lannd. þ[ridia] j ualldastada lannd. tueggia manada beit aullu saudfee a ve[tur]inn j sandfellzhlijd oc skiolgard j vinndaslannd. xl sauda hofnn j mula fiall oc skiol j mariuhelle oc scal sa telia epter hueria hrijd sem byr ä mula. lammba beit j lammbatungur j eileifsdal. xij hrossa beit a veturinn j þufu land. vj hrossa beit [j] eyrar lannd." DI VI, 178-79. 1486: Bréf um kirkjuna. DI VI, 586-87. 1575: Máldagi kirkjunnar. DI XV, 632-633. 1847: "Jarðabækurnar nefna bæði Vesturkot [GK-349:001] og Austurkot [GK-348:015]." JJ, 100 (nmgr.). Einnig var um tíma búið á Reynivallaseli GK-348b:001 og á Gerði GK-348:025 en þar var byggt timburhús yfir vinnumann um 1930. 1705: "Túnin eru stórlega fordjörfuð, þau eru sjálum heimastaðnum fylgdu, og mikinn part eyðilögð, og er jafnan voði fyrir meiri skaða, so að ekki dirfast menn bygð að setja í hinu forna bæjarstæi síðan snjóflóð 1699 yfirfjell staðinn, braut hús, deyddi prestinn og 6 manneskjur aðrar, en beinbraut og limlesti þá, sem þó urðu með stórerfiði úr snjóflóðarústunum með mannsöfnuð upp mokaðir og náðust lífs, en þó að bana komnir. Engið, sem þó er bæði gott og mikið, skemmir stundum Laxá með grjóti og aur, þar með eru foruð á engjavegi, so að ekki verður tilsókt nema brúkað sje. Landþröngt er, so að ábúendur verða engið að beita, því að heimahagar eru mikinn part fordjarfaðir af skriðum." JÁM III, 425. 1847: "Hve mikinn fénað prestsetrið Reynivellir framfæri, skýrir prestur eigi frá, en segir, að 5 kúg. fylgi heimajörðunni, og að túnið sé undirorpið skemmdum af snjóflóðum og aurskriðum, ef eigi árlega er við gjört með mannafla og kostnaði. Staðurinn á rétt til móskurðar og skóg til kola á Vindási, svo og skógarreit í Reynivallatúngum í Skoradal, en óvist var (1839) hvort

hann á laxveiði í Laxá, sem eigi heldur í mörg undanfarin ár hefir verið notuð." JJ, 104-105. 1917: Tún 6,7 teigar auk grafreitar 0,17 teigar. Túnin slétt og greiðfær. Garðar 1500 m^2.



Túnakort Reynivalla GK-348 frá árinu 1917

GK-348:001 *Reynivellir (eldri bær)* bæjarhóll bústaður 64° 20.252N 21° 31.409V Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1705 segir m.a.: "Reineveller, var beneficium og kirkjustaður. Er nú heimabærinn aldreiliss eyðilagður af snjóflóðum og skriðum, so ekkert bæjarhús stendur eftir. Kirkjan og kirkjugarðurinn stendur enn nú, þó í stórum háska, samt eru þar ríðir fluttar. Er í staðinu þessa beneficii er sóknarprestinum, sem nú er Sr. Torfi Halldórsson, af sál. Kóngi Friðrik 3ja, gefin til bústaðar jörðin Vindás 1664." Elsti bærinn á Reynivöllum var nálega 30 m ofan við gömlu kirkjuna 002 fast norðaustan við kirkjugarðsvegginn. Snjóflóð féll á bæinn 1699 og eftir það var hann fluttur um 200 m til SSA um 50 m neðan og VSV við núverandi íbúðarhús (sjá 003). Bærinn var á lágum, grasigrónum og grýttum hæðarrana norðaustan við kirkjugarðinn sem hallar um 5° í suðvestur. Lækur rennur rétt norðvestan við hólinn og kirkjugarðinn. Ofan við hæðina tekur við grasigróin brött brekka svo að bærinn hefur verið efst í heimatúni. Í Kjósarmenn segir m.a.:"... segir



Bæjarhóll eldri bæjar GK-348:001 ofan við kirkjugarð, horft til vesturs

Fitjaannáll þannig frá þeim atburði [snjóflóði 1699], og getur jafnframt síra Odds: "Þann 15. janúar (1699), sem var sunnudagskvöldið fyrsta í þorra, eftir húslestur, skeði það voveiflega og hryggilega tilfelli á Reynivöllum í Kjós, að snjóflóð hljóp á staðinn og tók öll hús nema kirkjuna, smiðjuna og fjósið.[...] Síðan hefur sjálfur heimastaðurinn ekki verið uppbyggður, heldur lítið nýbýli [Nýibær] skammt frá." Þar sem bærinn stóð er mjög þýft og grýtt en engar tóftir sjást. Greina má lága hæð norðaustan við kirkjugarðinn sem er um 40x40 m að flatarmáli en innan við 1 m á hæð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM III, 423; Kjósarmenn, 169

GK-348:002 kirkjugarður kirkja 64° 20.242N 21° 31.438V
Í Jarðabók Árna og Páls frá 1705 segir: "Reineveller, var beneficium og kirkjustaður. Er nú heimabærinn aldeiliss eyðilagður af snjóflóðum og skriðum, so ekkert bæjarhús stendur eftir. Kirkjan og kirkjugarðurinn stendur enn nú, þó í stórum háska, samt eru þar tíðir fluttar. Er í staðinn þessa beneficii er sóknar-prestinum, sem nú er Sr. Torfi Halldórsson, af sál. Kóngi Friðrik 3ja gefin til bústaðar jörðin Vindás 1664." Kirkjan á Reynivöllum stóð áður inni í kirkjugarði, um 190 m NNV við nýja bæinn 003 en rétt suðvestan við elsta þekkta bæjarstæðið á Reynivöllum 001. Kirkjan, sem byggð var 1859 (004), var færð úr garðinum (fyrir 1917), í um 100 m til suðausturs þar sem hún stendur nú. Garðurinn og kirkjan snúa bæði VNV-ASA eða samsíða dalnum. Garðurinn er í aflíðandi halla til suðurs. Hann er stór og í honum fjöldamargar grafir. Garðurinn hefur greinilega verið stækkaður til suðurs og líklega til vesturs líka. Vírgirðing er umhverfis garðinn. Að norðan (norðaustan) er steinsteyptur kirkjugarðsveggur en að austan (suðaustan) þar sem aðkoman er að garðinum er grjóthlaðinn garður sem greinilega hefur nýverið verið endurhlaðinn. Garðurinn er nú (2003) um 55 X 60 m að stærð. Merki fjölmargra grafa sjást þó garðurinn hafi verið sléttaður að hluta. Elstu merktu leiðin eru frá því snemma á 19. öld en örfá ómerkt leiði sjást. Mikið hefur verið gróðursett í garðinn af ösp, birki og greni. Ekki er mjög greinilegt hvar kirkjan stóð en auður blettur er þó í garðinum, nálega í miðjum gamla garðinum. Er líklegast að kirkjan hafi verið þar. Bletturinn er um 15 m sunnan við við norðurhlið en 20-30 m vestan við austurhlið. Snemma á 20. öld lá leiðin heim að bænum fast neðan við kirkjugarð og kirkju en rétt ofan við bæ. Vegurinn lá áður um Kirkjustíg. Kirkjustígur byrjaði "vestur við Kipp á Hjallholti [sem er holtið upp af kirkjunni] heldur smáhækkandi, rétt austur að Þinghúsgili, er síðar getur. Síðan aftur til baka og áfram í krókum," segir í örnefnaskrá. REYNIVELLIR Í KJÓS (K) -Maríu [1180]: "ef enginn fæsc prestr. [á Ingunnarstöðum] Þa scolo reynevellingar fyrst eiga kost at lata syngia til Þessa kaups ef Þeir vilia," Máld DI I 266 [Ingunnarstaða]. [1180]: "Mariu kirkia i Eyivm ... Þar scal syngia annan hvarn dag loghelgan af reyne vollom," Máld DI I 267



Kirkjugarður GK-348:002, kirkjugarðsveggur endurhlaðinn, horft til norðvesturs

[Eyja]. C. 1200: "veisla ger mót Páli bp á yfirreið," Jarteinabók 1200, Bsk I, 340. c. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII, 9. 1352: "Anno domini M°. Ccc°. L°. Secundo a þridia are biskups doms virduligs herra gyrdiz med gudz näd biskups j skalhollte so sem hann kom a[t] reynevollum j sinni visitacione reiknadist suo mikid gotz þad er kirkian ätte. Jnn primis vij manna klædi med hoklum. Iij kalekar. Þriar kanntara kapur. Ein med pell. Avnnur ed lynvef. Þridia med salun. Vj. Anntependia til vtalltara. Fimm anntependia til haalltaris. Vj. Alltarisdukar. Iiij. Sloppar. Tabulum fyrir alltare oc brijk medur. Smelltur kross oc skrijn. Glodarker. Baksturjarn. Glodaker elldbere. Vijgdz vatz ketill. Iij kerttistikur. Ein ampulla. Ein sacrarij munnlog. Tiolld vmhuerfi kirkiu. Og ad auk steintialld oc hrijnnga refil. Eitt fonntklædi oc skirnarsär. Mariu skript oc nicholas skript og gRadulae cum sequencijs. Iij lesbækur j are per anne circulum de sanctis oc de tempore. Songbokur per anni circulum tuær Euanngeliorum. Martyrjlogium. Capituliarius oc enn nockrar fornar bækur þær sem litit skolu. Fiorar samhrijngiur. Ij smaklockur oc ein vtiklocka. A kirkian. Allt heima lannd og eina vtjord er heitir j sornne. Þridiung j laxafossi oc særliga siovarfoss. Bollstædijnnga hyl. Kiosar sker. Fiogara tiga sauda beit j mula lannd. Lamba hofnn j eilyfsdal. Ellefu tigum. Ij manada beit gomlum saudum j sanndfellz hlijd oc skiolgard j vinndaslanndi oc kastar skurdur. Er annar kastar skurdur j eyiarlannd. Þridie til valldastada. Xij rossa beit j þufu lannd. Vj j eyrar lannd. Seautian kyr. Xij ær. Viij ross. Ij hundrat j metfie. Ij hunndrad j vidum. Fiordung vax. Ij presta skylld og diakns." Máld DI III, 70-71. [1367]: "xliv. Mariukirkia a Reynevollum a heimaland alltt Sornns land. Þridiung j laxfoss. Sioarfoss allann les Vilchinzbok þui þetta ber samann," Hítardalsbók, DI III, 219. 1397: "a heimaland allt. Sornsland. Þridiung j Laxfossi. Siofarfos allann. Kiosarskier. Bollstædingahylur. Tuær skogartoptter j Skoradal oc ein j Svijnadal [+kastarskurði, beit, sauðahöfn, skjól í helli, lambarekstur, hrossabeit] er aa Þessu fie tveggia presta skylld og diakns. Portio medann sira Finnur hiellt halftt atta hundrad. Enn medann sira Vigfus hiellt ccc. Oc xiiij aurar. Jtem hefur sira Finnur lagtt til kirkiunnar halft Þridia hundrad," Máld DI IV, 116-117. 1397: "[til Eyja] skal syngia annann hvern dag loghelgann af Reynivollumm. Paskadag oc kyndilmessv. Þar skal lvkast c presti,". Máld DI IV, 116 [Eyja]. 1397: "ef ei fæst prestur. [á Ingunnarstöðum] Þa skulu Reynivellingar fyrst eiga kost ad lata syngia til Þess kaups ef Þeir vilia." Máld DI IV, 118 [2 merkur, Ingunnarstaða]. [1478]: "Reyniveller j kios. Mariukirkia a reynivollum j kios a heimalannd allt sornns lannd. Þridiunng j laxfosse. Siofarfoss allann. Kiosarsker. Bollstædijnngahyl. Ij skogartopter j skoradal oc eina j suijnadal. Kastar skurd j vinndas lannd. Annan j þorlaksstada lannd. Þ[ridia] j ualldastada lannd. Tueggia manada beit aullu saudfee a ve[tur]inn j sandfellzhlijd oc skiolgard j vinndaslannd. Xl sauda hofnn j mula fiall oc skiol j mariuhelle oc scal sa telia epter hueria hrijd sem byr ä mula. Lammba beit j lammbatungur j eileifsdal. Xij hrossa beit a veturinn j þufu land. Vj hrossa beit [j] eyrar lannd. Jtem þetta a hun jnnan sig et cetera. Jtem fiorar merkur vax. Jtem vij kyr oc eina kuijgu tuæuetra. Ix ær oc hrut tuæuetrann. Ij hesta er uoru metnir fyrir iij merkur bäder samann. Ij sænngur lettar. Halfa þridiu vod. Einn pott heilann oc annan brotinn. Eina munnlog sterka. Viij fiordunnga ketil oc annann vonndann. Eitt tinfat. Iij trefot." Máld., DI VI, 178-79 [Þjsks Bps A II, 1, bl. 121a-b - vitnað er í þannan máld. Í virðingargerð frá 2.11.1486 og mun hann því vera frá seinni hl. 15 aldar]. 2.11.1486: "Bref wm kirkiugiord aa Reyneuollum. Þath giorer ek arne prestr snæbiarnarson officialis heilagrar skalholltzkirkiu j mille huitar j borgarfirde ok helkunduheidar skalholltzbiskupsdæmis godum monnum viturligt med þessu minu opnv brefi at þa er ek reid j mitt profastdæme nidri wm gullbringu kom fyrir mik sira nikulas arnason sem þa hellt Reynevallar stad j kios. Beiddj hann mic ok krafdj vpp aa laganna vegna at sia ar at kirkiunne ok stadnum er hann villdj standa

sinne kirkiu reiknínigsskp. Kalladj ek til med mier sex skælega menn presta ok leikmenn. Hafdj hann latid giora kirkiuna ok stadinn þa hann tok med. Var þa kirkia giord fyrir þriu hundrut. Enn stadurinn fyrir fimm hundrut. Jtem giordum vjer þa kirkiuna fyrir tuttugu hundrut enn stadinn fyrir fimtan hundrut. Atti kirkian at vera med golfi ok beckium. Ok aull vnder hellu. Fell þa aptur seytian hundrut fyrir kirkiubota. Enn tiu hundrut fyrir stadarbota. Hier med lagdj adrgreindur sira nikulas kirkiunne. Tiu hundrut j bokum ok messuklædum. Jtem stod þa epter j porcio ok mortuaria tuttugu hundrut. Var fyrgreindr sira nikulas hier med aullungis kvittur wm allan fornan reikningsskap kirkiunnar aa Reyneuollum fra þui er hann tok stadinn ok framan til þess sem þa war komet. Skylldj þesse fyrr greind tuttugu hundrut leggiazt kirkiunne til jnnstædu æfinlega hier epter þui hun var litil adr. Skylldj þesse tuttugu hundrut lukazt j suo uordnum peningvm. Tiu malnytu kugilldi ok tiu hundrut j aullvm þarfligvm peningum fridvirtvm. Jtem var adr gomul jnnstæda vij kyr ok tuæutur kuiga milk. Ix ær tuæuetur hrutur ok .ij. Hestar firir iij. Merkr bader ok þath at auk sem skrifath stendr jnnan gatta. Ok til sannennda hier vm settj ek officialatus jnscigle fyrir þetta bref skrifath aa Reyneuollum j kios fimtudaginn næsta epter festum sanctorum omnium anno dominj. M°. Cd° lxxx° sexto." Virðing DI VI, 586-87 [Þjsks Bps Fasc. XII, 1, frumrit á skinni; AM Apogr. 2442]. 1575: Máld DI XV, 632-633. 26.2.1880: Saurbæjarsókn lögð undir Reynivelli; (PP, 112) [lög].

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar
Heimildir: JÁM III, 423; Ö-Reynivellir, 1-2; DI I, 266; DI I, 267; Bsk I, 340; DI XII, 9; DI III, 70-71; DI III, 219; DI IV, 116-117; DI IV, 116; DI IV, 118; DI VI, 178-79; DI XV, 632-633; DI VI, 586-87; PP, 112

GK-348:003 *Reynivellir* bæjarstæði bústaður 64° 20.147N 21° 31.350V
Í Jarðabók Árna og Páls frá 1705 segir: "Leifar af þessu foreydda beneficio eru nú sundur deildar í þrjú smábýli, og heitir hið fyrsta. Nýebær, upppbygt fyrst þar sem aldrei hafði fyr vær verið Anno 1699, þegar heimastaðurinn eyðilagðist aldeiliss." Nýibær, sem merktur er inn á túnakort frá árinu 1917, stóð um 45 m neðan og VSV við núverandi íbúðarhús á Reynivöllum og um 10 m suðaustan við malbikaða heimreiðina frá Kjósarskarðsvegi 48 heim að íbúðarhúsi og kirkju 004. Bærinn stóð norðvestast á lágum grasigrónum og smáþýfðum 0,2-1,5 m háum rana sem snýr norðaustur-suðvestur. Á rananum hafa verið gróðursett tré þar sem gamli bærinn stóð áður. Fast suðvestan og neðan við ranann undir brekku sem hallar í um 5° til VSV er sléttað tún. Ofan við ranann eru leifar af gamla þjóðveginum (sjá 023). Raninn er að mestu náttúrulegur þó einhverjar mannvistarleifar sé án efa að finna undir sverði í honum. Bærinn stóð þó aðeins á þessum stað frá því um 1700. Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 voru á rananum 7 hús (003-010) á um 100 x 30 m stóru svæði sem snéri NNV-SSA. Í trjálundinum þar sem bærinn stóð sjást ennþá leifar grjóthlaðins grunns sem er um 6 x 5 m stór og snýr



Bæjarstæði yngri bæjar GK-348:003, horft til norðurs

NNV-SSA. Grjóthleðslurnar eru óljósar og grasigrónar. Innan við hleðslurnar (inni í grunninum) er 0,2-0,4 m djúp dæld. Samkvæmt gömlum ljósmyndum, sem meðal annars sjást í Afmælisbæklingi Reynivallakirkju sem gefinn var út í tilefni af 150 ára afmæli kirkjunnar, var síðasta íbúðarhúsið á þessum stað á þremur hæðum (kjallari, jarðhæð og ris), bárujárnsklætt og einása. Þó virðist það vera lengra og breiðara en 6x5 m svo ekki er alveg ljóst hvort grunnurinn sem sést enn í trjálundinum er grunnur íbúðarhússins eða aðrar hleðslur áður tengdar því. Samkvæmt túnakorti var húsið um 6 x 10 m stórt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM III, 423; Túnakort 1917; Afmælisbæklingur Reynivallakirkju

GK-348:004 *Kirkjubrekka* hús kirkja 64° 20.186N 21° 31.345V
Kirkjan sem nú stendur á Reynivöllum var byggð árið 1859 og er nýlega uppgerð. Hún er um 130 m suðaustan við gamla kirkjustæðið (002) og um 70 m norðan við bæjarstæði (003) á Reynivöllum sem merkt var inn á túnakort frá 1917. Brekkan ofan við kirkjuna heitir Kirkjubrekka. Kirkjan stendur á hæð eða syllu í brekku sem hallar í 5-10° til suðvesturs. Ekki hefur verið jarðað í kringum kirkjuna en þar er rennislétt grasflöt. Reynivalla-kirkja er einása bárujárnsklædd timburkirkja á hlöðnum sökkli. Kirkjan er um 12x7 m stór og snýr NNV-SSA. Um 3 m langt og 2 m breitt fordyri er í NNV-enda kirkjunnar þar sem gengið er inn. Fjórir gluggar eru á hvorri hlið og einn gluggi ofan við innganginn undir opinu inn í klukkuturninn í þaki kirkjunnar ofan við fordyrið. Kirkjan er 3-5 m á hæð.


Reynivallakirkja GK-348:004, horft til suðausturs

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

GK-348:005 heimild um vatnsból 64° 20.156N 21° 31.350V
"Fyrir heiman Kippgil er svo túnstykki, sem heitir Stóra-Norðurgrund. Eftir henni lá vallgróinn garður [022], sem nú hefur verið jafnaður við jörð að mestu, en endaði við brunninn hjá gamla húsinu [003] og hét Trúlofunarhryggur." segir í örnefnaskrá. "Vatn var lengi sótt í brunn, sem var fáa metra fyrir vestan íbúðarhúsið og hafði verið reistur lítill torfkofi yfir. Var vatnið sótt í bæinn í blikkfötum," segir í Ljósmyndir IIA. Samkvæmt túnakorti frá 1917 var brunnhúsið um 15 m NNV við bæ 003. Húsið er merkt sem vatnsból á túnakorti. Það var um 45 m vestan við núverandi íbúðarhús (1956) og um 55 m sunnan við Reynivallakirkju 004. Á þessu svæði er grasigróinn bæjarhóll. Brunnurinn var neðst í lítilli brekku neðan við heimreið heim að bæ ofan við bæjarhól. Brekkunni hallar í 5-10° til suðvestur. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Reynivellir, 2; HJ: Ljósmyndir IIA, 185

GK-348:006 *Pakkhús* heimild um skemmu 64° 20.146N 21° 31.344V
"Austanvert við bæinn á hlaðinu var smákofi til ýmissa heimilisafnota eða útieldhús. Sá kofi er fallinn fyrir mörgum árum," segir í Ljósmyndum IIA. Þar segir einnig: "Á hlaðinu, rjett við íbúðarhúsið er gamalt timburhús með járnþaki, kallað Pakkhús. Í því hafa verið geymdar fjöldamargar nauðsynjar, mjölmatur alls konar, saltkjöt, fatnaður, reiðveri og ýmislegt fleira." Pakkhúsið er nú (2010) horfið en á gömlum ljósmyndum í afmælisbæklingi Reynivallakirkju stendur það fast SSA við íbúðarhús 003 og á túnakorti frá árinu 1917 er merkt skemma um 2 m SSA við bæ 003. Húsið var því um 45 m VSV við núverandi íbúðarhús og um 75 m sunnan við Reynivallakirkju 004. Á þessu svæði er sléttaður grasigróinn bæjarrani. Samkvæmt túnakorti var Pakkhúsið um 6 x 4 m stórt og snéri NNV-SSA. Ekkert sést til fornleifa en þó er ekki óhugsandi að leifar af grunni Pakkhússins sjáist í skógarrjóðri á bæjarrana (sjá 001). Á ljósmynd sést að húsið var lítið timburhús með einása timburþaki.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; HJ: Ljósmyndir IIA, 184-185; Afmælisbæklingur Reynivallakirkju

GK-348:007 *Þinghús* heimild um þingstað 64° 20.144N 21° 31.330V
"Austan við Kippgil tekur við stórt og mikið holt, sem heitir Hjallholt og er upp af kirkjunni [004]. Hér upp af bæ lá gamall vegur yfir hálsinn og var nefndur Kirkjustígur [019]. Hann byrjaði vestur við Kipp á Hjallholti heldur smáhækkandi, rétt austur að Þinghúsgili, er síðar getur. Síðan aftur til baka og áfram í krókum. Austur af Kirkjustíg og Hjallholti er gil eða lækur, sem heitir Þinghúsgil eða Stígsgil. Úr því er Þinghúslækur," segir í örnefnaskrá. Þinghús var samkvæmt túnakorti frá 1917 um 20 m SSA við bæ 003. Eldra Þinghúsið var byggt árið 1898 samkvæmt bæklingi sem gefinn var út af Reynivallasókn í tilefni 150 ára afmælis Reynivallakirkju. Samkvæmt séra Gunnari Kristjánssyni sóknarpresti var annað Þinghús þó reist eftir 1920 á svipuðum stað og var það notað fram til um 1950 sem samkomuhús sveitarinnar. Ljósmynd af því sést einnig afmælisbæklingi Reynivallakirkju. Húsið var um 40 m suðvestan við núverandi íbúðarhús (1956) og um 80 m SSA við Reynivallakirkju 004. Á þessu svæði er sléttaður grasigróinn bæjarrani. Ekkert sést til fornleifa en þó er ekki óhugsandi að mannvistarleifar leynist undir sverði. Samkvæmt túnakorti var eldra Þinghúsið um 6 x 4 m stórt og snéri NNV-SSA. Á ljósmynd sést að það var timburhús á grjóthlöðnum grunni með torfklæddu einása þaki. Yngra Þinghús var bárujárnsklætt timburhús.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Reynivellir, 2; Afmælisbæklingur Reynivallakirkju

GK-348:008 heimild um skemmu 64° 20.134N 21° 31.323V
Samkvæmt túnakorti frá1917 var skemma um 35 m SSA við bæ 003 og um 15 m suðaustan við Þinghús 007. Hún um 45 m suðvestan við núverandi íbúðarhús og um 100 m SSA við Reynivallakirkju 004. Á þessu svæði er sléttaður grasigróinn bæjarrani. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917


GK-348:009 heimild um fjós 64° 20.121N 21° 31.309V
"Ein heyhlaða var hjer að Reynivöllum, er jeg tók við jörðinni. Voru veggir hennar að nokkru úr torfi og grjóti, en að nokkru úr timbri. Áfastur henni var skúr úr timbri,

kallaður Móskúr. Var og er járnþak á hvorutveggja, því heyhlaðan stendur enn, en hefir verið mikið endurbætt í minni tíð. ... Við þessa heyhlöðu hefi jeg fyrir mörgum árum látið byggja tvær votheystættur steinsteyptar, ... Fjós mjög ljelegt fylgdi þessari heyhlöðu, sem var ætluð fyrir töðuna. Var það með veggjum af torfi og grjóti og með torfþaki. Ljet jeg setja járnþak á fjósið, en árið 1939 var hjer reist við heimahlöðuna allvandað fjós, steinsteypt fyrir 18 gripi," segir í Ljósmyndum IIA. Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var fjós og hlaða um 50 m SSA við bæ 003 og um 10 m SSA við skemmu 008. Skemma og hlaða voru tengd með litlu garðlagið að því er virðist. Samkvæmt túnakorti var hlaðan að NNV og fjósið að SSA. Húsin voru um 65 m SSV við núverandi íbúðarhús og um 125 m SSA við Reynivallakirkju 004. Á þessu svæði er sléttaður grasigróinn bæjarrani. Á svipuðum stað og þetta fjós og hlaðan voru byggð fyrir 1917 hefur mikið af framkvæmdum átt sér stað á 20. öld svo leifar þeirra eru trúlega að mestu horfnar. "Tvær heyhlöður hef ég látið reisa, aðra á Gerði [025], hina við Mjólkurhús [ekki talið fornleif]. Eru veggir að nokkru úr torfi og að nokkru úr timbri og járni. Eru járnþök á báðum. Enn fremur hafa verið reist allstæðileg fjenaðarhús bæði á Gerði og við Mjólkurhús með járnþökum," segir í Ljósmyndum IIA. "Reipi, klifberar og reiðingar voru aftur á móti geymd í hjallinum [ekki skráð sem fornleif], sem var og er beint niður af Mjólkurhúsi," segir í Ljósmyndum IIA. Mjólkurhúsið sem hér er talað um og hjallurinn hafa trúlega verið á svipuðum stað og fjósið sem sýnt er á túnakorti frá 1917. Í Ljósmyndir IIA segir þó einnig: "Nú hefir mjólkurhúsinu verið breytt í hesthús, en heiti þess er æ hið sama." Þetta gæti einnig hugsanlega þýtt að mjólkurhúsið hafi staðið á svipuðum stað og hesthús 010. Í grasinu á þessu svæði glittir í leifar grjóthleðsla og steinsteypu en þær voru trúlega hluti af þeim útihúsum sem byggð voru um 1940. Þessi útihús sjást greinilega, a.m.k.að hluta, á ljósmynd af Reynivöllum í afmælisbæklingi Reynivallakirkju. Þar virðast þau vera timburhús, hugsanlega bárujárnsklædd.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; HJ: Ljósmyndir IIA, 184-186; Afmælisbæklingur Reynivallakirkju

GK-348:010 þúst hesthús 64° 20.113N 21° 31.278V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var hesthús fast suðvestan við vegslóða 023, um 80 m SSA við bæ 003 og um 20 m SSA við fjós 009. Grasigróin þúst er enn greinileg um 80 m sunnan við núverandi íbúðarhús, um 90 m SSA við bæ 003 og um 150 m SSA við Reynivallakirkju 004. Svæðið er SSA-endi bæjarrana. Ofan og austan við þústina er um 4 m breiður malarvegur 023 en neðan og vestan er grasigróin brekka sem hallar 2-5° í VSV. Fast SSA við þústina er vírgirðing. Samkvæmt túnakorti var hesthúsið um 10 x 4 m stórt og snéri gróflega norður-suður. Þústin sem er enn sjáanleg á þessu svæði er um 18 x 4-6 m að stærð og snýr NNV-



Hesthúsþúst GK-348:010 neðan við veg 023


SSA. Grjóthleðslur eru greinilegar í vesturhlið þústarinnar. Þær eru 0,2-0,8 m á hæð og mynda greinilega upphækkun vestan við malarveg 023. Þústin er grasigróin og engin dæld er greinanleg í miðju hennar. Óljósar grjóthleðslur halda áfram frá suðurhorni þústarinnar undir girðingu en fjara út um 6 m sunnar. Þær hleðslur eru aðeins 0,1-0,3 m á hæð. Ekki er ljóst hvort um leifar hesthúss 010 er að ræða en staðsetningin er mjög svipuð. Hugsanlega hefur nýtt hús verið byggt á rústum hesthússins en engar heimildir hafa fundist um slíkt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-348:011 tóft fjárhús 64° 20.150N 21° 31.143V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 voru fjárhús um 160 m ASA við bæ 003 og um 180 m suðaustan við Reynivallakirkju 004. Tóftin er um 175 m ASA við Reynivallakirkju 004, um 10 m NNV við tóft 012 og um 160 m austan við bæjarstæði 003. Á þessu svæði er þýft graslendi í brekku sem hallar í um 5° til suðvesturs. Tóftin er grjót- og torfhlaðin og tvískipt. Hún er um 12 x 9 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir hennar eru 1,5-3 m á breidd og 0,5-1,2 m á hæð. Hleðslur eru greinilegar, sérstaklega innan í hólfi A. Hólf A er um 5 x 2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Innangengt fár á milli hólfa um op á suðvesturvegg hólfs A rétt norðvestan við miðju. Engar greinilegar garðaundirstöður eru í hólfinu og hólfið er nokkuð mjótt svo trúlega hefur verið hér jötuhús. Hólf B er miklu ógreinilegra en hólf A. Það er suðvestan við hólf A og er um 4 x 2 m að innanmáli og snýr einnig norðvestur-suðaustur. Veggir þess eru 1,5-3 m á breidd en mjög signir eða aðeins 0,2-0,5 m á hæð. Víða glittir í hleðslugrjót í grasinu. Enginn inngangur er greinanlegur inn í hólf B. Hugsanlega hefur hólfið verið einhvers konar aðhald frekar en fullbúið hús undir þaki líkt og í hólfi A.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917





Fjáhústóft GK-348:011, horft til vesturs

GK-348:012 tóft fjárhús 64° 20.145N 21° 31.133V
Samkvæmt túnakorti voru fjárhús 160 m ASA við bæ 003 og um 180 m suðaustan við Reynivallakirkju 004. Tóftin sést enn og er um 185 m ASA við Reynivallakirkju 004, um 10 m SSA við tóft 011 og um 170 m austan við bæjarstæði 003. Á þessu svæði er þýft graslendi og mýri í brekku sem hallar í 5-10° til suðvesturs. Tóftin er einföld og grjót- og torfhlaðin. Hún er um 9 x 7 m stór og snýr NNA-SSV. Grjóthleðslur sjást

aðeins í SSV-enda hennar. Veggir tóftarinnar eru mjög rofnir og signir, um 2 m á breidd og 0,2-1 m á hæð. Tóftin hefur trúlega verið grafið inn í brekkuna að hluta í NNA þar sem ytri veggur er ekki til staðar. Gróin rofabörð eru í báðum veggjum bæði að austan og vestan. Gengið var inn að SSV um 1 m breiðan inngang sem enn er greinilegur. Grjóthlaðinn túngarður 014 liggur fast upp við SSV-enda tóftarinnar og endar þar við innganginn. Stór jarðfastur klettur er þar hluti af túngarðinum við suðausturhorn tóftarinnar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917



Fjárhústóft GK-348:014, horft til NNA


GK-348:013 tóft hesthús 64° 20.209N 21° 31.210V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var hesthús um 155 m ANA við bæ 003 og um 115 m austan við Reynivallakirkju 004. Tóftin er um 115 m ANA við Reynivallakirkju og um 120 m NNA við núverandi íbúðarhús (1956). Á þessu svæði er þýfð grasigróin brekka sem hallar í um 5° til suðvesturs. Um 10 m norðvestan við tóftina er stór skógræktarreitur. Á túnakorti er hesthúsið sýnt sem einföld bygging, um 8 x 5 m stór sem snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin þarna sést nú (2010) er þrískipt (hólf A-C), um 25 x 10 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Hólf A er mjög líklega elsti hlutinn og líklega hesthústóftin sem stóð árið 1917. Hólf A er í miðri tóft, um 10 x 6 m að utanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir þess eru grónir, um 2 m á breidd og 0,5-1,2 m á hæð. Grjóthleðslur eru greinilegar innan í hólfinu. Innanmál þess er um 6 x 2 m á breidd. Gengið var inn í



Hesthústóft GK-348:013A, horft til norðvesturs

hólfið að suðaustan um 0,5 m breitt op nær suðurhorni. Tveimur hólfum B og C hefur verið bætt við tóftina eftir 1917 að norðaustan og suðvestan. Hólfin eru mjög svipuð að stærð eða um 10 x10 m stór. Veggir hólfs B eru 0,5-1 m á hæð á meðan veggir C eru aðeins 0,2-0,6 m á hæð. Veggirnir eru vel grasigrónir og um 2 m á breidd. Engar grjóthleðslur eru í veggjum hólfa B og C en hugsanlega má greina garðaundirstöður í hólfi C. Þar er um 0,5 m há, 2 m breið og 7 m löng þúst í miðju hólfinu sem snýr norðaustur-suðvestur. Innan hólfs B er brekka eða pallur sem hallar í suðvestur. Óljóst er hvar gegnið hefur verið inn í hólfin en hugsanlega hafa verið inngangar á suðausturhlið sitt hvoru megin við hólf A. Einnig gæti hafa verið inngangur á hólfi C á suðvesturenda en vegna sigs er allt slíkt mjög óljóst.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917



Hesthústóft GK-348:013, hólf A sést á túnakorti og er trúlega elsti hluti tóftar

GK-348:014 garðlag túngarður 64° 20.142N 21° 31.109V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 lá hlaðinn túngarður aðeins meðfram suðurhlið heimatúns frá malarvegi 023 við suðausturhorn hesthúss 010, í austur um 120 m að suðvesturhorni tóftar 012. Frá suðausturhorni tóftar 012 beygði það í ASA út úr heimatúni upp í hlíðar Reynivallaháls. Nú (2010) eru aðeins brot af þessum túngarði ennþá til staðar. Brot A er um 70 m suðvestan við núverandi íbúðarhús (1956) og um 25 m norðaustan við þúst 010. Brot B er austan við tóft 012 um 130 m austan við núverandi íbúðarhús. Garðlagið liggur að mestu um þýft og grýtt graslendi í suðvesturrótum Reynivallaháls. Þar sem garðlagið



Túngarður GK-348:014, horft til austurs

er horfið eru deigar grasigrónar mýrar. Landslagið er greinilega sléttara og grónara innan við garðlagið í heimatúni á meðan það er þýfðara og grýttara utan eða sunnan við túngarðinn. Túngarðurinn er mjög siginn, grjóthlaðinn, 0,5-1 m á breidd, 0,2-1 m á hæð og samanlagt um 230 m á lengd. Upphaflega má ætla að hann hafi verið um 330-350 m á lengd. Garðlagið afmarkaði því ekkert ákveðið svæði heldur aðeins suðurenda heimatúns frá bæjarhól 001 og malarvegi 023 upp í kletta Reynivallaháls. Hann liggur þó í gleiðum beygjum og bugðum yfir svæði sem er um 340 m á lengd, um 40 m á breidd og snýr gróflega norðaustur-suðvestur. Garðurinn er mjög ógreinilegur og aðeins um 10 m á lengd SSV við núverandi íbúðarhús þar sem hann liggur í norðaustur upp á hæðina ofan við bæjarranann. Þaðan virðist hann alveg horfinn á um 120 m löngum kafla að tóft 012 trúlega vegna sléttunar. Frá tóft 012 liggur hann um 90 m í austur áður en hann beygir upp í fjall til norðausturs. Þaðan liggur garðlagið um 135 m í norðaustur áður en það hverfur í grýtta fjallshlíðina.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-348:015 *Austurkot* heimild um býli 64° 20.071N 21° 31.028V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá 1705 segir svo: "Austurkot, annað býli, var hjáleiga meðan heimastaðurinn bygðist og hefur lengi bygð verið. Dýrleiki óviss." Í Jarðabók Johnsen frá árinu 1847 segir um Austurkot: "Jarðabækurnar nefna bæði Vesturkot [GK-349] og Austurkot." Í Kjósarmenn segir m.a.: "Einar [Guðmundsson, f.1818] var við bú í Káraneskoti 1847-50, í húsmennsku í Vesturkoti 1850-51, byggði upp í Austurkoti og bjó þar 1851-55, en varð vegna fátæktar að flytjast norður á sveit sína með konu og börn vorið 1855, fór Vesturkotið [svo] þá í eyði og hefur ekki verið búið þar síðan." Líklegast hefur höfundur átt við að Austurkotið hafi farið í eyði 1855 þar sem Vesturkotið er í byggð til 1877 (sjá 349:001). Á túnakort frá árinu 1917 er merkt Reynivallakot við lítinn túnblett austan heimatúns og hlýtur þar að eiga við Austurkot. Þar er merkt inn fjárhús með hlöðu svo bærinn hefur hugsanlega verið endurnýttur sem beitarhús (sjá 044). Býlið hefur verið um 300 m suðaustan við bæjarstæði 003 og um 175 m SSA við fjárhústóft 011. Á þessu svæði er mosa- og grasigróinn grýttur bali í brekku sem hallar 2-5° í VSV. "Kotin voru tvö, Vesturkot og Austurkot. Austurkot var nokkru austan við Reynivelli. Það fór úr byggð fyrir aldamót," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Í bókinni Ljósmyndir IIA eftir Halldór Jónsson segir frá rústum í landi Reynivalla um 1900: "Það var á svonefndum Uppgrundum, beint fyrir ofan bæinn á Reynivöllum. Það hafði verið lagt niður fyrir langa löngu [...] Þar voru aðeins rústir sem menjar um hina fornu byggð." Ekkert sést til fornleifa sem eru óyggjandi leifar af Austurkoti (sjá þó einnig 044 og 038) hvorki austan við bæ eða norðan/ofan við hann.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM III, 424; JJnm, 100; Kjósarmenn, 190; Túnakort 1917; Ö-Reynivellir ath og viðb. GBK, 1; HJ: Ljósmyndir IIA, 183


GK-348:016 *Þorvarðarvað* heimild um vað
"... Þorvarðarvað (milli Reynivalla og Meðalfellsjarða)," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá Káraneskots. Nákvæm staðsetning er óþekkt og hvorki séra Gunnar Kristjánsson sóknarprestur á Reynivöllum né Pétur Lárusson í Káranesi könnuðust við vaðið. Þó má gera ráð fyrir að vaðið hafi verið á Laxá einhvers staðar milli landamerkja Káraness og Hurðarbaks GK-319 sunnan við bæina Sogn GK-350 og Valdastaði GK-351 en 1,5-3 km vestan við Reynivelli 003. Líklegasti staðurinn er í

suðurenda Suðurness í landi Reynivalla 001 við Káranesnef í landi Káraneskots GK-321:001 því þar hefur verið styttst að fara frá Laxánni um engjar í átt að Meðalfelli vestur fyrir Meðalfellsfjall, hugsanlega um Löngubrú GK-321:009.

Heimildir: Ö-Káraneskot ath og viðb, 2


GK-348:017 tóft óþekkt 64° 20.274N 21° 31.645V
Einföld tóft eða gerði er um 330 m norðaustan við bæjarstæði 003 og um 170 m VNV við kirkjugarð 002. Á þessu svæði er grasigróin brekka sem hallar í 2-5° til VSV. Mýri er á köflum vestan við tóftina og vegslóði 023 liggur norðvestur-suðaustur um 5 m suðvestan við hana. Fast SSA við tóftina er skurður. Tóftin er torfhlaðin, um 16 x 13 m að stærð og snýr ANA-VSV. Tóftin er U-laga og opin til VSV. Veggir tóftarinnar eru um 2 m á breidd en aðeins 0,2-0,3 m á hæð. Suðausturhorn tóftar er um 2 m austar en norðvesturhorn og því er vesturendi syðri veggjar einnig um 2 m austar en endi nyrðri veggjar. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Nákvæmt hlutverk er óþekkt en hún gæti hafa verið rétt eða aðhald.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar





Tóft GK-348:017, horft til VNV

GK-348:018 *Hjallholt* tóft hjallur 64° 20.227N 21° 31.229V
"Austan við Kippgil tekur við stórt og mikið holt, sem heitir Hjallholt og er upp af kirkjunni [004]." segir í örnefnaskrá. "Hefir á sínum tíma verið þar hjallur frá Austurkoti [015]. Þar er nú girðing með vísi til trjáræktar [...]" segir í bókinni Ljósmyndir IIA eftir Halldór Jónsson. Einfaldur tóftarræfill er á grýttum hálfgrónum hjalla um 120 m norðaustan við Reynivallakirkju 004 og um 170 m NNA við bæjarstæði 003. Hjallholt er hálfgróið grýtt 3-8 m hátt klapparholt sem snýr norðvestur-suðaustur, norðaustan við Reynivallakirkju 004 með litlum barrtrjálundi í suðausturenda þess. Tóftin er einföld, um 7 x 5 m stór og snýr NNV-SSA. Barrskógur er fast austan við tóftina en sjálf er tóftin er grasi- og mosagróin. Veggir hennar eru um 2 m á breidd og mjög signir eða aðeins 0,2-0,5 m á hæð. Mosagrónar jarðfastar klappir og grjót mynda suðurenda tóftarinnar. Innanmál hennar er aðeins 2x1 m. Trúlega hefur




Hjallur GK-348:018 á Hjallholti

verið gengið inn að vestan en þar virðist vera <0,5 m breiður samansiginn inngangur. Eitt tré er í NNV-enda tóftarinnar. Ekki er víst að tóftin sé af umræddum hjalli en engar aðrar greinilegar tóftir finnast á þessu svæði.

Hættumat: hætta, vegna skógræktar
Heimildir: Ö-Reynivellir, 1; HJ: Ljósmyndir IIA, 185

GK-348:019 *Kirkjustígur* vegur leið 64° 20.311N 21° 31.158V
"Austan við Kippgil tekur við stórt og mikið holt, sem heitir Hjallholt [018] og er upp af kirkjunni [004]. Hér upp af bæ [001] lá gamall vegur yfir hálsinn og var nefndur Kirkjustígur. Hann byrjaði vestur við Kipp á Hjallholti heldur smáhækkandi, rétt austur að Þinghúsgili, er síðar getur. Síðan aftur til baka og áfram í krókum," segir í örnefnaskrá. Í bókinni Ljósmyndir I eftir Halldór Jónsson segir um stíginn: "Þegar farin var styttri leiðin inn í Brynjudalinn, var farið upp svo nefndan Kirkjustíg, sem er beint fyrir ofan (norðan) prestsetrið á Reynivöllum. Er Kirkjustígurinn allbrattur [...]. Á sumrin er ekkert við hann að athuga, en getur orðið allerfiður vegna hálku á vetrum. Fyrir ofan Kirkjustíginn tekur við Fannahlíð [...]." Kirkjustígur lá frá bæjarhól Reynivalla 001 upp fyrir Hjallholt, upp með bæjargili austanverðu og þaðan í bugðum og beygjum upp á Reynivallaháls. Stígurinn liggur um grösugar og grýttar lágar og brattar brekkur yfir sendinn og ógróinn Reynivalla-háls. Kirkjustígur var gönguleið yfir Reynivallaháls frá Reynivöllum en hann tengist Svínaskarðsleið 356:026 í austri í landi Fossár. Stígurinn lá frá Fossá og Hvítanesi GK-355 til kirkju að Reynivöllum 001. Ennþá er stígurinn mjög greinilegur á köflum og er hann 0,2-0,5 m breiður. Samkvæmt Séra Gunnari Kristjánssyni og Önnu Höskuldsdóttur konu hans var stígurinn áður enn greinilegri og vel fær í hlíð Reynivallaháls ofan við bæinn en eftir að hætt var að nota hann eitthvað að ráði hefur hann verið að hverfa í skriður meira og meira. Kirkjustígur var einnig skráður undir númeri 356:034 í landi Fossár.



Kirkjustígur GK-348:019, horft til ANA

Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Reynivellir, 1-2; HJ Ljósmyndir I, 11

GK-348:020 tóft rétt 64° 20.195N 21° 30.977V
Grjóthlaðin rétt er um 310 m ANA við bæjarstæði 003 og 30 m norðvestan við túngarð 014, fast suðvestan undir Reynivallahálsi. Á þessu svæði er grasigróin laut í brekku sem hallar 2-5° til VSV. Réttin er einföld, ferköntuð og grjóthlaðin. Hún er um 11 x 8 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir tóftarinnar eru grjóthlaðnir, 1-2 m á breidd og 0,4-1,5 m á hæð. Grjótið í réttinni er mosagróið og botn hennar er grasigróið. Innanmál er um 7 x 6 m. Gengið var inn í tóftina að suðvestan um 1 m breiðan inngang um 3 m suðaustan við norðvesturhorn. Mikið grjóthrun úr veggjum er nú (2010) inni í tóftinni. Norðausturveggur réttar er bæði myndaður af náttúrulegum jarðföstum

klöppum í hlíð Reynivallaháls sem hallar um 45° niður að tóftinni og grjóthleðslu.

Hættumat: engin hætta




Rétt GK-348:020, horft til suðurs

GK-348:021 *Ingutóft* tóft óþekkt 64° 20.274N 21° 31.440V "Túnið fyrir vestan Kipp, niður af Kippgili, heitir Stóra-Vesturgrund og Litla-Vesturgrund. Efst á Stóru-Vesturgrund er Ingutóft," segir í örnefnaskrá. Ingutóft er um 240 m NNV við bæjarstæði 003 og um 50 m NNV við bæjarhól 001. Vel grasigróin og þýfð brekka sem hallar um í 5° til VSV. Ingutóft er þrískipt. Hún er um 7 x 6 m stórt og snýr norður-suður. Veggir tóftarinnar eru grasigrónir, 1-1,5 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Ekkert greinilegt hleðslugrjót er sjáanlegt í veggjunum. Hólf C er í norðurenda tóftarinnar og tvö A og B í suðurenda hennar. Hólf A er um 3 x 2-2,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Hólfið er opið til vesturs. Hólf B er um 1 m austan við hólf A. Það er um 2 x 1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Enginn inngangur er greinanlegur úr hólfi A yfir í B en þó er ekki ólíklegt að slíkt op hafi verið milli hólfanna. Hólf C er um 1 m norðan við A og B. Það er um 3,5 x 1,5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Gengið var inn í hólfið um 0,5 m breiðan inngang á vesturenda. Hlutverk er óþekkt en hugsanleg gæti tóftin verið af stekk eða kvíum frá yngri bæ 003.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Reynivellir, 1





Ingutóft GK-348:021, horft til vesturs

GK-348:022 *Trúlofunarhryggur* þúst túngarður 64° 20.185N 21° 31.408V "Fyrir heiman Kippgil er svo túnstykki, sem heitir Stóra-Norðurgrund. Eftir henni lá vallgróinn garður, sem nú hefur verið jafnaður við jörð að mestu, en endaði við brunninn hjá gamla húsinu og hét Trúlofunarhryggur," segir í örnefnaskrá. Lítið sem ekkert sést af þessum garði lengur (2010) en aflöng þúst í túni er um 50 m VNV við Reynivallakirkju 004 og um 80 m norðvestan við bæjarstæði 003 og gæti hún verið síðustu leifar Trúlofunarhryggs. Á þessu svæði er sléttað tún, malbikaður vegur og bílastæði. Óljós aflöng þúst er í túninu. Hún er um 50 m á lengd, 2-3 m á breidd, 0,2-0,3 m á hæð og snýr NNV-SSA. Þústin endar í skurði að sunnan og hverfur í tún að norðan. Ekki er alveg víst að um leifar Trúlofunarhryggs sé að ræða en ekkert annað í landslaginu á þessum stað gefur til kynna að túngarður hafi verið á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Reynivellir, 2

GK-348:023 vegur leið 64° 20.243N 21° 31.543V Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 lá gamli þjóðvegurinn gróflega NNV-SSA í boga austan við bæjarstæði 003, vestan við Reynivallakirkju 004 og fast vestan við kirkjugarð 002. Vegslóðinn er ennþá greinilegur. Vegurinn liggur meðfram grasigrónum bæjarrana Reynivalla um sléttuð tún og grasbala. Vegurinn sést vel og liggur gróflega NNV-SSA frá nýlegum útihúsum á Reynivöllum í suðri í átt að Sogni GK-350 í norðri.



Vegur GK-348:023, horft til norðvesturs

Vegurinn er horfinn VSV við Reynivallakirkju 004 undir malbikað plan og bílastæði. Vegurinn er 3-4 m á breidd, <0,3 m á dýpt og malarborinn og/eða að hluta grasigróinn. Samkvæmt túnakorti var vegurinn í heimatúni um 440 m á lengd. Í landi Reynivalla


sést vegurinn á um 630 m löngum kafla frá gömlum útihúsum í suðaustri um 140 m suðaustan við bæjarstæði 003 að sléttuðum túnum í landi Sogns í VNV um 470 m norðvestan við bæjarstæði 003.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-348:024 *Stekkjargil* tóft stekkur 64° 20.082N 21° 30.640V
"Sunnan eða austan við Þinghúsgil [sjá 007] taka við nafnlausar brekkur að næsta gili, sem heitir Stekkjargil," segir í örnefnaskrá. Tóftin er óljós en er 50-70 m vestan við Stekkjargil, um 300 m suðaustan við túngarð 014 og um 580 m ASA við bæjarstæði 003. Á þessu svæði er fremur brött grasigróin brekka mót suðri við rætur Reynivallaháls. Stekkurinn er tvískiptur og L-laga. Hann er um 8 x 7 m stór og snýr norður-suður. Veggir tóftarinnar eru grjóthlaðnir, um 0,8 m á hæð og 1-1,5 m á breidd. Hólf A er um 2 m sunnan við hólf B. Hólf A er um 6 x 2 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Gengið var inn í hólfið að norðvestan við suðvesturhorn hólfs B. Hólf B er norðan við austurenda hólfs A. Hólfið er um 2 x 1 m að innanmáli og snýr norður-suður. Enginn greinilegur inngangur er inn í hólfið en trúlega hefur verið gengið inn í það að sunnan úr hólfi A. Í grjóthlöðnum veggjum tóftarinnar sjást 3-4 umför af hleðslum í austurgafli hólfs A.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Reynivellir, 2





Stekkur GK-348:025, horft til vesturs

GK-348:025 *Gerði* heimild um fjárhús 64° 19.979N 21° 30.898V
"Þar austur af heita Miðmorgunsbrekkur, og niður af þeim er Gerðistún, þar sem nú eru fjárhúsin," segir í örnefnaskrá. Í bókinni Ljósmyndir IIA eftir Halldór Jónsson segir einnig: "Nokkuð fyrir austan staðinn er svonefnt Gerði. Þar voru um aldamót mjög léleg kindahús og heytóft við og var stundum slegið kringum húsin, því þar spratt vel vegna teðslunnar frá sauðfjenu. Nú er kominn þar stór túnblettur, mjög grasgefinn og vjeltækur. ... Tvær heyhlöður hefi jeg látið reisa, aðra á Gerði, hina við Mjólkurhús [ekki talið fornleif]. Eru veggir að nokkru úr torfi og grjóti og að nokkru úr timbri og járni. Eru járnþök á báðum. Enn fremur hafa verið reist allstæðileg fjenaðarhús á Gerði og við Mjólkurhús með járnþökum. ... Nálægt 1930 ljet jeg byggja lítið timburhús járnvarið á Gerðinu ..." Samkvæmt séra Gunnari Kristjánssyni voru fjárhúsin sem talað

er um í örnefnaskrá fjárhús sem byggð voru um eða eftir miðbik 20. aldar og nú (2010) er búið að jafna við jörðu. Eldri fjárhús eru löngu horfin og nákvæm staðsetning þeirra er óþekkt. Engin ummerki um gerði sjást heldur á svæðinu. Nýlegustu fjárhúsin voru um 580 m ASA við bæjarstæði 003, um 340 m suðaustan við rétt 020 og voru sléttuð eftir að séra Gunnar Kristjánsson kom í Reynivelli og líklegast er að eldri fjárhús hafi verið á svipuðum slóðum. Á þessu svæði eru sléttuð tún og smáþýft graslendi sem hallar í 2-5° í ASA. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Reynivellir, 2; HJ: Ljósmyndir IIA, 184, 186


GK-348:026 *Borgardalur* tóftir fjárskýli 64° 19.473N 21° 30.009V "Deplhálsar eru hæðir neðst í brekkunum. Þar vestur af er dalur, sem heitir Borgardalur, og austur við þann dal er klapparholt, sem heitir Gíslholt. Það holt er alveg á merkjum," segir í örnefnaskrá. Þrjár greinilegar fjárborgir eru um 1,7 km suðaustan við Reynivelli 003, um 600 m NNV við Gíslagötu 027 og 50-60 m ANA við Kjósarskarðsveg 48 við fjallsrætur Reynivallaháls. Tóftirnar þrjár eru á mjóum grasigrónum rana eða hól sem er um 60 x 20 m stór, um 2 m á hæð og snýr norðaustur-suðvestur. Raninn rétt svo rúmar tóftirnar þrjár. Hóllinn er í sléttri, grasigróinni brekku sem hallar í 2-5° í VSV í Borgardal NNV-verðum.



Fjárskýli GK-348:026A, horft til norðausturs

Tóftirnar eru allar vel grasigrónar og í þeim öllum glittir í hleðslugrjót í grasinu. Hleðslur þeirra eru signar eða 0,2-0,5 m á hæð og um 3 m á breidd. Tóft A er í suðvesturenda hólsins. Tóftin er hringlaga, um 10 m í þvermál og með um 4 m hringlaga innanmál. Greinilegur 0,5 m breiður inngangur er á suðvesturhlið tóftarinnar. Tóft B er í norðausturenda hólsins um 30 m norðvestan við A. Tóft B er einnig hringlaga, um 9 m í þvermál og með um 3 m hringlaga innanmál. Veggir eru mjög signir en hugsanlega hefur verið inngangur á NNA-hlið hennar. Tóft C er í miðjunni um 3 m norðaustan við A og um 10 m suðvestan við B. Tóftin er ferköntuð, um 11 x 9 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir eru signir og illa farnir en hægt er að greina tvö óljós hólf. Hólf I er um 3 x 1 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hugsanlega hefur verið gengið inn í það að suðvestan. Hólf II er einnig um 3 x 1 m að innanmáli en snýr norðvestur-suðaustur. Hugsanlega hefur verið innangengt í hólf II úr hólfi I en ekki er hægt að fullyrða neitt með vissu.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Reynivellir, 2



Fjárborgir GK-348:026

GK-348:027 *Gíslagata* gata leið 64° 19.152N 21° 29.828V "Deplhálsar eru hæðir neðst í brekkunum. Þar vestur af er dalur, sem heitir Borgardalur, og austur við þann dal er klapparholt, sem heitir Gíslholt. Það holt er alveg á merkjum. Upp af holtinu er Gíslagata, og Gíslalækjardrög eru þar uppi á hálsi ofan við brúnir. Þaðan kemur Gíslalækurinn, sem er á merkjum," segir í örnefnaskrá. Í Árbók ferðafélagsins frá árinu 1985 í grein eftir séra Gunnar Kristjánsson segir: "Önnur leið yfir Hálsinn er á landamerkjum Vindáss og Reynivalla upp með Gíslalæk, það er Gíslagata. Hún hefst á Gíslholti, þar sem Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur hafið skógrækt og komið sér upp bækistöð. Efst taka svo við Gíslagötudrög. Vegurinn beygir til austurs þegar upp er komið og er þar farið yfir Gíslalækinn og haldið síðan nánast beint til norðurs yfir Hálsinn." Gíslagata lá upp á Reynivallaháls í norðaustur upp með Gíslholti og meðfram Gíslalæk á landamerkjum milli Reynivalla og Vindáss GK-347 um 2,2 km suðaustan við bæ 003. Gatan er ennþá mjög greinileg á hálsinum. Á þessu svæði niðri á jafnsléttu er skógræktargirðing og malarvegur. Hlíðar Reynivallaháls eru þarna lítt grónar og grýttar. Á Reynivallahálsi er þýfður og rofinn melur. Ofan af jafnsléttu er einstigið illgreinanlegt í fjallshlíðinni. Enn er hægt er að ganga upp þennan göngustíg (2010). Vegurinn liggur upp meðfram gilinu á landamerkjum og beygir svo í vestur upp/út hlíðina milli tveggja efstu fjalla. Stígurinn liggur yfir hálendið yfir á Svínaskarðsveg 356:026 ANA við Dauðsmannsbrekkur. Á Reynivallahálsi og í Dauðsmannsbrekkum er gatan (Gíslagötudrög) enn greinilegur mjór malarstígur sem er um 0,2-0,4 m á breidd og <0,2 m á dýpt.



Gíslagata GK-348:027, horft til austurs

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Reynivellir, 2; ÁFÍ 1985, 183-184

GK-348:028 *Borgarstígur* heimild um leið 64° 19.551N 21° 29.929V
"Þá er bezt að halda aftur vestur brúnirnar. Niður í Borgardalinn kemur stórt gil, sem heitir Borgardalsgil, og vestan við það liggur Borgarstígur upp á fjallið." segir í örnefnaskrá. Engin greinileg ummerki um Borgarstíg eru við Borgardalsgil nú (2010). Á þessu svæði er grýtt og grasigróin fjallshlíð og klettar sem halla í 45-90° til suðvesturs. Ekki er alveg ljóst hvar gengið hefur verið upp því fjallið er á þessum stað mjög bratt. Hugsanlegt er að leið hafi legið sikk-sakk upp hlíðina á topp Reynivallaháls fast norðvestan við Borgardalsgilið en sú leið hefur verið hættuleg. Þar eru lausar skriður. Gatan hefur sannarlega ekki verið alfaraleið.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Reynivellir, 3

GK-348:029 *Prestsvarða* varða samgöngubót 64° 20.424N 21° 30.343V
"Austan við götuna upp af Kirkjustíg [019] er ás, sem heitir Prestsás, og á honum er varða rétt austan götunnar [019], Prestsvarða," segir í örnefnaskrá. Þrjár vörður eru á Prestsás um 950 m norðaustan við bæjarstæði 003. Þó er líklegast að Prestvarða sé nyrst á ásnum um 30 m ASA við Kirkjustíg og um 1,1 km norðaustan við bæjarstæði 003. Þegar gengið er upp á Reynivallaháls um Kirkjustíg er Prestsás það fyrsta sem kemur í ljós til norðausturs þegar komið er upp á hálsinn upp fyrir Fannahlíð. Prestsás er grýttur klettaás á Reynivallahálsi. Ásinn er um 400 m langur, 2-6 m á hæð og liggur norðaustur-suðvestur austan við Kirkjustíg. Vörðurnar á Prestsás eru þrjár á svæði sem er um 360 m á lengd, um 80 m á breidd og snýr NNA-SSV. Vörður A og C standa í vesturbrún ássins í sitt hvorum enda á meðan varða B er á miðjum suðvesturenda hans. Hleðslur varðanna eru signar til útflattar. A er útflött mosagróin grjóthrúga sem trúlega var eitt sinn varða. Hrúgan er egglaga um 1x2 m að flatarmáli og <0,3 m á hæð. Varða B er um 50 m suðaustan við vörðu A. Varða B er þríhyrnd grjóthrúga sem er um 1x1x2 m að flatarmáli og um 0,4 m á hæð. Þessi varða gæti verið nýleg. Varða C er líklega umrædd Prestvarða. Hún er um 250 m NNA við vörðu A. Varðan er 5 stórir steinar sem raðað hefur verið upp á um 1 m háa jarðfasta klöpp í norðurhorni Prestsáss. Varðan er um 1x1 m að flatarmál og um 1,5 m á hæð með klöppinni.



Prestvarða GK-348:029A, horft til vesturs

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Reynivellir, 3

GK-348:030 *Teitsvörður* varða landamerki 64° 20.662N 21° 29.803V "Langás er einkennilegur. Þvert yfir hálsinn við norðurenda hans, í Fossárlandi, er Dyrahnúkur. Uppi á miðjum hálsi eru Teitsvörður," segir í örnefnaskrá Reynivalla. Í örnefnaskrá Hvítaness segir einnig: "Fyrir innan Hvítanes er stórt gil, sem kallað er Markagil, og er það fyrir innan Stórahól. Það skiptir löndum Hvítaness og Fossár allt upp í Markadalinn á hálsinum, svo er markaþúfa neðst í flóanum, og eru svo mörkin úr henni og eftir miðjum flóanum beina stefnu í litla vörðu [355:028], sem er í dalbrúninni, svo beina stefnu í markavörðu [355:029], sem er á hæsta hálsi, svo úr henni vestur í Teitsvörður, frá Teitsvörðum vestur hæsta Reynivallahálsinn, sem vötnum hallar norður af, vestur að stóru gili, sem afmarkar fjalls og fjöru á milli innanvert við Skeiðhól milli Hvítaness og Hvammsvíkur". Í viðbótum við örnefnaskrá Fossárbæjar segir: "Markaþúfa er á mörkum neðst í flóanum. Þaðan liggja mörkin beint í dalbrún (Markadals) og svo vestur í Teitsvörður, tvær vörður efst uppi á fjalli, fyrir sunnan Hvítnesingadali. Hjá þeim var gengið, þegar farið var til kirkju. Ekki þekkja þau systkinin tilefni nafnsins." "Þaðan er lína í Teitsvörður. Sagt er, að maður og kona, er flúið höfðu pestina, hafi hitzt þarna. Annað kom að vestan, hitt að austan. Hlóðu þau vörðurnar tvær, meðan á sóttvörnum stóð," segir í viðbótum við örnefnaskrá. Teitsvörður eru tvær vörður efst á Reynivallahálsi norðvestan og suðaustan við Kirkjustíg 019 um 1,6 km norðaustan við bæjarstæði 003 og um 420 m norðaustan við Prestvörðu 026C. Á þessu svæði er grýttur melur sem er mosagróinn að hluta, efst á norðausturbrún Reynivallaháls. Teitsvarða A er ferköntuð grjóthrúga um 1x1 m að flatarmáli og um 0,5 m á hæð. Teitsvarða B er um 12 m suðaustan við vörðu A. Varða B er ólögulega hringlaga, 1x1,5 m að flatarmáli og um 0,5 m á hæð. Grjótið er mosagróið.



Teitsvörður GK-348:030, horft til NNV

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Reynivellir, 3; Ö-Hvítanes, 1-2, 10; Ö-Fossá viðb., 1

GK-348:031 *Stekkjarnes* örnefni stekkur 64° 19.982N 21° 32.337V "Fyrir neðan Borgardal [026] heitir Borgarmýri, og fyrir neðan Gerðið heitir Austurmýri. Austurbakkar eru þar með ánni og ná niður að Stekkjarnesi sem er allstórt nes, er gengur fram í ána, nú orðið tún." segir í örnefnaskrá. Stekkjarnes er um 700 m suðaustan við Rúst 032 og um 1 km suðvestan við bæjarstæði 003. Meirihluti Stekkjarness er sléttað tún. Stekkjarnes er um 500 x 200-300 m stórt og snýr SSV-NNA með Laxá að austan, vestan og sunnan. Vesturhluti nessins er þýft graslendi og bakkar Laxár eru víða malarbakkar. Ekkert sést til fornleifa og séra Gunnar Kristjánsson prófastur á Reynivöllum kannaðist ekki við neinar tóftir á þessu svæði.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Reynivellir, 3

GK-348:032 *Rúst* þúst óþekkt 64° 20.125N 21° 32.836V
"Svo er Kotaskurður. Fyrir utan Kotaskurð tekur við Kotengi, og vestan við Kotengi með Laxá er Kotabakki. Á honum er hóll sem heitir Rúst," segir í örnefnaskrá. Rúst er um 1,2 km vestan við bæjarstæði 003. Rústin er í þýfðu graslendi, 2-3 m austan við sléttað tún. Þetta svæði er nýtt sem hagi fyrir nautgripi. Rústin er hringlaga. Hún er þýfð og grasigróin. Þústin er um 30 m í þvermál og 1-1,5 m á hæð. Þústin er illa farin vegna ágangs nautgripa og rofabörð eru tekin að myndast í og milli þúfna. Ekkert greinilegt innanmál eða hólf eru sjáanlega í hólnum vegna rofs.



Rúst GK-348:032, horft til

Hættumat: hætta, vegna rofs
Heimildir: Ö-Reynivellir, 2

GK-348:033 *Þrívörður* varða landamerki 64° 20.185N 21° 29.094V
"Holt við Langamel heitir Langholt og Þrívörður eru þar rétt hjá," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Gengið var um Langholt og Langamel en Þrívörður fundust ekki. Aðeins ein varða fannst á þessu svæði og er hún líklega það eina sem eftir stendur af Þrívörðum. Varðan er um 1,8 km austan við bæjarstæði 003 og um 1,5 km NNA við fjárskýli 026. Varðan er fyrir miðju á norðurbrún Langholts. Langholt er grýtt og mosagróið klettabelti sem er um 700 x 200 m stórt, 6-10 m á hæð og liggur norðaustur-suðvestur. Varðan er nú (2010) lítið annað en mosa- og grasigróin hrúga sem er um 1,5 m í þvermál og <0,5 m á hæð. Engar aðrar greinanlegar vörður fundust á ásnum eða í nágrenni hans. Hugsanlega er varðan hornmark milli Fossár GK-356, Hvítaness GK-355 og Reynivalla GK-348.



Varða á Langholti GK-348:033, horft til ASA

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Reynivellir ath og viðb. GBK, 1

GK-348:034 *Gvendarbrunnur* lind vatnsból 64° 20.421N 21° 30.531V
"Þegar komið er upp úr Fannahlíð, er lind, nefnd Gvendarbrunnur," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Enginn greinilegur brunnur er upp af

Fannahlíð en þar eru nokkrar uppsprettur og lækjarsprænur. Lindarspræna sem gæti verið Gvendarbrunnur er um 820 m norðaustan við bæjarstæði 003 og um 325 m norðaustan við Prestsvörðu 029C. Á þessu svæði er grýtt mosagróið dalverpi vestan við Prestsás. Tvær lækjarsprænur eru norðvestan og suðaustan í dalverpinu. Sprænurnar liggja í VSV og sameinast neðar í Þinghúsgili. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Reynivellir ath og viðb. PB, 1

GK-348:035 *Mosabreiðuvað* heimild um vað 64° 20.000N 21° 32.897V

"Mosabreiðuvað hét vað á Laxá í Reynivallalandi," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Mosabreiðuvað er á Laxá um 1,3 km VSV við Reynivelli 003 og um 240 m SSV við Rúst 032. Bakkar Laxár eru á þessu svæði aflíðandi sand- og malarbakkar báðu megin. Áin er allt að 10 m á breidd og ekki mjög straumþung en þó trúlega ekki stígvélafær. Ekkert sést til fornleifa. Að vaðinu liggja þó óljósir um 4 m breiðir og grasigrónir bílslóðar. Samkvæmt séra Gunnari Kristjánssyni, heimildamanni, er oft farið yfir þetta vað í hestaferðum um svæðið.



Mosabreiðuvað GK-348:035, horft til vesturs

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Reynivellir ath og viðb. PB, 1

GK-348:036 heimild um klakhús 64° 20.366N 21° 31.563V

Samkvæmt séra Gunnari Kristjánssyni prófasti á Reynivöllum var gerð tilraun til laxeldis á bænum fast suðvestur undir Vesturkoti GK-349:002 um 440 m NNV við bæjarstæði 003 þar sem óþrjótandi vatnsuppspretta er við rætur Reynivallaháls. Segir séra Gunnar frá þessum tilraunum í grein sinni Í Kjósinni í Árbók ferðafélagsins frá árinu 1985. Í bókinni Laxa- og silungaklak á Íslandi eftir Þórð Flóventsson segir um staðsetningu klakhússins: "Komst um kvöldið út að Reynivöllum til sjera Halldórs [Jónssonar]. ... Hann sýndi mjer þá ágætu vatnslind, sem þar er rjett ofan við túnið, og tóftarbrotið, þar sem klakhúsið hafði staðið endur fyrir löngu, eða um 1882,". Á þessu svæði er fjárhústóft GK-349:002 í frekar sléttri brekku sem hallar í 10-30° til VSV. Vatnsuppsprettan er fast SSV-undir tóftinni. Í grein Alberts Erlingssonar í Veiðimanninum 1948 segir um framkvæmdirnar: "... þá kom hingað sænskur klakmaður, sem kunni vel til þeirra hluta, til að annast um klakið. Hann fór upp að Reynivöllum 23. sept. [1884] og fór hann þegar að láta smíða kassa, 3ja álna langan, 2ja álna háan og 1 3/4 álna breiðan, rifur voru á honum milli borðanna, nema í lokinu, þumlungsbreiðar, til þess að vatnið gæti runnið í gegnum hann. Kassa þessum var komið fyrir á hentugum stað í Laxá. Síðan var farið að veiða, til þess að fá hrogn. 13 hrygnur og 18 hængar náðust, og voru geymd í kassanum. Þá var og byggður kofi, og veitt í hann lindarvatni, og þar voru tilfæringarnar til klaksins." Klakið á Reynivöllum

tókst ágætlega en lagðist af árið 1887 vegna fjárskorts. Ekkert er sagt um nákvæma staðsetningu klakhússins í grein Alberts. Í bók Þórðar Flóventssonar segir um mannvirkin: "...skurður hafði verið grafinn úr læknum og leitt inn í klakhúsið, og hafði því vatnið runnið eftir moldarskurði inn í húsið, og þá hafði moldin sest á hrognin og eyðilagt þau, og var þetta klakhús víst ekki notað nema árið,". Fast neðan og SSV við tóft 349:002 í Vesturkoti GK-349 er grasigróinn um 8 x 4 m stór og <0,3 m djúpur blautur pyttur sem snýr norðvestur-suðaustur. Lítil lækjarspræna rennur úr pyttinum niður brekkuna til VSV. Engin greinileg merki um laxeldi eru sjáanleg. Ekki er ólíklegt að fyllt hafi verið upp í ummerkin eftir að laxeldið lagðist af. Klakhúsið sjálft hefur þó trúlega eftir lýsingum Þórðar að dæma verið neðar í brekkunum en sjálf lindin á meira sléttlendi.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: ÁFÍ 1985, 186; Laxa- og silungaklak, 86-87; Veiðimaðurinn 1948, 15,32

GK-348:037 garðlag áveita 64° 20.041N 21° 31.394V
Samkvæmt Pétri Lárussyni bónda í Káranesi var umfangsmikið áveitukerfi á flóðsléttum Laxár í Kjós norðan Hurðarbaks yfir allan dalbotninn milli Meðalfells og Reynivallaháls vestan frá Káranesi GK-320:001 austur dalinn í átt að Vindási GK-347:001. Í heimildum má finna hér og þar örlitlar upplýsingar um áveiturnar. Í örnefnaskrá Káraness segir svo: "Engjarnar liggja fyrir austan Káranessef og norðan við Hurðarbakssef. Austur af Káranessefjum heita Skákir, sem þeir eiga hver fyrir sig. Svo heitir þar Flóðgarður, og austur af því er Kolsengi." Í örnefnaskrá Sogns segir svo: "Austurflóð og Vesturflóð: Þessar áveitur voru gerðar í minni Guðmundar [f.1907], þannig að Kíllinn var stíflaður. Kíllinn er farvegur með pyttum, sem liggur eftir mýrunum þvert yfir landið." Í bókinni Ljósmyndir II eftir Halldór Jónsson segir um áveitur í Laxárdal: "Nokkur eftir 1920 var hjer að Reynivöllum hafizt handa um að byggja flóðgarða á engjum prestseturssins með láni úr kirkjujarðasjóði." Halldór talar aðeins um að gerðir hafi verið flóðgarðar í landi Reynivalla, Sogns, Suðurness og Káraness. Ekkert kemur fram í frásögn hans um áveitugarða í landi Hurðarbaks en þó er ekki óvíst að garðlög eða áveituskurðir hafi verið gerð þar líka um leið og unnið var í Káraneslandi. Ef svo hefur verið hefur Gunnar Holm bóndi á Hurðarbaki (1939-1946) þó trúlega fjarlægt þá fljótlega aftur þegar hann lét slétta mikið land með vélum (Ljósmyndir I). Smá partar af þessu mikla áveitukerfi hafa verið skráðir hér og þar í Laxárdalnum í landi Þorlaksstaða (GK-318:027), Káraneskots (GK-321:011), Hurðarbaks (GK-319:017), Sogns (GK-350:014) og Reynivalla (GK-348:037). Litlar sem engar greinilegar leifar áveitunar finnast í undirlendi Valdastaða GK-351 eða Hurðarbaks GK-317 vegna sléttunar. Engin skýr heildarmynd hefur náðst af kerfinu vegna rasks á 20. öld. Brot af torfhlöðnum garðlögum finnast víða enn í landi Reynivalla í víðáttumiklu graslendinu




Áveitugarðlag GK-348:037, horft til norðvesturs

á norðurbakka Laxár um 200 m SSV frá Reynivöllum 003 og vestur á Suðurnesi um 2,7 km vestan við bæ 003. Á þessu svæði er víðáttumikið grasigróið flatlendi og mýrar sem er nú (2010) sundurgrafið af ræsiskurðum. Að minnsta kosti sex flóðhólf má sjá norðan við Stekkjarnes, norðan og sunnan við Kílinn á svæði sem er um 600 m á lengd, um 500 m á breidd og snýr norðvestur-suðaustur. Garðlögin sem mynda flóðhólfin eru torfhlaðin og nokkuð sigin, 1-2 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Að minnsta kosti þrjú löng garðlög mynda hólfin sex. Hólfin eru aflöng og gróflega ferköntuð. Norðan við Kílinn liggja þau norðvestur-suðaustur en sunnan við hann liggja þau norðaustur-suðvestur. Nyrsta garðlagið er um 600 m á lengd og liggur norðvestur-suðaustur samsíða Kjósarskarðsvegi 48 norðan við Kílinn. Út frá þessu garðlagi liggja í suðvestur a.m.k.tvö önnur garðlög í áttina að Stekkjarnesi. Þar hverfa þau í sléttað tún. Í Suðurnesi er aðeins einn greinilegur garðlagsbútur sem kemur í ljós um 120 m austan við Laxá og um 280 m suðaustan við Laxavað GK-351:029. Garðurinn er torfhlaðinn, um 150 m á lengd, um 1-1,5 m á breidd og 0,3-0,6 m á hæð. Grunnir skurðir eru beggja megin við garðinn. Í vestri hverfur garðurinn í púfur. Garðurinn liggur um 70 m í austur áður en hann beygir og liggur um 80 m í norðaustur. Í norðaustri hverfur garðlagið í Kílinn en birtist svo aftur á norðurbakka hans. Garðurinn norðan við Kílinn er um 145 m á lengd og liggur í NNV frá Kílnum að landamerkjum Reynivalla og Valdastaða GK-351 þar sem hann hverfur alveg í skurð og tún. Engar aðrar greinilegar leifar garðlaga sjást á Suðurnesi. Allir garðarnir eru illa farnir vegna ágangs búpenings. Samkvæmt Pétri Lárussyni var vatn leitt úr Laxá ofarlega í dalnum og voru áveitur yfir allan dalinn milli fjalla, alveg vestur að Káranesi. Mikið graslendi er á flóðasléttum Laxár sem bændur vildu nýta og voru verkfræðingar fengnir til þess að mæla hæðarmun í landi og byggja áveitukerfið. Var landið hallamælt nákvæmlega og vatni úr Laxá var veitt þangað sem landið var hæst (hugsanlega í Kílinn?). Áveituskurðir voru grafnir undan halla landsins á meðan garðlög voru hlaðin þvert á hallann og mynduðu þau flóðhólf sem lokuðu inni vatnið. Hvert flóðhólf var lægra en það næsta. Vatnshlið voru á öllum hólfum frá áveituskurðunum sem héldu vatni inni meðan vatni var hleypt á en úti þegar því var veitt af fyrir sláttu. Áveitan jók grassprettu til muna fyrir kindur og kýr en vatnið var haft á í um tvo mánuði. Veitt var á þegar voraði, yfirleitt í byrjun apríl, og veitt af síðast í maí. Slegið var í júní í fyrstu með orfi og ljá en seinna með vélum. Auðvelt var að heyja með vélunum þegar sumur voru þurr en mjög erfitt þegar þau voru blaut. Samkvæmt lögum er hér ekki um fornleif að ræða en var þessum upplýsingum þó skellt með vegna þess hversu ógurleg vinna og peningar fór í þessa framkvæmd á sínum tíma og sýnir þetta afrek hversu vinnusamir og hugrakkir Íslendingar geta verið. Síðast var veitt af milli 1960 og 1970.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Káraneskot, 2; Ö-Sogn PB, 2; Ljósmyndir II, 191; Ljósmyndir I, 186-187

GK-348:038 þúst kvíar 64° 20.067N 21° 31.037V
Í bókinni Ljósmyndir II eftir Halldór Jónsson segir: "Voru ærnar látnar ganga í svonefndu Suðurnesi, sem fylgir staðnum, en reknar heim á kvöldin og mjólkaðar í kvíum, kvölds og morgna á stöðlinum, sem var fyrir austan Þinghússlæk." Samkvæmt Halldóri var fráfærum hætt sumarið 1900. Enginn greinilegur stöðull eða tóft var sjáanleg austan við Þinghúslæk. Þó er óljós þúst suðaustan við Þinghúslæk um 300 m suðaustan við bæjarstæði 003 um 25 m SSV við beitarhús 044 og er líklegast að hún sé af kvíunum. Á þessu svæði er grasigróið sléttlendi í brekku sem hallar í 2-5° til ASA. Fast austan við þústina er grunnur og grasigróinn gamall skurður. Þústin er vel grasigróin, um 12 x 6 m stór, um 0,3 m á hæð og snýr norðvestur-suðaustur. Hleðslur eru útflattar og ekkert hleðslugrjót er sjáanlegt í grasi. Enginn inngangar eru greinanlegir og hugsanlegt er að skurður hafi skorið örlítið af suðausturhorni tóftarinnar. Engin greinileg hólf eru í þústinni en ekki er útilokað að hún hafi verið tvískipt.



Þúst GK-348:038, hugsanlegar kvíar

Hættumat: engin hætta
Heimildir: HJ: Ljósmyndir IIA, 174

GK-348:039 *Skólatóft* heimild um heystæði 64° 20.121N 21° 31.331V
"Beint niður af Mjólkurhúsi ... var svonefnd Skólatóft, og nefnd svo, af því að þessi tóft, sem var notuð fyrir hey, var menjar af barnaskóla, er þar hafði verið nokkur ár, en búið að leggja niður fyrir nokkru. Nú er þar ekki lengur tóft, heldur matjurtagarður, en heitið Skólatóft helst," segir í Ljósmyndum IIA. Í afmælisbæklingi Reynivallakirkju sem gefin var út á 150 ára afmæli Reynivallakirkju 004 er ljósmynd af hluta Skólahússins sem tekin var 1882 af Walter H.Trevelyan. Halldór Jónsson talar um að barnaskólinn hafi verið neðan við mjólkurhúsið þar sem í hans tíð var kálgarður. Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var kálgarður 047 stórt svæði fast suðvestan við bæjarranann endilangan frá bæ 003 að fjósi 009. Nákvæm staðsetning Skólatóftar er því ekki alveg ljós en líklegast hefur hún verið á svæði framan við bæjarranann 30-60 m sunnan og SSA við bæjarstæði 003. Á þessu svæði er grasigróinn bæjarrani og sléttað tún (sjá einnig 009). Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: HJ: Ljósmyndir IIA, 184; Afmælisbæklingur Reynivallakirkju

GK-348:040 heimild um brunn 64° 20.122N 21° 31.304V
"Í dálitlum ranghala fram af gamla fjósinu var brunnur, og var vatnið úr honum notað handa kúnum á vetrum," segir í Ljósmyndum IIA. Nákvæm staðsetning þessar brunns er óþekkt en hann hefur líklega verið á svipuðum stað og fjós 009 á túnakorti frá árinu 1917, hugsanlega í totunni sem teiknuð er fast SSA af fjósinu á túnakortinu. Á þessu svæði er sléttaður grasigróinn bæjarrani. Ekkert sést til fornleifa (sjá einnig 009).

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: HJ: Ljósmyndir IIa, 184; Túnakort 1917

GK-348:041 heimild um vatnsból 64° 20.176N 21° 31.229V
"Fyrir fjöldamörgum árum síðan var vatn leitt úr lind á Uppgrundum og renna það síðan sjálft í fjós og bæ og hesthús. Þótti slíkt mjög mikið hagræði, einnig þar sem fyrir gat komið í langvinnum þurrkum, að vatn þryti gjörsamlega í heimabrunninum og fjósbrunninum," segir í bókinni Ljósmyndir II eftir Halldór Jónsson. Lindin á Uppgrundum var á grasigrónu holti um 65 m norðaustan við íbúðarhús (1956) og um 65 m SSV við hesthús 013. Á þessu svæði er vel grasigróinn þýfður hjalli og brekka sem hallar í 2-5° til VSV. Þar sem vatnsbólið var áður er 1-1,5 m djúpur og um 2 m breiður skurður, steinsteypt rör og reynihrísla. Samkvæmt Önnu Höskuldsdóttur húsfreyju frá Reynivöllum þornaði vatnsbólið á þessum stað upp. Í skurðinum þar sem vatnsbólið var staðsett sést glitta í grjóthrúgu/hleðslu en óljóst hvort um er að ræða leifar brunnsins eða náttúrulegt grjót í skriðu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: HJ: Ljósmyndir IIA, 185

GK-348:042 tóft óþekkt 64° 20.212N 21° 31.295V
Í skógarreit um 60 m norðaustan við Reynivallakirkju 004 er tvískipt tóft um 100 m norðan við núverandi íbúðarhús og um 120 m NNA við bæjarstæði 003. Skógarreiturinn er við suðvesturrætur Hjallholts í grasigróinni brekku sem hallar í 5-10° mót suðvestri. Stór birkitré vaxa á og í tóftinni sjálfri. Tóftin er tvískipt, um 11 x 6 m stór og snýr NNV-SSA. Veggir tóftarinnar eru mjög signir, mosagrónir og illa farnir vegna skógræktar en þó glittir í grjóthleðslur (1 umfar) inná milli mosa og laufabreiða. Veggirnir eru 2-2,5 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Enginn greinilegur inngangur er í tóftina vegna sigs en hugsanlega hefur verið gengið inn í hólf A á vesturhlið við suðvesturhorn. Nyrðri hluti tóftarinnar er greinilegri en sá syðri. Hólf A er um 3 x 2 m stór og snýr NNV-SSA. Hólf B er um 2 m NNV við hólf A. Hólf B er 2x2 m að innanmáli og hliðar þess snúa eins og hólf A. Nákvæmt hlutverk tóftar er óþekkt en stærð og gerð tóftar gætu bent til að hún væri stekkur eða kvíar.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar






Tóft GK-348:042, horft til VSV

GK-348:043 tóft útihús 64° 20.232N 21° 31.182V
Einföld tóft er um 50 m NNA við hesthús 013, um 170 m NNA við núverandi íbúðarhús og um 160 ANA við Reynivallakirkju 004. Á þessu svæði er þýfð brekka sem halla í 5-10° til suðvestur. 5-10 m norðvestan við tóftina er skógræktarreitur. Fast SSA og norðan við tóftina er vírgirðing. Tóftin er einföld, um 6 x 5 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir tóftarinnar eru grasigrónir, 1,5-2 m á breidd og 0,2-1 m á hæð. Gengið var inn í tóftina að suðvestan um 0,5 m breiðan inngang. Innanmál tóftarinnar er um 2 x 1,5 m. Nákvæmt hlutverk er óþekkt en stærð og gerð tóftarinnar gæti þýtt að hún sé hrútakofi.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar






Útihús GK-348:043, horft til norðausturs

GK-348:044 þúst beitarhús 64° 20.079N 21 31.023V
Inn á túnakort frá árinu 1917 eru merkt beitarhús á litlum túnbleðli um 340 m SSA við Reynivallakirkju 004. Fast ofan við túnið er túnið merkt Reynivallakoti (sjá Austurkot 015). Húsin voru við tvær dældir um 325 m suðaustan við Reynivallakirkju, 15-20 m sunnan við Þinghúslæk og um 160 m SSA við fjárhústóft 011. Á þessu svæði er mosa- og grasigróinn grýttur bali í brekku sem hallar í 2-5° til VSV. Á svæði sem er um 18x10 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur eru tvær óljósar dældir A og B sem hugsanlega gætu verið leifar beitarhúss og hlöðu. Dældirnar eru 0,2-0,4 m á dýpt og vel grasigrónar. Grjót gæist víða upp úr sverði en engar greinilegar hleðslur eru sjáanlegar. Dæld A er ferköntuð, um 8 x 8 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur og norðaustur-suðvestur. Dæld B er um 4 m norðaustan við dæld A. Dæld B er um 5 x 3 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Dæld B er samsíða dæld A en er um 2 m styttri að norðvestan. Óvíst hvort hér er um leifar beitarhúss að ræða. Beitarhúsin gætu hafa verið timburbyggð því engar vísbendingar sjást á svæðinu um grjót- og torfhlaðnar byggingar.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

GK-348:045 þúst óþekkt 64° 20.278N 21° 31.478V

Ógreinileg þúst er um 260 NNV við bæ 001 og um 30 m VNV við Ingutóft 021. Vel grasigróin og þýfð brekka sem hallar í um 5° til VSV. Þústin er um 7 x 5 m stór, 0,2-0,4 m á hæð og snýr austur-vestur. Engin greinileg hólf eru í þústinni en vel grasigróið grjót sést í brúnum hennar og miðju. Austurendi tóftarinnar er bogalaga ofar í brekkunni á meðan vesturendinn er frekar beinn. Ekki er ólíklegt að hér hafi verið mannvirki sem nú (2010) hefur sigið saman. Ef svo er hefur trúlega verið gegnið inn að vestan. Ekki er vitað hvaða hlutverki mannvirkið hefur gegnt.



Þúst GK-348:045

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-348:046 garðlag landamerki 64° 20.409N 21° 31.649V

Á landamerkjum milli Sogns GK-350 og Reynivalla er grjóthlaðið garðlag um 540 m NNV við bæjarstæði 003 og um 90 m norðvestan við Vesturkot 349:001. Á þessu svæði er grýtt grasigróin brekka eða fjallshlíð sem hallar í 5-30° til VSV. Fast norðvestan við garðlagið neðst er 1-2 m breitt og 0,5-1,5 m djúpt bæjargili. Garðlagið er grjóthlaðið, um 195 m á lengd, 1-1,2 m á breidd, 0,2-1,2 m á hæð. Það snýr gróflega norðaustur-suðvestur á landamerkjum. Í suðvestri hverfur garðlagið við læk þar sem hleðslurnar eru svolítið dreifðar. Í norðaustri hverfur garðlagið í skriður og fjallshlíð. Að hluta neðarlega á um 25 m löngum kafla er garðurinn aðeins sjáanlegur að sunnanverðu. Hugsanlega hefur bakki myndast ofan við garðinn á þessu svæði vegna skriðufalla og flóða.



Landamerkjagarðlag GK-348:046, horft til suðvesturs

Hættumat: hætta, vegna rofs

GK-348:047 heimild um kálgarð 64° 20.129N 21° 31.341V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var kálgarður fast VSV við bæjarranann þar sem Reynivallabær stóð áður (003). Á þessu svæði er sléttað tún í brekku sem hallar í um 5° til VSV. Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt túnakorti var kálgarðurinn um 80 x 20 m stór og snéri NNV-SSA. Af túnakortinu að dæma virðist hafa verið gerði umhverfis kálgarðinn og virðist það hafa markað af enn stærra svæði til VSV (15-25 m). Garðlagið tengdist bæ 003 í norðri og fjósi 009 í suðri (sjá túnakort).

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-348:048 heimild um varnargarður 64° 20.002N 21° 34.506V
"Vorið 1880 ljet síra Þorkell Bjarnason á Reynivöllum hlaða flóðgarð í svonefndu Suðurnesi, er fylgir staðnum," segir í bókinni Ljósmyndir eftir Halldór Jónsson. Búið er að slétta svo til allan norðurbakka Laxár frá Stekkjarnesi suðvestan við Reynivelli alveg vestur í Suðurnes SSV við Grímsstaði (ekki með númer). Nákvæm staðsetning flóðgarðsins er óþekkt. Suðurnes sunnanvert er nú (2010) að mestu sléttað tún. Norðurhluti nessins upp og norður að Kílnum er þýfð grasigróin mýri. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: HJ: Ljósmyndir I, 159

GK-348b Seljadalur/Reynivallasel

"[Björn Erlendsson] ... Byggði nýbýli í Seljadal, í gömlum seltóftum frá Reynivöllum, og nefndist bærinn þá Reynivallasel. Þar bjó Björn 1861-1878. ... Seljadalur stóð óbyggður 1880-97. ... Ekki mun hafa verið búið í Seljadal síðan ... 1921. Kjósarmenn, 195-196. "Neðan við Brattafell eru Selflatir. Þar var sel áður fyrr og sá enn fyrir tóftum, þar til aurskriða lagði þær undir fyrir nokkrum árum. Sel þetta er rúmlega 2 km. Frá bænum. Hannes [Guðbrandsson í Hækingsdal f.1897] getur sér til þess að áður hafi Hækingsdalur haft sel í Seljadal, enda eiga Hækingsdalsbændur þar land. Þar var Reynivallasel, en nafn dalsins gæti bent til þess að þar hafi verið fleiri sel." Ö-Hækingsdalur, 9. "Þar var byggður lítill bær og fjenaðarhús ... Er á Seljadal ágætt sauðfjárland, mýraflói og lyng og furðu hagsælt. Lítið tún var ræktað umhverfis þetta býli." HJ: Ljósmyndir I, 51.


GK-348b:001 *Reynivallasel* tóft sel 64° 19.680N 21° 25.713V

"Hannes [Guðbrandsson í Hækingsdal f.1897] getur sér til þess að áður hafi Hækingsdalur haft sel í Seljadal, enda eiga Hækingsdalsbændur þar land. Þar var Reynivallasel, en nafn dalsins gæti bent til þess að þar hafi verið fleiri sel," segir í örnefnaskrá Hækingsdals. Í bókinni Kjósarmenn segir svo: "[Björn Erlendsson] ... byggði nýbýli í Seljadal, í gömlum seltóftum frá Reynivöllum, og nefndist bærinn þá Reynivallasel. Þar bjó Björn 1861-1878. ... Seljadalur stóð óbyggður 1880-97. ... Ekki mun hafa verið búið í Seljadal síðan ... 1921." Bærinn Reynivallasel er í Seljadal um 4,7 km ASA við Reynivelli GK-348:001 og um 2,8 km SSA við Fossá GK-356:001, í litlu dalverpi um 1 km SSA við mynni Seljadals og um 400 m austan við Seljadalsá við suðvesturrætur Hornafells. Seljadalur er um 2 km langur, 0,5-1 km breiður og snýr norður-suður. Gengið er inn í dalinn að norðanverðu úr Fossárdal upp nokkuð brattar grasigrónar brekkur sem halla í 10-45° til norður. Seljadalur er vel grasigróinn og þýfður en á köflum er dalurinn nokkuð deigur á bökkum Seljadalsár, sérstaklega í dalnum vestanverðum. Seljadalsá liggur norður-suður um miðjan dalinn. Umfangsmiklar hálfgrónar skriður eru í dalnum austanverðum undir Hornafelli um 400 m sunnan við bæjarstæðið í Seljadal. Einnig var hægt að ganga yfir í dalinn miðjan að vestanverðu frá syðri landamerkjum Reynivalla GK-348 um Gíslagötu GK-348:027. Umhverfis Reynivallaselsbæ er vel grasigróin þýfð brekka sem hallar í 5-20° til vesturs í norðvesturhlíð/rótum Hornafells. Þegar gengið er inn í Seljadalinn að norðanverðu sést ekki til bæjarins fyrr en komið er 300-350 m inn í dalinn. Seljadalur er mjög grösugur en trúlega hefur ekki mikið verið gert af því að slétta tún á þeim tíma sem búið var í dalnum. Í svörum við spurningaskrá Þjóðháttadeildar segir: "Seljadalur dregur nafn sitt af seli sem var þar frá prestsetrinu á Reynivöllum. Tóft sem er alveg að hverfa er það eina sem minnir á selið. ... Selið í Seljadal var byggt upp aftur að einhverju leyti því að í því var búið í nokkur ár, líklega frá því um 1870. Föðurbróðir Hannesar [Guðbrandssonar í Hækingsdal f.1897] bjó þar



Reynivallasel GK-348b:001 og 002, horft til vesturs

síðastur manna til ársins 1921." Í Innsveitum Hvalfjarðar segir Kristján Jóhannsson um Reynivallasel: "Rústirnar eru allmiklar og ekki auðvelt að ráða í hvernig húsaskipan hefur verið ... Útihúsarústir eru skammt frá bænum, ögn ofar. Rétt norðan við bæjarhólinn er réttin og er hún mjög fallin." Eins og áður var sagt er bæjarstæðið í litlu grasigrónu dalverpi á milli tveggja lækjargilja að norðan og sunnan sem eru 1-2 m djúp og 0,5-4 m á breidd. Svæðið sem flestar tóftirnar á er um 100 x 80 m að stærð, snýr austur-vestur og hallar í 5-20° til vesturs. Tóftirnar eru vel grasigrónar en hleðslur standa að mestu nokkuð hátt þó þær séu sannarlega víða mjög signar. Þrjár tóftir 001-003 og tvær þústir 008-009 voru skráðar á svæðinu. Norðan við nyrðra lækjargil eru svo tvær tóftir 006-007 til viðbótar utan svæðis. Fast vestan við tóft 002 eru svo traðir 004. Tóft 001, sú sem hér er skráð, er stærst og hefur líklegast verið íbúðarhúsið. Ekki er þó ólíklegt að í tóftinni hafi einnig verið a.m.k.eitt útihús. Tóftin skiptist upp í fjögur hólf og er um 19 x 18 m stór og snýr norður-suður. Veggir tóftarinnar eru hlaðnir úr torfi og grjóti, 2-3 m á breidd og 0,4-1,8 m á hæð. Mikið hrun hefur átt sér stað inn í hólf A-C en gerði D er í nokkuð góðu ástandi. Hólf A er í suðvesturhorni tóftar um 3 m norðan við suðurenda tóftarinnar. Hólfið er um 6 x 3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Enginn greinilegur inngangur er inn í hólfið en á vesturhlið sjást óljós ummerki á tveimur stöðum sem gætu verið leifar ops. Hólf A er um 1,2 m djúpt þar sem það er ekki fullt af veggjahruni. Hólf B er um 3 m norðan við hólf A. Hólf B er um 3 x 2 m að innanmáli og snýr norður-suður. Hólfið er líklega fullt af þakefni en þó glittir víð í vegghleðslur. Ekki er ólíklegt að gengið hafi verið inn í hólf B úr hólfi A. Hólf C er um 2 m austan við hólf B. Hólf C er um 6 x 2 m að innanmáli og snýr norður-suður.




Reynivallasel/Seljadalur GK-348b:001, GK-348b:008 og GK-348b:009

Hleðslur eru greinilegar í innanverðum austurvegg. Gengið hefur verið inn í gerðið í norðvesturhorni, fast austan við austurvegg hólfs C. Ekki er vitað hvort hér var kálgarður eða einhvers konar aðhald fyrir búpening. Rofabörð eru tekin að myndast í austurvegg hólfs C og norðausturhorni gerðis D. Fast vestan við vesturvegg hólfs B er grasigróinn og flatur stallur eða þúst F. Þústin er um 14 x 9 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Greina má grjóthleðslur í norðvesturhorni hennar þar sem hún er hæst eða um 1,2 m á hæð annars er hún 0,2-1 m hæð. Þústin er greinilegri að norðanverðu.

Hlutverk hennar er óþekkt.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hækingsdalur, 9; Kjósarmenn, 195-196; Svör við spurningaskrá IV, Þjóðháttadeild, 21; Kristján Jóhannsson: Innsveitir Hvalfjarðar, 143

GK-348b:002 tóft útihús 64° 19.666N 21° 25.687V
Grasigróin útihústóft er um 20 suðaustan við tóft 001, fast ofan við norðurenda traða 004. Á þessu svæði er grasigróið tún. Litlir lækir renna bæði austan og vestan við tóftina. Tóftin er tví- eða hugsanlega þrískipt. Hún er um 13 x 10 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Hólf A er aðalhluti tóftarinnar. Hólfið er um 8 x 4 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Innanmál hólfsins er um 5 x 1 m. Veggir þess eru 1-2 m á breidd, um 1 m á hæð og vel grasigrónir. Grjóthleðslur sjást víða og líklega hafa verið dyr í norðvesturhorni hólfsins. Af staðsetningu og útliti tóftar að dæma gæti hún hafa verið hesthús. Út frá suðausturenda aðal tóftarinnar liggur um 1,5 m breitt garðlag í boga norðaustur um 10 m þar sem það beygir í VNV. Garðlagið liggur þaðan um 5 m í VNV en þar endar það snögglega. Gerðið eða réttin sem þetta garðlag myndar er um 8 x 6-8 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Enginn veggur er að norðvestanverðu. Óljós 1,5 m löng hleðslutota liggur í norðvestur út úr garðlaginu um 1 m suðvestan við norðausturenda hólfsins. Hugsanlega hefur það verið annað lítið hólf í gerðinu/réttinni.




Útihús GK-348b:002

Hættumat: engin hætta

GK-348b:003 tóft útihús 64° 19.668N 21° 25.624V
Skýr útihústóft er yst og efst (austast) í túni Reynivallasels, um 70 m ASA við tóft 001 og um 50 m austan við tóft 002. Á þessu svæði er grasigróið tún vestan við tóft, rofinn grasi- og mosagróinn mói er austan við tóftina en sunnan við hana er lækjargil. Brekka hallar 5-10° í vestur. Tóftin er löng og mjó og er tvískipt. Hún er um 16 x 3,5-4 m stór og snýr þvert á brekkuna norðvestur-suðaustur. Norðausturhlið tóftar er að hluta grafin inn í brekkuna. Veggir eru torf- og grjóthlaðnir, 0,3-0,8 m á hæð og 1-1,5 m á breidd. Veggir hólfs B eru ógreinilegri og lægri en veggir hólfs A. Hólf A er um 10 x 1 m að innanmáli. Tveir 0,5-1 m breiðir inngangar virðast hafa verið á suðvesturhlið með um 4 m löngum vegg á milli þeirra. Nyrðri inngangur er um 1,5 m suðaustan við norðvesturenda og syðri inngangur er um 3 m norðvestan við suðausturenda. Grjóthleðslur eru greinilegar í innveggjum. Fast norðvestan við aðalhólf A er annað mikið minna og óljósara hólf B. Hólf B er um 2x1,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir þess eru aðeins um 0,3 m á hæð og um 1 m á breidd. Hugsanlega hefur verið gengið inn að suðvestan um mjóan inngang við norðvesturhorn aðaltóftar. Lengd tóftar bendir einna helst til kvía en veggir og staðsetning gætu einnig bent til að hún sé af fjárhúsum.

Hættumat: engin hætta



Útihústóft GK-348b:003

GK-348b:004 hleðsla traðir 64° 19.657N 21° 25.698V

Greinilegar traðir liggja úr suðri heim að Reynivallaseli 001, neðan/vestan við tóft 002. Á þessu svæði er grasigróið tún í brekku sem hallar í 5-10° til suðvesturs. Traðirnar eru þráðbeinar, um 25 m langar, 1-2 m á breidd og 0,2-1,2 m á dýpt. Traðirnar eru niðurgrafnar og vel grónar grjóthleðslur eru beggja vegna gangvegarins (alls um 2 m milli hleðsla, gangvegur um 1 m). Traðirnar fjara út í suðri í sléttað tún en hugsanlegt er að þær hafi aldrei verið kláraðar. Götuslóðar liggja áfram suðurs inn Seljadal.



Traðir GK-348b:004, horft til suðurs

Hættumat: engin hætta

GK-348b:005 sáðslétta tún 64° 19.674N 21° 25.712V

Greinilegar beðasléttur eru suðvestan í hólnum sem Reyni-vallaselstóftirnar standa flestar á, einkum suðvestan við tóft 001. Á þessu svæði er grasigróið tún sem hallar í um 10° til suðvesturs. Beðin sjást best úr fjarska vestan við bæinn en óglöggt mótar fyrir þeim þegar nær er komið. Þær má þó greina á svæði í brekkunni sem er um 30 x 20 m stórt og snýr norður-suður. Beðin eru um 7



Beðasléttur GK-348b:005, horft til austurs


talsins, lágar bungur sem eru <0,4 á hæð, 4-5 m á breidd, 15-20 m á lengd og snúa gróflega austur-vestur.

Hættumat: engin hætta

GK-348b:006 tóft útihús 64° 19.707N 21° 25.743V
Grasigróin tóft er um 55 m NNV við tóft 001 um 5 m norðan við nyrðri bæjarlæk. Á þessu svæði er grasigróin brekka sem hallar í um 10° í suðvesturs. Tóftin er einföld, um 8 x 6 m stór og snýr norður-suður. Veggir tóftarinnar eru grjót- og torfhlaðnir og grasigrónir en þó glittir víða í grjóthleðslur og 1-3 umför má greina þar sem veggir eru skýrastir. Veggirnir eru um 2 m á breidd og 0,5-1,2 m á hæð. Gengið var inn í tóftina að vestan um 1 m breiðar dyr um 1 m norðan við suðurvegg tóftarinnar. Innanmál tóftar er um 4x2 m en engar garðaundirstöður eru sjáanlegar. Nákvæmt hlutverk er óþekkt en hugsanlega gæti hafa verið hún verið hesthús eða fjárhús.

Hættumat: engin hætta






Útihústóft GK-348b:006, horft til norðvesturs

GK-348b:007 tóft rétt 64° 19.694N 21° 25.859V
Grjóthlaðin rétt er norðan við nyrðri bæjarlæk, um 120 m VNV við tóft 001 og um 100 m VSV við tóft 006. Á þessu svæði er grasigróin þýfð brekka sem hallar í 5-10° í vestur. Um 5 m vestar og neðan við tóftina er mosagróið malarbarð. Rétt 007 er þrískipt, um 16 x 13 m stór og snýr gróflega norður-suður. Veggir hennar eru grjóthlaðnir, 0,3-1 m á hæð og 1(-2) m á breidd. Veggirnir eru nokkuð signir og grjót mosagróið. Hleðslur réttarinnar eru best varðveittar að austanverðu en þar eru 3-6 umför greinanleg. Að austanverðu eru veggirnir verst farnir og alltað útflattir. Hólf



Rétt GK-348b:007, horft til ANA

A er syðst. Það er um 10x5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Gengið var inn í hólfið á suðurhlið um 2 m breiðan inngang um 3 m vestan við suðausturhorn hólfsins. Suðausturhorn hólfsins er mjög óljóst. Hólf B er um 1 m norðan við hólf A. Það er 7-10 x 4-7 að innanmáli og snýr einnig austur-vestur. Gengið hefur verið inn í hólfið á vesturhlíð um 1 m breiðan inngang um 1 m norðan við suðvesturhorn hólfsins. Í suðausturhorni hólfs B er hólf C. Hólf C er 2x2 m að innanmáli en enginn inngangur er greinanlegur vegna hruns úr veggjum. Hugsanlega hefur austurhluti réttarinnar verið grafinn inn í brekkuna að einhverju leyti. Rofabörð hafa myndast í grasinu á austurveggnum sem er vel grasigróinn. Út frá norðurvegg, um 2 m austan við norðvesturhorn réttarinnar er um 9 m langur beinn veggspotti gróflega í norður. Hleðslur veggjarins eru nokkuð signar niður brekkuna til vesturs, sérstaklega í norðurenda veggjarins. Hugsanlega átt að beina búpening inn í réttina um innganginn á vesturvegg.



Rétt GK-348b:007

Hættumat: engin hætta

GK-348b:008 þúst óþekkt 64° 19.689N 21° 25.709V

Óljós þúst er 1-2 m norðan við tóft 001 og 2-3 m sunnan við lækjarsprænu sem rennur í vestur norðan við bæjarstæðið Reynivallasels. Á þessu svæði er þýft graslendi. Þúst 008 er vel grasigróin, um 8 x 5 m stór og snýr norður-suður. Þústin hefur líklega verið einföld tóft en hún er aðeins 0,2-0,4 m á hæð. Innanmál hefur hugsanlega verið um 4x1 m. Aðeins eru greinilegir um 2 m breiðir og mjög signir veggir að norðan og austan. Allur vestur- og suðvesturhluti þústar er horfinn í tún. Engar greinilegar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Mögulegt er að tóftin tilheyri eldra byggingarstigi á svæðinu.



Þúst GK-348b:008, horft til norðurs

Hættumat: engin hætta

GK-348b:009 þúst óþekkt 64° 19.689N 21° 25.741V

Aflöng óljós þúst er á bæjarstæði Reynivallasels um 2 m norðvestan við tóft 001. Á þessu svæði er grasigróin brekka sem hallar í um 5° til vesturs. Þústin er ferköntuð og aflöng, um 14x8 m stór og snýr austur-vestur. Þústin er 0,2-0,4 m á hæð og grasigróin. Ekkert hólf eða dæld er greinanlegt í miðri þústinni og engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Mögulegt er að þústin tilheyri eldra byggingarstigi á svæðinu.


Hættumat: engin hætta

GK-348b:010 tóft sel 64° 19.147N 21° 25.656V



Hækingsdalssel GK-348b:010, horft til vesturs

"Hannes [Guðbrandsson í Hækingsdal f.1897] getur sér til þess að áður hafi Hækingsdalur haft sel í Seljadal, enda eiga Hækingsdalsbændur þar land. Þar var Reynivallasel, en nafn dalsins gæti bent til þess að þar hafi verið fleiri sel," segir í örnefnaskrá Hækingsdals. Í Jarðabók Árna og Páls frá 1705 segir um Vindás: "Selstöðu á jörðin í sínu eigin landi, en brúkast þó ekki, heldur í selstöðu þeirri, er beneficio tilheyrir á Seljadal." Falleg seltóft er innst í suðausturenda Seljadals á austurbakka Seljadalsár, um 1 km sunnan við Reynivallasel 001. Tóftin er um 3,3 km NNV við Hækingsdalsbæinn GK-346:001 en aðeins um 900 m NNV við mót landamerkja GK-346:017 milli Hækingsdals GK-346, Vindáss GK-347 og Seljadals GK-348b. Á þessu svæði er grasigróinn árbakki Seljadalsár. Tóftin er vestan undir 2-3 m háum hól, 2-4 m í austur frá ánni þar sem hún rennur niður í Seljadal að SSAverðu. Tóftin er þrískipt, um 15x5-10 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir tóftarinnar eru um 2 m á breidd, 0,4-1 m á hæð og mjög grasigrónir. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Hólf A er nyrst. Það er um 3x1 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Óljóst er hvar gengið hefur verið inn. Hólf B er um 4 m suðaustan við hólf A. Það er aðeins 1x1 m að innanmáli og inngangur er hér einnig óljós. Hólf C er um 2 m SSA við hólf B. Það er 3x1 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Gengið var inn í hólfið að utan í suðvesturenda þess á norðvesturvegg fast suðvestan við suðvesturvegg hólfs B. Ekki er ólíklegt að gengið hafi verið inn í hólf A og B um suðvesturvegg. Hugsanlega hefur einnig verið hólf norðaustan við hólf B en þar er aðeins sigin þúst sem er um 4x3 m að stærð og 0,2-0,4 m á hæð án sjáanlegrar dældar. Gerð tóftar og staðsetning gefur sterklega til kynna að hún sé sel, líklegast frá Hækingsdal GK-346 eða Vindási GK-347.



Hækingsdalssel GK-348b:010

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hækingsdalur, 9; JÁM III, 423

GK-348b:011 náma mógrafir 64° 19.445N 21° 26.471V
Óljósar mógrafir eru í vestanverðum Seljadal, um 750 m VSV við bæjarstæði 001 og um 860 m norðvestan við sel 010. Á þessu svæði er mýrlendur hvammur milli tveggja melholta. Óljósar mógrafir eru víða í hvamminum, á svæði sem er um 30x30 m að stærð. Grafirnar eru ekki sérlega skýrar en svo virðist sem náttúrulegar rásir og lænur hafi verið grafnar út í leit að mó. Engar upplýsingar hafa fundist um þessar grafir en ekki er ólíklegt að tekinn hafi verið mótekjan hafi verið frá Reynivallaseli 001.

Hættumat: engin hætta

GK-348b:012 náma mógrafir 64° 19.110N 21° 25.694V
Óljósar mógrafir fundust innst í SSA-horni Seljadals, um 75 m SSV við sel 010 og um 1,1 km sunnan við Reynivallasel 001. Á þessu svæði er þýfð grasi-, lyngi- og mosagróin brekka sem hallar í 5-10° til NNV. Grafirnar sem fundust eru aðeins þrjár á svæði sem er um 10x10 m að stærð. Grafirnar eru ferkantaðar, 0,4-1 m á dýpt og 2x3 og 2x2 m að stærð. Grafirnar snúa ANA-VSV og VNV-ASA og eru um 5 m á milli þeirra. Engar upplýsingar hafa fundist um þessar grafir en ekki er ólíklegt að þær hafi verið frá Reynivallaseli 001.



Mógrafir GK-348b:012, horft til ANA

Hættumat: engin hætta


GK-348b:013 þúst óþekkt 64° 19.796N 21° 26.285V
Ógreinileg grasigróin þúst er í vesturhlíð Seljadals, um 500 m VNV við Reynivallasel 001. Á þessu svæði er deig mýri, rofabörð og malarflákar. Brekkan hallar í 2-5° til austurs. Þústin er óreglulega ferköntuð, um 8 x 8 m að stærð og um 1 m á hæð. Hún er vel grasigróin og þýfð í miðju rofabarði. Engin greinileg hólf eru í þústinni sem snýr gróflega austur-vestur. Mögulegt er að þústin sé eingöngu náttúrumyndun en hún þótti þó helst til of regluleg fyrir það og var því skráð með til vonar og vara.

Hættumat: engin hætta

GK-349 Vesturkot

Hjáleiga Reynivalla (GK-348), í byggð 1705: "Vesturkot, þriðja býli, gömul hjáleiga. Dýrleikinn óviss, telst með heimastaðnum." JÁM III, 424. Byggð lögð niður árið 1877 samkvæmt bókinni Kjósarmenn eftir Harald Pétursson (bls. 194). Á túnakorti Reynivalla frá 1917 stendur um Vesturkot: "Túnblettur, grýttur sumstaðar og raklendur, ekki notaður."

GK-349:001 *Vesturkot* tóft bústaður 64° 20.384N 21° 31.538V "Skammt fyrir utan bæinn að Reynivöllum [GK-348:001] er gil á merkjum móti Sogni. Það heitir Kotagil. Þar inn af heitir Vesturkot. Þar var býli austur frá gilinu," segir í örnefnaskrá. "Kotin voru tvö, Vesturkot og Austurkot [348:015]. Austurkot var nokkru austan við Reynivelli. Það fór úr byggð fyrir aldamót. Vesturkot var fyrst nefnt Sólbrekka," segir í athugasemdum og viðbótum við örnefnaskrá. Í bókinni Kjósarmenn segir um kotið: "Arnór Björnsson og fyrri kona hans Lilja Jónsdóttir tóku við búi í Vesturkoti af móður Lilju, og bjuggu þar 1857-1877, voru þau síðustu húsráðendur í Vesturkoti, við brottför þeirra var kotið lagt undir heimajörðina Reynivelli." Þar segir einnig: "Þessi bær var nefndur Sólbrekka 1753, en ekki hélzt það." Tóftir Vesturkots eru um 270 m NNV við Reynivelli 348:001, um 460 m NNV við Nýjabæ 348:003 og um 95 m suðaustan við landamerkjagarð 348:046. Á þessu svæði er grasigróin, grýtt brekka sem hallar í 5-20° til suðvesturs, fast suðaustan við landamerki Sogns GK-350 og Reynivalla GK-348. Í bókinni Ljósmyndir IIa eftir Halldór Jónsson kemur fram að um 1900 voru í Vesturkoti aðeins rústir af bæjarhúsum og léleg fjárhús ásamt heykumli. Túnbletturinn var sleginn af prestsetrinu en síðar notaður sem kúahagi. Svæðið sem Vesturkotstóftir ná yfir er um 35x25 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Bæjarstæðið er mjög sigið og illa farið vegna ágangs búpenings en þó grasigróið. Bæjartóftin er um 22x17 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir eru grjót- og torfhlaðnir, 0,4-1,5 m á hæð og 2-5 m á breidd. Grjóthleðslur eru signar en greinilegar. Tóftinni virðist vera skipt upp í 5-6 hólf sem öll snúa norðaustur- suðvestur og eru 0,2-1 m djúp. Gengið hefur verið inn í þau flest að suðvestan. Hólf A-C eru 0,5-1 m lægri en hólf D og E í efri (norðaustur) hluta tóftar. Hólf A er í suðurhorni tóftarinnar. Hólfið er um 3x2 m að innanmáli. Um 0,5 m breiður inngangur er við vesturhorn hólfsins á suðvesturvegg. Hólf B er um 4 m norðvestan við hólf A. Það er um 6x2 m að innanmáli en hefur nokkuð sigið saman. Gengið var inn um 0,5 m breiðan inngang við suðurhorn hólfsins á suðvesturvegg. Hólf C er skýrast, um 7x3 m að innanmáli. Í miðju hólfinu er um 6 m löng, um 0,2 m há og um 1 m breið grjóthlaðin garðaundirstaða. Gengið var inn í



Tóftir Vesturkots GK-349:001 og 002

hólfið á miðjum suðvesturvegg framan við garðann. Hér hefur mjög líklega verið fjárhús. Hólf D er fast norðaustan við hólf B og C. Það er um 7x6 m að innanmáli. Suðaustan í hólfinu er um 2 m breið og 5 m löng þúst sem snýr einnig norðaustur-suðvestur í beinu framhaldi af veggnum milli hólfa B og C. Hlutverk hólfs er óljóst en ekki er ólíklegt að það hafi verið hlaða. Hólf E er um 2 m suðaustan við hólf D og um 4 m NNA við hólf A. Það er frekar óljóst en um 3x2 m að innanmáli. Inngangur hefur hugsanlega verið í vestur-horni hólfsins á suðvestur-vegg. Hlutverk hólfa A, B og E eru óþekkt. Hugsanlega hefur verið ein tóft í viðbót fast suðaustan við tóft 003 en það er ekki víst þar sem þar er aðeins mjög óljós skriða eða þúst. Gengið hefur trúlega verið að Vesturkoti milli tófta bæjartóftar 001 og þústar 003 og milli þústar 003 og fjárhúss 002. Suðvestan við tóft 001 og norðvestan við þúst 003 er um 12x10 m stór grasigróin flöt sem er <0,4 m hærri en umhverfið kring um tóftirnar og snýr norðvestur-suðaustur. Hugsanlega hefur verið veggjartota í suðvestur út frá vesturhorni tóftar 001 en þar er aðeins óljós grasigróin 6 m löng torf- og grjótdreif.



Vesturkot GK-349:001, horft til suðurs

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Reynivellir, 1; Ö-Reynivellir ath og viðb. GBK, 1; HJ: Ljósmyndir IIa,

GK-349:002 tóft fjárhús 64° 20.370N 21° 31.552V
Tóft er 1-2 m suðvestan (neðan) við bæjartóft 001. Í bókinni Ljósmyndir IIa eftir Halldór Jónsson kemur fram að um 1900 voru í Vesturkoti rústir af lélegu fjárhúsi ásamt heykumli. Mjög líklegt er að tóftirnar séu af umræddum húsum. Á þessu svæði er grasigróin grýtt brekka sem hallar í 5-20° til suðvestur. Tóftin er tvískipt, um 16x12 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir tóftarinnar eru úr grjóti og torfi, um 2 m á breidd og 0,4-1 m á hæð. Hleðslur eru signar en veggir eru ennþá mjög greinilegir og glittir víða í grjóthleðslur, sérstaklega að innanverðu í hólfi A. Hólf A hefur líklegast verið fjárhús. Það er um 8x3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Greinilegar 0,2-0,3 m háar og 1 m breiðar grjóthlaðnar garðaundirstöður eru í miðju hólfinu. Gengið var inn að suðvestan um 0,5 m breiðan inngang. Fast suðaustan við hólf A er hólf B. Það er um



Fjárhústóft GK-349:002, horft til suðvesturs

12x3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Engar garðaundirstöður eru sjáanlegar í hólfinu. Hólf B nær um 2 m lengra í suðvestur en hólf A (suðvesturveggur ekki meðtalinn). Óljóst er hvort hægt var að ganga inn í hólfið á norðvesturvegg þar sem stórt rofabarð þar sem lind er fast suðvestan við tóftina. Hlutar af veggjum tóftarinnar virðast hafa horfið ofan í pyttinn, hugsanlega vegna tilrauna til laxeldis frá Reynivöllum, sjá 348:048. Líklega hefur hólfið verið heykumlið sem Halldór Jónsson getur um.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: HJ: Ljósmyndir Iia, 183

GK-349:003 þúst útihús 64° 20.373N 21° 31.540V
Þúst 003 er milli tófta 001 og 002. Hún er um 1 m suðvestan við suðurhorn tóftar 001 og um 1 m norðaustan við austurhorn tóftar 002. Á þessu svæði er grasigróin, grýtt brekka sem hallar í 5-20° í suðvestur. Þústin er um 6 x 5 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Engin greinileg dæld er í miðri þústinni en hún er 0,5-1 m á hæð. Hleðslugrjót er greinilegt þó hleðslur séu mjög signar. Líklega hefur verið gengið inn að norðaustan eða suðvestan. Ekki er vitað hvaða hlutverki tóftin hefur gengt en hún hefur þó líklega verið einhvers konar útihús.

Hættumat: engin hætta


GK-349:004 tóft útihús 64° 20.360N 21° 31.710V
Einföld tóft er um 35 m suðaustan við tóft 003 og um 145 m VSV við bæjarstæði 001. Á þessu svæði er grasigróin brekka sem hallar 5-20° til suðvesturs. Lítil lækjarspræna rennur í vestur fast norðan við tóftina. Tóftin er einföld, um 7x 5,5 m stór og snýr austur-vestur. Veggir hennar eru mjög signir og vel grasigrónir svo engar grjót-hleðslur eru greinanlegar. Veggirnir eru 0,4-1 m á hæð og um 2 m á breidd. Innanmál tóftar er um 3x1,5 m. Austurhluti tóftar, þar sem hún er grafin inn í brekku sést best. Óljós inngangur er sjáanlegur í vesturenda tóftar. Hlutverk er óþekkt en trúlega hefur verið tóftin verið einhvers konar útihús.


Útihústóft GK-349:004, horft til ANA

Hættumat: engin hætta

GK-349:005 tóft útihús 64° 20.349N 21° 31.729V
Einföld tóft er um 50 m sunnan við tóft 003 og um 170 m VSV við bæjarstæði 001. Á þessu svæði er grasigróin brekka sem hallar 5-20° til suðvesturs. Lítil lækjarspræna rennur í vestur fast norðan við tóftina. Tóftin er einföld, um 9 x 5 m stór og snýr austur-vestur. Veggir eru signir en greinilegir og grasigrónir. Þeir eru um 2 m á breidd og 0,4-1 m á hæð. Víða glittir í grjóthleðslur en þó aðallega nálægt samföllnum innganginum inn í tóftina á vesturhlið. Innanmál tóftar er um 5x1 m. Hlutverk er


óþekkt en trúlega hefur hún verið einhvers konar útihús.
Hættumat: engin hætta



Tóftir GK-349:004, 005 og 008.

GK-349:006 þúst óþekkt 64° 20.359N 21° 31.686V
Þúst 006 er um 130 m VSV við bæjarstæði 001 og um 20 m austan við tóft 004. Á þessu svæði er grasigróin brekka sem hallar 5-20° til suðvesturs. Þústin er ógreinileg og er aðeins ytri brún veggja skýrar. Hún er um 8 x 5 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Engin dæld er í miðju þústar en hleðslugrjót er greinilegt í henni, sérstaklega að vestanverðu. Hæð þústarinnar er 0,2-0,4 m og trúlega hefur verið gengið inn að suðvestan. Hlutverk er óþekkt en ekki er ólíklegt að hún hafi verið einhvers konar útihús eða aðhald.

Hættumat: engin hætta



Tóftir GK-349:006 og 007

GK-349:007 þúst óþekkt
64° 20.361N 21° 31.692V.
Óljóst mannvirki er um 2 m norðvestan við þúst 006 og um 130 m VSV við bæjarstæði 001. Á þessu svæði er grasigróin brekka sem hallar 5-20° til suðvesturs. Fast NNV við þústina er lítill lækur. Þústin er mjög lítil og mögulegt að hún sé eingöngu náttúrumyndun. Þústin er þó fremur regluleg og ferköntuð. Hún er

einföld, um 3x3 m að stærð. Í gegn um hana miðja liggur óljós hestaslóði. Þústin er <0,3 m á hæð en innanmál hennar er skýrast. Hliðar eru meira þúfnahrúgur en eiginlegir veggir. Innanmál er 0,2-0,4 m á dýpt og 1x1 m á kant. Ekkert hleðslugrjót er sjáanlegt og enginn greinilegur inngangur. Hlutverk er óþekkt en ekki er óhugsandi að hún hafi verið hrútakofi.

Hættumat: engin hætta



Tóft GK-349:006 (vinstri), horft til norðausturs, tóft GK-349:007 (hægri), horft til NNA

GK-349:008 tóft útihús 64° 20.376N 21° 31.734V




Útihústóft GK-349:008, horft til vesturs

Einföld tóft er um 160 m vestan við Vesturkot 001 og um 50 m SSV við SSV-enda landamerkjagarðs 348:046. Á þessu svæði er grasigróin brekka sem hallar 5-20° til suðvesturs. Fast norðvestan við tóftina er Kotagil. Tóftin er einföld, um 9 x 8 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir hennar eru grasigrónir og mjög signir en þó glittir víða í hleðslugrjót. Veggirnir eru um 2 m á breidd og 0,2-0,8 m á hæð. Enginn greinilegur inngangur sést lengur á tóftinni en trúlega hefur verið gengið inn að suðvestan. Innanmál tóftarinnar er 5x1 m. Norðausturveggur tóftarinnar virðist þó ná 2-3 m lengra í norðvestur líkt og annað hólf hafi verið suðvestan við hann. Ekki er útilokað að framburður og skriðuföll úr Kotagili hafi rofið þennan hluta tóftarinnar með sér. Hlutverk er óþekkt en trúlega hefur tóftin verið einhvers konar útihús.

Hættumat: engin hætta

GK-350 Sogn

1705: 12 hdr. 1705, Reynivallakirkjueign. JÁM III, 426. 1352, [1367] 1397 [1478]: Jörðin eign Reynivallakirkju. DI III, 70-71, DI III, 219, DI IV, 116-117, DI VI, 178-79. Árið 1705 er jörðin nefnd Sofn eða Sogn, 1840 Sorn en 1847 Sogn. Sýslu- og sóknarlýsingar Gullbringu og Kjósarsýslu, 255. 1705: "Tún eru lítil og fordjarfast mjög af skriðum. Engið er gott en ærið votlent mikinn part og forað yfir að sækja, sem brúka þarf." JÁM III, 426. 1840: "... heflir lítið tún og veitiland, en engi mikið á Laxárbökkum, vantar mótak ..." Sýslu- og sóknarlýsingar Gullbringu og Kjósarsýslu, 255. Túnakort 1917: Tún 4,9 teigar, garðar 1100 m^2.



Túnakort Sogns GK-350 frá árinu 1917

GK-350:001 *Sogn* bæjarhóll bústaður 64° 20.498N 21° 33.062V

Bærinn Sogn er við rætur Reynivallaháls, um 400 m ASA við Valdastaði 351:001 og um 1,4 km VNV við Reynivelli 348:001. Á þessu svæði er núverandi íbúðarhús byggt 1946, sléttað malarplan, gamalt steinsteypt fjós og stór barrtrjáreitur við norðvestur-horn fjóssins. Fast framan og SSV við malarplanið er brekka með lauf- og barrtrjálundi og malbikaðri heimreið heim að bænum. Brekkunni hallar í 5-10° til SSV. Bæjarlækurinn er enn á sínum stað og rennur



Bæjarstæði GK-350:001, horft til NNA

hann til SSV vestan við bæ en ábúendur hafa þó breytt rennsli hans neðan við gamla bæjarstæðið en þar rennur hann nú áfram í SSV í stað þess að beygja í SSA eins og sést á túnakorti frá 1917. Samkvæmt Snorra Ö. Hilmarssyni bónda á Sogni voru öll þau tré sem nú standa á bæjarstæðinu gróðursett árið 1991. Á heimasíðu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands er að finna almennar upplýsingar um Sogn í Kjós og ljósmynd af bænum frá því um 1918. Heimildamaður er Ingunn Þormar f.21.11.1921 en hún var í sveit að Sogni á sumrin frá 1926-1931. Þá var tvíbýli að Sogni. Þar segir m.a.: "Ekki er vitað hvenær bærinn var byggður en hann var rifinn um 1935 og steinhús byggt í staðinn. ... [Torfbær á ljósmynd frá 1918 og á túnakorti frá 1917:] Frá hægri: 1. Geymsla fyrir reiðtygi, ljái og allar þurrar vörur en áður fyrr bjuggu þarna foreldrar Gróu [Guðlaugsdóttur] og Jakobs [Guðlaugssonar]. 2. Inngangur. Ef farið var strax til hægri var gengið inn í geymsluna þar sem foreldrar Gróu [Ragnhildur Guðmundsdóttir og Guðlaugur Jakobsson] bjuggu áður. Innar voru hins vegar 3 tröppur og þar til hægri var herbergið þar sem Ragnhildur [Guðmundsdóttir], móðir Gróu, bjó nú en til vinstri var gengið inn í baðstofuna. 3. Þarna var búr og inn af því eldhús. Innar var síðan baðstofan þar sem heimilisfólkið bjó gisti [svo]. Í baðstofunni voru 4 rúm, 2 sitt hvoru megin. Oft var því tví- og þrímennt [svo] í hverju rúmi. 4. Smiðjan. Þar vann Jakob, se [svo] var járnsmiður, við að búa til skeifur og brýna ljái. 5. Geymslur fyrir Jakob, svipaðar þeim er Gróa og Sigurjón [Ingvarsson f. 29.10.1889] höfðu í húsinu lengst til hægri. 6. Steinhús [trúlega vestan við Bæjarlæk] þar sem Jakob bjó með fjölskyldu sinni. [Það sem ekki sést á ljósmynd:] Hægra megin við bæinn var fjósið [í bæjarröðinni samkvæmt túnakorti frá 1917], fjárhúsin [hugsanlega 008] voru vinstra megin en myndin er tekin fyrir framan hlöðuna [sjá 002]. ... Segir Ingunn að allur fatnaður hafi verið skolaður úti við læk eftir að hafa verið þveginn inni í eldhúsi. Til að ná sem mestu vatni úr hverri flík voru þær lagðar á stein og spýtum slegið í fötin. Það var útikamar við bæinn [nákvæm staðsetning óþekkt] ... Trégólf í baðstofunni en moldargólf annars staðar. Trégólfið var þvegið upp úr sandi. Vatn og sandur notað til að þvo gólfið, strigapoki notaður sem tuska. Bærinn var kyntur með taði og mó, ... Sérstök kynding kom ekki í baðstofuna fyrr en 1928 þegar fyrsti ofninn kom þangað." Samkvæmt túnakorti hefur bæjarstæðið verið a.m.k um 50x50 m að stærði. Á þessu svæði var m.a. sjálf bæjarröðin sem virðist hafa verið um 30x15 m að flatarmáli og snéri VNV-ASA, hlaða, þrjú útihús (002-004) og kálgarður 021. Gengið var inn í bæ að sunnanverðu. Engin greinileg merki um gamla bæinn eða bæjarhól.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; www.mennta.hi.is/vefir/saga/torf/2003/sogn_kjos

GK-350:002 heimild um hlöðu 64° 20.488N 21° 33.060V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús fast ASA við heimreið 012 og bæjarröð 001. Á heimasíðu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands er að finna almennar upplýsingar um Sogn í Kjós og ljósmynd af bænum frá því um 1918. Heimildamaður er Ingunn Þormar f. 21.11.1921 en hún var í sveit að Sogni á sumrin frá 1926-1931. Þar segir m.a.: "Ekki er vitað hvenær bærinn var byggður en hann var rifinn um 1935 og steinhús byggt í staðinn. ... [Torfbær á ljósmynd frá 1918. Það sem ekki sést á ljósmynd:] Hægra megin við bæinn var fjósið [í bæjarröðinni samkvæmt túnakorti frá 1917], fjárhúsin [hugsanlega 008] voru vinstra megin en myndin er tekin fyrir framan hlöðuna [002]." Samkvæmt lýsingum Ingunnar var umrætt hús sem hér er skráð hlaða. Á þessu svæði eru malarplan og nýleg útihús að Sogni. Engin greinileg merki um gamla bæinn eða bæjarhól sjást lengur vegna trjáræktar og rasks á 20. öld. Samkvæmt túnakorti hefur hlaðan verið aðskilin frá bæjarröð af heimreið 012 sem lá í suður frá aðalvegi 015 yfir

Bæjarlæk og þaðan í ASA norðan við bæ áður en hún beygði niður í SSV milli hlöðu og bæjarraðar og endaði við kálgarð 021. Hlaðan virðist hafa verið frekar lítil.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; www.mennta.hi.is/vefir/saga/torf/2003/sogn_kjos


GK-350:003 heimild um útihús 64° 20.489N 21° 33.078V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 30 m suðvestan við bæ 001 og um 15 m austan við Bæjarlæk. Á þessu svæði er þéttur trjálundur sem var gróðursettur árið 1991 í brekku sem hallar í 5-10° til SSV. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-350:004 heimild um útihús 64° 20.487N 21° 33.097V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús fast VSV við útihús 003 og um 5 m austan við Bæjarlæk. Á þessu svæði er þéttur trjálundur sem var gróðursettur árið 1991 í brekku sem hallar í 5-10° til SSV. Í trjálundinum glittir víða í grjót en engar greinilegar veggjahleðslur sjást. Ekki er þó útilokað að þúst 020 gæti hafa verið hluti af húsum 003 og 004 og garðlögum tengdum þeim.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-350:005 tóft fjárhús 64° 20.547N 21° 32.994V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 100 m norðaustan við bæ 001 og um 30 m NNA við götu 015. Tóftir hússins sjást enn um 110 m NNA við gamla bæjarstæði 001. Samkvæmt Snorra Hilmarssyni, heimildamanni, var húsið tveggja bursta fjárhús og hlaða og voru húsin enn uppistandandi um 1970. Á þessu svæði er grasigróinn, smáþýfður og grýttur hagi fyrir nautgripi ofan og norðan við bæinn, í fjallshlíð Reynivallaháls. Lítið er að verða eftir af fjárhúsinu annað en signar hleðslur og þústir. Samkvæmt Snorra Hilmarssyni var norðvesturhluti hússins jarðaður við jörðu en ekki er alveg ljóst hvenær. Uppspretta var í miðju fjárhúsinu. Aðeins er einn greinilegur veggur eftir. Hann er um 14 m á lengd og snýr norðaustur-suðvestur. Hleðslur eru nokkuð signar og grasigrónar, 0,5-1,2 m á hæð og um 2 m á breidd. Við norðausturenda veggjarins að suðaustanverðu virðist hafa verið lítið hólf 5x4 m að flatarmáli sem sneri eins og veggurinn en þar er nú (2011) aðeins þúst þó glittir í grjóthleðslur að suðvestan og suðaustan. Norðaustan og norðan við vegginn er 0,5-1 m há grasigróin þúst þar sem líklegast hefur verið hlaða. Þústin er um 18 x 12 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Veggurinn tengist þústinni á suðvesturhlið um 4 m norðvestan við SSV-horn hennar. Ein óljós dæld er í miðri þústinni, 0,2-0,4 m á dýpt og 4x2 m stórt. Húsin eru illa farin vegna ágangs nautgripa.



Fjárhústóft GK-350:005


Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-350:006 tóft rétt 64° 20.601N 21° 32.895V



Fráfærurétt GK-350:006, horft til vesturs

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 er útihús um 230 m norðaustan við bæ 001 og um 130 m norðaustan við fjárhús 005. Greinileg grjóthlaðin rétt A, ein þúst (D) og þrjú garðlög (B,C og E) eru um 240 m norðaustan við bæjarstæði 001 og samkvæmt Snorra Hilmarssyni heimildamanni var á þessum stað fráfærurétt. Á þessu svæði er grýtt grasigróin og smáþýfð brekka í hlíð Reynivallaháls sem hallar í 5-10° til SSV. Þessar minjar eru á svæði sem er um 40 x 20 m stórt snýr norður-suður. Rétt A er einföld, ferköntuð og grjóthlaðin, um 8 x 7 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Vegghleðslur eru um 1 m á breidd, 0,2-1 m á hæð og illa signar vegna ágangs nautgripa. Grjóti hefur verið rænt úr vegg hennar að norðvestanverðu við vesturhornið. Gengið var inn um rúmlega 1 m breiðan inngang á suðvesturvegg við suðurhorn réttarinnar. Tvö greinileg grjóthlaðin garðlög B og C liggja í ANA upp brekkuna út frá austurhorni (B) og í SSA niður brekkuna út frá suðurhorni réttarinnar (C). Garðlag A er svipað að ummáli og veggir réttar en aðeins um 6 m á lengd. Garðlag B er einnig grjóthlaðið en mjög sigið og um 30 m á lengd. Í suðurenda hverfur garðlagið í gras. Ekki er útilokað að garðlag C hafi náð lengra í suður. Hlutverk garðlaganna hefur trúlega verið til að beina fé að inngangi réttarinnar en einnig hugsanlegt að þeir hafi verið almennir vörslugarðar í haga. Um þrjá metra suðvestan við rétt A er óljós þúst D. Þústin er lítið annað en <0,3 m há grjótröð í grasinu sem gæti hafa markað ferkantað hólf, 5x4 m stórt (3x2 að innanmáli), sem sneri NNV-SSA. Í grasinu út frá suðurhorni þústarinnar hefur hugsanlega einnig verið um 25 m langt garðlag E sem er nú (2011) mjög sigið og grasigróið. Leifar D og E eru trúlega eldri en mannvirki A-C en ekki er ólíklegt að þau hafi gengt svipuðu hlutverki. Garðlögin virðast ekki hafa afmarkað neitt sérstakt svæði en ekki er útilokað að þau hafi skilið á milli haga ofan við heimatún. Ekki er vitað hvenær hætt var að færa frá að Sogni.



Fráfærurétt GK-350:006

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-350:007 *Lambhústún* heimild um lambhús 64° 20.523N 21° 33.223V
"Dúkar eru neðan við veg, vestur af bæ, þá Lambhústún, og Enni er þar vestur af, vestan við bæinn," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 140 m VNV við bæ 001 um 40 m sunnan við götu 015 og hefur það líklega verið það hús sem Lambhústún eru kennd við. Á þessu svæði er sléttuð grasflöt sem hallar í 2-5° til suðvesturs. Umhverfis flötina sem er um 30x20 m stór eru raðir af lauf- og barrtrjám. Samkvæmt túnakorti mætti ætla að húsið hafi verið þrískipt og um 15x12 m stórt. Líklega hefur því verið skipt í tvö fjárhús og hlöðu. Ekkert sést til fornleifa og ekki er vitað hvenær húsin voru rifin.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Sogn AG, 1-2

GK-350:008 þúst útihús 64° 20.496N 21° 33.113V
Á túnakorti frá árinu 1917 er merkt útihús um 5 m vestan við Bæjarlæk og um 20 m vestan við vesturenda bæjarraðar 001. Ingunn Þormar (f.21.11.1921) fjallar um bæjarröðina í frásögn á heimasíðu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands: "Hægra megin við bæinn var fjósið [í bæjarröðinni samkvæmt túnakorti frá 1917], fjárhúsin voru vinstra megin en myndin er tekin fyrir framan hlöðuna [sjá 002]." Ekki er ólíklegt að útihús 008 séu fjárhúsin sem Ingunn nefnir. Á þessu svæði er grasigróin brekka sem hallar um í 5° til SSV og eru barrtré, víðir og önnur lauftré gróðursett víða á svæðinu vestan við Bæjarlækinn. Í grasinu er þúst, 5x5 m stór og <0,3 m á hæð. Hún er aflöng og ógreinilega ferköntuð og hugsanlega gæti verið leifar af gömlu húsi en engin greinanleg dæld er í henni miðri.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; www.mennta.hi.is/vefir/saga/torf/2003/sogn_kjos

GK-350:009 heimild um myllu 64° 20.497N 21° 33.096V
Á túnakorti frá árinu 1917 er lítið mannvirki sýnt yfir Bæjarlækinn um 15 m vestan við bæ 001 og um 5 m austan við útihús 008. Í örnefnaskrá Valdastaða segir svo: "Þorbergur man aðeins eftir þremur myllum í Kjósinni: Á Valdastöðum [351:026], Sogni og Meðalfelli [336:015],". Ekki er alveg víst að mannvirki 009 sé myllan sem um er rætt en það er fremur líklegt þó mannvirkið gæti vissulega einnig hafa verið brunnhús. Á þessu svæði er farvegur Bæjarlækjar mjór og grýttur og stór trjárunni sprottinn upp úr bakkanum. Lítið vatnsrennsli var í læknum þegar skráning var gerð sumarið 2011 en samkvæmt Snorra Hilmarssyni bónda í Sogni getur rennslið oft orðið ansi mikið. Búið er að setja lækinn í rör aðeins ofar undir veg sem liggur VNV-ASA. Ekkert sést til mannvirkja.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Valdastaðir BP, 3

GK-350:010 heimild um óþekkt 64° 20.548N 21° 32.871V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var hlaðinn garður fast austan við mýri og fast norðan við gamla veg 023. Garðurinn var um 170 m ANA við bæ 001 og um 100 m austan við útihús 005. Á þessu svæði er smáþýfð, grasigróin og grýtt fjallshlíð Reynivallaháls sem hallar í 5-20° til SSV. Svæðið er nú (2011) nýtt sem hagi fyrir nautgripi. Ekkert sést til fornleifa. Hlutverk þessa garðlags er óljóst en líklega hefur það verið annað hvort túngarður eða varnargarður gegn flóðum úr lækjunum sem renna ofan af Reynivallahálsi. Ekki er ólíklegt að garðlag 010 hafi á einhvern hátt tengst garðlögum 006 og/eða 016 um 70 norðar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-350:011 tóftir óþekkt 64° 20.124N 21° 33.142V
Á engjum Sogns innan girðingar eru tveir þýfðir og rúnaðir rústahólar um 650 m sunnan við bæ 001 og um 250 m austan við Rúst 351:032. Á þessu svæði er þýft grasigróið flatlendi og mýri. Hólarnir eru á svæði sem er um 70 x 30 m stórt og snýr norður-suður. Hólarnir eru mjög hlaupnir í þúfur vegna ágangs búpenings. Hóll A er sunnar og í honum miðjum er einfalt og aflangt ferkantað hólf eða tóft. Tóftin er um 8x5 m stór og snýr NNV-SSA. Veggir tóftarinnar eru lítið annað en þúfur 0,2-0,5 m á hæð og virðast þeir hafa verið um 1 m á breidd. Innanmál er 5x3 m en enginn greinilegur inngangur er inn í tóftina. Rofabörð eru víða í veggjum. Umhverfis hólfið í brún tóftarhólsins er garðlag sem myndar aflangt og rúnað gerði sem er um 24 x 18 m stórt. Garðlagið er um 2 m á breidd en er mjög sigið og <0,5 m á hæð. Enginn greinilegur inngangur er í gerðið. Gerði og tóft standa saman 0,5-1 m upp úr þýfðri mýrinni. Rústarhóll B er um 50 m norðan við tóft A og stendur hún um 1 m upp úr mýrinni. Þúst B er mjög þýfður hringur sem er um 18 m í þvermál. Ekkert greinilegt hólf er hægt að greina í miðju hringsins en ekki er útilokað að þar hafi verið hólf eða tóft. Líklega hefur brún þústarinnar verið hringlaga garðlag eða gerði sem nú hefur sigið í 2-4 m breiðan þúfuhring sem stendur 0,2-0,5 m uppúr graslendinu á þústinni. Hlutverk þessara mannvirkja er óþekkt en ekki er ólíklegt að hér hafi verið heystæði, beitarhús og/eða stekkur frá Sogni. Engar grjóthleðslur sjást á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna rofs




Rúnaðir rústahólar GK-350:011A og GK-350:011B, horft til suðurs og vesturs

GK-350:012 heimild um leið 64° 20.532N 21° 33.112V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1918 var heimreið heim að Sogni úr norðri niður frá þjóðleið 015 inn Laxárdal og yfir Bæjarlæk um 20 m NNA við útihús 009. Á þessu svæði er skógræktarsvæði og graslendi í brekku sem hallar í 5-10° til SSV. Ekkert sést til götu vegna rasks og trjáræktar. Samkvæmt túnakorti lá leiðin í suður frá aðalvegi 015 yfir Bæjarlæk og þaðan í ASA norðan við bæ 001 áður en hún beygði niður í SSV milli hlöðu 002 og bæjarraðar og endaði við kálgarð 021.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-350:013 *Kvíaskriða* tóft kvíar 64° 20.454N 21° 31.715V
"Kvíaskriða er undan Litlahjalla vestan Bolla," segir í örnefnaskrá. Grjóthlaðnar kvíar eru austan við Kvíaskriður um 1,1 km austan við bæ 001 og um 450 m NNV við Reynivelli 348:001. Tóftin er í grasi- og mosagróinni mýri upp undir klettum Reynivallaháls, um 100 m ofan og NNA við íbúðarhús við landamerki Reynivalla og Sogns. Mýrlendri brekkunni hallar í 5-10° til suðvesturs. Tóftin er tvískipt og L-laga. Hún er um 8 x 4-6 m stór á breidd og snýr norðvestur-suðaustur. Hólf A er um 4 x 2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Gengið var inn í hólfið á suðausturhlið um 0,5 m breiðan inngang, um 1 m frá suðvesturenda hólfsins. Hólf B er suðaustan við norðausturenda hólfs A. Um 1,5 m breiður veggur skilur hólfin að. Hólf B er um 2,5 x 1,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Gengið var inn í hólfið í vesturhorni þess um 0,5 m breiðan inngang á suðvesturvegg á ská á móti við inngang inn í hólf A. Hleðslur tóftar eru signar en veggir eru um 1 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Grjót í veggjum er mosa- og grasigróið að hluta. Nokkuð er um hrunið grjót bæði utan og innan við tóftina.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Sogn PB, 1



Kvíar GK-350:013, horft til norðvesturs

GK-350:014 garðlag áveita 64° 20.316N 21° 33.287V
Samkvæmt Pétri Lárussyni bónda í Káranesi var umfangsmikið áveitukerfi á flóðsléttum Laxár í Kjós norðan Hurðarbaks yfir allan dalbotninn milli Meðalfells og Reynivallaháls vestan frá Káranesi 320:001 austur dalinn í átt að Vindási 347:001. Í heimildum má finna örlitlar upplýsingar um áveiturnar. Í örnefnaskrá Káraness segir: "Engjarnar liggja fyrir austan Káranessef og norðan við Hurðarbakssef. Austur af

Káranessefjum heita Skákir, sem þeir eiga hver fyrir sig. Svo heitir þar Flóðgarður, og austur af því er Kolsengi." Í örnefnaskrá Sogns segir: "Austurflóð og Vesturflóð: Þessar áveitur voru gerðar í minni Guðmundar [f. 1907], þannig að Kíllinn var stíflaður. Kíllinn er farvegur með pyttum, sem liggur eftir mýrunum þvert yfir landið." Í bókinni Ljósmyndir II eftir Halldór Jónsson segir um áveitur í Laxárdal: "Nokkur eftir 1920 var hjer að Reynivöllum hafizt handa um að byggja flóðgarða á engjum prestsetursins með láni úr kirkjujarðasjóði." Halldór talar aðeins um að gerðir hafi verið flóðgarðar í landi Reynivalla, Sogns, Suðurness og Káraness. Ekkert kemur fram í frásögn hans um áveitugarða í landi Hurðarbaks en þó er ekki óvíst að garðlög eða áveituskurðir hafi verið gerð þar líka um leið og unnið var í Káraneslandi. Ef svo hefur verið hafa þeir líklega horfið í ræktun Gunnars Holms bónda á Hurðarbaki (1939-1946) sem lét slétta mikið land með vélum (Ljósmyndir I). Hluti þessa mikla áveitukerfis hefur verið skráður annars staðar í Laxárdalnum í landi Þorláksstaða (GK-318:027), Káraneskots (GK-321:011), Hurðarbaks (GK-319:017), Sogns (GK-350:014) og Reynivalla (GK-348:037). Litlar sem engar greinilegar leifar áveitunnar finnast í undirlendi Valdastaða GK-351 eða Hurðarbaks GK-317 vegna sléttunar. Erfitt er að ná skýrri heildarmynd af kerfinu vegna rasks á 20. öld. Kíllinn er mýrarkelda sem liggur VNV-ASA í landi Sogns, Reynivalla GK-348 og Valdastaða GK-351. Búið er að ræsa hann fram með djúpum skurðum í landi Sogns en hnit 014 var tekið á brúnni yfir Kílinn. Engjar í landi Sogns hafa að stórum hluta verið ræstar fram og ræktaðar en á stöku stað sjást þó sjá leifar garðlaga á óræktarblettum á norðurbakka Laxár hér og þar. Samkvæmt Pétri Lárussyni var vatn leitt úr Laxá ofarlega í dalnum og voru áveitur yfir allan dalinn milli fjalla, alveg vestur að Káranesi. Mikið graslendi er á flóðasléttum Laxár sem bændur vildu nýta og voru verkfræðingar fengnir til þess að mæla hæðarmun í landi og byggja áveitukerfið. Var landið hallamælt nákvæmlega og vatni úr Laxá var veitt þangað sem landið var hæst (hugsanlega í Kílinn?). Áveituskurðir voru grafnir undan halla landsins á meðan garðlög voru hlaðin þvert á hallann og mynduðu þau flóðhólf sem lokuðu inni vatnið. Hvert flóðhólf var lægra en það næsta. Vatnshlið voru á öllum hólfum frá áveituskurðunum sem héldu vatni inni meðan vatni var hleypt á en úti þegar því var veitt af fyrir sláttu. Áveitan jók grassprettu til muna fyrir kindur og kýr en vatnið var haft á í um tvo mánuði. Veitt var á þegar voraði, yfirleitt í byrjun apríl, og veitt af síðast í maí. Slegið var í júní í fyrstu með orfi og ljá en seinna með vélum. Auðvelt var að heyja með vélunum þegar sumur voru þurr en mjög erfitt þegar þau voru blaut. Þó að áveitukerfi sé of ungt til að teljast til fornleifa samkvæmt lögum er það hér skráð enda eru mannvirkin merkilegur vitnisburður um framkvæmdir og framsýni bænda á fyrri hluta 20. aldar. Síðast var veitt á milli 1960 og 1970. Í landi Sogns sjást leifar af áveitugörðum á ósléttuðu landsvæði um 500 m suðaustan við bæinn á norðurbakka Laxár, stutt sunnan við Kílinn. Svæðið er um 1000x400 m að



Áveita GK-350:014, horft til SSV

flatarmáli og snýr austur-vestur. Þegar loftmynd af svæðinu er skoðuð má ætla að tæplega 1,5 km af signum 0,5-1 m breiðum og 0,2-1 m háum torfhlöðum garðlögum finnist á svæðinu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Káraneskot, 2; Ö-Sogn PB, 2; Ljósmyndir II, 191; Ljósmyndir I, 186-187

GK-350:015 gata leið 64° 20.533N 21° 33.126V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 lá þjóðvegurinn úr VNV inn Laxárdal í ASA um 60 m ofan við Sogn (sjá einnig 348:023). Vegurinn er ennþá greinilegur ofan og norðan við skógræktarsvæðin að Sogni og neðan og sunnan við langan ræsiskurð sem er samsíða veginum. Röð af barr- og lauftrjám er á milli skurðar og vegar. Brekkan neðan við veginn hallar í 5-10° til SSV. Vegurinn er nú (2011) grasigróinn, um 4 m breiður og <0,3 m djúpur slóði. Hann sem liggur ASA-VNV ofan við bæinn. Sunnan við veginn er um 0,5 m hár og 0,5-1 m breiður grasigróinn bakki sem hallar í 30-40° til SSV. Austan við Sogn og í landi Valdastaða í vestri er vegurinn horfinn í tún. Vegurinn hefur verið um 1,4 km langur í landi Sogns. Framhald þessa þjóðvegar var einnig skráð í landi Valdastaða (GK-351:023) og í landi Reynivalla (GK-348:023).



Gata GK-350:015, horft til ASA

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-350:016 garðlag vörslugarður 64° 20.590N 21° 32.867V
Garðlag liggur upp hlíð Reynivallháls 5-20 m austan við garðlag 006 og um 220 m norðaustan við bæ 001. Á þessu svæði er fjallshlíð Reynivallaháls smáþýfð, grýtt og grasigróin. Brekkunni hallar í 10-20° til SSV á þessum slóðum. Svæðið er nýtt sem hagi fyrir nautgripi. Ekki er alveg víst að hér sé um mannvirki að ræða. Hið meinta garðlag er nú (2011) lítið meira en grjóthrúga sem er um 150 m á lengd, 1,5-2 m á breidd og 0,2-0,4 m á hæð og snýr gróflega norður-suður upp í fjallshlíðina. Engin greinileg umför eru sjáanleg. Ummerkin gætu verið leifar af vörslu- eða varnargarði.




Garðlag GK-350:016, horft til NNA

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-350:017 tóft brunnur 64° 20.608N 21° 32.963V
Lítil vatnsuppspretta/brunnur er í hlíð Reynivallaháls um 220 m NNA við bæ 001 og um 55 m VNV við stekk 006. Á þessu svæði er fjallshlíð Reynivallaháls smáþýfð, grýtt og grasigróin. Brekkunni hallar í 10-20° til SSV á þessum slóðum. Svæðið er nýtt sem hagi fyrir nautgripi. Líklega hefur verið einhver yfirbygging yfir brunninn því grjóthleðslur eru greinilegar á þrjár hliðar (1-2 umför) að norðan, austan og vestan og er innanmál um 2x2,5 m. Hleðslur eru <0,5 m á hæð og ofan við brunninn er um 0,5-1 m hár náttúrulegur grasigróinn bakki. Tóftin snýr VNV-ASA en trúlega var gengið inn að sunnan. Samkvæmt Snorra Hilmarssyni bónda á Sogni voru mjög lengi timburbitar og annað drasl í kring um brunninn sem nú (2011) er fullur af vatni og drullu. Lítil lækjarspræna rennur í SSV frá brunninum. Brunnurinn sjálfur er um 1 m á dýpt. Ekki er ljóst hvenær hætt var að nota brunninn frá Sogni en nautgripir nýta sér hann ennþá.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Rústir brunnhúss GK-350:017, horft til VNV

GK-350:018 tóft óþekkt 64° 20.594N 21° 33.032V
Sigin, grjóthlaðin tóft er í hlíð Reynivallaháls um 180 m norðan við bæ 001 og um 60 m VSV við brunn 017. Hlíðin er á þessu svæði grýtt, grasigróin og smáþýfð brekka. Henni hallar í 10-20° til SSV. Tóftin er grjóthlaðin, um 7 x 6 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Hleðslur eru svotil útflattar eða aðeins 0,2-0,5 m á hæð (stærstu steinarnir). Veggirnir hafa verið um 1 m á breidd en mikið grjóthrun er inni í tóftinni og enginn inngangur er sjáanlegur. Innanmál hefur trúlega verið um 5x4 m en það er nokkuð óljóst vegna hruns. Hlutverk þessarar tóftar er óljóst en ekki er útilokað hleðslur hafi að einhverju leyti verið rændar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Tóft GK-350:018, horft til suðausturs

GK-350:019 garðlag varnargarður 64° 20.429N 21° 33.108V
Grjóthlaðinn varnargarður er á brún austurbakka Bæjarlækjar, um 30 m VSV við bæ 001 og um 10 m vestan við þúst 008. Bæjarlækurinn er í vesturjaðri trjálundar á bæjarstæði 001. Farvegur lækjarins er nokkuð grýttur á þessu svæði, 0,3-1 m á breidd og 0,3-1 m á dýpt. Lækurinn rennur í SSV. Greinilegar grjóthleðslur eða varnargarður er í austurbakka Bæjarlækjar. Hleðslurnar eru 1-1,5 m á breidd (2-4 umför) og er grjótið grasi- og mosagróið. Garðurinn er 0,5-1,2 m á hæð, um 15 m á lengd og snýr NNA-SSV. Garðurinn endar við nýlegan malarveg og lækjarrör í norðri og hverfur í suðri þar sem lækjarfarvegi var breytt af ábúendum.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

GK-350:020 þúst óþekkt 64° 20.488N 21° 33.105V
Í þéttum lundi á bæjarstæði 001 er illa gróin þúst um 5 m suðaustan við varnargarð 019. Á þessu svæði er tjálundurinn í brekku sem hallar í 5-10° til SSV. Þústin er lítið annað en moldarhrúga en víða glittir í hleðslur. Hrúgan er aflöng og 0,2-0,5 m á hæð. Hún er um 15x2 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Hugsanlega gæti ummerkin verið leifar af hleðslum/garðlögum umhverfis bæjarstæði 001 eða úr veggjum útihúss 004.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

GK-350:021 heimild um kálgarð 64° 20.488N 21° 33.060V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var kálgarður 5-10 m sunnan við bæjarröð 001, fast austan við útihús 003 og 5-10 m SSV við hlöðu 002. Á þessu svæði er trjálundur, malbikuð heimreið heim að núverandi íbúðarhúsi og nýleg útihús. Ekkert sést til fornleifa en samkvæmt túnakorti var garðurinn um 30x20 m stór og snéri VNV-ASA.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-350:022 heimild um kálgarð 64° 20.482N 21° 33.084V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var kálgarður fast sunnan við suðvesturhorn kálgarðs 021 og um 15 m sunnan við útihús 003. Á þessu svæði er trjálundur og graslendi vestan við malbikaða heimreið heim að núverandi íbúðarhúsi. Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt túnakorti var garðurinn um 20x10 m stór og snéri VNV-ASA.


Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-350:023 heimild um leið 64° 20.533N 21° 32.901V
Samkvæmt túnakorti Sogns frá árinu 1917 lá gamall vegur í ANA út frá vegi 015 um 110 m ANA við bæ 001. Á þessu svæði er smáþýfð, grasigróin og grýtt fjallshlíð Reynivallaháls sem hallar í 5-20° til SSV. Svæðið er nú (2011) nýtt sem hagi fyrir nautgripi. Ekkert sést til þessa gamla vegar en hann hefur trúlega verið hluti af vegi 015 áður en stefnu hans var breytt í austur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-355 Hvítanes

20 hdr. 1705. JÁM III, 435. 1585: Jörðin gefin í arf. Metin á 20 hdr. Jarðabréf, 18. Í eyði frá um 1942, í Hvítanesi byggði herinn mikið af byggingum, herskálahverfi o.fl. og lagðist jörðin því í eyði. Vígdrekar og Vopnagnýr, 69-76. Í bókinni Kjósarmenn eftir Harald Pétursson segir: "Jón Helgason og síðari kona hans Lára Þórhannesdóttir bjuggu í Hvítanesi 1933-1941, en hrökkluðust þaðan er jörðin var hernumin. Þar hefur ekki verið búið síðan." Kjósarmenn, 81. 1705: "Túnum og úthögum spillir fjallsskriða. Engjar eru nær öngvar, því skriður hafa mestan part eyðilagt þær litlar sem voru." JÁM III, 435. 1840: "... þar er stór tún, rammþýft. Engi lítið grasgott og lítið land til veitar - ekki óhult fyrir aurskriðum á túnið." SSGK, 255. Túnakort 1917: "Mest alt túnið sléttað, smáblettir og jaðrar þýfðir. Tún telst 5,9 t. (Mikil útgræðsla). Kálgarðar 950 m^2."




Túnakort Hvítaness GK-355 frá árinu 1917

GK-355:001 *Hvítanes* bæjarhóll bústaður 64° 21.716N 21° 30.216V "Kálgarður var austan við bæinn, en þegar byggt var, 1914, var gamli bærinn jafnaður við jörðu og gerður kálgarður þar; hann var þá vestan við bæinn. Snúrur voru framan við bæinn. Talið var vita á þurrk, þegar lét hátt í Glym í Botnsdal," segir í örnefnaskrá. Í bókinni Ljósmyndir segir um Hvítanes: "Bætti Sveinbjörn [Einarsson, kemur 1907, fer 1921] mikið túnið í Hvítanesi, byggði þar lítinn steinbæ í stað baðstofunnar gömlu og stendur hann enn að mestu. ... Var jörðin Hvítanes mjög notaleg jörð, túnin stór og grasgefin, en engjar litlar. Hafði túnið verið stórbætt á liðnum áratugum, byggð heyhlaða, votheyshlaða og allgóð fénaðarhús. Allt þetta mátti heita í góðu lagi, er herstjórnin tók jörðina til sinna umráða [árið 1941]." Bæjarhóllinn á Hvítanesi er suðvestarlega á nesinu um 200 m norðan við Hvalfjarðarveg, um 3 km NNA við

Reynivelli 348:001 og um 2,5 km VNV við Fossá 356:001. Hvítanes hefur verið í eyði síðan herinn yfirgaf Ísland eftir seinni heimstyrjöldina fyrir utan lítinn sumarbústað norðaustarlega á nesinu. Hvítanes er vel grasigróið, sérstaklega bæjarhóllinn, en brenninetlur eru búnar að breiða úr sér, sérstaklega á gömlum steingrunnum herskálanna. Landið hallar í um 5-20° til NNA. Á austan- og norðaustanverðu nesinu er láglent við sjóinn en að norðvestan og vestan hækkar landið mjög til suðvesturs. Þverhnípt er niður í sjó um 180 m vestan við bæinn. Bæjarhóllinn á Hvítanesi virðist alveg óraskaður af hernum, a.m.k. í kring um bæinn sjálfan. Hóllinn er ekki mjög skýr en hægt er að greina óljósa 0,5-1,5 m háa hæð í landinu þar sem bæjarhúsin standa, á svæði sem er um 70 x 50 m stórt og snýr ASA-VNV. Steinveggir yngsta íbúðarhúss 001B sem byggt var 1914 standa ennþá uppi illa farnir en þakið er horfið. Steypuklumpar sem liggja á víð og dreif inni og utan við íbúðarhúsið og gömlu útihúsin sýna að veggirnir eru smám saman að hrynja. Leifar skorsteins liggja í grasinu um 4 m norðvestan við rústir íbúðarhússins. Lítil op í hleðslu íbúðarhússins, neðst við jörðu gefa vísbendinu um að hugsanlega hafi verið kjallari undir húsinu. Útlínur kálgarðs 008 sjást ennþá en engin greinileg ummerki eru sjáanleg um gamla bæinn sem þar stóð áður. Steypan sem notuð var í að reisa yngsta húsið er mjög gróf og samsett úr fjörumöl, sandi og sementi. Veggirnir eru um 20 cm á breidd



Bæjarhóll Hvítaness GK-355:001, horft til ANA



Bæjarstæði Hvítaness GK-355

og 1,5-3 m hæð. Yngstu útihúsin voru einnig steinsteypt. Grunnur íbúðarhúss 001B er 8x8 m að stærð. Gengið hefur verið inn bæinn að norðvestan. Fast norðvestan við húsið norðaustan við innganginn glittir í lágar grjóthleðslur sem eru trúlega leifar lítils timburskúrs, 4x4 m að stærð, sem sýndur er á túnakorti. Yngstu útihúsin eru um 2 m ANA við íbúðarhúsið, þau eru þrískipt og um 12x12 m að stærð. Þau hafa verið byggð eftir 1917 því þau eru ekki sýnd á túnakorti Hvítaness. Útihúsin voru steypt upp að norðvestanverðri útihústóft 004 sem búið var að hlaða 1917 því hún er sýnd á túnakorti. Hægt var að ganga inn í útihúsin bæði að norðaustan og suðvestan.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Hvítanes, 7; Ljósmyndir I, 49, 51

GK-355:002 heimild um útihús 64° 21.707N 21° 30.199V
Inn á túnakort frá árinu 1917 er merkt lítið útihús um 5 m ASA við íbúðarhús 001B. Á þessu svæði er sléttuð grasflöt og gamall brunnur 019B. Ekkert sést til fornleifa en samkvæmt kortinu var húsið um 3x2 m stórt og snéri norðaustur-suðvestur. Húsið hefur trúlega vikið fyrir steinsteyptu útihúsunum sem enn standa að hluta á bæjarhólnum (sjá 001).

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

GK-355:003 heimild um útihús 64° 21.708N 21° 30.195V
Inn á túnakorti frá árinu 1917 er merkt lítið útihús um 5 m austan við íbúðarhús 001B og um 2 m norðaustan við útihús 002. Á þessu svæði er sléttuð grasflöt, steinsteyptar útihúsarústir og gamall brunnur 019B. Ekkert sést til fornleifa en samkvæmt kortinu virðist húsið hafa verið um 3x2 m að stærð og snúið norðvestur-suðaustur. Húsið hefur trúlega vikið fyrir steinsteyptu útihúsunum sem enn standa að hluta á bæjarhólnum (sjá 001).

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

GK-355:004 tóft fjós 64° 21.709N 21° 30.178V
Inn á túnakort Hvítaness frá árinu 1917 er merkt þrískipt útihús um 25 m austan við íbúðarhús 001B og 4 m suðaustan við kálgarð 008. Þetta útihús stendur enn þótt suðvestasta hólf þess hafi verið jafnað við jörðu. Útihúsið er í ASA jaðri bæjarhólsins á grasigrónum bala. Fast upp við það að VNV-verðu eru stein-steyptar rústir yngstu útihúsanna í Hvítanesi. Um 2 m suðvestan við suðvesturhorn tóftarinnar er brunnur 019B. Þar sem áður stóð suðvestasti hluti hússins samkvæmt túnakorti er nú sléttaður grasigróinn bali.



Fjóstóft GK-355:004, horft til norðausturs

Útihústóftin er tvískipt, um 26 x 12 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir þess eru grjót- og torfhlaðnir og grasigrónir, 1-2,5 m á hæð og 2-7 m á breidd. Grjóthleðslur eru greinilegar. Hólf A er nær íbúðarhúsi 001B. Hólfið er um 8 x 4 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Suðvesturendi hólfsins er opinn svo trúlega hefur verið þar timburþil. Við norðausturenda þess á norðvesturvegg hafa hugsanlega verið dyr sem fallið hafa saman. Frá hólfi A yfir í hólf B eru um 6 m löng og 1 m breið göng. Veggir tóftarinnar sitt hvoru megin við göngin eru mjög breiðir eða 4 m að norðvestan og 7 m að suðaustan. Annars eru þeir 2-4 m á breidd. Göngin eru að mestu fallin saman. Hólf B er um 9 x 5 m að innanmáli og snýr eins og hólf A. Hófið er um 2,5 m djúpt, um 0,5 m dýpra en hólf A og göng. Á norðvesturvegg í vesturhorni virðast hafa verið 1 m breiðar dyr. Ekki er ólíklegt að hólfið hafi verið hlaða hugsanlega með hlöðugat á norðausturgafli þaksins. Fast norðaustan við hólf B er um 0,5 m hár grasigróinn stallur og glittir í grjóthleðslur í norðvesturhlið hans. Milli stallsins og suðausturveggs kálgarðs 008 er um 2 m breiður stígur eða tröð sem liggur í suðvestur upp að yngstu steinsteyptu útihúsarústunum sem byggð voru þar sem hús 002 og 003 voru áður. Nálægð við bæ og byggingarlag gæti gefið til kynna að í tóft A hafi eitt sinn verið fjós. Mjög líklegt er að tóft 004 hafi áður verið hluti af gömlu bæjarröðinni áður en hún var rifin.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

GK-355:005 heimild um útihús 64° 21.691N 21° 30.074V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 90 m ASA við útihús 004. Á því svæði sem húsið stó eru nú (2010) grasigrónir steinsteyptir grunnar herbragga, fast norðvestan við malarveg niður á nes. Samkvæmt túnakorti er útihúsið aðeins lítill kofi, um 4x4 m að stærð. Ekkert sést til fornleifa. Örnefni sem þekkjast á þessu svæði eru m.a. Fjárhústún og Hesthúshóll og er því e.t.v. líklegast að kofinn hafi verið hesthús.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

GK-355:006 heimild um heygryfju 64° 21.698N 21° 30.063V
Samkvæmt túnakorti var egglaga mannvirki um 95 m ASA við útihús 004 og um 15 m NNA við útihús 005. Á því svæði sem húsið stóð eru nú (2010) grasigrónir steinsteyptir grunnar herbragga, fast norðvestan við malarveg niður á nes. Ekkert sést til fornleifa en samkvæmt túnakorti var mannvirkið um 5x4 m að stærð og lá norðvestur-suðaustur. Á túnakorti bæjarins Meðalfells GK-336:001 er svipað egglaga mannvirki GK-336:006 sem talið er að hafi verið súrheysgryfja svo ekki er ólíklegt að súrheysgryfja hafi verið á þessum stað í Hvítanesi.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917; FS394-07121, 76-77

GK-355:007 heimild um útihús 64° 21.707N 21° 30.048V
Samkvæmt túnakorti var útihús um 105 m austan við útihús 004 og um 20 m norðaustan við mannvirki 006. Á því svæði sem húsið stóð eru nú (2010) grasigrónir steinsteyptir grunnar herbragga, fast norðvestan við malarveg niður á nes. Samkvæmt túnakorti var útihúsið um 4x4 m að stærð. Ekkert sést til fornleifa. Örnefni sem þekkjast á þessu svæði eru m.a. Fjárhústún og Hesthúshóll. Ekki er ólíklegt að húsið hafi verið hesthús fremur en fjárhús.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917

GK-355:008 hleðsla kálgarður 64° 21.716N 21° 30.216V
"Kálgarður var austan við bæinn, en þegar byggt var, 1914, var gamli bærinn jafnaður við jörðu og gerður kálgarður þar; hann var þá vestan við bæinn. Snúrur voru framan við bæinn. Talið var vita á þurrk, þegar lét hátt í Glym í Botnsdal," segir í örnefnaskrá. Enn (2010) sjást leifar kálgarðsins sem nýttur var eftir 1914 fast norðvestan við og norðan við rústir íbúðarhúss 001B. Á þessu svæði er sléttað graslendi á norðvestanverðum bæjarhólnum. Báðir kálgarðar, yngri og eldri, sem nefndir eru í örnefnaskrá hafa líklega verið á svipuðu svæði á bæjarhólnum. Greinilegar, 0,5-1 m háar grjóthleðslur sjást ennþá norðvestan, norðaustan og suðaustan við kálgarð 008 en aðeins ytri hlið hleðslnanna er sjáanleg. Kálgarðurinn virðist hafa verið um 44 x 21 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Skörð eru víða í garðinum. Garðurinn er grasigróinn og norðausturhlið er mest áberandi. Suðvesturendi suðausturveggjar kálgarðsins nær upp að norðausturvegg yngstu útihúsanna. Suðvesturendi norðvesturveggjar fjarar út í grasigrónu túni um 30 m norðvestan við bæ 001B.


Garðhleðslur GK-355:008, horft til suðausturs


Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Hvítanes, 7

GK-355:009 heimild um leið 64° 21.702N 21° 30.215V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 lá heimreiðin að Hvítanesi heim að bæ 001B úr VSV frá Hvalfjarðarvegi. Í bókinni Ljósmyndir II eftir Halldór Jónsson eru upplýsingar um Hvítanes frá árinu 1899. Þar segir m.a.: "Upphleyptur smáspotti var fyrir ofan Hvítanes, mjög ófullkominn." Líklegast er átt við heimreiðina heim að bæ. Á þessu svæði er sléttað tún. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Túnakort 1917; HJ: Ljósmyndir II b, 35

GK-355:010 þúst beitarhús 64° 21.645N 21° 30.335V
Ógreinileg beitarhúsaþúst er um 150 m suðvestan við bæ 001B og um 10 m norðaustan við þjóðveg 47. Á þessu svæði er grasigróin og þýfð fjallshlíð sem hallar í 5-20° til NNA. Beitarhúsin hafa ekki verið notuð síðan fyrir seinni heimsstyrjöld og eru mjög sigin og grasigróin. Aðeins steinsteypt rollubaði og grjóthlaðnar undirstöður garða eru greinileg en þau eru einnig smátt og smátt að hverfa í þúfur. Þústin hefur hugsanlega verið tvískipt, snýr norðaustur-suðvestur og veggir hennar eru <0,5 m á hæð. Utanmál hefur trúlega verið um 9-12 x 13-14 m að utanmáli. Innanmál er greinilegra en

utanmál. Hólf A er um 12 x 5 m stórt. Garðaundirstöðurnar eru grjóthlaðnar, um 1 x 9 m stórar og <0,5 m á hæð. Rollubað er í norðausturenda garðans, við inngang tóftarinnar. Það er um 2 x 1 m stórt og a.m.k. 0,4 m á hæð. Tóftin hefur líklega verið tvískipt þar sem ógreinilegar hleðsluleifar B eru fast ASA við hólf A. Leifarnar eru of ógreinilegar til að hægt sé að sjá nokkuð út úr þeim. Þúst 010 er hugsanlega af grjót- og torfhlöðnum húsum en þó gætu rýrir veggir þýtt að húsin hafi verið timburhús. Þrátt fyrir að óvíst sé að húsið sé nógu gamalt til að teljast til fornleifa samkvæmt lögum er það hér látið njóta vafans.



Beitarhúsþúst GK-355:010

Hættumat: engin hætta

GK-355:011 heimild um mógrafir 64° 21.860N 21° 30.037V
"Vestan til í miðju Nesinu, neðan við bæinn, var Móholt. Þar var þurrkaður mór, en hann var tekinn rétt neðan við holtið. Þetta var lélegt mótak, u.þ.b. fjórar stungur voru niður á móinn, en síðan voru ekki notaðar nema tvær stungur af mó. Hann var hitamikill og harður, en magnið var mjög lítið. Mó fengu þau að taka úti í Hvammsvík eða Hvammi. Hann var þurrkaður þar og síðan fluttur á bát að Hvítanesi. Síðan var hann fluttur í hripum, á reiðingshestum, frá bátnum. Mórinn var góður í Hvammi, níu stungur." segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning mógrafanna er nú óþekkt en þær voru líklega um 320 m NNA við bæ 001. Á þessu svæði er Hvítanes sundurgrafið vegna flotastöðvar 024 og steinsteypts grunns stórrar skemmu. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvítanes, 6

GK-355:012 heimild um leikvöll 64° 21.606N 21° 30.182V
"Annað holt var rétt fyrir ofan Móholt, nafnlaust. Það var fallegt holt; mjög fallegir klettar voru vestan í því. Þar í klettunum var skemmtilegt sæti, mjög eftirsótt af börnunum, og fóru ýmsir barnaleikir fram þarna. Klettarnir voru sprengdir á hernámsárunum og notaðir í mannvirki," segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning klettanna er nú týnd en líklega voru þeir um 190 m norðan við bæ 001. Á þessu svæði eru grasigrónar brekkur og ógrónir klettahjallar. Í sendnum bolla er 3-4 m háir klettar sem vel gætu hafa verið sprengdir. Sendinn bollinn gæti gefið til kynna að efni hafi verið hér fjarlægt. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvítanes, 6

GK-355:013 heimild um ristu 64° 21.855N 21° 29.968V
"Reiðingstorf fannst hvergi, en torf á hey var rist niðri í mýri, í Nesinu," segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning ristunnar er nú óþekkt hún var líklega á nesinu um 300 m norðaustan við bæ 001B. Á þessu svæði er Hvítanesið allt sundurgrafið og vegna flotastöðvar 024. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvítanes, 6

GK-355:014 *Fjárhústún* heimild um fjárhús 64° 21.684N 21° 30.071V
"Efst og austast í túninu var Fjárhústún, sjálfstætt tún. Þar voru tóftir fjárhúsa. Í túninu var hóll, sléttur, kollóttur; hann var sleginn eins og túnið," segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning fjárhúsanna er óþekkt en þau voru líklegast um 120 m ASA við bæ 001B á svipuðum stað og útihús 005. Á þessu svæði er grasigróinn grýttur grunnur bragga. Ekkert sést til fornleifa. Ekki er ólíklegt að þessi fjárhús séu þau sömu og útihús 005 sem sýnd eru á túnakorti Hvítaness.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvítanes, 6

GK-355:015 *Hesthúshóll* örnefni hesthús 64° 21.717N 21° 29.992V
"Austan við túnið, innan girðingar, neðar en Fjárhústúnið, var Hesthúshóllinn, lágur, kollóttur hóll; smámýrarsytra var við hólinn. Þar nálægt var gengið, þegar farið var í fjöruna austan við Nesið, í Vikið fyrrnefnt. Þar var tekin möl í steypu, þegar húsið var byggt 1914. Á Hesthúshólnum höfðu börnin bú, skeljabú," segir í örnefnaskrá. Ekki er alveg ljóst hvar Hesthúshóll var staðsettur líklegast var hann grasi gróinn hól sem er um 175 m austan við bæ 001B og um 50 m ANA við 007. Á þessu svæði er hálfgrasigróinn, lítill klettahóll. Hann er um 1,5 m að hæð. Hólnum hefur verið raskað að suðaustanverðu trúlega vegna flotastöðvar 024. Ekkert sést til fornleifa en ekki er ólíklegt að hóllinn dragi nafn sitt af einhverju af útihúsum 005-007 sem sýnd eru á túnakorti frá 1917.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvítanes, 6-7

GK-355:016 heimild um leið 64° 21.707N 21° 29.997V
"Austan við túnið, innan girðingar, neðar en Fjárhústúnið, var Hesthúshóllinn, lágur, kollóttur hóll; smámýrarsytra var við hólinn. Þar nálægt var gengið, þegar farið var í fjöruna austan við Nesið, í Vikið fyrrnefnt. Þar var tekin möl í steypu, þegar húsið var byggt 1914. Á Hesthúshólnum höfðu börnin bú, skeljabú," segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning götunnar er óljós vegna mikils rasks á nesinu en líklega var það um 170 m austan við bæ 001B og um 20 m sunnan við hól 015. Á þessu svæði er grasigróinn þýfður móa og mýri. Ekkert sést til vegslóða en gatan lá trúlega í ASA frá bæ niður í Vikið í fjörunni um 400 m ASA við bæ.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvítanes, 6-7

GK-355:017 *Lækjarhús* heimild um vatnsból 64° 21.699N 21° 30.330V
Vatn var tekið í læknum fyrir ofan tún; það var borið í bæinn. Þar var byggt yfir lækinn smáhús, kallað Lækjarhús eða Brunnhús. Það var vel manngengt. Grind var gerð yfir lækinn; þarna var einnig skolaður þvottur. Búinn var til smáfoss, þar sem auðvelt var að láta vatnið renna í fötum," segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning Lækjarhússins er óþekkt en samkvæmt túnakorti var heimalækurinn ekki meira en um 60 m suðvestan við bæinn. Ekkert mannvirki er þó sýnt við lækinn á kortinu. Líklegast var húsið við lækjarsprænuna, um 100 m VSV við bæ.
Bæjarlækurinn er 0,2-1,5 m djúpur og 0,4-1 m á breidd. Bakkar lækjarins eru þýfðir og grasigrónir. Ekkert sést til fornleifa. Ekki virðast margir staðir við bæjarlækinn koma

til greina fyrir brunnhús. Líklegast er að húsið hafi verið við lækinn stutt frá bæ þar sem lækurinn er nógu grunnur til þess að hægt væri að reisa byggingu auðveldlega yfir hann.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvítanes, 7

GK-355:018 heimild um þvottastað 64° 21.687N 21° 30.392V
"Ullin var þvegin í öðrum læk, sem var vestar; þar voru settar upp hlóðir," segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning hlóðanna er óþekkt og engin ummerki um þær eru sjáanleg á þessu svæði. Líklegast voru þær þó við lítinn læk um 150 m vestan við bæ 001B. Á þessu svæði er lítil lækjarspræna sem er vel grasigróin, 0,2-0,5 m á breidd og 0,2-1 m á dýpt. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvítanes, 7

GK-355:019 brunnur vatnsból 64° 21.700N 21° 30.206V
"Bæjarlækurinn þornaði stundum, sem fyrr segir, og var þess vegna gerður brunnur rétt fyrir framan hlaðið. Vatnið var lélegt, járnbragð var af því. Það var haft í fjósið, og mjólk var kæld þar í brunninum og rjómi," segir í örnefnaskrá. Tveir brunnar eru ennþá greinilegir á hlaði Hvítaness suðvestan við bæ 001B og eru þeir hér skráðir saman. Brunnur A er um 8 m SSV við suðurhorn bæjar 001B en brunnur B er um 15 m norðaustar og 2 m vestan við vesturhorn fjóss 004. Á þessu svæði er grasigróið sléttað hlað Hvítanessbæjar. Báðir brunnarnir eru huldir með spýtum og grjóti. Þeir eru báðir um 1x1 m að stærð. Brunnur A er grjóthlaðinn og hringlaga og er mjög líklega brunnurinn sem nefndur er í örnefnaskrá. Brunnurinn er fullur af drasli og mold og aðeins 0,5-1 m á dýpt. Grjóthleðslurnar standa enn og a.m.k. 10 umför eru greinanleg. Brunnur B er steinsteyptur og líklegast ekki lagaleg fornleif.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvítanes, 7

GK-355:020 tóft stekkur 64° 21.544N 21° 29.733V
"Ofan til í austustu Tungunni voru tóftir, en systkinin [Kristbjörg Sveinbjörnsdóttir og Jóhannes Sveinbjörnsson, í Hvítanesi 1907-1921] vita ekki eftir hvað þær voru. J.S. [Jóhannes Sveinbjörnsson] telur líklegt, að þær hafi verið til að stía kindum og lömbum sundur," segir í örnefnaskrá. Tóftin sést enn og er um 500 m suðaustan við bæ 001 og um 10 m norðaustan við Hvalfjarðarveg. Á þessu svæði er þýft graslendi í brekku sem hallar um í 5° í norðaustur. Litlar lækjarsprænur eru beggja vegna við tóftina um 6 m suðaustan og 20 m norðvestan við hana. Sprænurnar renna niður í Hvalfjörð. Girðing liggur austur-vestur yfir tóftina suðvestanverða. Tóftin er samtals um 15 x 14 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er sigin, grasigróin og þýfð. Tóftin er óljós sökum þýfis og gróðurs en virðist vera tví-, eða þrískipt. Veggir hennar eru signir, 2-3 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Engar grjóthleðslur eru greinanlegar nema tveir til þrír steinar í norðvesturvegg í innanverðu hólfi A. Hólf A er skýrast. Það er um 6 x 2 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Enginn greinilegur inngangur er í hólfið. Miklar þúfur eru suðvestan við hólf A. Ekki er ólíklegt að annað hólf hafi verið þar. Út úr þúfunum virðist einnig mega lesa hólf fast suðaustan við útvegg hólfs A. Hólfið virðist hafa verið um 5 x 8-9 m stórt. Það virðist vera opið í norðausturendann og snýr eins og hólf A.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvítanes, 8





Stekkur GK-355:020, horft til norðausturs

GK-355:021 *Hryggsgil* heimild um leið 64° 21.410N 21° 29.526V
"Þrjú gil eru í fjallinu upp af Holtunum; vestast er Hryggsgil, þá, skammt innar, Flúðargil (A.G.) [Ari Gíslason] og innst Markagil. Jóhannes [Sveinbjörnsson] man ekki sérstaklega eftir nafninu Flúðargil, en segir Ólaf Ólafsson á Valdastöðum hafa þekkt það. J.S. [Jóhannes Sveinbjörnsson] og K.S.[Kristbjörg Sveinbjörnsdóttir] þekkja ekki tilefni nafnsins Hryggsgil. Götur lágu yfir Hryggsgil ofarlega. Faðir þeirra systkinanna bjó til götu upp og yfir það, og var hún aðallega notuð, þegar farið var að Reynivöllum til kirkju, ef fært var vegna snjóa," segir í örnefnaskrá. "A.G. [Ari Gíslason] segir, að austan við dalina, Flúðardal og Hryggsdal, hafi verið götur, sem nefndar voru Kirkjustígsvegur. J.S.og K.S.þekkja ekki það nafn, því engar götur lágu milli Hvítaness og Reynivalla, utan gatan yfir Hryggsgilið [021]. Upp af Reynivöllum var hins vegar Kirkjustígur (GK-348:019), og þaðan lágu reiðgötur að Fossá," segir í örnefnaskrá. Hryggsgil er um 800 m suðaustan við bæ 001. Kirkjustígsvegur var ekki skráður sérstaklega þar sem líklegast er um sömu leið að ræða og farin var upp Hryggsgil samkvæmt Kristbjörgu Björnsdóttur og Jóhannesi Björnssyni. Hryggsgil er í brattri grasigróinni og grýttri fjallshlíð Reynivallaháls sem hallar í 10-20° til norðaustur. Engin ummerki um götu eru greinileg í gilinu nema nýlegar hrossagötur í fjallshlíðinni. Gilið er bratt en auðvelt yfirferðar. Hlíðar gilsins eru grýttar og ógrónar en botn þess er hálf grasigróinn.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvítanes, 9

GK-355:022 *Markagil* heimild um leið 64° 21.234N 21° 28.872V
"Markagilið er ekki mjög stórt. Þar lágu götur niður. Þar var eitt sinn farið niður með heybandslest, en þá var slegið uppi á Reynivallahálsi, í Hvítnesingadölum (sjá síðar). Þessar götur voru slæmar," segir í örnefnaskrá. Markagil er um 1,4 km suðaustan við bæ 001B. Gilið er nokkuð bratt. Grýttur lækur er í miðju gilinu en botn þess og hlíðar eru nokkuð grasigróin. Gilið er vel fært hestum og gangandi. Brekkurnar halla í um 10-20°. Ekkert sést til gatna eða stíga.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvítanes, 9

GK-355:023 hleðsla óþekkt 64° 21.717N 21° 30.414V

Um 120 m vestan við bæ 001B í túni norðaustan við bæjarlæk er greinileg mjó, manngerð upphækkun. Á þessu svæði er sléttað graslendi eða tún. Upphækkunin er um 1 m á breidd, <0,4 m á hæð og liggur NNV-SSA. NNV-endi hennar endar í vestri í klettunum í brún Hvítaness. Upphækkunin er þó greinilega ekki túngarður því uppúr henni á tveim stöðum standa tvær ferkantaðar steinsteyptar og hlaðnar holur um 1,5x1 m að flatarmáli og um 0,5 m á dýpt. Ofan í annarri þeirra glittir í hugsanlega skólplögn úr keramik. Ekki er víst að hér sé um fornleif að ræða en mannvirkið skráð engu að síður þar sem það gæti einnig hafa verið reist í Seinni heimstyrjöldinni.

Hættumat: engin hætta



Hleðsla GK-355:023, horft til norðvesturs

GK-355:024 *H.M.S. Baldur III* mannvirki herminjar 64° 21.780N 21° 30.048V

"Her stjórnin ljet byggja stærri og minni byggingar á jörðinni, bæði á túni og engjum, ennfremur ljet hún leggja vegi um allt braggasvæðið, koma fyrir leikvelli og svo framvegis. Hafskipsbryggju ljet hún og byggja við nesið austanvert. Skildi herstjórnin svo við tún og engjar jarðarinnar, að allt var þetta eyðilagt að mestu leyti," segir í bókinni Ljósmyndir I eftir Halldór Jónsson. Í bókinni Vígdrekar og vopnagnýr eftir Friðþór Eydal segir svo: "... viðhald kafbátagirðingarinnar og tundurduflabeltisins í Hvalfirði [krafðist] aðstöðu í landi þar sem taka mátti hluta þeirra á land til viðgerðar. Var þessari aðstöðu valinn staður í Hvítanesi um það leyti er lagning neta og dufla hófst haustið 1940. Gerðar voru áætlanir um að smíða bryggju á nesinu austanverðu sem skip gætu athafnað sig við til að landa og taka um borð net og tundurdufl og búnað þeirra. Þá varð að byggja yfir starfsemina verkstæði og steypa stórt plan þar sem hægt væri að setja netin saman. Auk þess yrði reist herskálahverfi með viðeigandi aðstöðu fyrir 188 menn er annast skyldu þessa starfsemi. ... Ekki var búið á jörðinni eftir [1942]. ... Vinna hófst í Hvítanesi 1941. ... samþykkt að gera smærri steinbryggju sem þjónað gæti umferð báta og smærri skipa er flyttu vatn, vistir og mannafla um borð í



Stríðsminjar á Hvítanesi GK-355:024, horft til norðausturs

skip flotans á læginu, enda var stærri bryggjan sem í smíðum var einungis ætluð fyrir neta- og tundurduflalagnirnar. Bryggjugólfið var ekki ætlað bílaumferð en um það gengu tveir 8 tonna gufuknúnir kranar á spori og drógu flutningavagna. Bygging íbúðarskála, sjúkraskýlis og vörugeymslna hélt áfram um haustið, en vinnu var hætt um áramót, enda ljóst að bryggjan yrði ekki tilbúin fyrr en haustið eftir og því hægt að nýta mannaflann betur annars staðar til vors. Byggingaframkvæmdum í Hvítanesi var að mestu lokið fyrir árslok 1942. ...gefið nafnið H.M.S.Baldur III,". Stríðsminjar þekja svo til allt Hvítanes, frá sjó upp í fjallsrætur, en mesta umfangið var þó á norður helmingi nessins NNV við bæjarhól 001. Ekki fundust upplýsingar að svo stöddu um það hvenær herinn yfirgaf svæðið. Hvítanes er nú (2010) orðið sæmilega grasigróið eftir umbrot breska hersins. Fjölmargir steinsteyptir grunnar bragga og annarra bygginga eru ennþá greinilegir á yfirborði. Nyrsti hluti nessins, þar sem umsvif hersins voru sem mest, er þó enn nokkuð sendinn og gróðurlítill. Brenninetlur hafa hreiðrað um sig á stórum svæðum. Lítill sumarbústaður stendur í litlum bolla á nesinu austanverðu nálægt sjónum. Eins of fram kom að ofan þekja stríðsminjar allt Hvítanes, frá sjó upp í fjallsrætur. Ummerkin eru greinileg á svæði sem er um 750x700 m stórt. Á 2-3 stöðum norðarlega á nesinu standa enn steinsteypt og/eða hlaðin hús, ýmist alveg eða að hluta. Stórgerðir múrsteinsstrompar og steinsteyptir grunnar bragga og annarra bygginga sjást enn á yfirborði á víð og dreif um nesið. Tvær bryggjur hanga ennþá uppi að hluta, bæði norðvestan og norðaustan við nesið og vagnaspor sem liggja að vestari bryggjunni eru enn greinileg. Vegslóðar og upphleðslur eru einnig víða greinilegar. Stríðsminjarnar eru þó smám saman að hverfa í gróður. Trúlega verður aldrei hægt að byggja upp Hvítanes á ný sem ræktunarland a.m.k. Ekki án gríðarlegrar vinnu og kostnaðar þar sem herinn virðist m.a. hafa tekið undir sig stóra hluta af heimatúni. Herinn virðist þó ekkert hafa rótað bæjarhól Hvítaness svo ekki er ólíklegt að einhverjar fornminjar finnist þar undir sverði. Ekki er ljóst hvenær herinn fór frá Hvítanesi en trúlega hefur það verið við enda Seinni heimsstyrjaldar um 1945.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: HJ: Ljósmyndir I, 51-52; Vígdrekar og vopnagnýr, 69-76

GK-355:025 vegur leið 64° 21.557N 21° 30.288V
Í bókinni Vígdrekar og vopnagnýr segir: "Vegasamband við innanverðan Hvalfjörð var lélegt og þoldi vegurinn ekki þungaflutninga. Mátti herinn því ráðast í vegaframkvæmdir í Hvalfirði, einkanlega á leiðinni milli Hvammsvíkur og Hvítaness. ... Vinnuflokkar skipaðir Íslendingum störfuðu m.a. við bryggjusmíðina og vegarlagningu í Hvalfirði. Steypuefni var sótt á prömmum í fjöruna inn undir Fossá. Var því mokað með handafli um borð í prammana og þeir dregnir út að Hvítanesi á mótorbátum og þar mokað aftur úr þeim. ... Vegurinn út í Hvammsvík lá um gil og skorninga í brattri hlíðinni nokkru ofar en nú er. Var fyllt í gilin og gerð ræsi og kantarnir sums staðar



Þjóðvegur í Hvalfirði GK-355:025, horft til suðurs

hlaðnir úr grjóti, límdu með steinsteypu. Efni til vegagerðarinnar var að miklu leyti mulið úr grjóti og þótti mönnum það nokkur nýjung, enda nægt malarborið efni fáanlegt. Það var þó að mestu flutt á hestakerrum eins og landinn hafði löngum vanist. Má enn sjá merki þessa mannvirkis í hlíðinni ofan við núverandi þjóðveg. Af því var veruleg samgöngubót og var vegurinn notaður fram á sjöunda áratuginn." Ummerki vegarins sjást t.d. um 280 m sunnan við bæ 001B stutt sunnan við núverandi Hvalfjarðarveg. Á þessu svæði er fjallshlíðin ofan við Hvítanes grasigróin og hallar í um 10-20° til NNA. Gamli vegurinn er á þessu svæði grasigróinn, 4-6 m á breidd og 0,2-1,5 m á hæð. Vegurinn liggur gróflega austur-vestur meðfram strönd Hvalfjarðar. Víða má greinilega sjá grjóthlaðna kanta og vegakafla en þó eru stórir hlutar vegarins horfnir undir nýlegri malbikaðan veg.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Vígdrekar og vopnagnýr, 69-70

GK-355:026 heimild um lendingu 64° 21.634N 21° 29.733V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1705 segir: "Heimræði er, þá fiskur er á Hvalfirði, og gánga skip heima manna [í Hvítanesi] eftir hentugleikum." Nákvæm staðsetning lendingar eða uppsáturs er óþekkt en líklegast að komið hafi verið að landi við suðausturhorn Hvítaness í Vikinu, um 400 m ASA við bæ 001 og um 170 m norðan við stekkjartóft 020. Á þessu svæði er grýtt fjara og tilturleg auðveld aðkoma upp á land um lága grasigróna bakka Hvítaness. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM III, 435

GK-355:027 heimild um kvíar 64° 21.638N 21° 30.228V
"Austan við heimreiðina, ofan við túnið, en innan girðingarinnar, voru kölluð Enni, aflíðandi valllendisbrekkur, sem voru oft slegnar. Þarna í Ennunum voru hafðar færikvíar, og var því oft góð spretta þar. A.G. [Ari Gíslason] nefnir Brekkur fyrir ofan túnið; á hann þar líklega við brekkur þær, er J.S. [Jóhannes Sveinbjörnsson] og K.S. [Kristbjörg Sveinbjörnsdóttir] nefna Enni," segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning kvíanna er nú (2010) niðurtýnd en líklegast voru þær í brekkunum ofan við Hvítanesbæ, um 130 m sunnan við bæ 001B. Á þessu svæði eru sléttar aflíðandi grasigrónar brekkur sem halla í 5-10° til NNA. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvítanes, 5

GK-355:028 heimild um landamerki 64° 20.898N 21° 29.041V
"Fyrir innan Hvítanes er stórt gil, sem kallað er Markagil, og er það fyrir innan Stórahól. Það skiptir löndum Hvítaness og Fossár allt upp í Markadalinn á hálsinum, svo er markaþúfa neðst í flóanum, og eru svo mörkin úr henni og eftir miðjum flóanum beina stefnu í litla vörðu, sem er í dalbrúninni," segir í örnefnaskrá. Gengið var með landamerkjum í dalbrún Markadals en engar greinilegar vörður fundust. Varðan hefur líklega verið í austurbrún dalsins, um 1,8 km suðaustan við bæ 001. Markadalur er grasigróinn og þýfður grunnur dalur suður upp af Markagili. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvítanes, 1-2

GK-355:029 varða landamerki 64° 20.587N 21° 28.916V
"Fyrir innan Hvítanes er stórt gil, sem kallað er Markagil, og er það fyrir innan Stórahól. Það skiptir löndum Hvítaness og Fossár allt upp í Markadalinn á hálsinum, svo er markaþúfa neðst í flóanum, og eru svo mörkin úr henni og eftir miðjum flóanum beina stefnu í litla vörðu [028], sem er í dalbrúninni, svo beina stefnu í markavörðu, sem er á hæsta hálsi," segir í örnefnaskrá. Tvær vörður eru á Langholti um 2,3 km SSA við Hvítanesbæ 001 og um 2,1 km ANA við Reynivelli 348:001. Langholt er lágt grýtt holt á Reynivallahálsi. Vörðurnar eru á NNA verðu holtinu og eru þær vel sýnilegar frá Teitsvörðum 348:030. Báðar vörðurnar eru frekar ólögulegar ferkantaðar grjóthrúgur og er grjótið gróið skófum. Um 5 umför af lélegum hleðslum eru í báðum vörðum. Varða A er tæplega 1 m á hæð og 1x1 m stærð. Varða B er 0,5-1,2 m á hæð og 1,5x1,5 m að stærð.



Varða GK-355:029A, horft til norðausturs

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hvítanes, 1-2


GK-355:030 tóft rétt 64° 21.451N 21° 29.543V
Rétt 030 er sunnan við þjóðveg 47 um 730 m suðaustan við bæ 001 og um 230 m suðaustan við stekk 020. Tóftin er í grýttri grasigróinni brekku í norðurhlíð Reynivallaháls sem hallar 10-20° í norðaustur. Fast ofan og sunnan við réttina eru 3-4 m háir klettar. Lítill lækur rennur í NNA niður klettana ofan í réttina en þar hverfur hann niður í jörðina. Lækurinn kemur aftur í ljós framan við réttina og rennur í norður niður í Hvalfjörð. Réttin er grjóthlaðin og skiptist í þrjá hluta, tvö hólf A og B og einfalt garðlag C. Suðurveggur réttarinnar er um 3-4 m hátt klettabelti. Allt mannvirkið er um 22 m á lengd, um 11 m á breidd og snýr ASA-VNV. Aðalhólf A er skýrast. Hólfið er einfalt, 8-10 m á lengd, 4-6 m á breidd og snýr ASA-VNV. Botn þess er nokkuð sléttur og grasigróinn fyrir utan grjóthrun úr veggjum. Gengið var inn í hólfið í norðvesturhorni þess um 1 m breiðan inngang. Innanmál er gróflega 7x5 m. Veggir hólfsins eru um 1-1,5 m á breidd og 0,5-1 m á hæð. Upp við og í klettunum í



Rétt GK-355:033, horft til austurs

hólfi A að sunnanverðu er einnig um 3 m langur, um 0,5 m breiður og 0,5-1 m hár grjótveggur sem hlaðinn hefur verið til að styrkja hið náttúrulega aðhald sem klettarnir veita. Vesturendi þessa veggjabrots er þó hruninn ofan í réttina vegna lækjarsprænu sem rennur þar niður af klettunum. Hólf B er fast vestan við hólf A. Gengið var inn í hólf A úr hólfi B. Hólf B er mjög óskýrt og ekki er ólíklegt að grjóti hafi verið rænt úr þessari rétt þegar framkvæmdir hersins stóðu sem hæst í Seinni heimstyrjöldinni. Hólf B er um 9 m á lengd, 6-8 m á breidd og snýr NNA-SSV. Veggir hólfsins eru 0,2-0,3 m á hæð og um 1 m á breidd. Í klettaveggnum í suðurhluta hólfsins hafa trúlega líka verið hleðslur en þær eru nú allar hrundar niður í hólfið. Botn hólfsins er grasigróin brekka sem hallar 10-20° í NNA. Norðurendi hólfsins er nokkuð óljós og hleðslur í norðausturhorni eru að mestu horfnar í gras og þúfur. Enginn greinilegur inngangur er í hólfið en ekki er óhugsandi að gengið hafi verið inn í hólf A og B á sama stað. Út frá norðausturhorni hólfs A er svo lítil garðlagstota C. Garðlagið er um 7 m á lengd, um 0,5 m á breidd og liggur í austur meðfram brekkunni frá hólfi A. Það er þó lítið annað en einföld röð af stóru grjóti sem trúlega hefur átt að hjálpa til við að beina fé að réttinni. Aldur réttar er óþekktur.


Hættumat: engin hætta



Rétt GK-355:033

GK-358 Þrándarstaðir

20 hdr. 1705. Bænhús var á jörðunni. JÁM III, 437-438. 1705 er nefnd nafnlaus eyðihjáleiga, í byggð um 1675-1700. Talin vera sama jörð og Þorbjarnarstaðir nefndir í Harðarsögu sem talin er rituð á fyrir hluta 13. aldar. ÍF XIII, xlix. Jörðin nefnd í dómabréfi 1509 vegna úrskurðar um eignarétt á henni. DI VIII, 284. Bændaeign. 20 hdr. 1847. "Prestur einn nefnir Þrándarstaði "neðri" og "efri". Skálholtsstóls hjálendan er talin í jarðabóks stólsins 13 2/3 h. að dýrleika." JJ, 101 (nmgr.). 1840: "... heyskapur er ekki mikill, en beitarland betra og útigangur nokkur." Sýslu- og sóknarlýsingar Gullbringu- og Kjósarsýslu, 254-255. Túnakort 1917: Tún 6,4 teigar, meira en 1/2 sléttað, garðar 1100 m^2.



Túnakort Þrándarstaða GK-358 frá árinu 1917

GK-358:001 *Þrándarstaðir* bæjarhóll bústaður 64° 21.524N 21° 21.259V
Bæjarhóllinn á Þrándarstöðum er að mestu óhreyfður. Hann er tæpum 200 m neðan (norðan) við núverandi íbúðarhús á Þrándarstöðum. Grösugur hóll í sléttu túni. Hóllinn er stæðilegur. Síðustu leifar á honum voru nokkurra kálgarða en úr þeim hefur verið sléttað. Ryðja átti úr hólnum á síðari hluta 20. aldar en hætt var við það vegna þeirra minja sem þar kynnu að leynast. Þó var aðeins rutt úr austurhlið hans og jafnvel örlítið að sunnan. Norður- og austurhlið eru mun brattari heldur en aðrar hliðar. Samtals er bæjarhóllinn 40x30 m stór og er 2-3 m á hæð þar sem hann er hæstur. Dældir eru í hólnum en ekki sér móta fyrir neinum tóftum. Vegna tíðra ábúendaskipta á jörðinni á 20. öld eru örnefni jarðarinnar og allur húsakostur illa þekkt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-358:002 heimild um bænhús 64° 21.522N 21° 21.259V
Í Jarðabók Árna og Páls frá 1705 segir: "Þrandarstader. Hjer hefur til forna bænhús verið, og heitir þar enn nú Bænhústóft í túninu. Enginn minnist sá, sem nú er á lífi,

nær það hafi eyðilagst." Ekkert er nú (2006) vitað um staðsetningu bænhúss á Þrándarstöðum en líklega hefur það verið nálægt gamla bænum á bæjarhólnum. Bæjarhóllinn er um 200 m norðan við núverandi íbúðarhús á Þrándarstöðum. Ræktarlegur hóll í sléttuðu túni. ÞRÁNDARSTAÐIR Í BRYNJUDAL (K) – BÆNHÚS.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM III, 437

GK-358:003 *Efri-Þrándarstaðir* bæjarstæði bústaður 64° 21.483N 21° 21.227V



Bæjarstæði Efri-Þrándarstaða
GK-358:003, horft til norðvesturs

Nálega mitt á milli núverandi íbúðarhúss á Þrándarstöðum og bæjarhólsins var bærinn á Efri-Þrándarstöðum þegar tvíbýlt var á jörðinni. Bæjarstæðið er um 80 m sunnan við bæjarhól 001 og um 110 m norðan við núverandi íbúðarhús. Bæjarstæði Efri-Þrándarstaða er sýnt á túnakorti frá 1917. Bærinn var í aflíðandi túni sem hallar 5-10° til NNA. Hann var byggður norðan í lágri hæð. Búið er að slétta yfir bæjarrústir Efri-Þrándarstaða. Þar sem bærinn stóð er þó enn óljós þúst sem er um 16 x 10 m stór, 0,2-0,5 m á hæð og snýr austur-vestur. Tvær um 0,4 m djúpar dældir eru í þústinni og snúa þær norður suður. Dæld A er vestar og er hún um 2x2,5 m að innanmáli á meðan dæld B er um 1 m austar og um 4x2 m að innanmáli. Lúther Ástvaldsson heimildamaður kannaðist ekki við öskuhaug á svæðinu en samkvæmt honum var gengið inn í gamla bæinn að norðvestanverðu og sést þar ennþá óljós tota í vestari dældinni. Lúther kannaðist ekki við neina brunna á svæðinu en hann telur að vatn hafi yfirleitt verið sótt í árnar. Bærinn hefur líklega verið byggður úr steinsteypu, timbri og bárujárni. Vegna tíðra ábúendaskipta á jörðinni á 20. öld eru örnefni jarðarinnar og húsakostur illa þekkt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-358:004 þúst útihús 64° 21.470N 21° 21.258V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 30 m VSV við bæ 003 og um 100 m sunnan við bæjarhól 001. Á þessu svæði er sléttað tún sem hallar 5-10° í NNA. Búið er að slétta yfir húsin en á þessu svæði sést ennþá um 35 x 20 m stór þúst. Hún er 0,5-2 m há og snýr gróflega ASA-VNV. Þústin rís hæst að norðanverðu. Í miðri þústinni er <0,4 m djúp lægð eða dæld. Í grasinu í þústinni glittir í grjót eða steypt, mögulega af grjóthlöðnum eða steyptum undirstöðum. Í norðausturhorni svæðisins er greinileg 0,5-0,6 m djúp hola sem er um 1x0,5 m stór en hlutverk hennar er óþekkt. Húsin hafa trúlega verið byggð úr steypu og/eða timbri og bárujárni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-358:005 heimild um hænsnakofa 64° 21.472N 21° 21.120V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 90 m ASA við bæ 003 og um 130 m norðaustan við núverandi íbúðarhús (1937). Á þessu svæði er sléttað tún sem hallar í 2-5° til NNA. Gamall lækjarfarvegur er um 10 m ASA. Ekkert sést til fornleifa. Samkvæmt Lúther Ástvaldssyni, heimildamanni, var hænsnahús á þessum stað en tóftinni var ýtt út um 1948.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-358:006 heimild um útihús 64° 21.422N 21° 21.238V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 110 m SSV við bæ 003, fast vestan við heimreið 014. Á þessu svæði er núverandi íbúðarhús byggt um 1937 í sléttuðu túni. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-358:007 þúst útihús 64° 21.474N 21° 21.353V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 90 m VNV við bæ 003 en þar er aðeins óljós þúst. Á þessu svæði er sléttað tún í 5-10° halla til NNA. Búið er að slétta yfir rústirnar. Þústin sem eftir er í túninu er um 14 x 10 m stór og 0,2-0,5 m á hæð. Hún snýr NNA-SSV.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-358:008 þúst sel 64° 21.211N 21° 24.078V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1705 segir: "Selstöðu á jörðin í sínu eigin landi." Selið var um 2,35 km austan við bæ 001 og um 500-m suðaustan við veg 4891 sem liggur frá Hvalfjarðarvegi til bæjar. Umhverfis er þýft. Grýttur jarðvegur er ASA og sunnan við sel. Selstaðurinn er á syllu og umhverfis er bratti í 20° til norðausturs. Ekki sést til tóftar en 6x4 m stór þúst sem snýr norður-suður gefur staðsetningu hennar til kynna.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM III, 438

GK-358:009 heimild um lendingu 64° 21.365N 21° 25.925V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1705 segir: "Heimræði má vera, og er uppsátur gott, en lángræði mikið, nema þegar fiskur gengur inst á Hvalfjörð." Samkvæmt Lúther Ástvaldssyni, heimildamanni, var lending frá Þrándarstöðum norðan undir Svörtuklettum á Hvalfjarðarströnd um 3,8 km vestan við bæ 001. Hún var um 1,2 km vestan við brúna yfir Brynjudalsvog, um 60 m norðan við Hvalfjarðarveg 47 og um 10 suðaustan við uppsátur 010. Á þessu svæði er 3-10 m breið, 20-30 m löng og hálfmánalaga sendin fjara. Hún snýr VNV-ASA og hallar í 2-5° til NNA. Fjaran er grýtt í báða enda vegna hruns úr 3-10 m háum þverhníptum klettunum fyrir ofan hana. Háir klettar eru sunnan, suðaustan og suðvestan við strandlengjuna. Uppsátur 010 er upp á 3 m háu grasigrónu klettanefi VNV við ströndina sem skagar fram í sjóinn í NNA. Um 30° halli er upp grasigróna brekku. Engar greinilegar hleðslur eru sjáanlegar í fjörunni.

Hættumat: hætta, vegna rofs

Heimildir: JÁM III, 438

GK-358:010 tóft uppsátur 64° 21.361N 21° 25.948V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1705 segir: "Heimræði má vera, og er uppsátur gott, en lángræði mikið, nema þegar fiskur gengur inst á Hvalfjörð." Uppsátur er 3,8 km vestan við bæ 001. Það er um 20 m í NNA frá Hvalfjarðarvegi (47) og um 40 m ASA við lendingu 009. Uppsátrið er í brattri brekku sem hallar niður að sjó í 40°-50° til norðaustur. Umhverfis uppsátur er grasgróið. Uppsátrið er á um 3 m hárri hæð VNV við fjöru- og lendingu 009. Í suðvesturenda uppsáturs er um 0,5 m djúp hola sem er um 25 cm í þvermál og gæti verið eftir staur til festingar. Brekkunni hallar í 5°- 10°. Uppsátrið er 7-8 x 3-4 stórt og snýr norðaustur-suðvestur. Báturinn hefur verið dreginn upp úr fjörunni til suðvesturs. Ytri brún veggja er ekki merkjanleg og er það niðurgrafið. Dældin eða niðurgröfturinn er 0,2- 0,5 m á dýpt. Fast austan og suðaustan við austurenda uppsáturs er grasi-og lynggróin brekka sem hallar 10°-20° til ANA niður í fjöru. Þar sem brekkan mætir fjöru er 1-2 m hár bakki sem er brattur og lítt gróinn. Lendingin hefur verið 5-6 m ASA við uppsátur.



Uppsátur Þrándarstaða GK-358:010, horft til NNA

Heimildir: JÁM III, 438

GK-358:011 bæjarstæði býli
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1705 segir: "Hjáleiga var hjer fyrir 30 árum bygð við túngarðinn, hún er nú fyrir 5 árum eyðilögð og var hún kölluð fjórðúngur jarðarinnar v c. ... Nú brúkar heimabóndinn þá grasnautn alla, og kann hjáleigan ekki aftur að byggjast nema afgirt heimajarðarinnar þurði við þann mun." Nákvæm staðsetning býlisins er óþekkt en samkvæmt lýsingu Árna hefur það ekki verið langt frá bæ. Ekki er útilokað að einhverar leifar þess finnist undir sverði í heimatúninu.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM III, 438

GK-358:012 *Bárðarhellir* heimild um fjárskýli 64° 21.485N 21° 24.092V
"Neðan við brúna á ánni er smáhólmi í ósnum, sem heitir Fuglatorfa, en ofan við brúna er hellir innundir bergið, sem heitir Bárðarhellir (mun nú hruninn). Var hann hafður fyrir fjárhelli," segir í örnefnaskrá. Þeir bræður Bárður og Þorkell eiga að hafa verið saman í Bárðarhelli eftir því sem segir í Bárðar sögu, en hún er talin rituð á seinni hluta 14. aldar. Bárðarhellir er 2,3 km ASA frá bæ 001 og um 200 m í austan við veg (4891) er liggur að bænum. Hellirinn er beint á móti Maríuhelli í Skorhagasundi í SSV. Umhverfis er stór þverhníptur klettur, grasi gróinn árbakki og um 50 m í austan við gömlu brúna yfir Brynjudalsá. Fast undir klettinum eru grjóthnullungar á árbakkanum

sem hafa hrunið úr bjarginu fyrir ofan. Í Sýslu- og sóknarlýsingum frá 1840 kemur fram að hellirinn er notaður sem beitarhús frá Þrándarstöðum. Kristian Kålund segir: "Nálægt dalsmynninu fellur Brynjudalsá í mörgum smáfossum í átt til fjarðarins. Neðan við hinn síðasta, skömmu áður en áin fellur Brynjudalsvog er við suðurbakka árinnar víður, en ekki langur hellir með hallandi lofti. Nefnist hann Bárðarhellir. Framhliðin er breið og og opin, en aðeins fast niður við ána og fast við munnann er hægt að standa uppréttur, hellirinn lækkar brátt, er innar dregur og fjær ánni, að nokkru leyti vegna þess að hellirinn hefur langtímum saman verið hafður að fjárbóli, og á gólfið hefur bæzt sífellt meira af mold og taði. Fangamörk hafa verið höggvin í gljúpan hellisvegginn, einnig einstaka rúnir. Eggert Ólafsson segir í Ferðabók sinni að hellirinn sé ein að merkilegustu fornaldarleifunum, því að "risinn eða vætturinn Báður Snæfellsás" á að hafa notað hann; engar frásagnir eru um það nú. Aftur á móti á Grettir, sem sögur ganga um næstum í hverju héraði á Íslandi, að hafa dvalizt hér alllengi, veitt silung undir fossinum frá steinunum við bakkann hinum megin, en þar er vatnsdýpi mikið." Þorvaldur Thoroddsen mældi hellinn 1883 og var hann þá 25 feta djúpur. Hellirinn er nú (2011) horfinn. Á árunum milli 1952 og 1955 var hellirinn sprengdur þegar laxastigi var gerður í Brynjudalsá.

Heimildir: ÍF XIII, xcix og 129; SSGK, 247; Ö-Þrándarstaðir AG, 1; KK I, 45-46; Þorvaldur Thoroddsen: Ferðabók I, 100

GK-358:013 heimild um leið 64° 21.132N 21° 23.801V
"Vestar er fjallið upp af Skógarnesi nefnt Skeggi. Þá leið var stundum farið upp á fjall," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Lúther Ástvaldssyni, heimildamanni, var þar ekki fjölfarin leið. Skeggi og Flugugil eru um 2,2 km VSV við bæ 001 og um 700 m sunnan við Brynjudalsá. Brynjudalur er illa gróinn og grýttur á flötunum sunnan undir Flugugili og er greinilegt að mikið er um aurskriður og flóð úr gilinu. Ekkert sést til fornleifa. Líklega hefur gatan mest verið notuð við smalamennsku þó ekki sé útilokað að farið hafi verið þessa leið t.d. til að komast yfir í Seljadal 348b:001.


Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Þrándarstaðir AG, 2

GK-358:014 *Stekkjarhóll* tóftir stekkur 64° 21.347N 21° 21.765V
"Stekkjarhóll var í Þrándarstaðalandi, en Halldóra man ekki hvar," segir í örnefnaskrá. Stekkur er um 525 m vestan við bæ 001 og um 50 m norðan við veg (4891) að bæ. Umhverfis er grasgróið og þýft. Stekkur er fast undir klöpp norðanmegin. Klöppin er 1,5-2,0 m á hæð. Um 25 m sunnar er sumarhús. Stekkurinn er 21x9-10 m að stærð og snýr vestur-austur. Hann skiptist í fjögur hólf. Norðurhlið veggsins hefur verið hlaðinn í hól og ytri brún veggja er því ógreinileg. Stekkurinn hefur verið hlaðinn úr torfi og grjóti en er nú grasgróinn og þýfður. Veggir eru 1-2 m á



Stekkur GK-358:014, horft til NNA

þykkt Gengið hefur verið inn í stekkinn á SSV horni hólfs C en ekki eru greinileg önnur op. Hólf A er á milli hólfa B og D og snýr vestur-austur. Hólf A er um 4x3m í innanmáli. Hólf B er vestan megin við hólf A, snýr vestur-austur og er um 6x3m í innanmáli. Hólf C er sunnan við hólf A, snýr austur-vestur og er um 3x1 m í innanmáli. Hólf D er austast, snýr norður-suður og er um 4x5 m í innanmál. Hólf C liggur sunnan við hólf A. Grænt og gróskumikið svæði er um 3 m umhverfis stekkinn. Veggjahleðslur eru 0,2-0,5 m á hæð.
Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Þrándarstaðir PB, 2



Stekkur GK358:014 utan í Stekkjarhól

GK-358:015 garðlag áveita Samkvæmt Lúther Ásvaldsyni var á 20. öld gerð tilraun til að veita á engjar Þrándarstaða á suðurbakka Brynjudalsár en verkefnið mistókst vegna flóða úr Þverá sem ómögulegt reyndist að stjórna. Á þessu svæði er þýfð grasi- og mosagróin framræst mýri og sléttað tún. Áveitusvæðið var um 800 x 300 m stórt og snýr það gróflega austur-vestur. Um 500 m norðvestan við bæ 003 er torfhlaðið garðlag sem snýr VSV-ANA. Garðurinn er um 1 m á breidd og um 0,5 m á hæð.

64° 21.588N 21° 21.056V



Áveitugarðlag GK-358:015, horft til VSV

Óljósir skurðir eru beggja megin við garðlagið. Skurðirnir eru 0,5-1 m á breidd og <0,4 m á dýpt. Hleðslur garðlagsins eru signar og í austri fjarar það út í þúfur en í vestri er hann skorinn af skurðum. Samkvæmt Lúther Ástvaldssyni voru mannhæða hár torfgarður og vatnshlið byggð um 240 m norðaustan við bæ 001 en vatnshliðið brást í miklu flóði úr Þverá og um 50 m skarð kom í garðinn. Svæðið var sléttað um 1960. Ekki var öll mýrin gengin svo ekki er hægt að útiloka að fleiri leifar af áveitugarðlögum leynist á svæðinu.

Hættumat: engin hætta

GK-358:016 frásögn mógrafir 64° 21.474N 21° 22.430V
Samkvæmt Lúther Ástvaldssyni, heimildamanni, var tekinn mór í mýrinni á austurbakka Brynjudalsár, um 950 m vestan við bæ 001. Á þessu svæði eru framræstar grasi- og mosagrónar mýrar og ræsiskurðir sem liggja ANA-VSV. Samkvæmt Lúther Ástvaldssyni voru grafirnar 2-3 m á dýpt en mórinn var moldríkur og þótti ekki góður. Ekki fundust neinar greinilegar grafir á svæðinu.

Hættumat: engin hætta

GK-358:017 þúst óþekkt 64° 21.269N 21° 22.026V
Óþekkt þúst er um 780 m vestan frá bæ 001 og um 100 m SSA við veg (4891) sem liggur að bæ. Þústin er í 10°-15° halla til SSA. Umhverfis er mosa-og grasgróið þýflendi. Þústin er 5x4 m að stærð og snýr NNV-SSA í mjög mosagrónu umhverfi. Hún er 1x1 m að innanmál. Hleðslur er greinanlegar undir mosa en eru annars ekki sjáanlegar. Í miðju þústar er er að finna einn stein sem gæti verið hluti af hleðslu. Hæð á þúst er 0,1-0,3 m.



Þúst GK-358:017, horft til suðurs

Hættumat: engin hætta

GK-358:018 heimild um kálgarð 64° 21.462N 21° 21.259V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var kálgarður fast sunnan og vestan við útihús 004, um 70 m norðan við núverandi íbúðarhús. Á þessu svæði er sléttað tún. Lítil flöt eða stallur er í túni á þessum stað en þó ekkert afgerandi. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir:Túnakort 1917

GK-358:019 varða óþekkt 64° 21.438N 21° 24.562V

Grjóthlaðin varða er um 2,65 km í vestan við bæ 001 og um 20 m suðaustan við Hvalfjarðarveg 47. Umhverfis er mosa-og lynggróið. Varðan er á um 2 m hárri klöpp á klettahól sem er 4-5 m á hæð. Klettahóllinn er aflangur og mjórri í annan endann. Hann er um 40x20 m stór. Varðan er grjóthlaðin, um 1,2 m há og lítið hrunin til suðvesturs. Hún hefur verið ferhyrnd og um 1x1 m að stærð. Í henni sjást 5-6 umför. Hlutverk hennar er óþekkt.



Varða GK-358:019, horft til VNV

Hættumat: engin hætta

GK-358:020 heimild um kálgarð 64° 21.524N 21° 21.259V

Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var kálgarður í bæjarhól 001 sunnanverðum, um 80 m norðan við bæ 003. Á þessu svæði er sléttað tún og sléttaður bæjarhóll 001. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-358:021 þúst óþekkt 64° 21.485N 21° 21.306V

Í túni Þrándarstaða 001 er óljós þúst um 60 m vestan við bæjarstæði 003 og um 80 m SSV við bæjarhól 001. Á þessu svæði er sléttað tún. Þústin er ávöl og grasigróin, um 15 x 14 m stór, <0,5 m á hæð og snýr ASA-VNV. Óljós dæld er í miðri þústinni en hún er um 5x4 m að innanmáli, 0,2-0,3 m á dýpt og snýr NNA-SSV. Engar heimildir fundust um útihús á þessu svæði en mjög líklegt er að fornleifar finnist undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-358:022 þúst óþekkt 64° 21.514N 21° 21.370V

Stór og mikill hóll, þar sem líklegt er að mannvistarleifar leynist undir sverði, er um 80 m VSV við bæjarhól 001. Hóllinn er 200 m norðvestan við núverandi íbúðarhús og um 70 m NNV við þúst 007. Á þessu svæði er sléttað tún sem hallar 2-5°til NNA. Hóllinn er grasigróinn, kantaður og nokkuð flatur að ofan. Hóllinn er svo til hringlaga, 35-40 m í þvermál og 1-2 m á hæð. Í norðausturhorni hólsins virðist vera aflöng <0,4 m djúp dæld sem er 6x3 m að innanmáli og snýr norður-suður. Engar heimildir fundust um útihús á þessu svæði en mjög líklegt er að mannvistarleifar leynist undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-358:023 þúst óþekkt 64° 21.529N 21° 21.379V

Greinilegur hóll er í túni Þrándarstaða um 5 m NNV við hól 022 og um 80 m vestan við bæjarhól 001. Á þessu svæði er sléttað tún. Í túninu er grasigróin hringlaga hóll sem er um 15 m í þvermál og 0,5-1 m á hæð. Engin greinileg dæld er í honum. Engar heimildir fundust um útihús á þessu svæði en ekki er ólíklegt að mannvistarleifar

leynist undir sverði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


GK-358:024 vegur leið 64° 21.412N 21° 21.238V
Samkvæmt Lúther Ástvaldssyni, heimildamanni, var gamli vegurinn á svipuðum stað og hann er enn í dag meðfram fjallshlíðinni í sunnanverðum Brynjudal og fólkið að Þrándarstöðum fór sömu leið til kirkju að Reynivöllum 348:004 og fólkið að Fossá um Kirkjustíg (356:034). Stuttur bútur af gamla vegslóðanum sést 15-20 m ofan og sunnan við núverandi íbúðarhús og um 130 m sunnan við bæjarstæði 003. Á þessu svæði er malarvegur 4891 sem liggur gróflega í austur frá Hvalfjarðarvegi 48 inn Brynjudalinn að Þrándarstöðum um 2,8 km innar og núverandi bæjarstæði að Þrándarstöðum. Heima við núverandi íbúðarhúsið sést ennþá stuttur bútur af gamla malarslóðanum sem er grasigróinn, um 50 m langur, um 4 m breiður, <0,3 m djúpur og og snýr austur-vestur.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-358:025 heimild um leið 64° 21.458N 21° 21.235V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 lá heimreiðin frá leið 024 fast austan við útihús 006 í NNA heim að útihúsum 004 vestanverðum. Á þessu svæði er núverandi bæjarstæði, nýlegur skurður og sléttað tún sem hallar 5-10° til NNA. Engin greinileg ummerki sjást um heimreiðina í túninu á Þrándarstöðum.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-358:026 tóft beitarhús 64° 21.669N 21° 21.785V
Sigin rúst beitarhúss er um 500 m norðvestan við bæjarhól 001 og 15-20 m austan við gamla árfarvegstungu Brynjudalsár sem nú (2011) er orðin bjúgvatn. Þýft graslendi og mýri er á þessu svæði á suðurbakka Brynjudalsár. Bjúgvatnið á þessu svæði er 50-100 m SSA við Brynjudalsá. Við fyrstu athugun virðist beitarhústóftin hafa verið einföld. Tóftin er um 16 x 7 m stór og snýr gróflega norður-suður. Gengið var inn að norðaustan í gegnum 1-1,5 m breiðan inngang á austurvegg. Hleðslur eru signar og veggir eru grasi- og mosagrónir. Veggirnir eru um 2 m á breidd, 0,5-1 m á hæð en engar grjóthleðslur sjáanlegar. Greinilegt innanmál hólfs þar sem gengið var inn er um 6x2 m og snýr norður-suður. Sunnan við hólfið er 3x3 m svæði sem er lítið annað en þúst. Ekki er útilokað að þar kunni að hafa verið annað hólf.



Beitarhús GK-358:026

Hættumat: engin hætta

GK-358:027 tóft óþekkt 64° 21.496N 21° 21.627V
Einföld tóft er um 320 m vestan við bæjarstæði 003 og um 50 m norðan við steinsteyptu útihúsin á Þrándarstöðum. Á þessu svæði er sléttað tún sem hallar 2-5° til NNV. Tóftin er einföld, um 9 x 5 m stór og snýr norður-suður. Veggir eru vel grasigrónir, grjót- og torfhlaðnir, um 2 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð. Óljóst er hvar gengið hefur verið inn en trúlega hefur það verið að norðanverðu. Innanmál tóftarinnar er 5x1 m en engar garðaundirstöður eru sjáanlegar. Hlutverk er óþekkt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Tóft GK-358:027, horft til suðurs

GK-358:028 frásögn leið 64° 21.747N 21° 21.664V
Samkvæmt Lúther Ástvaldssyni, heimildamanni, var áður fyrr gjarnan ferðast á milli bæja í Brynjudal með bökkum Brynjudalsárinnar um 550 m norðan við bæ 003, ekki bara ofan við Þrándarstaði (sjá 024) eins og nú (2011) er raunin. Bakkar Brynjudalsár eru grasigrónir og þýfðir en einnig mýrlendi og jafnvel sendnir á köflum. Ekkert sést til fornleifa. Auðvelt var að ferðast meðfram bökkum árinnar þar sem þeir eru hærri en mýrarnar á engjum Þrándarstaða.


Hættumat: engin hætta

GK-358:029 heimild um kálgarð 64° 21.472N 21° 21.116V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður fast austan við útihús 005. Á þessu svæði er sléttað tún sem hallar 2-5° til NNA. Gamall lækjarfarvegur er um 10 m ASA við staðinn. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-359 Íngunnarstaðir

20 hdr 1705, Skálholtsdómkirkjueign, talið að hún hafi til forna verið 30 hdr. Bændaeign. 27 1/3 hdr. 1847. Kirkju á Ingunnarstöðum er fyrst getið í máldaga frá um 1180: "Kirkia a oc in helga agatta allt land a Jngunar stoþum oc settung j eyrar lande." (DI I 266). Kirkjunnar er næst getið í kirknaskrá Páls frá um 1200 (DI XII 10). Í máldaga frá því um 1367 segir: "Kirkia heilagrar Augottu a jngunnarstodum a heimaland alltt og siottung j eyialande." (DI III 219) Í Vilcinsbók frá um 1397 segir: "a heimaland allt oc settung j Eyalanndi." (DI IV 118) 1575: Máldagi kirkjunnar (DI XV 632). "Jarðabækurnar (hinar eldri, nema stólsjarðabókin) telja jörð þessa með Hrísakoti (A. M.), aðeins 20 hdr. Að dýrleika, og leggur sýslumaður 5 h. Þaraf á Hrísakot." Jarðabók Johnsens, 101 (nm.gr.) Hrísakot [GK-360:001] var hjáleiga 1705 en er orðin bændaeign 1847. Tvö eyðibýli eru nefnd 1705, Gullhlaðsvellir [GK-359:010] og Þórunnarsel [GK-359:011]. Hálfkirkja var á jörðinni. JÁM III, 339-441. 1705: "Túnum og engjum grandar skriða til stórmeina og kostar oft stórerfiði af að moka. Hætt er fyrir snjólfóðum bæði á bæ og tún." JÁM III, 440. 1840: "... sæmileg heyskapar og útigangsjörð; á hún hrístak og fjárbeit fram í dalnum, ekki frí fyrir skiðuáföllum og hefir lítið mótak eður ekki." Sýslu- og sóknarlýsingar Gullbringu- og Kjósarsýslu, 254. Túnakort 1917: Tún 4 teigar, allt slétt, garðar 620m^2.



Túnakort Ingunnarstaða frá árinu 1917

GK-359:001 *Ingunnarstaðir* bæjarhóll bústaður 64° 21.894N 21° 20.202V

Gamli bærinn á Ingunnarstöðum stóð á svipuðum stað og nú (2003) stendur steinsteypt íbúðarhús. Íbúðarhúsið var byggt á árunum 1914-20 en þar á undan stóð timburhús á jörðinni um skeið. Búið var að rífa síðasta torfbæinn um aldamótin 1900. Ógreinilegur bæjarhóll er á þessum stað. Hann má merkja að sunnan og vestan en fjarar hins vegar út til norðurs (inn í brekkuna ofan við) og austurs. Erfitt er að áætla stærð bæjarhólsins þar sem erfitt er að greina mörk



Bæjarstæði Ingunnarstaða GK-359, horft til vesturs

hans til norðurs og austurs. Hann er þó nálægt því að vera 50-60x40 m og er mest 1,5 m á hæð. Þegar afi Guðrúnar Björnsdóttur heimildamanns kom að Ingunnarstöðum 1912 hafði síðasti torfbærinn verið rifinn. Hann hafði verið á svipuðum slóðum og steinsteypta íbúðarhúsið er í nú. Þegar það var byggt var komið ofan á nokkuð af grjóthleðslum og ösku og voru grjóthleðslurnar að hluta endurnýttar til að byggja lítinn garð vestan við íbúðarhúsið. Íbúðarhúsið sem nú er á bæjarhólnum er steinsteypt með kjallara. Íbúðarhúsið á Ingunnarstöðum var fyrsta timburhúsið í sveitinni.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; HJ: Ljósmyndir I, 15

GK-359:002 heimild um hálfkirkja 64° 21.894N 21° 20.202V
Í Jarðabók Árna og Páls frá 1705 er getið um hálfkirkju á jörðinni: "Hjer er hálfkirkja og embætti flutt þá er heimafólk er til sacramentis." Bænhús var á Ingunnarstöðum en ekki er vitað nákvæmlega hvar það var. Samkvæmt heimildamanni fór tveimur sögum af staðsetningu bænhússins. Annars vegar var talað um að það hefði verið heima við bæinn en hins vegar að það hefði verið í nokkurri fjarlægð suðvestan við bæ (sjá 003). Lengi mátti sjá glitta í hleðslu við suðausturhorn íbúðarhússins á Ingunnarstöðum, milli þess og fjárhúss og voru uppi getgátur um að sú hleðsla gæti staðið í samhengið við bænhúsið. Lágur bæjarhóll þar sem steinsteypt íbúðarhús með kjallara og fjárhús standa. Vegur liggur að bænum og annar spotti fram hjá honum. INGUNNARSTAÐIR Í KJÓS (K) -Agötu (REYNIVALLAÞING EF VILL) – HÁLFKIRKJA. [1180]: Kirkia a oc in helga agatta allt land a Jngunar stoþum oc settung j eyrar lande. kyr .vi. oc .xxx. a. fiogur kugillde j gelldfe. halft annat hundrat j busgognom oc j husbuninge. hestr gelldr lastalauss. xij manaþa tiþa bæcr oc messo fot. silfr kalec. roþo cross. alltara klæþe ij oc blæia. bricar clæþe gloþa ker oc gloþa jarn [alltara steinn. kirkiu stoll. bakstr jarn* oc linslopp. kerta stika. munnlogar .ij. oc lyse steinn. biollur .v. Su er afvinna skylld a þeso fe. at þar scal vera seto prestr ef sa vill er þar byr. meþ biscops raþe. Joan prestr scal vera þar meþan hann vill oc fylgia þessu fe at allda eyþle. Heima manna tiund alla a circia þar er scylldoct at syngia annan hvarn dag oc inn .iiij. hvern otto song oc kaupa at preste .ij. morcom oc ef enginn fæsc prestr. þa scolo reynevellingar fyrst eiga kost at lata syngia til þessa kaup[s] ef þeir vilia. Biscops handsol ero a þessum circio fiam ollom. oc hann a valld oc forræþe einn at kavpa þessom kirkio fiam sva sem hann vill oc þa er hann vill til þurþar oc til miclonar vm fe eþa afvinno; Máld DI I 266 [* bætt við utanmáls í hdr. C. 1200: Kirknaskrá Páls, DI XII 10. [1367]: xlix. Kirkia heilagrar Augottu a jngunnarstodum a heimaland alltt og siottung j eyialande. vij kyr og xxx asaudar. les Vilchinsbok þui þetta er eins; Hítardalsbók DI III 219. 1397: a heimaland allt oc settung j Eyalanndi. Sia er skylld af fie þessu ad þar skal vera setuprestur ef sa vill er þar byr med biskups rade. heimamanna tiund allra a kirkiann. Þar er skyllt ad syngia annann hvern dag oc fiorda hvern ottusong. lvka presti ij merkur. og ef ei fæst prestur. þa skulu Reynivellingar fyrst eiga kost ad lata syngia til Þess kaups ef þeir vilia. biskups handsol eru aa Þessum kirkiufiam ollumm Þar til Þurdar oc miklanar sem hann vill; Máld DI IV 118. 1575: Máld DI XV 632 {1598: hálfkirkja; AM 263 fol. bl. 64}.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: JÁM III, 438; Túnakort 1917; Máld DI I 266; DI XII 10; DI III 219; Máld. DI IV, 118; Máld DI XV, 632.

GK-359:003 *Kirkjumói* örnefni kirkja 64° 21.668N 21° 20.453V
Kirkjumói, nefnist neðsti hluti svæðis sem nú er komin í tún. Hann er 400-500 m SSV

við bæ 001. Umhverfis eru rennislétt tún, nokkru sunnar (innan við 100 m) er lækur. Engar tóftir voru í túninu og ekki var komið niður á neitt þegar svæðið var sléttað. Hugsanlega er örnefnið komið til sökum þess að kirkjan átti þennan teig.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar

GK-359:004 *Fjósklettar* hleðsla fjós 64° 21.905N 21° 20.202V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var þrískipt útihús um 20 m norðvestan við bæ 001 og um 5 m norðan við kálgarð 026. Í örnefnaskrá segir m.a.: "Eins og mitt milli Skorhaga og Ingunnarstaða er hjallaöxl, sem heitir Stórihjalli. Innar í sömu hæð upp af bænum eru Fjósaklettar." Bæjarhóll Ingunnarstaða hefur að mestu verið sléttaður vegna bygginga. Á þessu svæði er malarslóði, útihús og girðing. Fast ofan og NNA við malarslóðann er grasigróinn 0,4-1,2 m hár hjalli fast VNV við lítinn skúr sem er áfastur útihúsunum við bæinn. Ekki er útilokað að þessi hjalli sé leifar af norðurvegg útihúsanna. Hugsanlega má greina óljósar grjóthleðslur sem sigið hafa inn í bakkann. Hleðslurnar eru 0,4-0,8 m á hæð (2-3 umför), um 1 m á breidd og um 3 m á lengd. Nákvæmt hlutverk útihúss er óþekkt. Af stærð og staðsetningu útihússins á túnakorti að dæma er ekki ólíklegt að hér hafi verið fjósið sem Fjósaklettar eru nefndir eftir þó örnefnið gæti verið enn eldra.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Ingunnarstaðir AG, 1

GK-359:005 heimild um útihús 64° 21.910N 21° 20.169V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 15 m NNA við bæ 001 og um 15 m austan við útihús 004. Á þessu svæði er steinsteypt útihús, mykjuhaugar og leifar vegar 025. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-359:006 garðlag varnargarður 64° 21.928N 21° 20.479V
Siginn varnargarður er á suðurbakka Túngilslækjar sem rennur í VSV niður úr Múlafjalli um 230 m VNV við bæ 001 og um 60 m suðvestan við tóft 029. Á þessu svæði er grýtt graslendi í fjallshlíð Múlafjalls sem hallar 5-30° til SSV. Varnargarðurinn ver heimatún Ingunnarstaða 001 frá litlum læk sem trúlega vex mikið í leysingum. Garðurinn er grjóthlaðinn, um 160 m á lengd, 1,5-2,5 m á breidd og 0,5-1,2 m á hæð. Hleðslur garðsins eru grasi- og mosagrónar og aðeins sjáanlegar að suðvestanverðu. Garðurinn virðist þar að hluta vera stallaður og er neðri stallurinn 0,2-0,5 m á breidd. Í efstu 5 m upp undir klettum eru ennþá greinilegar hleðslur að vestan verðu þó þær séu signar og mosagrónar. Á um 50 m löngu bili er garðurinn horfinn þar sem búið er að ýta grús upp í garðinn en þar



Varnargarður GK-359:006, horft til austurs

er hann 3-5 m breið og 2-3 m há hrúga.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-359:007 tóftir sel 64° 21.429N 21° 17.240V




Seltóftir GK-359:007, horft til SSA

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1705 segir:"Selstöðu hefur jörðin í sínu eigin landi víðara en í einum stað." Í örnefnaskrá Ara Gíslasonar segir: "Næst eru Selflatir. Í botni [Brynju]dalsins og þar næst er hjalli sem heitir Langihjalli." Í örnefnaskrá Páls Bjarnasonar segir einnig um selið: "Austur af bakkanum er flatlendi, sem kallað var Eyrar einu nafni. Þá taka við ónafngreindir hjallar og austur af [þeim] þeim Selflatir [svo], sem eru beint á móti gömlu beitarhúsunum [021] frá Ingunnarstöðum. Þorlákur álítur, að þeir sem höfðu þar í seli, hafi haldið til í beitarhúsunum. Þorlákur sat þar yfir ám í kvíum, sem Kjósarmenn höfðu þar sameiginlega. Fært var frá í Hrísakoti til 1907." Selið á Selflötum er um 2,5 km suðaustan við Ingunnarstaði 001, um 300 m sunnan við beitarhús 021 og um 50 m sunnan við Brynjudalsá. Á Selflötum er grasigróið og víðáttumikið þýft graslendi sem hallar í 2-10° til norðausturs, að Brynjudalsá. Á Selflötum eru þrír áberandi hólar í hnapp á svæði sem er um 60x60 m stórt. Á stærsta hólnum er greinileg tvískipt tóft A sem er um 10 x 6 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Hólf I er um 3x2 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hólf II er um 2 m suðaustan við hólf I. Hólf II er um 2x1 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Eitt hólf í viðbót gæti hafa verið í hólnum fast norðan við tóftina en vegna þúfumyndunar er það mjög óljóst. Þar er aðeins óljós, en frekar sléttur, <0,5 m hár stallur sem er um 10x8 m stór og snýr VNV-ASA. Hleðslur eru signar og teknar að hlaupa í þúfur. Veggir eru 1,5-2 m á breidd og 0,5-1 m á hæð. Ekki mikið grjót er sjáanlegt á yfirborði vegna grasvaxtar en þó má vinna fyrir því í grasinu þegar gengið er um tóftina. Óljóst er hvar gengið var inn í tóftina. Ekki er útilokað tóftin sé af kvíunum þar sem Þorlákur G.Ottesen sat yfir ánum samkvæmt örnefnaskrá Páls Bjarnasonar. Tóft B er um 4 m SSV við tóft A. Hún er einföld, um 10 x 9 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Innanmál hennar er nokkuð greinilegt en veggir eru mjög signir og þýfðir. Veggirnir eru 3-4 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð en engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Inngangur er horfinn. Um 10 m austan við tóft A og um 30 m norðaustan við tóft B er óljós þúst C. Þústin er hringlaga, um 9 m í þvermál og 0,2-0,5 m á hæð. Enginn inngangur eða grjóthleðslur eru sjáanlegar. Þústin er mosa- og grasigróin og vegna hruns og þúfumyndunar er innanmál frekar óljóst. Það er þó hægt að greina um 3x2 m dæld í miðri þústinni sem liggur norðvestur-suðaustur. Stór aflöng þúfa er í miðri dældinni.

Hættumat: engin hætta

Heimildir: Ö-Ingunnarstaðir AG, 2; Ö-Ingunnarstaðir PB, 3



Seljatóftir GK-359:007

GK-359:008 heimild um kolagröf 64° 22.014N 21° 19.903V
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1705 segir m.a.: "Kolskógur nægur. Hverigt ljá ábúendur, nema heimabóndinn einum manni kolgjörð um árið, og þó ekki meir en 5 tunnur á ári, þar koma 5 álnir í mót og skulu þær leggjast til húsabótar. ... Skógarítak [kolskóg] á kirkjan á Reynivöllum í Ingunnarstaðaskóg þar sem heitir Maríuhjalli." Samkvæmt Jarðabókinni var skógarítak Reynivallakirkju á Maríuhjalla í hlíð Múlafjalls um 300 m norðaustan við bæ 001 og um 180 m norðan við Huldukonuklett 015. Á þessu svæði er grýttur og grasigróinn hjalli í fjallshlíð sem hallar í 10-40° til SSV. Ekkert sést til fornleifa og enginn skógur er á svæðinu. Staðsetning kolagrafanna er óþekkt en ólíklegt er að þær hafi verið í fjallshlíðinni.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM III, 425, 440

GK-359:009 varða óþekkt 64° 21.548N 21° 17.486V
Grjóthlaðin varða er um 220 m suðaustan við vörðu 013, um 270 m VSV við Sauðahelli 022 og um 50 m sunnan við Brynjudalsá. Varðan er á mosa- og lyngigróinni klöpp sem stendur út úr hlíðinni í norður. Klöppin er 5-6 m á hæð að norðanverðu. Varðan er hrunin og steinarnir eru mosavaxnir en



Varða GK-359:008, horft til norðausturs

mosinn hefur þó ekki grætt steinanna saman. Varðan er um 1 m á hæð og hefur trúlega verið 1x1m. Greina má 4 ógreinileg umför af hleðslu og grunnflötur er ferkantaður. Hlutverk er óþekkt.

Hættumat: engin hætta

GK-359:010 *Gullhladsveller* tóftir býli 64° 21.668N 21° 19.304V




Tóft GK-359:010A, horft til norðvestur

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1705 segir: "Gullhladsveller heita í Ingunnarstaða landi. Þar ætla sumir að hafi bygð í gamla daga, og sjást þar enn nú nokkrar tóftaleifar. Ekki verður þar bygð þett, nema með stórskaða heima-jarðarinnar, og enginn veit nær það hafi í eyði fallið, meina þó að landþröng hafi til þess verið orðsök." Í örnefnaskrá Ara Gíslasonar segir um þetta svæði: "Þegar kemur fram úr Bótinni, taka við Gulllandsvellir, grasivaxin hæð, sem hallar niður af á smámýri. Þar út af er Gulllandsvallarmýri. Á ásnum eru gamlar tættur. Talið er, að þarna hafi verið býli." Stykkisvellir eru ofan og sunnan við suðurbakka Brynjudalsár um 850 m ASA við bæ 001 og um 600 m suðvestan við Hrísakot 360:001. Rústirnar eru friðlýstar og í Friðlýsingaskrá segir: "Ingunnarstaðir. Forn rúst, er nefnist Gulllandsvellir, að sunnanverðu við Brynjudalsá, fyrir innan Þrándarstaði. Skjal undirritað af MÞ 25.10.1930. Þinglýst 17.11.1938." Stykkisvellir eru þýft graslendi á eyri lækjar sem rennur úr Gjáargili norðan undir Suðurfjalli. Svæðinu hallar í um 2-5° til norðurs niður að Brynjudalsánni. Stykkisvellir eru svæði sem er um 250x120 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur úr fjallshlíðinni niður á eyri Brynjudalsár. Vestan við Stykkisvelli er brött brekka sem hallar í 30-40° niður í mýri. Brúnin er 3-4 m há á þessu svæði. "Austur af Bótinni taka við sléttir vellir, Gullásvellir, sem líka voru nefndir Stykkisvellir. Á þeim eru gamlar tættur, sem báru merki um að þar hefði verið byggð til forna. Framan vallanna er hár bakki, Gullásvalla-bakki. Norðan hans, að ánni, liggur lítil mýri, Gullásvallamýri (Gull-Þórir)." segir í örnefnaskrá Páls Bjarnasonar. Í Árbók fornleifafélagsins frá árinu 1904 fjallar Brynjúlfur Jónsson um vellina: "Af stöðum sem nú eru óbygðir í Brynjudal eru Gulllandssvellir langlíklegastir til að vera Stykkisvöllur. Þar er slétt og fögur grund innan til á móts við Ingunnarstaði, sunnanmegin við ána. Auðséð er á bakkanum, sem afmarkar grundina að innan að gil sem þar kemur ofan hefir á sínum tíma brotið mikið af henni. Annars væri þar líklega bær hann. Hann hefir verið þar fyrrum. Það sýnir forn bæjarrúst skamt frá bakkanum. Hún er svo niðursokkin að fólk vissi ekki af henni fyr en eg kom austan á hana. Þó sér svo vel fyrir henni að ég gat gjört uppdrátt af henni. ... Tóftirnar eru 3. hver af enda annarar, miðgaflar þó eigi vel glöggir. Dyr á miðjum suðurhliðvegg og vesturendi opinn. Lengda allrar rústarinnar nál. 16 fðm., meðalbreidd hennar 31/2 fðm. Fjós rúst sést eigi, mun vera afbrotin." Við skráningu fundust þrjár þústir á þessu svæði sem er um 60 x 40 m stór snýr norðvestur-suðaustur. Þúst A er um 10 m x 8 m stór og snýr

norðvestur-suðaustur. Óljós dæld er í þústinni en innanmál hennar er 4x1,5m. Veggir eru útflattir, um 3 m á breidd og <0,4 m á hæð. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar og enginn greinilegur inngangur. Hlutverk er óþekkt. Þúst B er um 3 m norðvestan við þúst A. Þúst B er um 14 x 5-8 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Óljós ferköntuð dæld er í norðvesturenda þústarinnar og er innanmál hennar 6x1,5-2 m. Veggir eru svo til útflattir eða <0,4 m á hæð og 1,5-2 m á breidd. Engar hleðslur eru sjáanlegar á yfirborði og útveggir eru þýfðir og illgreinanlegir. Ekki er útilokað að annað hólf hafi verið í suðausturenda þústarinnar en þar er aðeins að finna 0,5 m djúpa holu í suðurhorni. Holan er um 0,5x1 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Í botni holunnar er að finna stein sem gæti verið hluti af hleðslu. Þúst C er í vesturjaðri vallanna um 5 m SSA við þúst A. Þústin er stórþýfð og svolítið eins og skipsbúkur í laginu (mjórri til endanna), um 20 x 6-10 m stór og snýr NNA-SSV. Engin greinileg dæld er í þústinni. Svæðið er þýft og líklegt að fleiri mannvirki geti leynst í þúfunum á svæðinu þó ekkert sjáist á yfirborði.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM III, 440-441; Ö-Ingunnarstaðir AG, 2; Ö-Ingunnarstaðir PB, 3; Fornleifaskrá, 8; BJ: Um Stykkisvöll, Árbók 1904, 19-20



Tóftir á Gullhlaðsvöllum GK-359:010

GK-359:011 *Þorunarsel* bæjarstæði býli
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1705 segir m.a.: "Þorunarsel liggur og í Ingunnarstaða landi, þar ætla menn bygð hafi verið til forna, og sjest þar bæði fyrir girðingum og tóftaleifum. Enginn veit nær það hafi eyðilagst, en eyðileggingunni valdið hafi snjóþyngd og vetrarríki. Hafa nú Ingunnarstaðamenn þar selstöðu þá er þeim líkar. Túnstæði alt er í hrjóstur og mosa komið, og í því bæði berbeinur og skógarrunnar; kann því valla eður ekki aftur að byggjast, nema Ingunnarstöðum til baga og þó með stórerfiði." Óljóst er hvar Þórunnarsel var staðsett í landi Ingunnarstaða. Ekki er þó útilokað að selstaða hafi hugsanlega verið á Selflötum 007 eða á svæðunum þar sem beitarhústóftir 021 og/eða 360:013 í landi

Hrísakots standa enn.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM III, 440-441

GK-359:012 heimild um sel
Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá árinu 1705 segir m.a.: "Selstöðu hefur jörðin í sínu eigin landi víðara en í einum stað." Samkvæmt því var sel á fleiri stöðum en í Þórunnarseli 011. Ekki er ljóst hvar þessi sel voru staðsett í landi Ingunnarstaða. Ekki er þó útilokað að selstaða hafi hugsanlega lengi verið á Selflötum 007 eða svæðunum þar sem beitarhústóftir 021 og/eða 360:013 standa enn.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: JÁM III, 440

GK-359:013 *Vörðuklettur* varða landamerki 64° 21.649N 21° 17.625V
"Hrísakot [360:001] er hér eins og fleygur inn í land Ingunnarstaða [001], eða öllu heldur óskipt beitiland jarðanna. Er þar stór klapparhjalli niður við á, sem heitir Vörðuklettur," segir í örnefnaskrá Ara Gíslasonar. "Fyrir austan Vörðuklett (Gráaklett) á merkjum [Ingunnarstaða 001 og Hrísakots 360:001], taka við móabörð, ofan þeirra er Ingunnarstaðaskógur, sem er samfellt skóglendi frá Laugalæk (á merkjum) og austur fyrir Eystra-Brennigil," segir í örnefnaskrá Páls Bjarnasonar. Landamerkjavarða stendur á Vörðukletti um 5 m norðaustan við Brynjudalsá, um 1 km suðaustan við Hrísakot 360:001 og um 2,1 km ASA við Ingunnarstaði 001. Varðan er á Vörðukletti/Gráakletti á norðurbakka Brynjudalsár og umhverfis vörðuna er klöppin lyngigróinn. Varðan er hrunin í norðvesturátt en hefur áður verið um 1x1m að grunnfleti. Hún er nú aðeins um 0,5 m á hæð og 1x2m í lengd og breidd. Steinar eru lítillega mosagrónir. Í henni má greina a.m.k. 3 umför.


Landamerkjavarða GK-359:013, horft til norðausturs

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ingunnarstaðir AG, 1; Ö-Ingunnarstaðir PB, 1

GK-359:014 gata leið 64° 21.645N 21° 17.538V
Greinilegur gamall vegslóði liggur norðvestur-suðaustur meðfram bakka Brynjudalsár um 20 m norðan við ána, um 2,2 km ASA við bæ 001 og um 270 m norðvestan við beitarhús 021. Á þessu svæði er norðurbakki Brynjudalsár grýttur, mosa- og grasigróinn og að miklu leiti hulinn birkikjarri. Gatan er grýtt og illa gróin á köflum. Gatan liggur norðvestur-suðaustur meðfram Brynjudalsá en óljóst er hversu löng hún er alls. Gatan var rakinn á um 60 m löngum kafla í kjarrinu á svæðinu og er hún á þeim kafla <0,2 m djúp og 0,3-0,5 m á breidd. Líklega hefur þessi gata verið farin þegar leið lá í beitarhús 021 og kannski í sel 007 frá Ingunnarstöðum 001 og Hrísakoti

360:001.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

GK-359:015 *Huldukonuklettur* álagablettur 64° 21.919N 21° 19.904V



Huldukonuklettur GK-359:015, horft til norðvesturs

"Út á Múlanum er nefnt Enni. Þar vestur af er Sneið, klettahjalli þar ofan og austan við Ingunnarstaði heitir Ból, smáhæð, sem þar er. Á því voru þau álög, að ekki mátti slá það; þá mundi farast gripur. En í langvarandi óþurrkum mátti slá þar þrjár brýnur og láta heyið liggja; þá var von á þurrki," segir í örnefnaskrá Ara Gíslasonar. "Austur af þeim er Bæjarlækur. Bólið; austast á því er Huldukonuklettur," segir í örnefnaskrá. Huldukonuklettur er um 250 m ANA við bæ 001 og um 70 m VNV við tóft 017. Huldukonuklettur er náttúrulegur klettahjalli sem er um 40x20 m stór, um 4 m hár og snýr austur-vestur. Klettaveggur horfir til suðurs en hann er tekinn að morkna og hrynja í sundur.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ingunnarstaðir AG, 1; Ö-Ingunnarstaðir og Hrísakot, 2

GK-359:016 *Ingunnarstaðarétt* tóft rétt 64° 21.907N 21° 20.089V




Ingunnarstaðarétt GK-359:016, horft til VNV

"Þeir enda á Ból, sem er smáhæð ofan við túnið. Í þessu Bóli er rétt, sem kölluð var Ingunnarstaða-réttin. Í hana var allt fé rekið af Ingunnarstaða- og Hrísakots-landi (sameiginlegu beitilandi) til rúningar á vorin," segir í örnefnaskrá Páls Bjarnasonar. Réttin er svo til efst í Bóli á mjórri klettasyllu, um 70 m ANA við bæ 001 og um 150 m VSV við Huldukonuklett 015. Ból er 10-15 m hátt klettabelti eða holt sem er að hluta grasi- og mosagróið og grýtt. Holtið er fast austan við eystri bæjarlæk. Brött brekka er fast SSV við réttina sem hallar í 10-20° til SSV. Réttin er tvískipt, um 32 x 8 m stór og snýr VNV-ASA. Hún er aflöng og frekar ólöguleg en nyrðri hlið hennar er að mestu náttúrulegir jarðfastir 2-2,5 m háir

klettar. Þó er hlaðið aðeins í brekkunni milli klettanna þar sem þeir eru lægstir. Hólf A er um 18x4-7 m að innanmáli og snýr VNV-ASA. Gengið var inn að austan en sá endi virðist vera að mestu opinn. Hugsanlega hafa hleðslur áður lokað tóftinni að hluta. Hólf B er skilið frá hólfi A með um 1 m breiðum vegg en um 1 m breitt op er í veggnum upp við syðri vegg réttarinnar sem tengir hólfin saman. Hólf B er VNV við hólf A. Hólf B er um 6x2-3 m að innanmáli og snýr einnig VNV-ASA. Um 1 m breiður inngangur inn í hólf B er á VNV enda. Veggir réttarinnar eru grjóthlaðnir, um 1 m á breidd og 0,2-1,5 m á hæð. Hleðslur eru signar hér og þar en veggir eru best varðveittir í hólfi B. Út frá suðausturhorni réttarinnar er um 7 m langt garðlag sem er um 1 m á breidd og 0,2 m hátt. Það er sigið og liggur niður brekkuna til SSV. Trúlega hefur tilgangur þess verið að beina búfénaði inn í réttina. Samkvæmt Lúther Ástvaldssyni bónda á Þrándarstöðum var á þessum stað stekkur Lúthers Lárussonar (f.1886), afa Guðrúnar Björnsdóttur á Ingunnarstöðum. Nú (2011) er þessi tóft nýtt sem hrossarétt.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Ingunnarstaðir PB, 1




Ingunnarstaðarétt GK-359:016

GK-359:017 *Lambhúsgrund* tóft fjárhús 64° 21.907N 21° 19.824V "Austur af Bólinu er grund, sem Þorlák minnir, að héti Lambhúsgrund, (ekki viss). Þar voru fjárhús og lambhús [sjá einnig 018] áður fyrr," segir í örnefnaskrá. Lambhúsgrund er um 250 m austan við bæ 001. Tvær tóftir 017 og 018 eru á grundinni en ekki er ljóst hvor var fjárhús og hvor var lambhús. Sú tóft sem hér er skráð er um 290 m austan við bæ 001 og um 95 m ANA við tóft 018. Lambhúsgrund er við rætur Múlafjalls. Hún er grýtt, og grasi- og mosagróin brekka sem hallar í 10-45° til suðurs. Girt er upp í kletta norður-suður um 5 m austan við tóft 017. Tóftin er um 10 x 8 m stór og snýr VNV-ASA. Hún er tvískipt en hólfin tvö í tóftinni eru ekki aðskilin með grjótvegg svo trúlega hefur verið timburþil á milli þeirra. Hólf A er um 5x3 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Gengið var inn í hólfið að sunnanverðu um 1 m breiðan inngang fast upp við austurvegg. Hólf B er vestan við hólf A. Hólf A nær um 2 m norðar en hólf B. Hólfið er um 4x3 m að innanmáli og snýr VNV-ASA. Ekki er ljóst hvort gengið var inn í hólf B úr hólfi A eða hvort það var inngangur á suðurvegg því

um 3 m langt gat er á veggnum í hólfi B. Um 3 m langur og 1,5 m breiður veggur er VNV-ASA á milli inngangs inn í hólf A og gatsins á veggnum inn í hólf B. Veggir tóftarinnar eru hlaðnir úr torfi og grjóti en orðnir nokkuð signir. Mikið hrun er inni í tóft og að utan að sunnanverðu. Veggirnir eru grasi- og mosagrónir, 1-1,5 m á breidd og 0,4-1,2 m á hæð (3-4 umför). Veggirnir eru hæstir upp við brekkuna að norðan svo trúlega hefur tóftin verið grafin að hluta inn í brekkuna. Samkvæmt Guðrúnu Björnsdóttur bónda á Ingunnarstöðum voru húsin með þak úr bárujárni og timbri og notuð á fyrri hluta 20. aldar fyrir örfáar kindur.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ingunnarstaðir PB, 1






Fjárhústóft GK-359:017, horft til SSV

GK-359:018 tóft fjárhús 64° 21.883N 21° 19.927V
"Austur af Bólinu er grund, sem Þorlák minnir, að héti Lambhúsgrund, (ekki viss). Þar voru fjárhús og lambhús [sjá líka 017] áður fyrr," segir í örnefnaskrá Páls Bjarnasonar. Lambhúsgrund er um 250 m austan við bæ 001. Tvær tóftir (sjá líka 017) eru á grundinni en ekki er ljóst hvor var fjárhús og hvor var lambhús. Tóft 018 er í vesturjaðri grundarinnar um 200 m austan við bæ 001, um 95 m VSV við tóft 017 og um 70 m SSV undir Huldukonukletti 015. Lambhúsgrund er við rætur Múlafjalls austan við Ból og er hún grýtt og grasi- og mosagróin brekka sem hallar í 10-45° til suðurs. Girt er upp í kletta norður-suður um 5 m austan við tóft 017. Lækur rennur gróflega norður-suður meðfram tóftinni um 2 m austan við hana úr Svíðningunum niður í Brynjudalsá. Á milli tóftarinnar og lækjarins er um 1,2 m hár grasigróinn malarbakki, mjög líklega manngerður. Tóftin er tvískipt, um 14 x 7 m stór og snýr NNV-SSA. Hólf A er um 6,5x3 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Gengið var inn að SSA, trúlega um timburþil. Hólf B er NNV við hólf A. Um 1,5 m breiður grjótveggur skilur hólfin að en enginn inngangur sjáanlegur á milli hólfanna. Hólf B er um 4x3 m að innanmáli og 0,5-1 m á dýpt en hólfið er um 0,5 m dýpra en hólf A. Hér hefur trúlega verið hlaða. Greinilegir mjóir steypuklumpar eru inni í hólfinu og meðfram hluta vesturveggjar svo hlaðan hefur verið styrkt með steinsteypu á einhverjum tímapunkti. Ytri hlið norðurenda tóftarinnar er mjög óljós sem þýðir trúlega að réttin hafi verið grafin inn í brekkuna að hluta. Veggir tóftarinnar eru grjót- og torfhlaðnir, 1,5-2 m á breidd og 0,4-1,2 m á hæð (2-5 umför). Engar hlaðnar garðaundirstöður eru sjáanlegar. Samkvæmt Guðrúnu Björnsdóttur bónda á Ingunnarstöðum voru húsin með þak úr bárujárni og timbri og notuð á fyrrihluta 20. aldar fyrir örfáar kindur. Nú (2011)

er fjárhúsið nýtt sem rétt en einföld timburgrind er inni í hólfi A.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ingunnarstaðir PB, 1





Fjárhústóft GK-359:018, horft til SSA

GK-359:019 þúst óþekkt 64° 21.760N 21° 20.133V



Þúst GK-359:019, horft til NNA

"Sunnan við túnið, niður að ánni, var Ingunnarstaðamýri, sem nú er að miklu leyti orðin að túni. Meðfram ánni suðaustanvert við mýrina var stór flöt fram með ánni, sem Þorlákur man ekki nafn á. Þar syðst á árbakkanum eru tættur," segir í örnefnaskrá. Áberandi þúst er á þessu svæði um 260 m suður frá bæ 001 og um 50 m norðan við Brynjudalsá. Þústin er í sléttuðu túni. Þústin virðist vera hluti af náttúrulegum rana sem liggur NNV-SSA í túni. Raninn er 0,5-1 m á hæð og er 50-60 m á lengd. Þústin er um 9x8 m stór og snýr NNA-SSV. Í þústinni er aflöng dæld sem er 2x1 m að innanmáli og liggur VNV-ASA. Samkvæmt Lúther Ástvaldssyni bónda í Þrándarstöðum var andakofi á þessu svæði.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Ingunnarstaðir PB, 1

GK-359:020 *Grafarmýri* náma mógrafir 64° 21.810N 21° 20.602V

"Fyrir vestan Ingunnarstaðamýri er Hrísakotsmýri. Meðfram henni, nær ánni, liggur Grafarmýri, framhald af Ingunnarstaðamýri. Allt heimaengjar á Ingunnarstöðum," segir í örnefnaskrá. Mógrafir eru í Grafarmýri um 360 m vestan við bæ 001. Fast norðan við og í gegnum mitt mógrafasvæðið er malarvegur 4891 sem liggur heim að Ingunnarstöðum. Umhverfis grafirnar er stórþýft graslendi/þurrkaðar mýrar. Bakkarnir

eru signir en þó nokkuð greinilegir ennþá og þá sérstaklega suðurbakki. Mógrafirnar eru á um 100 x 20 m stóru svæði sem snýr VNV til ASA. Bakkar grafanna eru nokkuð beinir og grafirnar eru 0,2-0,5 m á dýpt. Mjög deigir mýrarflákar eru í botni þeirra. Engin regluleg lögun er á mógröfunum en eyjur af þúfum eru á milli þeirra. Samkvæmt Guðrúnu Björnsdóttur bónda á Ingunnarstöðum tóku afi hennar, Hafsteinn Lúther Lárusson, og faðir, Björn Lúthersson, síðast mó á þessu svæði á fyrri hluta 20. aldar.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ingunnarstaðir PB, 2

GK-359:021 *Ingunnarstaðafjárhús* tóftir beitarhús 64° 21.594N 21° 17.182V




Ingunnarstaðafjárhús GK-359:021A, horft til ANA

"Þegar haldið er áfram inn með ánni frá Vörðukletti [013], kemur að Ingunnarstaða-fjárhúsum, sem standa á smáklettahjalla fram við ána. Framan við fjárhúsin er lítill hellir, sem kallaður var Sauðahellir [022] og notaður sem slíkur," segir í örnefnaskrá Páls Bjarnasonar. "Austur af bakkanum er flatlendi, sem kallað var Eyrar einu nafni. Þá taka við ónafngreindir hjallar og austur af [þeim] þeim [svo] Selflatir [014], sem eru beint á móti gömlu beitarhúsunum frá Ingunnarstöðum," segir í örnefnaskrá Ara Gíslasonar. Beitarhúsin frá Ingunnarstöðum eru á norðurbakka Brynjudalsár um 2,5 km ASA við bæ 001 og um 1,4 km suðaustan við Hrísakot 360:001. Beitarhúsið stendur á þýfðum grasbala í klettabelti fast ofan og norðan við Brynjudalsána en bakki árinnar er á þessu svæði 2-3 m háir klettar. Þrjár tóftir eru á svæði sem er um 40x40 m stórt. Tóft A er stærst og best varðveitt. Tóft A er gamalt þrískipt beitarhús sem er um 18 x 16 m stórt og snýr ANA-VSV. Hólf I er um 10x6 að innanmáli og snýr ANA-VSV. Gengið var inn að vestan, trúlega um timburþil, því enginn grjótveggur er í vesturenda tóftarinnar. Hólf I hefur trúlega verið sjálf fjárhúsin. Engar hlaðnar garðaundirstöður eru sjáanlegar svo líkleg hafa garðar verið úr timbri. Hólf II er um 8x5 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Gengið var inn að VSV, trúlega einnig um timburþil því enginn grjótveggur skilur á milli hólfa I og II. Hólf II hefur trúlega verið hlaða. Hólf III er utan við aðaltóftina að NNV-verðu, fyrir miðja tóft. Hólf III er um 3x2 m að innanmáli og snýr NNV-SSA. Gengið var inn að NNV um 1 m breiðan inngang fast upp við VSV vegg í gegn um grjóthlaðinn vegg. Veggir tóftarinnar eru grjót- og torfhlaðnir, 1,5-2 m á breidd og 0,4-2 m á hæð (2-9 umför). Veggirnir standa að mestu grónir mosa og grasi. Tóft B er mun óljósari en A og veggir orðnir mjög signir, grasigrónir og þýfðir. Tóftin hefur trúlega verið þrískipt og er um 14x14 m að stærð. Hólf I og II eru mjög svipuð. Þau eru um 6x3 m að innanmáli og snúa bæði norðaustur-suðvestur. Gengið var inn í þau að suðvestan en inngangur er orðinn mjög óljós vegna sigs. Ummerki um signar hlaðnar garðaundirstöður eru í báðum hólfum fyrir miðju. Þær eru um 6 m á lengd, um 1 m á breidd og <0,3 m á hæð. Hólf III var norðvestan við hólf I og II en þar er aðeins óljós dæld sem er um 3x1 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Hólfið hefur

líklegast verið hlaða. Veggir tóftarinnar eru mjög signir, 2-3 m á breidd og <0,5 m á hæð. Engar grjóthleðslur sjást á yfirborði en víða má finna má fyrir hleðslugrjóti þegar gengið er um tóftina. Trúlega hefur verið innangengt í hólf III úr hólfum I og II en engin ummerki um slíkt sjást nú (2011). Tóft C er norðvestan undir 0,3-1,0 m háum klettastalli um 30 m ASA við tóft A og um 30 m ANA við tóft B. Tóft C er einföld, um 6 x 5 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Innanmál tóftarinnar er 3x2 m og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir eru signir og grasi- og mosagrónir. Veggirnir eru um 2 m á breidd og um 0,5 m á hæð. Enginn greinilegur inngangur er inn í tóftina. Mjög óljósir þúfnabakkar sem eru um 6x4 m að stærð og <0,3 m á hæð eru fast norðaustan við tóftina. Kindagata liggur norðvestur-suðaustur yfir þetta svæði upp á klettastallinn en ekki er útilokað að annað eldra hólf leynist þarna í þúfunum.


Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ingunnarstaðir PB, 2; Ö-Ingunnarstaðir AG, 3



Ingunnarstaðafjárhús GK-359:021, tóftir A, B og C

GK-359:022 *Sauðahellir* hleðsla fjárskýli 64° 21.569N 21° 17.158V "Þegar haldið er áfram inn með ánni frá Vörðukletti [013], kemur að Ingunnarstaðafjárhúsum [021], sem standa á smáklettahjalla fram við ána. Framan við fjárhúsin er lítill hellir, sem kallaður var Sauðahellir og notaður sem slíkur," segir í örnefnaskrá Páls Bjarnasonar. Sauðahellir er í bakka Brynjudalsár um 20 m SSA við beitarhús 021 og um 270 m NNA við sel 007. Hellirinn er í/undir 2-3 m háum

klettahjalla fast við norðurbakka Brynjudalsár. Fast vestan við klettinn er grasigróin brekka sem hallar í 5°-10°til suðurs. Gólfflötur hellisins er um 5 x 3 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Í austur- og suðausturenda er hellirinn lágur til lofts er þar tæpur 1 m á hæð. Eftir því sem vestar er farið nær lofthæð upp í um 1,5 m. Botn hellisins er mjög grýttur. Til þess að komast inn í hellinn var gengið niður og suður í grasigróna brekkuna að vestan og inn í hellinn að sunnan niðri við ána. Við hellisopið er grjóthlaðinn veggur. Inngangurinn inn í hellinn er við vesturenda veggjarins. Veggurinn er grasigróinn, um 3 m á lengd, 1-1,5 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð (2-4 umför). Inngangurinn inn í hellinn er um 2 m breiður og snýr ANA-VSV en mikið hefur hrunið úr hellisloftinu og lokað að mestu fyrir hann. Annað op er inn í hellinn en það er trúlega bara loftgat eða hrun úr loftinu. Opið er í NNV horni hellisins, um 2x1 m að stærð og beinist niður (skálóðrétt). Um 5 m VNV við innganginn í brekkunni er hlaðinn veggur sem líklegast hefur verið til þess að beina kindum niður að hellisopinu. Veggurinn er siginn og grasigróinn, um 4 m á lengd, um 1 m á breidd, 0,2-0,5 m á hæð og liggur norðaustur-suðvestur. Stór steinn er við suðvesturenda garðlagsins.



Sauðahellir GK-359:022

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ingunnarstaðir PB, 2

GK-359:023 heimild um leið 64° 21.248N 21° 20.698V
"Það [Suðurfjall] fjall liggur vestur að Þverá. Næst vestan við Skál [gil norðan í Suðurfjalli utan við Vestra-Pallagil] er Hádegisdalur. Vestur af honum er Þverárdalur. Þegar gengið var á Suðurfjall var venjulega farið upp úr þessum dölum. Þegar komið er upp á Hádegisdal og þar með upp á Suðurfjall, tekur við lítið fell til hægri handar, Bollafell. Þegar komið er upp á Hádegisdal og þar með upp á Suðurfjall, tekur við lítið fell til hægri handar, Bollafell. Gangi maður áfram suður fjallið er komið í svokölluð Kjaldrög, sem liggja vestur með uppbökkum Þverár og upp í Kjöl. En Kjölur er hæsti hluti Suðurfjalls og nær frá vesturkvíslum Þverár og austur á móts við austurenda á Myrkavatni. Eru þar útlínur á afrettarlandi Ingunnarstaða [001] og Hrísakots [GK-360:001]," segir í örnefnaskrá. Mynni Þverárdals er við rætur Suðurfjalls Í Brynjudal um 200 m austan við Þrándarstaði GK-358:003 og rúman kílómetra suðvestan við Ingunnarstaði 001, en dalurinn markar vesturenda fjallsins. Þverárdalur er mjór og nokkuð djúpur árfarvegur Þverár sem rennur í norðvestur niður af Suðurfjalli austan við Þrándarstaði GK-358:003 og þaðan í norður niður í Brynjudalsá við Ingunnarstaðabrú um 650 m NNA við bæinn. Í dalnum neðanverðum í Þverá eru Þrándarstaðafossar. Upptök Þverár og dalsins eru stutt austan við Bollafell á Suðurfjalli tæpa 2,5 km suðaustan og ofan við Þrándarstaði. Hádegisdalur er svo grasigróið dalverpi austan við Þverárdal miðjan, hátt í Suðurfjalli ofan og sunnan við


Langahjalla. Ekkert sést til greinilegra gata í graslendinu á bökkum Þverár við mynni dalsins austan við Þrándarstaði GK-358:001 en ekki er útilokað að gamlir slóðar finnist ofar í Þverárdal eða Hádegisdal. Engar heimildir fundust um að farið hafi verið þessa leið yfir á aðra bæi í nágrenninu en eins og segir í örnefnaskrá hefur leiðin líklega mest verið notuð til að komast upp á afrétti.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ingunnarstaðir PB, 2-3

GK-359:024 þúst óþekkt 64° 21.695N 21° 17.593V
Óljós ferköntuð þúst er um 50 m NNA við Vörðuklett 013 og um 1 km ASA við bæjarhól 001. Á þessu svæði er þýft graslendi fast sunnan og suðvestan við Laugalæk. Lækurinn rennur norðan og vestan við þústina. Bakkinn er 1-2 m á hæð og hallar í 30-40° niður að læknum. Þústin er um 8 x 7 m stór og snýr VNV-ASA. Innanmál þústarinnar er greinilegast en það er ferkantað, um 3x3 m stórt og 0,2-0,4 m á dýpt. Engir veggir eru greinilegir en umhverfis dældina eru miklar þúfur. Mögulegt er að heystæði hafi verið á þessum stað þó ekkert sé hægt að fullyrða um það.

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar





Þúst GK-359:024, horft til norðausturs

GK-359:025 vegur leið 64° 21.911N 21° 20.203V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 lá gamla heimreiðin í ANA heim að bænum 001 í boga norður fyrir útihús 004. Á þessu svæði er sléttað tún og bæjarhóll 001. Núverandi vegur heim að bæ var lagður heim að bæ um 1980 og liggur hann gróflega í ANA frá Brynjudalsá heim að bæ að VSV-verðum. Ennþá sjást leifar af gamla vegslóðanum NNV við gerði 027, bæinn 001 og útihúsin. Vegurinn hefur trúlega verið eitthvað



Vegur GK-359:025, horft til VNV

sléttaður og endurbættur síðan 1917 en hann er nú um 4 m breiður malarslóði sem er víða grasigróinn, sérstaklega norðan við bæjarhúsin þar sem hann hefur líklega verið minnst notaður síðan nýi vegurinn var lagður. Á tímabili lá gamli vegurinn áfram í austur framhjá bænum og inn dalinn fast sunnan við Ból og tóft 018.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-359:026 garðlag kálgarður 64° 21.893N 21° 20.173V

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var stór kálgarður suðvestan við bæ 001 og útihús 004. Á þessu svæði er yngra garðlag 027, sléttað malarplan, steinsteypt íbúðarhús og útihús sem og afgirtur rababaragarður. Svæðið var að mestu sléttað um 1960. Enn sjást þó leifar af austurhluta garðlagsins (A) sem var umhverfis kálgarðinn í austurjaðri rabarbaragarðsins á Ingunnarstöðum og lítil hrúga, B, úr vesturhluta þess á um 30 x 20 m stór svæði sem snýr austur-vestur. Garðlag A er grjóthlaðið, um 1 m á breidd, 0,3-0,8 m á hæð (2-5 umför) og um 25 m á lengd. Garðlagið kemur í ljós fast neðan við malarveg og girðingu upp við íbúðarhúsið. Þaðan liggur það í SSA um 16 m þar sem það beygir í VSV. Um 6 m VSV hverfur það upp við steinsteypt útihús. Um 5 m sunnan við garðlag 027 og um 2 m norðan við heimreiðina heim að bæ sjást einnig illa farnar leifar af hleðslum (B) úr þessum garði. Þar er lítið annað eftir en 1x1 m stór grjóthrúga sem er 0,2-0,4 m á hæð. Um 30 m eru á milli hrúgu B og hleðslu A. Þetta passar mjög vel við teikninguna á túnakortinu en þar er kálgarðurinn um 30 x 20 m stór og snýr VNV-ASA.




Garðlag GK-359:026, horft til NNA

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-359:027 gerði óþekkt 64° 21.895N 21° 20.199V

Grjóthlaðið gerði er 2-4 m norðan við núverandi heimreið heim að bæ 001 og um 5 m vestan við núverandi íbúðarhús og útihús á Ingunnarstöðum. Vestan við gerðið er sléttað tún, en norðan, austan og sunnan eru malarslóðar og plan. Fast umhverfis gerðið er mosa-og grasgróið. Tré hafa verið gróðursett inni í garðinum og þar eru þvottasnúrur og gæludýrakirkjugarður. Gerðið er um 25 x 20 m stórt og snýr austur-vestur. Garðlagið er um 1 m á breidd, 0,3-1 m á hæð (um 2-6 umför) og alls um 60 m á lengd. Hleðslurnar eru mosagrónar og hæstar í suður- og vesturhluta



Gerði GK-359:027

en signar í norðvestur og norðurhluta. Engar hleðslur eru að austan- og norðaustan. Hestasteinn liggur við enda hleðslunnar í suðausturhorni gerðisins næst bænum. Í honum er gat og járnhringur. Óvíst er að garðurinn sé nógu gamall til að teljast til fornleifa samkvæmt skilgreiningu laganna en hann er skráður þar sem hann var byggður að gamalli byggingarhefð.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


GK-359:028 tóft óþekkt 64° 21.899N 21° 20.124V

Grjót- og torfhlaðin tóft er um 40 m ANA við bæ 001, um 20 m VSV við rétt 016 og um 2 m sunnan við eystri bæjarlæk sem rennur úr Múlafjalli. Bæjarlækur er bæði norðan og norðvestan við tóftina. Tóftin er í Bólbrekku sem er mosa-og grasgróin og hallar í 40-50° til VSV. Í miðri tóftinni er deig mýri en vatnið kemur frá læknum. Framan og suðvestan við tóftina er slétt graslendi ofan og norðan við vegslóða 025. Tóftin er einföld, um 5x5 m stór. Innanmál tóftarinnar er um 3,5x3 m og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir tóftarinnar eru mosa- og grasigrónir og hleðslur nokkuð signar. Veggirnir eru 0,5-1 m breiðir og um 1 m á hæð. Engin greinileg umför sjást vegna hruns á veggjum. Líklega var gengið inn að suðvestan um timburþil þar sem enginn eiginlegur grjótveggur er í suðvesturenda tóftarinnar. Á bakka lækjarins um 1 m ofan og norðaustan við tóftina í brekkunni eru gömul ryðguð járnrör sem virðast hafa tengst tóftinni á einhverjum tímapunkti. Í norðvesturhorni tóftarinnar má einnig sjá járnrörbút standa upp úr tóftinni. Guðrún Björnsdóttir, heimildamaður, taldi hugsanlegt að þarna hafi verið vatnsknúin mylla eða jafnvel heimarafstöð.



Tóft GK-359:028, horft til vesturs

Hættumat: hætta, vegna ábúðar



Tóftir GK-359:028 (vinstri) og GK-359:029 (hægri)

GK-359:029 tóft óþekkt 64° 21.971N 21° 20.490V



Tóft GK-359:029, horft til SSV

Gömul, grjóthlaðin tóft er í hlíð Múlafjalls, um 280 m norðvestur frá bæ 001 og um 60 m norðvestan við varnargarð 006. Hlíð Múlafjalls er grýtt og mosa- og grasigróin og hallar í 20°-50° til suðurs. Tóftin er einföld, um 8 x 6 m að stærð og snýr austur-vestur. Grjóthleðslurnar eru mjög signar og mosagrónar. Veggir hafa hrunið mikið inn í tóftina og í suður, niður brekkuna. Veggir eru um 1 m á breidd og <0,8 m á hæð (2-4 umför). Veggirnir eru hæstir í norðausturhorni tóftarinnar. Líklegast hefur verið gengið inn að sunnan. Staðsetning og stærð tóftar gæti bent til að hún hafi verið lítil rétt eða kví.

Hættumat: engin hætta

GK-359:030 þúst óþekkt 64° 21.926N 21° 20.462V

Stór óljós þúst er í graslendi um 220 m VNV við bæ 001 og um 20 m norðan við óklárað íbúðarhús á Ingunnarstöðum. Á þessu svæði er smáþýft graslendi í brekku sem hallar í 2-10° til suðurs. Þústin er grasigróin, um 20x16 m stór, 0,2-1 m á hæð og snýr austur-vestur. Í þústinni eru fjórar óljósar 0,2-0,5 m djúpar aflangar dældir. Þær snúa allar norður-suður. Engar grjóthleðslur eru greinilegar á yfirborði en þó glittir víða í grjót í þústinni sem byrjuð er að hlaupa í þúfur. Líklegt er að mannvistarleifar leynist undir sverði á þessum stað.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar


GK-359:031 heimild um leið 64° 21.961N 21° 20.420V

"Fyrir ofan þessa hjalla og Sviðninga liggja Múlaklettar. Aðeins á tveimur stöðum var hægt að komast upp þessa kletta á fjallið: Um skarð upp af Ingunnarstöðum (man ekki nafnið) og Bæjargil upp af Hrísakoti [360:006]. Múlaklettar, sem ná frá Hrísasneið (sjá Hrísakot), enda við svonefnda Sneið fyrir vestan Ingunnarstaði," segir í örnefnaskrá Páls Björnssonar. Samkvæmt Guðrúnu Björnsdóttur, heimildamanni, var gengið upp með Túngilslæknum nálægt varnargarði 006 um 230 m norðvestan við bæ 001. Á þessu svæði er grýtt graslendi í fjallshlíð Múlafjalls sem hallar í 5-40° í SSV og grýtt lækjargil Túngilslækjar. Samkvæmt Guðrúnu Björnsdóttur var gengið upp með Túngilslæknum um Sneiðina upp á Múlafjall. Þessi leið var ekki mikið notuð nema þegar smalað var á haustin en þá var rekið inn allt Múlafjall og niður innst í dalnum þar sem nú (2011) er þétt kjarr. Engar greinilegar götur sjást niðri á jafnsléttu eða í gili en ekki er ólíklegt að gatan sé enn sýnileg á Múlafjalli.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Ingunnarstaðir PB, 1

GK-360 Hrísakot

Árið 1705 er Hrísakot afgömul hjáleiga eða afbýli Ingunnarstaða GK-359:001. JÁM III, 439-440. Samkvæmt bókinni Kjósarmenn eftir Harald Pétursson fór kotið í eyði árið 1919 en var nytjað frá Ingunnarstöðum fram til ársins 1953. Það ár byggðist kotið upp aftur fólki frá Ingunnarstöðum. Kjósarmenn, 43. Samkvæmt Guðrúnu Björnsdóttiur, heimildamanni, fór Hrísakot endanlega í eyði um 1964. 1840: "... Heyskaparlítið; á skógarland og allgóða útbeit við hagahús [GK-360:013]; þar er ekki mótar ..." Sýslu- og sóknarlýsingar Gullbringu- og Kjósarsýslu, 254. Túnakort 1917: Tún 3,2 teigar allt slétt, garðar 460 m^2.



Túnakot Hrísakots GK-360 frá árinu 1917

GK-360:001 *Hrísakot* bæjarhóll bústaður 64° 21.881N 21° 18.766V


"Hrísakot stendur innarlega í dalnum innan við Ingunnarstaði og sömu megin í dalnum," segir í örnefnaskrá. Bæjarhóll Hrísakots er sunnan undir Múlafjalli og norðan við Brynjudalsá, um 1,1 km austan við Ingunnarstaði 359:001. Hrísakot er nú (2011) skógræktarjörð en hætt var búskap á jörðinni að mestu um 1964. Á bæjarhólnum stendur tvískipt timbur- og bárujárnsfjárhús sem, samkvæmt Guðrúnu



Bæjarstæði Hrísakots GK-360:001, horft til suðausturs

Björnsdóttur heimildamanni, var byggt einhvern tíman milli 1925-30 þá trúlega frá Ingunnarstöðum. Suðvestan við bæjarhólinn og fjárhúsin er sléttað tún og suðaustan við fjárhúsin er sumarbústaður og skógræktarreitur. Greinilegar mannvistarleifar eru á bæjarhólnum norðvestan, norðan og norðaustan við fjárhúsin. Á hjalla norðaustan og ofan við bæjarhólinn er barrskógur en norðvestan við hólinn er graslendi og stór ræsiskurður 5-10 m í burtu. Í bókinni Ljósmyndir I eftir Halldór Jónsson segir: "Í Hrísakoti bjó Pjetur Ottesen til ársins 1902, ... Í Hrísakoti var, er hjer kemur sögu, fremur ljelegur bær, en túnið fremur greiðslægt. ... Eftir að Pjetur Ottesen fór frá Hrísakoti, tekur jörðina bróðursonur hans, Oddur Pjetur Jónsson frá Ingunnarstöðum, ... og býr hann þar til ársins 1919. ... Oddur Pjetur byggði nýja baðstofu í Hrísakoti, bjarta og allvistalega og fleiri bæjarhús. ... Er þessi baðstofa fyrir löngu horfin [árið 1953] og hin gömlu hús önnur." Bæjarhólnum hefur verið raskað þó nokkuð á 20. öld en hefur hann trúlega verið um 50x50 m stór og 1-2 m á hæð. Fjárhúsin standa á miðjum hólnum. Lítið er greinanlegt af gamla bæ Odds Pjeturs sem stóð árið 1917 annað en 2-3 grasigrónir og þýfðir hólar sem eru 1-1,5 m á hæð og er 1-2 m norðvestan við timburfjárhúsin. Grjót má er víða í hólunum. Hólarnir mynda saman aflanga þúst sem er um 25x15 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Í gegn um þústina er dæld sem er 5 x 1-3 m stór og snýr NNV-SSA. Dældin er 0,5-1,5 m djúp og sker þústina næstum í tvennt. Hér er líklega um að ræða rof vegna ágangs búpenings. Engar aðrar dældir eru í þústinni. Ekki er ljóst hvort þessi þúst er leifar af gömlu húsunum sem hugsanlega hefur verið ýtt eitthvað til eða hvort þarna voru aðeins gamlir taðhaugar. Útlínur þústarinnar eru þó líkar lagi 001 á túnakorti.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Hrísakot AG, 1; Ljósmyndir I, 13-15



Bæjarstæði Hrísakots GK-360:001

GK-360:002 heimild um útihús 64° 21.878N 21° 18.756V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 5 m ASA við mannvirki 001. Á þessu svæði er tvískipt fjárhús byggt úr timbri og bárujárni milli 1925-´30. Ekkert sést til fornleifa. Á hólnum er fjárhús sem er um 16 x 10 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Gengið er inn í húsin að suðvestan. Fast norðvestan við húsin eru leifar grjóthleðsla umhverfis hólf sem hefur verið um 8 x 5 m stór og snúið norðvestur-suðaustur samsíða fjárhúsinu. Hólfið endar í norðvestri fast upp við þúst 001.Ekki er ljóst hvort vegghleðslurnar norðaustan við fjárhúsin eru aðeins hluti af húsunum eða leifar af eldri byggingum, þó hið fyrra teljist líklegra. Hugsanlega hefur verið þar lítil skemma eða hrútakofi. Hlutverk hússins sem sýnt er á túnakorti er óþekkt en ekki er útilokað að það hafi staðið baðstofa Odds Pjeturs sem hann byggði í byrjun 20. aldar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-360:003 heimild um útihús 64° 21.883N 21° 18.755V
Samkvæmt túnakorti frá árinu 1917 var útihús um 5 m NNA við útihús 002. Á þessu svæði er skógræktarreitur, girðing sem snýr norðaustur-suðvestur úr frá miðju tvískipts fjárhúss að norðaustanverðu (sjá 001 og 002) og sléttuð flöt fast undir brattri grasigróinni brekku sem hallar í 20-30° til suðvestur. Ekkert sést til fornleifa.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-360:004 *Hesthúslaut* tóft hesthús 64° 21.900N 21° 18.716V
Samkvæmt túnakorti var útihús um 50 m norðaustan við bæ 001. Á þessum stað sjást ennþá tóftarleifar. Í örnefnaskrá segir um þennan stað: "Fram með túninu þar sem Lækurinn rann, var stór hæð vestan við Lækinn, sem tók við skriðum, sem annars hefðu farið á bæinn. Á hæðinni stóð hesthús. Hæðin bar ekki nafn, en austur undir henni var kölluð Hesthúslaut. Þangað leituðu hestar skjóls í vondum veðrum," segir í örnefnaskrá. Fast norðan og norðvestan við tóftina er barrskógur. Tóftin er í grasgrónum hjalla. Suðvestan við hana er grasgróin brekka sem hallar um í 45° til SSV. Í brekkunni neðan og sunnan við tóftina er þéttur laufskógur. Um 10 m suðaustur við tóftina liggur malarvegur upp á hjallann. Tóftin er 10 x 6 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Tóftin er trúlega tvískipt. Veggjahæð er á milli 0,2-1,2 m á hæð og tóftin er illa farin. Samkvæmt Lúther Ástvaldssyni frá Þrándarstöðum er tóftin af hrútakofa Gísla Guðmundssonar (1833-1858) en örnefnaskrá segir að á þessum stað hafi verið hesthús. Síðasti ábúandi í Hrísakoti tók sig til og endurhlóð mikið af veggjum hússins en lauk aldrei verkinu. Ekki er útilokað að útihúsið hafi haft mörg hlutverk í gegnum tíðina.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Hrísakot AG, 1; Kjósarmenn, 39-41



Hesthústóft GK-360:004

GK-360:005 *Lambhústún* heimild um lambhús 64° 21.865N 21° 18.638V
"Austan við þessa laut tók við nokkuð stór melur (nafnlaus); upp af honum, milli fjallshlíðar og melsins, var hlaðin rétt [011], þar sem fé var réttað haust og vor. Fyrir neðan melinn lá túnið, sem var austan lækjar, kallað Lambhústún." segir í örnefnaskrá. Á túnakorti frá árinu 1917 er merkt lítið útihús á þessum slóðum, um 100 m ASA við bæjarhól 001 og um 40 m ASA við Bæjarlæk. Grasi- og mosagróin brekka sem hallar í 2-5° til suðvesturs, fast neðan og sunnan við barrskógarsvæði í hlíð Múlafjalls. Græðlingum hefur verið plantað í brekkuna á þessu svæði. Um 3 m breiður malarslóði hefur verið lagður um brekkuna í ANA vegna skógræktar. Ekkert sést til fornleifa en á svæðinu er lítil mosagróin grjóthrúga sem er 2,5x1,5 m stór og <0,5 m á hæð. Hugsanlegar grjóthleðslur sjást í grasinu við suðvesturenda hrúgunnar og um 2 m norðaustan við hana. Mögulegt er að hrúgan sé síðustu ummerki lambhússins sem er merkt inn á túnakorti . Þó gæti einnig aðeins verið um leifar af vegagerð að ræða.


Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Túnakort 1917; Ö-Hrísakot AG, 1

GK-360:006 heimild um leið 64° 21.981N 21° 18.728V
"Fyrir ofan þessa hjalla og Sviðninga liggja Múlaklettar. Aðeins á tveimur stöðum var hægt að komast upp þessa kletta á fjallið: Um skarð upp af Ingunnarstöðum (man ekki nafnið) [359:018] og Bæjargil upp af Hrísakoti. Múlaklettar, sem ná frá Hrísasneið (sjá Hrísakot), enda við svonefnda Sneið fyrir vestan Ingunnarstaði," segir í örnefnaskrá. Leiðin lá upp meðfram Bæjargili um 120 m norðvestan við rétt 011 og um 200 m norðan við bæjarhól 001. Þverhnípt klettabelti er ofan og norðan við bæjarhól. Hlíðar Múlafjalls eru grýttar og þeim hallar í 40-60° til suðurs. Brekkurnar eru grasi- og mosagrónar. Barrskógur er beggja vegna við Bæjarlækinn og nær upp í kletta austan við lækinn. Ekkert sést til stíga vegna skógræktar. Þessi leið hefur trúlega aðeins verið göngufær á tveim jafnfljótum.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ö-Ingunnarstaðir PB, 1

GK-360:007 tóft útihús 64° 21.898N 21° 18.837V
Tóftin er um 70 m norðvestan við bæ 001 og um 100 m VNV við tóft 004. Þetta hús er ekki sýnt á túnakorti frá árinu 1917 en af útliti tóftar að dæma virðist tóftin eldri en frá 1917, frekar en yngri og má vera að hún hafi ekki verið merkt inn á túnakortið þar sem hún hefur þá aðeins verið signar rústir. Tóftin er í gömlu túni þar sem land hallar í 5°-10° til SSV. Tóftin er neðan og sunnan við túngirðingar, um 20m SSA frá /undir rótum Múlafjalls. Norðan við tóft er deigmýri. Tóftin er 7 x 6 m stór og snýr NNA-SSV. Líklegast er gengið inn um SSVenda. Veggirnir eru 1,5-2 m á breidd og 0,2-0,1 m á hæð en veggjarhæð er 0,3 m frá botni tóftar. Veggir eru mosa- og grasigrónir. Ekkert sést í grjóthleðslur. Veggir eru lægstir þar sem greinilega er rofabarð en nú gróið, í suðurhorni tóftar. Innanmál hefur trúlega verið um 2x3m. Enginn greinilegur inngangur sést. Staðsetning tóftar bendir til að hún hafi verið e.k. útihús.

Hættumat: engin hætta



Útihústóft 007, horft til ANA

GK-360:008 *Lindin* heimild um vatnsból 64° 21.886N 21° 18.808V
"Heim við Hrísakotsbæinn var lind vestur við þar sem mýrin og túnið mættust, sem vatn var alltaf sótt í, alltaf kölluð Lindin. Þar fraus aldrei," segir í örnefnaskrá. Nákvæm staðsetning Lindarinnar er óþekkt en talið er að hún hafi verið í jaðri túns, um 35 m VNV við bæjarhól 001. Á þessu svæði er um 3 m breiður ræsiskurður sem liggur norðaustur-suðvestur. Í skurðinum er lækjarspræna. Ekkert sést til fornleifa.


Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Ö-Hrísakot AG, 1

GK-360:009 tóft óþekkt 64° 21.878N 21° 18.637V
Óljós tóft er um 100 m austan við bæjarhól 001, um 75 m suðaustan við tóft 004 og um 25 m norðan við 005. Tóftin er í grasi-og mosagrónni brekku sem hallar í 2-5° til suðvesturs. Búið er að gróðursetja græðlinga á allar hliðar sem og inni í miðju hólfi tóftar. Um 5 m norðaustan við tóftina er barrskógur og girðing. Malarvegur er 2-5 m sunnan við tóftina, trúlega á vegum Skógræktarinnar. Bæjarlækurinn rennur um 20 m norðvestan við tóftina. Tóftin er þrískipt, um 18 x 11 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Hólf A er norðvestast og stærst. Hólf A er um 8x6 m að innanmáli. Hólf B er um 1 m suðaustan við hólf A. Hólfið er 8x3 m að innanmáli en umhverfis hólfið er girðing á öllum veggjum. Hólf C er suðaustast og um 1 m er á milli hólfs B og C. Hólf C er jafn stórt hólfi B. Hólfin snúa öll í norðaustur-suðvestur. Veggir eru grasigrónir og frekar umfangslitlir, 1-1,5 m á breidd og 0,2-1 m á hæð. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Trúlega hefur verið gengið inn að suðvestan í öll hólfin þrjú því þar eru

veggir lægstir. Hugsanlega hefur þessi tóft verið byggð á svipuðum stað og einfalt útihús 005 sem sýnt er á túnakorti frá 1917. Lélegir veggir gefa til kynna að hér hafi verið timburhús með hlöðnum undirstöðum frekar en fullgerð torfhús, eða jafnvel bara kálgarðar.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Túnakort 1917






Tóft GK-360:009, horft til VNV

GK-360:010 þúst óþekkt 64° 21.729N 21° 17.773V

Óljós þúst eða dæld er um 850 m suðaustan við Hrísakot 001 og um 140 m suðaustan við beitarhús 013. Á þessu svæði er grasi- og mosagróið þýft graslendi fast ofan og norðaustan við blautt rofabarð. Kjarr er um 5 m NNV við. Gróflega ferköntuð dæld undir 80-90° bröttum bakka. Dældin er 5x2 m stór. Hlíðar dældarinnar eru signar en eru þó 1-1,5 m á hæð. Ef um hólf eða aðhald er að ræða hefur verið gengið inn að SSV um 1,5 m breiðan inngang. Botn dældarinnar er mjög deigur og gróinn lyngi og kjarri en 2-3 m framan og suðvestan-SSV við innganginn er deigt rofabarð. Engar greinilegar hleðslur eru sjáanlegar. Mögulegt er að ummerkin séu náttúrumyndun en það virðist þó helst til of reglulegt fyrir það. Mögulegt er að dældin gæti verið af aðhaldi eða lítilli rétt.



Þúst GK-360:010

Hættumat: hætta, vegna trjáræktar

GK-360:011 tóft rétt 64° 21.930N 21° 18.606V


"Austan við þessa laut tók við nokkuð stór melur (nafnlaus); upp af honum, milli fjallshlíðar og melsins, var hlaðin rétt, þar sem fé var réttað haust og vor. Fyrir neðan melinn lá túnið, sem var austan lækjar, kallað Lambhústún [011]," segir í örnefnaskrá. Réttin er um 100 m norðaustan við hesthús 004 og um 160 m norðaustan við bæjarhól 001. Á þessu svæði er fjallshlíðin mosa-og grasgróinn. Barrtré hafa verið gróðursett fast upp við og beint ofan á réttina að stórum hluta. Við norðvestur endann hafa verið

gróðursett a.m.k átta barrtré sem eru orðin gríðarstór og hefur sá hluti tóftar alveg horfið undir greinar þeirra. Réttin stendur 1-2 m norðvestur undir 2 m háum og 2-3 m breiðum berggangi sem liggur VSV-ASA. Hún er mosagróin. Réttin er þrískipt, 18-20 x8-10 m stór og snýr norðvestur-suðaustur. Erfitt var þó að meta lengd og breidd stærsta hólfs A vegna barrskógar. Hólf A er stærst, um 8x5 m að innanmáli (gæti verið stærra) og snýr norðvestur-suðaustur. Fast norðvestan við hólfið eru þrír stórir klettar. Hólf A er að mestu horfið undir barrskóg. Hólf B er fast suðaustan við hólf A en ekki er ljóst hvort veggur skilur hólfin að. Hólf B er um 3 x 1,5 m að innanmáli og snýr norðvestur-suðaustur. Gengið var inn í hólf B úr hólfi A. Hólf C er minnst, 1,5x1 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Um 0,5 m breiður siginn grjótveggur skilur á milli hólfanna en trúlega hefur verið gengið inn í hólfið úr hólfi B þó enginn greinilegur inngangur sjáist vegna sigs. Nyrðri grjótveggur tóftarinnar heldur áfram í um 1 m og stoppar fast suðvestan undir bergganginum sem nefndur var hér að ofan. Hugsanlega er eitt hólf í viðbót fast norðvestan undir bergganginum fast norðaustan við þennan vegg. Hólf D virðist vera 3x1,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur samsíða bergganginum en þetta hólf gæti þó verið eldra en hólf A-C því veggir þess eru mun meira grasigrónir og þýfðir. Bergganginn er í raun suðausturveggur hólfsins. Búið er að gróðursetja fleiri barrtré í norðvesturvegg þess. Veggir tóftarinnar eru grjóthlaðnir en nokkuð signir, 0,3-1,5 m á breidd og 0,2-0,5 m á hæð.



Rétt GK-360:011, horft til VNV

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ö-Hrísakot AG, 1



Rétt 360:011 í hlíðinni ofan við Hrísakot

GK-360:012 *Flúðastígur* gata leið 64° 21.896N 21° 17.366V



Flúðastígur GK-360:012, horft til suðvesturs

"Fyrir framan Lambhústúnið voru sléttir melar (nafnlausir), þar sem gatan lá fram í beitarhúsin (fjárhúsin) [013], ... Þegar farið var inn yfir Hrísháls inn í Botnsdal, var farið fram hjá fjárhúsunum [013] og þau þá höfð á hægri hlið og farið fram að svokölluðum Laugalæk, sem er beint upp af Gráakletti og skiptir löndum. Síðan var farið upp Laugabrekkur, sem eru kjarrivaxnar neðan til og liggja meðfram læknum. ... Á korti er merktur Flúðastígur, sem Þorlákur [G.Ottesen, f. 1894] kannast ekkert við," segir í örnefnaskrá. Örnefnið Flúðastígur er á svipuðu svæði á korti og stígurinn sem Þorlákur lýsir upp með Laugalæk svo líklega er um sama stíg að ræða. Stígurinn lá í austur frá Hrísakoti 001 fram hjá beitarhúsum 013 að norðanverðu. Þar beygir hann smátt og smátt í norðvestur upp á Hrísháls í Múlafjalli um 950 m ASA við bæjarhól 001 og um 270 m norðan við vörðu 359:013. Á þessu svæði er kjarrigróin og mosa- og lyngigróin grýtt fjallshlíð sem hallar í 20-50° til suðvesturs. Gamli vegurinn hefur að miklu leyti horfið undir rudda malarslóða Skógræktarinnar sem eru nú (2011) upp um allar hlíðar á þessu svæði. Kjarr og barrskógur er nú að yfirtaka allt svæðið. Fast neðan og sunnan við skógræktargirðingu á vesturbakka Laugalækjar sjást ennþá fallegar hleðslur sem verið hafa meðfram stígnum en þær hafa verið eyðilagðar á köflum vegna farartækja Skógræktarinnar. Hleðslurnar eru einfaldar þéttar raðir af stóru grjóti sem eru 0,3-0,5 m á breidd og eru raðirnar sjáanlegar beggja megin við götuna sem er 2-3 m á breidd á þessu svæði. Þegar nær dregur Laugalæk mjókkar gatan í mjóan stíg upp með læknum. Á vesturbakka Laugalækjar liggur stígurinn í norðvestur upp með læknum. Stígurinn er grýttur, 0,3-0,5 m breiður og 0,1-0,4 m djúpur. Óljóst er hvort hægt er að fylgja stígnum alveg yfir í Botnsdal. Stígurinn hefur trúlega verið 2-2,5 km langur í landi Hrísakots frá bæ 001 að norðurlandamerkjum kotsins til móts við Botnsdalinn.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ö-Hrísakot AG, 1, 2-3

GK-360:013 tóftir beitarhús 64° 21.748N 21° 17.937V

"Fyrir framan Lambhústúnið [005] voru sléttir melar (nafnlausir), þar sem gatan [012] lá fram í beitarhúsin (fjárhúsin)," segir í örnefnaskrá. Beitarhúsin eru um 650 m ASA við bæjarhól 001 og um 300 m norðvestan við vörðu 359:013. Umhverfis tóftir A og B er þýft graslendi. Tóft B er á 2-3 m háum hól sem hallar í 5° til VSV. Hóllinn sjálfur er þýfður og grasgróinn. Fyrir neðan hólinn er trjárækt allt í kring. Umhverfis tóft C og lengra frá tóftum A og B er mosa- lyngi og kjarrigróinn melur. Grýtt og sendin rofabörð eru víða. Sunnan við tóftir A og C og á milli tófta A og B er malarslóði Skógræktar. Þrjár grasigrónar og þýfðar beitarhústóftir A-C eru í grófum þríhyrning á svæði sem er um 100 x 90 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Tóft A er stærst, um 28 x 16 m stór og snýr VNV-ASA. Hóllinn sem tóft A er á er aflangur og þýfður, um

45x40 m stór, 1-2 m á hæð og snýr norður-suður. Tóft A hefur trúlega verið skipt upp í um 6 hólf. Hólf I er skýrast, um 8x2 m að innanmáli og snýr ASA-VNV. Greinileg 0,5 m há garðaundirstaða er í miðju hólfi. Undirstaðan er grjóthlaðin, um 7 m löng og um 1 m breið. Ógreinilegan inngang má sjá að VNV. Um 1 m suðaustan við hólf I er hólf II. Þar hefur trúlega verið hlaða. Veggurinn sem skilur á milli hólfanna er <0,4 m á hæð svo trúlega hefur verið innangengt á milli. Hólf II er um 4x3 m að innanmáli, 0,5-1,5 m á dýpt og snýr NNA-SSV. Hólf III er um 3 m ASA við hólf II. Hólf III er um 6x2 m að innanmáli, <0,5 m á dýpt og snýr NNA-SSV. Hólf V er um 3x1 m að innanmáli, 0,2-0,5 m á dýpt og snýr ASA-VNV. Trúlega hefur verið gengið inn í bæði hólfin að SSV. Hólf III og V eru trúlega jötuhús og hlaða. Um 2 m ASA við hólf III og V er hólf IV. Hólf IV er stærst, um 8x6 m að innanmáli og snýr NNA-SSV. Enginn greinilegur inngangur er í hólfið en veggir þess eru 0,4-0,6 m á hæð og 1,5-2 m á breidd. Ekki er útilokað að hólfið hafi verið rétt eða jafnvel kálgarður. Hólf VI er óljósast. Það er um 1,5x1,5 m að innanmáli og <0,4 m á dýpt. Enginn greinilegur inngangur er í hólfið en ytri veggur að NNA er um 1 m á hæð. Fast NNA undir hólfi VI er óljós 3x3 m stór og <0,3 m djúp dæld VII. Hlutverk hólfs VI og dældar VII eru óþekkt. Veggir tóftarinnar eru vel grasigrónir en þó víða signir, 0,4-1,5 m á hæð og 0,5-2 m á breidd. Lítið sést af grjóthleðslum en tóftirnar hafa þó mjög líklega verið hlaðnar úr torfi og grjóti. Tóft B er um 30 m suðaustan við tóft A. Tóft B er um 21 x 12 m stór og snýr norðaustur-suðvestur. Tóftin skiptist í tvö hólf, beitarhús og hlöðu, sem snúa bæði norðaustur-suðvestur. Hólf I hefur trúlega verið beitarhús. Hólfið er 10x6 m að innanmáli en engin ummerki um hlaðnar garðaundir-stöður er hægt að sjá inni í því. Þó hefur því trúlega verið skipt upp með timburþiljum og görðum. Enginn veggur er á suðvesturhlið svo trúlega hefur verið gengið inn um timburþil. Innra hólf II er aðeins um 6x2 m að innanmáli en ekki er útilokað að það hafi fallið eitthvað saman. Innra hólf II er um 0,5 m dýpra en ytra hólf I sem gefur til kynna að þar hafi verið hlaða.




Beitarhústóft GK-360:013A, horft til NNV




Beitarhústóft GK-360:013B, horft til NNA

Veggir eru torf-og grjóthlaðnir, 1-3 m á breidd og 0,5-2 m á hæð (3-7 umför) en greinilegar grjóthleðslur sjást aðeins í hólf I. Allir veggir eru mosa- og grasigrónir. Hleðslur hafa trúlega sigið út frá veggjum niður brekkuna að norðaustanverðu. Tóft C er einföld, um 11 x 5 m stór og snýr NNA-SSV. Innanmál hennar er 9x1 m og veggir eru 0,5-1,0 m á hæð og 2,5-3 m á breidd. Greina má einstaka steina í röð í innri veggjum en sjást þó illa fyrir gróðri. Trúlega hefur hún verið hlaðin úr torfi og grjóti. Tóftin er mosa-og grasgróin og krækiberjalyng hefur vaxið á austur- og norð-norðaustur hlið tóftarinnar. Tóftin er byrjuð að hlaupa í þúfur. Hér hefur trúlega verið lítið beitarhús. Umfang tófta A og B er það mikið að ekki er ólíklegt að hér hafi á einhverjum tímapunkti verið meira en bara beitarhús. Ekki er hægt að útilokað að beitarhús A séu á gömlum bæjarhól.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ö-Hrísakot AG, 1



Beitarhústóftir GK-360:013A



Beitarhústóftir :013B og :013C


GK-360:014 *Tjaldbrekkur* örnefni tjaldstæði 64° 21.712N 21° 18.071V "Þegar farið er fram með, þar sem skógurinn byrjar í hlíðinni, er dalur sem heitir Kerlingardalur. Þegar kemur niður úr honum, eru brekkur frá beitarhúsum nefndar Tjaldbrekkur, sem náðu niður að á og vestur undir tún," segir í örnefnaskrá. Samkvæmt Guðrúnu Björnsdóttur eru Tjaldbrekkur á norðurbakka Brynjudalsár um 650 m ASA við bæ 001. Á þessu svæði er kjarrivaxinn melur með rofblettum. Ekkert sést til fornleifa. Ekki er ólíklegt að hér hafi ferðamenn áð á leið 012 úr Botnsdal.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar
Heimildir: Ö-Hrísakot AG, 1

GK-360:015 *Laug* hleðsla þvottalaug 64° 21.946N 21° 17.226V "Þegar farið var inn yfir Hrísháls inn í Botnsdal [012], var farið fram hjá fjárhúsunum [013] og þau þá höfð á hægri hlið og farið fram að svokölluðum Laugalæk, sem er beint upp af Gráakletti og skiptir löndum. Síðan var farið upp Laugabrekkur, sem eru kjarrivaxnar neðan til og liggja meðfram læknum. Upp í brekkunum var dálítið engjastykki, sem nytjað var frá Hrísakoti. Í þessum brekkum var Laug , pyttur, sem seytlaði úr í lækinn. Í Lauginni var ca. 40° hiti. Laugalækur var ekki vatnsmikill," segir í örnefnaskrá. Laugin er í suðurhlíð Múlafjalls um 1,2 km austan við Hrísakot 001 og um 10 m suðaustan við Laugalæk. Á þessu svæði er grasi- og kjarrigróið þýft dalverpi hátt í Laugabrekku rétt neðan við topp Múlafjalls að sunnanverðu. Hlíðinni hallar í 20-40° til SSV. Dalverpið er um 60x40 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Samkvæmt bókinni Ljósmyndir I eftir Halldór Jónsson var fluttur fatnaður í Laugina til þvotta. Laugin er enn vel greinileg þar sem umhverfis hana er mikið af járndrasli og ryðguðu bárujárni sem trúlega hefur verið eitt sinn verið þak yfir henni. Laugin er um 1x1 m stór, ólögulegur pyttur inni í lítilli tóft. Tveir 2-3 m breiðir veggir standa út úr brekkunni ofan og norðaustan við lindina og eru þeir um 1,5 m á hæð. Stórt rofabarð er í bakkann ofan við lindina vegna jarðsigs ofan í tóftina. Innanmál tóftarinnar er 3,5x3 m og snýr hún norðaustur-suðvestur. Gengið var inn að suðvestan, trúlega um

timburþil ef tóftin var yfirhöfuð lokuð. Fúin trétunna er enn ofan í Lauginni miðri og hefur hún trúlega verið til að varna því að leir fyllti upp í farveginn og minnkaði rennslið. Úr tunnunni rennur lækjarsytra í VSV. Grjótið í farvegi hennar er litað hvítt af útfellingum, líklegast kísli eða kalsíti. Vatnið í lauginni er nú (2011) varla volgt.

Hættumat: engin hætta
Heimildir: Ö-Hrísakot AG, 2-3; HJ: Ljósmyndir I, 23



Laug í Laugabrekkum GK-360:015, horft til NNA

GK-360:016 hleðsla óþekkt 64° 21.882N 21° 18.786V
Á túnakort frá 1917 er merkt e.k. gerði umhverfis mannvirki 001 að suðvestan, VNV og norðan. Það hefur tengst norðvesturhorni mannvirkis 003 norðaustan við 001. Garðlagið virðist hafa afmarkað um 15x15 m stórt svæði en hvort að það var kálgarður eða húsagarður er óljóst. Leifar af þessu garðlagið sjást ennþá í bæjarhól vestanverðum um 10 m vestan og norðan við þúst 001. Milli garðlags og þústar 001 er slétt grasflöt. Um 9 m norðvestan við flötina er ræsisskurður sem liggur í suðvestur í átt að sléttuðu túni suðvestan við bæjarhól. Suðvestan við flötina er þúst 001 á bæjarhól. Grasflötinni hallar um í 2° til VNV. Fast VNV við þúst 001 er slétt grasflöt sem er um 20 x 15 m stór og snýr NNA-SSV. Grjóthleðslur afmarka flötina að NNA, VNV og SSV en aðeins sjást hleðslur að utanverðu í brún flatarinnar. Hleðslurnar eru grasigrónar svo aðeins glittir í þær að NNV og SSV. Hleðslurnar eru um 0,5 m á hæð (2-3 umför) en breidd veggjanna er óljós þar sem aðeins ytri hlið er sjáanleg. Þó er ekki ólíklegt að þær séu um 1 m á breidd. Að ANA sjást engar hleðslur en þegar rýnt er í grasið má sjá nokkur grjót nær norðurhorninu sem hugsanlega gætu verið leifar af hleðslum. Þúst 001 afmarkar svo til allan ASA enda flatarinnar.

Hættumat: hætta, vegna ábúðar
Heimildir: Túnakort 1917

GK-360:017 hleðsla kálgarður 64° 21.872N 21° 18.760V
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var kálgarður um 2 m SSV við hús 001 og 002. Hleðslur þessa kálgarðs sjást enn, um 20 m suðaustan við þúst 001. Á þessu svæði er sléttuð grasflöt framan og NNA við tvískipt fjárhús og sumarbústað. SSV við flötina er sléttað tún. Samkvæmt túnakorti var kálgarðurinn um 25 x 15 m stór og sneri VNV-ASA. Umhverfis garðinn var hlaðið garðlag að sunnan, austan og vestan. Aðeins sjást greinilegar leifar austurhliðar en kálgarðurinn er nú (2011) lítið annað en sléttuð

grasflöt. Vestari garður er lítið annað en ólöguleg 2x2 m stór og <0,4 m há grjóthrúga fast SSV undir þúst 001 sem snýr NNA-SSV. Á þessu svæði hefur verið grafinn ræsiskurður og þró grafin niður. Eystri garður stendur hins vegar gróinn grasi og mosa. Hann er grjóthlaðinn, um 12 m á lengd, um 1 m á breidd, 0,3-0,5 m á hæð (4-5 umför) og liggur NNA-SSV. Fast VNV við garðinn er samsíða röð af lauftrjám og girðing sem afmarkar garð sumarbústaðarins.

Hættumat: stórhætta, vegna trjáræktar

5. Samantekt

Hér verða settar fram helstu niðurstöður um algengustu minjaflokka sem skráðir voru í Kjósarhreppi á árunum 2010 og 2011. Á þessu tímabili voru skráðir 427 minjastaðir á 15 bæjum eða um 28,5 fornleifar að meðaltali á jörð.

Á um 200 af minjastöðunum, eða í tæplega helmingi tilfella (um 47%) voru öll ummerki um fornleifar horfin. Flestar fornleifar hafa horfið vegna bygginga og/eða sléttunar (um 28%). Mjög vel tókst að finna og staðsetja minjastaði á svæðinu og því var það aðeins í um 3% tilfella að ekki var hægt að staðsetja minjar. Flestar varðveittar tóftir voru í landi Reynivalla (10 tóftir), Hækingsdals (8 tóftir) og Miðdals (7 tóftir) en þó var varðveisla minja allra best í Reynivallaseli, gömlu eyðibýli í Seljadal, þar sem bæði bæjarhús og öll útihús standa gróin (6 tóftir) ásamt greinilegum tröðum og sáðsléttum. Hér á eftir verður fjallað um helstu minjaflokka sem skráðir voru en margvíslegar fleiri minjar voru skráðar auk þeirra s.s. vörður, rjómabú, traðir, leiðir og samgöngubætur, huldufólksbústaðir, tjaldstæði, sáðsléttur, smalakofar, fótboltavöllur, laxagildrur, þvottastaðir, laugar og handgrafnir skurðir svo eitthvað sé nefnt en þeim verður ekki gerð sérstök skil að svo stöddu en umfjöllun um þá staði er þó að sjálfsögðu að finna í fornleifaskránni.

Bæjarhólar og býli

Bæjarhólar myndast þar sem bæir hafa staðið á sama stað um aldir. Hólarnir verða til úr torfi, grjóti og öðru byggingarefni, gólflögum, öskuhaugum og öðrum mannvistarleifum sem safnast upp á svæðinu í tímans rás. Í bæjarhólum er helst að leita upplýsinga um húsakost og almenn lífskilyrði til forna og þar eru einnig mestar líkur á því að finna gripi og aðrar vísbendingar um forna verkhætti. Bæjarhólar eru því mikilvægir minjastaðir en jafnframt eru þeir sá minjaflokkur sem hefur orðið einna verst úti vegna uppbyggingar í landbúnaði og endurbótum á húsakosti á 20. og 21.öld.
Skráðir voru fimmtán lögbýli á árunum 2010 og 2011: Káranes GK-320, Káraneskot GK-321, Laxárnes GK-322, Miðdalur GK-332, Miðdalskot GK-333, Hækingsdalur GK-346, Vindás GK-347, Reynivellir GK-348, Reynivallasel GK-348b, Vesturkot GK-349; Sogn GK-350, Hvítanes GK-355, Þrándarstaðir GK-358, Ingunnarstaðir GK-359 og Hrísakot GK-360.

Landnotkun á þessum svæðum hefur breyst nokkuð á undanförnum árum og áratugum. Af bæjunum eru fimm farnir í eyði: Miðdalskot, Reynivallasel, Vesturkot, Hvítanes og Hrísakot. Ekki er heldur búið lengur að staðaldri í Laxárnesi og Vindási.

Hefðbundinn búskapur var lagður niður í Laxárnesi um 1980 en lönd bæjanna eru enn nýtt bæði til sláttu og fyrir hrossabeit. Lönd Miðdalskots voru lögð aftur undir Miðdal árið 1921 og Reynivallasel fór í eyði sama ár. Lönd Vesturkots voru lögð aftur undir Reynivelli árið 1877 og ábúendur Hvítaness hröktust á brott í seinni heimstyrjöldinni árið 1941 þegar Bretar tóku allt Hvítanes yfir til að reisa flotastöðina H.M.S. Baldur III (GK-355:024). Hrísakot er nú að mestu skógræktarjörð en búskapur var þar hætt að mestu um 1964. Enn er búið á Þrándarstöðum en lítið er orðið um búskap og hefur eigandinn hugleitt að leggja jörðina að einhverju leyti undir skógrækt. Á öllum öðrum jörðum er enn einhver búskapur. Á Reynivöllum er enn prestsetur en jörðin er einnig nýtt til tún- og hrossaræktar líkt og í Hækingsdal þar sem einnig er fjárbúskapur. Jörðinni í Hækingsdal var skipt óformlega upp í Hækingsdal og Hlíðarás árið 1956. Í Káranesi og Káraneskoti eru stór kúabú og að Sogni er framleitt nautakjöt af Galloway- og Angusstofni. Í Miðdal er rekið bú með mjólkurkúm, kindum og hrossum og á Ingunnarstöðum er fjárbúskapur.

Öll ummerki um bæjarhól Miðdalskots hafa verið sléttuð í tún en á bæjarhólum Reynivallasels, Vesturkots og Hvítaness sjást enn talsvert af mannvistarleifum. Mikið rask hefur átt sér stað á bæjarhól Laxárness vegna bygginga og sléttunar. Svipaða sögu er að segja af Káranesi, Káraneskoti, Miðdal, Sogni og Ingunnarstöðum og í öllum tilfellum eru lítil ummerki um bæjarhól að verða greinileg (2012) vegna rasks á síðustu áratugum. Á Reynivöllum sjást leifar tveggja bæjarhóla en eldri bærinn, Gamlibær (GK-348:001), eyðilagðist í snjóflóði árið 1699. Búið er að slétta yfirborð bæjarhóls Nýjabæjar (GK-348:003) en hóllinn er enn vel greinilegur og enn glittir í hleðsluleifar í honum vestanverðum. Það á einnig við um Þrándarstaði (GK-358:001 og :003), Hækingsdal og Vindás þar sem bæjarhóll hefur verið sléttaður en er enn vel greinilegur og grasigróinn. Ekki er útilokað að leifar af eldra bæjarstæði leynist einnig í Ljóskollutóft (GK-347:027).

Tíu smærri býli voru svo skráð innan landamerkja á lögbýlunum sem talin voru hér að ofan. Upplýsingar um þau er að finna í *töflu 1* hér að neðan. Í landi Laxárness voru skráð býlin Flóakot (GK-322:010) og Melkot (GK-322:012), í landi Miðdals Efri-Mýdalur (GK-332:009), ónefnt eyðibýli (GK-332:012) og Melbær (GK-332:037), í landi Hækingsdals býlið Bjarnakot/Háamýri (GK-346:014), í landi Reynivalla Austurkot (GK-348:015), í landi Þrándarstaða ónefnd hjáleiga (GK-358:011) og í landi Ingunnarstaða Gullhlaðsvellir (GK-359:010) og Þórunnarsel (GK-359:011). Býlin sem byggðust frá Miðdal og Reynivöllum ásamt ónefndri hjáleigu frá

Þrándarstöðum eru horfin vegna sléttunar og annars rasks. Óljósar þústir eru í Háumýri og á Gullhlaðsvöllum en hvort þær hafa verið hluti af býlinu eða einhverju öðru er óvíst. Rústir Flóakots og Melkots í landi Laxárness sjást hins vegar mjög vel þó Flóakot sé verr farið vegna ágangs búpenings og rofs.

Tafla 1 – Bæir og býli skráð í Kjósarhreppi 2010 og 2011

Númer	Heiti	Í byggð	Ástand
GK-320:001	Káranes	Nefnt í máldaga Meðalfellskirkju árið 1397, lögbýli árið 1705	Sést til bæjarhóls
GK-321:001	Káraneskot	Hluti af tvíbýli í Káranesi árið 1705? Hjáleiga frá Káranesi 1847	Ekkert sést til bæjarhóls vegna bygginga
GK-322:001	Laxárnes	Jarðar getið í sölubréfi árið 1483, lögbýli árið 1705	Ekkert sést til bæjarhóls vegna bygginga
GK-322:010	Flóakot	Hjáleiga frá Laxárnesi í byggð fyrir 1685	Bæjarstæði og tóftir, hleðslur signar
GK-322:012	Melkot	Hjáleiga frá Laxárnesi frá 1843-1849 og frá 1864-1882	Bæjarstæði og tóftir, hleðslur signar
GK-332:001	Miðdalur (Mýdalur)	Fyrst getið um 1220, lögbýli 1705	Sést til bæjarhóls
GK-332:009	Efri-Mýdalur	Eyðibýli árið 1847, hugsanlega hluti af þríbýli í Miðdal árið 1705?	Staðsetning óþekkt
GK-332:012	(Laufastekkur)	Eyðibýli löngu fyrir 1705	Ekkert sést til
GK-332:037	Melbær (Mýdalspartur)	Í byggð a.m.k.frá 1848 til 1896	Ekkert sést til vegna sléttunar
GK-333:001	Miðdalskot (Mýdalskot)	Fyrst getið um 1802, lagt undir Miðdal árið 1921	Ekkert sést til vegna sléttunar
GK-346:001	Hækingsdalur	Getið í Sturlungu og í landamerkjabréfi frá 1270, skipt upp í Hækingsdal og Hlíðarás 1957	Sést til bæjarhóls
GK-346:014	Bjarnakot/ Háamýri	Í byggð um 5-6 ár e-ð fyrir 1705	Sést til bæjarstæðis, þústir
GK-347:001	Vindás	Fyrst getið í landamerkjabréfi frá 1270	Sést til bæjarhóls (sjá einnig GK-347:027)
GK-348:001	Reynivellir - Gamlibær	Bær eyðilagðist í snjóflóði árið 1699	Sést til bæjarhóls
GK-348:003	Reynivellir - Nýibær	Bær byggðist eftir 1699, bæjarhóll yfirgefinn þegar núverandi íbúðarhús var byggt árið 1956	Sést til bæjarhóls
GK-348:015	Austurkot/ Reynivallakot	Í byggð fram til 1855, óljóst hvenær kotið byggðist fyrst	Ekkert sést til vegna sléttunar
GK-348b:001	Reynivallasel	Seljadalur, í byggð frá 1861-1921	Bæjarstæði og tóftir, hleðslur standa grónar
GK-349:001	Vesturkot (Sólbrekka)	Gömul hjáleiga frá Reynivöllum árið 1705, lagt undir Reynivelli árið 1877	Bæjarstæði og tóftir, hleðslur signar
GK-350:001	Sogn	Jörð eign Reynivallakirkju árið 1352	Ekkert sést til vegna sléttunar og bygginga
GK-355:001	Hvítanes	Getið í jarðabréfum árið 1585, í eyði síðan 1941 vegna hernáms	Bæjarhóll og tóftir, hleðslur standa grónar
GK-358:001	Þrándarstaðir	Jörð nefnd í dómsbréfi árið 1509, talin sama jörð og Þorbjarnarstaðir nefndir í Harðarsögu frá fyrri hluta 13. aldar (?)	Sést til bæjarhóls
GK-358:011	Ónefnd hjáleiga	Í byggð um 1675-1700	Staðsetning óþekkt
GK-359:001	Ingunnarstaðir	Kirkju á Ingunnarstöðum getið í máldaga frá um 1180 og í kirknaskrá Páls frá því um 1200	Ekkert sést til bæjarhóls vegna bygginga og rasks
GK-359:010	Gullhlaðsvellir	Í byggð eitthvað fyrir 1705	Þústir á svæðinu
GK-359:011	Þórunnarsel	Þar er ætlað að býli hafi verið til forna samkvæmt JÁM III árið 1705	Staðsetning óljós
GK-360:001	Hrísakot	Byggt úr landi Ingunnarstaða, afgömul hjáleiga 1705, fór í eyði um 1964	Sést til bæjarhóls

Kirkjur, legstaðir og þingstaðir

Tvö kirkjustæði voru skráð á Reynivöllum. Eldri kirkjan (GK-348:002) sem stóð innan kirkjugarðs var rifin fyrir 1859 en önnur kirkja (GK-348:004) var byggð sama ár utan kirkjugarðs og stendur sú kirkja enn (var gerð upp árið 1959). Gamli kirkjugarðurinn (GK-348:002) er vel varðveittur en elsta merkta gröf í honum er frá upphafi 19. aldar. Hálfkirkjur voru í Miðdal (GK-332:002) og á Ingunnarstöðum (GK-359:002). Nákvæm staðsetning þeirra er óþekkt en líklegast er að þær hafi staðið heima á bæjarhól. Örnefni er að finna fjær Miðdalsbæ sem gæti gefið vísbendingu um staðsetningu lengra frá núverandi bæjarstæði. Örnefnið Kirkjubrekka var skráð í Miðdal um 100 m NNA við bæjarstæðið en þó er líklegast að brekkan hafi aðeins verið nefnd eftir kirkjunni frekar en að kirkjan hafi staðið í brekkunni þar sem hún er nokkuð brött. Í landi Ingunnarstaða var skráð örnefnið Kirkjumói (GK-359:003) 400-500 m SSV við bæ en það örnefni er líklega komið til sökum þess að kirkjan hafi átt teiginn frekar en að kirkjan sjálf hafi þar staðið. Bænhús voru skráð á Þrándarstöðum GK-358:002 og í Hækingsdal GK-346:002. Þeirra er getið í Jarðabók Árna og Páls frá 1705 en ekki er lengur vitað með vissu hvar húsin stóðu. Á Þrándarstöðum er talið líklegast að bænhúsið hafi staðið á bæjarhól þó engar heimildir séu til um slíkt. Í Hækingsdal er líklegast að það hafi staðið þar sem örnefnið Bænhúsholt er, um 200 m SSV við bæjarhól en ekkert sést til greinilegra fornleifa á því svæði.

Engin kuml eða legstaðir utan kirkjugarða voru skráðir sumurin 2010-2011. Þingstaður var skráður að Reynivöllum (GK-348:007) en þar stóðu a.m.k. tvö þinghús á 20. öld á yngri bæjarhól (GK-348:003) jarðarinnar og ekki er ólíklegt að Reynivellir hafi verið þingstaður sveitarinnar mun lengur en það.

Útihús

Eins og algengt var á Íslandi voru skepnuhús dreifð um tún á bæjum á skráningarsvæðinu til að dreifa áburði. Öll útihús eru skráð hvort sem sjást um þau ummerki eður ei þar sem oft geta leynst leifar undir sverði þó búið sé að slétta húsin í tún. Algengara er að útihús fjarri bæ hafi varðveist þar sem minni líkur eru á því að hafi verið eyðilögð við nýbyggingar eða aðrar framkvæmdir nærri bæ.

Tegundir og fjölda varðveittra og horfinna skepnuhúsa má sjá í *töflu 2*. Nákvæmt hlutverk 38 útihúsa var þekkt en í 45 tilfellum var ekki vitað nákvæmlega hvers lags skepnuhús var um að ræða. Til viðbótar voru skráðar 10 tóftir og 23 þústir með óþekkt hlutverk í heimatúnum á 11 jörðum en líklega hefur einhver hluti þeirra

verið einhvers konar útihús. Aðeins sjást ummerki um rétt rúmlega 30% af öllum þeim útihúsum sem skráð voru og hafa flest þeirra horfið vegna framkvæmda á 20. og 21. öld. Á mörgum jörðum voru öll þekkt útihús í heimatúni horfin en best var varðveisla útihústófta í Reynivallaseli GK-348b þar sem ummerki um öll útihús sjást greinilega og í Vesturkoti GK-349 þar sem flestar tóftir og þústir sem tengdust býlinu eru í nokkuð góðu ástandi. Ástæða þessa er án efa sú að bæði býlin í eyði snemma eða í kring um aldarmótin 1900. Á Reynivöllum eru fjárhústóftir GK-348:011 og :012 enn uppistanandi í gamla heimatúninu ásamt hesthústóft (GK-348:013). Ein vel varðveitt tóft er í heimatúni í Laxárnesi (fjárhús GK-322:005), sauðahústóft (GK-332:006) er að finna í Miðdal og tóft af fjósi og hlöðu í landi Hvítaness (GK-355:004).

Tafla 2 - Tegundir og fjöldi varðveittra útihúsa 2010 og 2011

Tegund	**Fjöldi**	**Þar af varðveitt**
Fjárhús	17	10
Hesthús	8	2
Fjós	5	1
Skemma	2	0
Hlaða*	1	0
Heygarður/-gryfja/-stæði	4	0
Hjallur	2	1
Smiðja	1	0
Hænsnakofi	1	0
Andakofi	1	0
Hrútakofi	1	1
Mylla	1	0
Útihús	45	13
Alls	89	28

*flestar skráðar með fjár- eða beitarhúsum

Kálgarðar, garðlög og gerði

Á árunum 2010 og 2011 voru skráðir 27 kálgarðar en í flestum tilfellum, eða 23 voru öll ummerki um garðana horfin (GK-358:018, GK-358:020, GK-358:029, GK-350:021, GK-350:022, GK-347:033, GK-347:035, GK-346:047, GK-346:050, GK-346:051, GK-360:017, GK-348:047, GK-332:033, GK-322:034, GK-322:033, GK-321:013, GK-321:012, GK-320:023, GK-332:032, GK-332:031, GK-333:006, GK-322:032, GK-322:035). Í aðeins fjórum tilfellum sáust leifar af hleðslum um garðana (GK-359:026, GK-360:017, GK-355:008, GK-320:024). Í flestum tilfellum er ekki nákvæmlega þekkt hvað var ræktað í görðunum en í kálgarðinum í Hækingsdal (GK-346:047) voru m.a. ræktaðar kartöflur og rófur.

Túngarðar voru á Reynivöllum, í Vindási og Hækingsdal, Laxárnesi, Miðdal og Miðdalskoti. Öll ummerki voru horfin í Miðdal og Miðdalskoti ásamt einu túngarðsbroti í landi Hækingsdals (GK-332:008, GK-333:004, GK-346:009) en leifar túngarða fundust á öðrum jörðum (sjá GK-322:007, GK-348:022, GK-348:014, GK-347:010, GK-346:010, GK-346:011) þótt alls staðar sé stór hluti þeirra horfinn vegna framkvæmda..

Sex varnargarðar (GK-359:006, GK-350:019, GK-346:046, GK-346:035, GK-346:048, GK-348:048) og þrír vörslugarðar (GK-350:016, GK-322:008, GK-347:034) voru skráðir, í Hækingsdal og Vindási, á Reynivöllum og Ingunnarstöðum, að Sogni og í Laxárnesi. Garðlög eru horfin á þremur stöðum (GK-347:034, GK-346:048, GK-348:048) en annars sjást víða einhverjar leifar garða.

Eitt gerði var skráð á Ingunnarstöðum (GK-359:027) en þar er grjóthlaðið garðlag umhverfis trjálund, gæludýrakirkjugarð og þvottasnúrur heima við bæ. Annað gerði, sem gæti hafa verið nátthagi var skráð í landi Hækingsdals (GK-346:021) en öll ummerki um það eru horfin í tún.

Stekkir og kvíar

Stekkir voru almennt notaðir til þess að stía sundur lömbum og ám snemma á vorin t.d. í þeim tilgangi að mjólka, rýja fé, gelda hrúta og marka. Í flestum tilfellum voru stekkir í úthögum en þó ekki mjög fjarri bæ. Algengt er að stekkir hafi verið á hverjum bæ, jafnvel fleiri en einn, og oftast voru þeir litlar réttir, gjarnan tvískiptar. Kvíar voru notaðar til að mjólka ærnar kvölds og morgna eftir stekkjartímann þegar lömbin höfðu verið rekin í haga. Kvíar voru yfirleitt einfaldar, mjóar og aflangar tóftir í nánd við bæ eða náttúrumyndanir sem gáfu gott aðhald, en á síðari tímum var einnig notast við færikvíar úr timbri. Hugtakið „stöðull“ var stundum notað yfir aðhald þar sem ær voru mjólkaðar en oftar er það þó notað um staði þar sem kýr voru mjólkaðar þegar þær gengu lausar á vorin og sumrin.

Á árunum 2010 og 2011 voru skráðir 16 stekkir, átta kvíar og stöðlar og tíu réttir (sjá *töflu 3*). Mest voru skráðir fjórir stekkir í landi Hækingsdals en annarsstaðar voru einn til tveir stekkir á jörð. Leifar af 13 stekkjum fundust en á þremur stöðum voru þeir horfnir. Flestir smærri stekkir (um og undir 10 m á lengd) sem fundust eru tvískiptir en hólfin liggja þó mismunandi eftir stærð og lengd, þá annað hvort hlið við hlið eða enda við enda (GK-321:010, GK-348:024, GK-346:040, GK-346:042 og GK-346:043). Stærri stekkir eru oft þrískiptir með eitt stærra hólf eða gerði áfast minni

hólfunum, annað hvort til hliðanna eða við endann (GK-320:019, GK-322:023, GK-346:041, GK-347:017, GK-355:020, GK-358:014). Aðeins Laufastekkur (GK-332:014) líkist meira rétt en stekk þó hugsanlegar leifar af tvíksiptum stekk leynist fast austan við réttina. Leifar af kvíum/stöðlum fundust á fimm stöðum en þrjár voru horfnar. Þó er ekki útilokað að færikvíar í landi Hvítaness (GK-355:027) hafi verið úr timbri og því aldrei verið neinar hleðslur til staðar. Leifar stöðla og kvía virðast vera tvenns konar. Litlar tvískiptar tóftir svipaðar litlum stekkjum (GK-347:015, GK-348:038 og GK-350:013) og stærri aflangar og einfaldar réttir (GK-322:019 og GK-

Tafla 3 – Stekkir, kvíar og réttir, ástand og fjarlægð frá bæ

Númer	Fjarlægð frá bæ (m)	Ástand
Stekkur GK-320:019	500	tóft, hleðslur signar
Stekkur GK-321:010	260	tóft, hleðslur signar
Stekkur GK-322:022	580	ekkert sést til fornleifa
Stekkur GK-322:023	950	tóft, hleðslur signar
Stekkur GK-332:014	1000	tóft, hleðslur signar
Stekkur GK-332:024	600	örnefni, ekki sést til fornleifar
Stekkur GK-346:040	540	tóft, hleðslur signar
Stekkur GK-346:041	1700	tóft, hleðslur standa
Stekkur GK-346:042	950	tóft, hleðslur signar
Stekkur GK-346:043	860	tóft, hleðslur signar
Stekkur GK-347:017	870	tóft, hleðslur signar
Stekkur GK-347:018	740	tóft, hleðslur signar
Stekkur GK-348:024	580	tóft, hleðslur standa grónar
Stekkur GK-348:031	1000	örnefni, ekki sést til fornleifar
Stekkur GK-355:020	500	tóft, hleðslur signar
Stekkur GK-358:014	525	tóft, hleðslur signar
Kvíar GK-347:013	270	tóft, hleðslur signar
Kvíar GK-348:038	300	þúst, hleðslur signar
Kvíar GK-350:013	1100	tóft, hleðslur signar
Færikvíar GK-355:027	130	ekkert sést til fornleifa
Stöðull GK-322:018	170	ekkert sést til fornleifa
Stöðull GK-322:019	245	tóft, hleðslur standa
Stöðull GK-346:032	210	ekkert sést til fornleifa
Stöðull GK-347:015	240	tóft, hleðslur signar
Rétt GK-320:020	730	þúst, hleðslur signar
Rétt GK-332:025	165	tóft, hleðslur signar
Rétt GK-346:018	175	tóft, hleðslur signar
Rétt GK-347:036	240	tóft, hleðslur standa grónar
Rétt GK-348:020	310	tóft, hleðslur signar
Rétt GK-348b:007	120	tóft, hleðslur signar
Rétt GK-350:006	240	tóft, hleðslur signar
Rétt GK-355:033	730	tóft, hleðslur signar
Rétt GK-359:016	70	tóft, hleðslur signar
Rétt GK-360:011	160	tóft, hleðslur signar

347:013). Tíu réttir voru skráðar og flestar eru þær grjóthlaðnar með signar hleðslur og nokkuð yfir 10 m á lengd. Mjög litlar upplýsingar fengust um notkun þeirra og tilgang en líklegast er að þær hafi verið notaðar sem heimilisréttir, þ.e. aðeins notaðar fyrir heimajörðina, og þá oftast til aðhalds eða sem einhvers konar kvíar og/eða stekkir. Aðeins ein rétt í landi Sogns (GK-350:006) var skilgreind af heimildamanni sem fráfærurétt. Fimm réttir voru einfaldar, fjórar aflangar (GK-346:018, GK-347:036, GK-332:025 og GK-348:020) og ein kassalaga (GK-350:006). Fjórar til viðbótar voru einnig aflangar en hafa einnig greinilega verið tví- til þrískiptar (GK-359:016, GK-360:011, GK-348b:007 og GK-355:033). Meðal fjarlægð stekkja frá bæ var um 760 m á meðan meðal fjarlægð kvía var um 330 m og meðal fjarlægð rétta um 290 m.[1]

Mógrafir, kolagrafir og torfrista

Fyrr á öldum var mór þurrkaður í flögum yfir sumartímann og hafður til eldiviðar á vetrum. Kolagerð fór oftast fram á haustin og veturna en hrísinn var bæði notaður sem eldiviður (afkvisti) og til kolagerðar (kurlaðir leggir). Kolin voru aðallega notuð í smiðju. Torf var gjarnan notað til þess að hylja heysátur, í húsagerð og einangrun.

Heimildir um alls sextán mógrafir voru skráðar í Kjósarhreppi. Leifar af mógröfum sjást í landi Vindáss (GK-347:016) og í landi Ingunnarstaða (GK-359:020), í Seljadal (GK-348b:011-:012), í Laxárnesi (GK-322:011, :026 og :029) og í Káranesi (GK-320:008), en heimildir og frásagnir voru einnig skráðar á átta öðrum minjastöðum (GK-320:018, GK-332:029, GK-346:033, GK-347:011, GK-347:014, GK-347:042, GK-355:011 og GK-358:016). Heimildir eru um að kolagrafir hafi verið í landi Ingunnarstaða (GK-359:008) og Vindáss (GK-347:032) en engin ummerki fundust um þær. Svipaða sögu er að segja um ristu en hún er þekkt úr heimildum í landi Mýdals (GK-332:034), Káraneskots (GK-321:008) og Hvítaness (GK-355:013) en engar leifar sáust á umræddum stöðum.

Beitarhús og fjárskýli

Sumrin 2010 og 2011 voru skráð 13 beitarhús og fimm fjárskýli og var ástand þessara minja nokkuð gott. Upplýsingar um ástand minjanna og fjarlægð þeirra frá bæ er að finna í *töflu 4* að neðan. Fjarlægð beitarhúsa frá bæ var að meðaltali um 830 m og

[1] Það má þó benda á að ef mannvirki GK-350:013, sem er um 1100 m frá bæ, væri talið sem stekkur yrði meðalfjarlægð varla 200 m.

fjárskýla um 2,2 km. Beitarhús eru fjárhús í úthögum. Þau voru notuð til útbeitar sauða á vetrum en fé var látið út á morgnana ef veður leyfði og látið bíta yfir daginn. Ef lítið var um beit var því gefið í húsi áður en því var hleypt út. Þetta var gert til þess að ganga ekki of hart að heimatúnum og nýta úthaga. Fjárskýli/borgir voru aðallega byggð sem skýli fyrir fé í illviðrum á vetrum og stóðu þau oft langt frá bæ. Yfirleitt var um að ræða kringlótt byrgi, hlaðin úr torfi og/eða grjóti og sjaldgæft var að þau hefðu jötur eða garða. Fimm fjárskýli voru skráð að þessu sinni og var eitt þeirra hellir við Brynjudalsá (GK-359:022) í landi Ingunnarstaða. Einnig eru þrjú sérstaklega falleg hringlaga skýli í beinni röð á aflöngum hól í landi Reynivalla (GK-348:026). Leifar fjögurra beitarhúsa og eins fjárskýlis fundust alls ekki. Tveir staðir voru skráðir í Brynjudal í landi Ingunnarstaða (GK-359:021) og Hrísakots (GK-360:013) þar sem að eru þrjár tóftir í þyrpingu (sex alls), tvær stærri og ein minni. Ingunnarstaðabeitarhús eru tvö greinileg fjárhús með áfastri hlöðu ásamt einni lítilli tóft sem hugsanlega gæti hafa verið hrútakofi eða stekkur. Hrísakotsbeitarhús eru aðeins öðruvísi. Tvær minni tóftirnar eru greinilega fjárhús án hlöðu (13C) og með hlöðu (13B). Tóft 013A er hins vegar að hluta greinilegt fjárhús og hlaða en rústahóllinn virðist nokkuð stór og umfangsmikil til að geta aðeins verið beitarhús. Ekki er útilokað að hér hafi verið mannabústaður á einhverjum tímapunkti sem var seinna endurnýttur sem beitarhús.

Tafla 4 – Beitarhús og fjárskýli, ástand og fjarlægð frá bæ

Númer	**Fjarlægð frá bæ (m)**	**Ástand**
Beitarhús GK-320:009	360	tóft, hleðslur signar
Beitarhús GK-332:015	750	tóft, hleðslur útflattar
Beitarhús GK-332:016	870	tóft, hleðslur útflattar
Beitarhús GK-346:006	400	ekkert sést til fornleifa
Beitarhús GK-346:007	500	ekkert sést til fornleifa
Beitarhús GK-346:008	500	ekkert sést til fornleifa
Beitarhús GK-346:038	1900	þúst, hleðslur útflattar
Beitarhús GK-347:019	1400	ekkert sést til fornleifa
Beitarhús GK-348:044	300	þúst, sést til
Beitarhús GK-355:010	150	þúst, sést til
Beitarhús GK-358:026	500	tóft, hleðslur signar
Beitarhús GK-359:021	2500	þrjár tóftir, hleðslur standa grónar
Beitarhús GK-360:013	650	þrjár tóftir, hleðslur standa grónar
Fjárskýli GK-346:013	1700	tóft, hleðslur signar
Fjárskýli GK-347:020	2600	tóft, hleðslur signar
Fjárskýli GK-348:026	1700	þrjár tóftir í röð á aflöngum hól, hleðslur signar
Fjárskýli GK-358:012	2300	ekkert sést til fornleifa
Fjárskýli GK-359:022	2500	hellir, undir þaki

Beitarhústóftirnar í Káranesi (GK-320:009) og Miðdal (GK-332:015 og :016) eru leifar af frekar venjulegum beitarhúsum með áfastri hlöðu þó að hlaðan í Káranesi sé

að stórum hluta úr bárujárni og með áfastri skemmu til viðbótar. Beitarhústóftin sem skráð var í landi Þrándarstaða (GK-358:026) er minnst. Tóftin virðist einföld og trúlega hefur ekki verið þar áföst hlaða. Ekki er útilokað að tóftin hafi þjónað sem stekkur frekar en beitarhús en ekki verður úrskurðað um hvort er líklegra nema með frekari athugunum.

Sel

Sel voru byggð í úthögum eða til dala til að nýta beit og hlífa högum heima við bæ en yfirleitt voru þau ekki meira en dagleið í burtu. Heimildir fundust um níu sel á því svæði sem skráð var 2010-2011. Í *töflu 5* er að finna upplýsingar um ástand þeirra og fjarlægð frá bæ. Selin voru að meðaltali um 2,8 km frá bæ. Lítið er eftir að sjá af seljunum tveimur í Hækingsdalslandi (GK-346:012 og :024) vegan skriðufalla og hugsanlegs jarðvegsrofs en Hækingsdalssel í Seljadal (GK-348b:010) er mjög greinileg þrískipt tóft á fallegum stað. Sognssel (GK-347:012) er á flóunum norðvestan við Sandfell en tóftin er greinileg og skiptist í fjögur hólf. Á Selflötum í landi Ingunnarstaða eru þrjár skemmtilegar grasigrónar tóftir (GK-359:007) á suðurbakka Brynjudalsár. Ekkert sést til Reynivallasels (GK-348b:001) vegna nýbýlis sem talið er byggt hafa verið á rústum þess. Þrándarstaðasel (GK358:008) er trúlega horfið vegan skriðufalla og staðsetning sels (GK-359:012) í landi Ingunnarstaða og Vindássels (GK-347:024) er óljós. Vindássel er trúlega horfið vegan rofs á Vindásflóum.

Tafla 5 - Sel, ástand og fjarlægð frá bæ

Númer	**Fjarlægð frá bæ (m)**	**Ástand**
GK-346:012	3700	þúst, sést til
GK-346:024	2300	þúst, sést til
GK-347:012	1600	tóft, hleðslur signar
GK-347:024	2000	ekkert sést til leifa af seli
GK-348b:001	4,700	ekkert sést til leifa af seli
GK-348b:010	3,300	tóft, hleðslur signar
GK-358:008	2350	ekkert sést til leifa af seli
GK-359:007	2500	Þrjár tóftir, hleðslur signar
GK-359:012		Nákvæm staðsetning óljós

6. Niðurstöður

Minjar í hættu

Við vettvangsskráningu er lagt mat á þá hættu sem talin er steðja að öllum minjastöðum. Á bæjum sem búið hefur verið á alla 20. öld hafa átt sér stað ýmsar framkvæmdir og umbætur og af þeim sökum er algengt að um eða yfir helmingur fornminja á hverri jörð, að meðaltali, sé horfinn af yfirborði. Því eru þær fornleifar sem eru í nálægð við byggð, hvort sem um er að ræða bæi eða sumarbústaði, taldar í hættu vegna ábúðar. Slíkir staðir teljast þó oftast ekki í bráðri hættu þó einhverjar líkur séu alltaf á að fornleifum verði raskað. Af þeim minjum sem skráðar voru árin 2010 og 2011 voru tæplega helmingur (43% -185 minjastaðir) ekki voru taldir í neinni hættu. Svolítið fleiri staðir, eða 208 minjar (um 49%) töldust í einhverri hættu og langflestir þeirra reyndust í hættu vegna ábúðar. Einstaka staðir voru þó í hættu vegna túnræktar, vegagerðar, trjáræktar eða rofs.

Af 427 minjastöðum voru 22 taldir í stórhættu, eða rúmlega 5%, flestir vegna skógræktar. Í landi Laxárness taldist Flóakot GK-322:010 í stórhættu enda er það smám saman að hverfa í þúfur og rofabörð vegna ágangs búpenings. Í landi Reynivalla reyndist tvískipt tóft GK-348:042 (óþekkt hlutverk) í stórhættu vegna trjáræktar enda er þéttur skógurinn við það að brjóta hana alveg niður. Í landi Vindáss er fjárskýli GK-347:020 í stórhættu þar sem búið er að gróðursetja tré í veggi þess. Heima við bæjarhól að Sogni GK-350:001 og í Hrískoti GK-360:001 er mikil trjárækt sem stofnar mannvistarleifum sem sjást á bæjarstæði á túnakorti frá 1917 í hættu þó þær sjáist ekki lengur á yfirborði. Í Hrísakoti var talsvert um greinilegar tóftir sem voru í stórhættu vegna skógræktar, t.d. hesthús GK-360:004. Búið er að gróðursetja tré í veggi og inní hólf í tóft GK-360:009 og rétt GK-360:011. Flúðastígur GK-360:012 og beitarhús GK-360:013 eru einnig talin í stórhættu af sömu orsökum. Ljóst er að ef ekki verður gripið til ráðstafana til að verndar þær tóftir sem eru í stórhættu munu þær eyðileggjast á næstu árum/áratugum.

Verndun og kynning minja

Góð leið til þess að stuðla að varðveislu minja getur stundum verið að kynna þær og gera þær aðgengilegri svo þær falli ekki í gleymsku. Slíkt eykur meðvitund landans og undirstrikar mikilvægi þeirra í sögu þjóðar. Einn friðlýstur minjastaður var skráður 2011-2012 og það er Gullhlaðsvellir (GK-359:010) í landi Ingunnarstaða. Þar var

samkvæmt Jarðabók Árna og Páls býli sem löngu var komið í eyði árið 1705. Staðurinn var friðlýstur árið 1930 en er því miður ekki merktur sem slíkur. Signar og þýfðar þústir má greina á svæðinu en hvort þær tilheyra gömlu býli eða ekki er óljóst. Áhugavert væri að kanna svæðið frekar og skera úr um umfang og gerð þeirra leifa sem þar sjást, sem og leita eftir því sem hugsanlega er horfið undir svörð.

Auk þessa friðlýsta minjastaðar eru margar aðrar mjög áhugaverðar minjar á svæðinu. Af fornleifum sem hentað gætu vel til rannsókna og kynningar á svæðinu eru m.a.:

- Umfangsmikil áveitukerfi voru í Norður- og Suðurflóum í landi Laxárness (GK-322:014) og á flóðsléttum Laxár í Laxárdal (GK-350:014, GK-348:037 og GK-321:011) Hluti af þessa mikla áveitukerfi var skráður innan þeirra jarða sem það tilheyrði í Laxárdalnum en þó skortir enn á að ítarleg heildarmynd sé náð, m.a. vegna þess hversu mikið rask hefur átt sér stað á svæðinu á 20.öld. Áhugavert væri að kanna heildarumfang þessara mannvirkja sem og skoða byggingu áveitugarðanna sem hlaðnir voru, hvernig flóðhólfin og vatnshliðin virkuðu, hvaðan vatnið var leitt, hvernig það flæddi um kerfið í heild, hvert það rann þegar veitt var af á vorin, hvernig áveitukerfið breytti ræktun og búskaparháttum á svæðinu og hvernig staðið var að mannvirkjagerðinni.
- Í landi Laxárness eru tvö eyðibýli; Flóakot GK-322:010 og Melkot GK-322:012. Flóakot er í stórhættu vegna rofs og ágangs hrossa. Stemma þyrfti stigum við rofi á þessu svæði sem fyrst og girða býlisminjarnar af áður en leifar þess glatast alveg. Melkot er hins vegar í ágætu ástandi. Áhugavert væri að kanna aldur og hlutverk tóftanna á býlinum betur, t.d. með prufuskurðum. Mjög skemmtilega gönguleið mætti einnig gera suður og upp með Skorá frá Þvottavaði (GK-323:021) niðri við sjó í norður, fram hjá Melkoti, að Dælisá eða jafnvel alveg að Meðalfellsvatni. Vel mætti þá hugsa sér að göngugarpar gætu skoðað tóftirnar á leið sinni um svæðið og hugsanlega lesið sér til um sögu þeirra á upplýsingaskiltum.
- Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín frá árinu 1705 segir frá fjórum býlum (332:009, 332:012, 332:037 og 333:001) og hálfkirkju (GK-332:002) frá bænum Miðdal. Nákvæm staðsetning og umfang þessara mannvirkja er að mestu óþekkt. Í Jarðabókinni eru einnig heimildir um a.m.k. tvö fjós og heygarða (GK-332:010 og 011) síðan um eða fyrir 1705 sem heldur er ekki vitað hvar stóðu. Nokkurt rask hefur átt sér stað í Miðdal á 20. öld en þar eru þó nokkrar þústir og hólar þar sem ekki er ólíklegt að talsverðar mannvistarleifar gætu leynst undir sverði. Mögulegt er að í einhverjum þeirra gætu leynst forn mannvirki og má vera að þústirnar geymi

áhugaverðar vísbendingar um sögu Miðdals og byggingarhætti í Kjós. Það væri því áhugavert að skera úr um möguleika þessa minjastaðar með prufuskurðum og kanna svæðið betur með stærri uppgreftri ef vel varðveittar minjar er þar að finna undir sverði.

- Reynivellir eru merkur kirkjustaður sem hefur vafalítið verið í byggð allt frá landnámsöld. Elstu heimildir um bæinn eru frá því árið 1200. Árið 1699 féll mikið snjóflóð yfir bæinn og eyðilagði stóran hluta hans. Þá var bærinn fluttur og virðist sem gamla bæjarstæðinu hafi lítið sem ekkert verið raskað. Líklegast stóð eldri bærinn í gegnum aldirnar á svipuðum stað, ofan við gamla kirkjugarðinn (GK-348:002). Þar má því gera ráð fyrir að leynist gríðarlegt magn af mannvistarleifum sem fela í sér mikilvægar upplýsingar um sögu byggðar á Reynivöllum og í Kjós og væri staðurinn því að mörgu leyti tilvalin til uppgraftar.
- Í landi Reynivalla voru tvö býli; Austurkot GK-348:015 og Vesturkot GK-349:001. Staðsetning Austurkots er óljós. Samkvæmt séra Halldóri Jónssyni var Austurkot á Uppgrundum, ofan og norðaustan við yngri bæinn á Reynivöllum, á meðan örnefnaskrá segir kotið hafa verið austan (trúlega suðaustan) við sama bæ. Á túnakorti frá 1917 er lítill túnblettur sem virðist merktur Reynivallakoti en óljóst er hvort kotið stóð á þessum stað eða hvort túnbletturinn sjálfur var bara nýttur af íbúum kotsins. Staðsetning Vesturkots er hins vegar vel þekkt enda sjást umfangsmiklar leifar býlisins ennþá. Áhugavert væri að reyna að staðsetja og kanna umfang Austurkots sem og taka nokkra prufuskurði í tóftir Vesturkots til að varpa ljósi á aldur og sögu býlanna.
- Niðri á engjum Reynivalla, á flóðsléttum Laxár, er áberandi hóll sem kallast Rúst (GK-348:032). Rústin er hringlaga þúst, um 30 m í þvermál og allt að 1,5 m á hæð. Ekki er vitað hvaða tilgangi Rústin þjónaði en afar líklegt verður að teljast að þar leynist mannvistarleifar undir sverði. Áhugavert gæti verið að taka prufuskurði í Rústina í þeim tilgangi að varpa ljósi á hlutverk og aldur hennar.
- Seljadalur er eyðidalur upp og sunnan af Fossárdal í Kjós (sjá GK-356). Heimildir herma að þar hafi Reynivellir haft í seli þar til skriður féllu og tóku það með sér. Nákvæm staðsetning selsins er óþekkt. Um miðja 19. öld byggðist upp lítið býli í dalnum sem kallaðist Reynivallasel (GK-348b:001) og var það í byggð allt fram til 1921. Ekki er ólíklegt að býlið hafi verið byggt á svipuðum stað og gamla selið. Áhugavert væri að taka prufuskurði á þessu svæði til að kanna hvort þar sé að finna leifar af seli Reynivalla og grennslast fyrir um aldur og eðli byggðarinnar. Tóftir býlisins eru fallegar og áhugaverðar minjar ásamt greinilegum sáðsléttum og þar eru

einnig leifar Hækingsdalssels (GK-348b:010) innst í dalnum. Seljadalur er nokkuð deigur að vestanverðu en að austanverðu er landið frekar þurrt og auðvelt yfirferðar. Minjar á dalnum eru skemmtilegar og mætti vel vekja athygli á þeim með því að gera gönguleið upp frá bænum Fossá GK-356 um Fossárdal og inn í Seljadal.

- Tvö mjög falleg en ólík sel eru í landi Ingunnarstaða á Selflötum (GK-359:007) og í landi Vindáss (Sognssel GK-347:012). Selið á Selflötum samanstendur af þremur litlum tóftum í þyrpingu en Sognssel er aðeins ein ferköntuð fjórskipt tóft. Þessar tóftir ásamt fleiri seljatóftum í Kjós gætu verið efni til ítarlegrar rannsóknar um sel og seljabúskap.
- Samkvæmt heimildum hefur bærinn Hvítanes (GK-355:001) verið í byggð a.m.k. frá því fyrir árið 1585. Í byrjun Seinni heimstyrjaldar, árið 1941, varð heimafólk að yfirgefa nesið þegar breski herinn reisti þar flotastöðina H.M.S. Baldur III (GK-355:024). Jarðrask á þessum tíma var gríðarlegt svo að nærri allt undirlendi á nesinu er enn í sárum svo ekki hefur verið hægt að búa á jörðinni síðan. Umfangsmiklar herminjar eru ennþá vel greinilegar. Þó virðist herinn hafa haldið sig að mestu frá bæjarhólnum svo ekki er ólíklegt að þar leynist undir sverði leifar eldri bæja sem gætu gefið mikilvæga innsýn inn í forna byggingarhætti og sögu byggðar í Kjós. Þær herminjar sem ennþá eru til staðar gefa einnig mikilvæga innsýn inn í hernámsárin á Íslandi og þá umbrotatíma sem þá voru í þétt- og dreifbýli hér á landi.
- Áhugavert er að minnast á að í landi Hækingsdals voru skráðir fjórir stekkir (GK-346:040-:043) sem er óvenjulegur fjöldi innan einnar jarðar. Þrír þeirra (:040, :042 og :043) eru mjög svipaðir í byggingu, tvískiptir með einn greinilegan inngang (sjá teikningar) á meðan stekkur :041 er með stórt samtengt grjóthlaðið hólf framan við inngang. Áhugavert væri að bera saman byggingu og fjölda stekkja á öllum jörðum í Kjósarhreppi.
- Bæjarhóll Þrándarstaða (GK-358:001) er stór og stæðilegur og er svo til óraskaður þó búið sé að slétta hann örlítið. Þrándarstaðir hafa verið í byggð að minnsta kosti síðan í byrjun 16. aldar (ef ekki mun fyrr), svo hóllinn geymir örugglega mörg leyndarmál.
- Í landi Ingunnarstaða er skemmtilegur litill hellir við Brynjudalsá kallaður Sauðahellir (GK-359:022) og var hann notaður sem fjárskýli fyrir sauði. Á sama stað eru mikil beitarhús (GK-359:021), Ingunnarstaðafjárhús. Sauðahellir er nú nokkuð illa farinn, hleðslur eru signar og þyrfti að moka nokkuð út, en hann gæti verið (og er trúlega nú þegar) skemmtilegur áfangastaður í gönguferðum inn Brynjudal.

- Í landi Hrísakots eru stór beitarhús (GK-360:013). Umfang tófta GK-360:013A og :013B er það mikið að ekki er ólíklegt að þar hafi á einhverjum tímapunkti verið býli og/eða sel. Hrísakot var hjáleiga frá Ingunnarstöðum og innan landamerkja getur Jarðabók Árna og Páls um býlisins Þórunnarsels (GK-359:011) en staðsetning þess er nú óþekkt. Hvort beitarhúsin hafa mögulega verið byggð upp á rústum býlisins er örðugt að fullyrða en áhugavert væri að sannreyna þá hugmynd með prufuskurðum á svæðinu.

7. Lokaorð

Hér að ofan eru settar fram helstu niðurstöður síðustu tveggja áfanga fornleifaskráningar í Kjósarhreppi sem framkvæmdir voru á árunum 2010 og 2011. Aðalskráningu fornleifa í hreppnum er nú lokið. Verkefnið var unnið í alls fimm áföngum á árunum 2007 fram til ársins 2011 og byggði skráningin m.a. á svæðisskráningu Sædísar Gunnarsdóttur frá árinu 2005[2]. Á þessum fimm árum hafa alls verið skráðar yfir 1200 fornleifar á 44 jörðum og komu áfangaskýrslur út þrisvar sinnum, árið 2009[3] eftir áfanga 1-2, árið 2010 eftir áfanga 3[4] og nú árið 2012 eftir áfanga 4 og 5[5]. Ritstjórar voru Birna Lárusdóttir og Sólveig Guðmundsdóttir Beck en fimm aðrir skráningarmenn komu einnig að verkefninu á meðan því stóð: Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Kristborg Þórsdóttir, Ásta Hermannsdóttir, Unnur Magnúsdóttir og Sigurjóna Guðnadóttir. Rætt var við fjölmarga heimildamenn innan sveitarinnar sem utan og þökkum við þeim og öllum öðrum sem hjálpuðu á einhvern hátt við verkefnið innilega fyrir aðstoðina. Ljóst er að marga spennandi minjastaði má finna í Kjósarhreppi og enn er mörgum spurningum ósvarað um aldur og umfang minja á svæðinu. Fornleifaskráning er þarfur grundvöllur og undirbúningur að hvers lags frekari úttekt á fornleifum s.s. nákvæmum uppmælingum, prufuskurðum og uppgreftri. Þeirri vinnu er nú lokið í Kjósarhreppi og því möguleikar á frekari rannsóknum í sveitarfélaginu meiri og betri en á mörgum öðrum svæðum. Skráningin nýtist einnig sem grunnur að frekari vinnu í tengslum við menningartengda ferðaþjónustu og leynast mörg spennandi tækifæri í kynningu fornleifa, sögu og menningu svæðisins, jafnt fyrir heimamönnum sem og ferðamönnum sem eiga leið um svæðið.

[2] Menningarminjar í Kjósarhreppi, FS266-04241
[3] Birna Lárusdóttir, FS394-07121
[4] Sólveig Guðmundsdóttir Beck, FS442-07122
[5] Sólveig Guðmundsdóttir Beck, FS496-07123

8. Heimildaskrá

- **Afmælisbæklingur Reynivallakirkju:** Ólafur J. Engilbertsson. 2009. *Reynivallakirkja 150 ára 1859-2009*. Reynivallasókn. Kjósarhreppur.
- **ÁFÍ 1985:** Gunnar Kristjánsson. 1985. Í Kjósinni. *Árbók Ferðafélags Íslands 1985*: 173-200.
- Birna Lárusdóttir. 2011. Mannvist: sýnisbók íslenskra fornleifa. Reykjavík: Bókaútgáfan Opna.
- **BJ:** Brynjúlfur Jónsson. 1904. Um Stykkisvöll. *Árbók hins íslenzka fornleifafélags 1904:* 19-20.
- **DI:** *Diplomatarium Islandicum eða Íslenzkt fornbréfasafn*, I-XVI bindi. 1853-1976. Hið íslenzka bókmenntafélag. Kaupmannahöfn/Reykjavík.
- Friðþór Eydal. 1997. *Vígdrekar og vopnagnýr: Hvalfjörður og hlutur Íslands í orrustunni um Atlantshafið*. Bláskeggur. Kópavogi.
- **FS394-07121:** Birna Lárusdóttir (ritstj.). 2008. *Fornleifaskráning í Kjósahreppi I.* Skýrsla FS394-07121. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.
- **Fornleifaskrá:** Ágúst Ó. Georgsson. 1990. *Fornleifaskrá: Skrá um friðlýstar fornleifar*. Fornleifavernd – Þjóðminjasafn Íslands. Reykjavík.
- **HJ-Ljósmyndir I :** Halldór Jónsson. 1953. *Ljósmyndir I - Húsvitjun.* Átthagafélag Kjósverja. Reykjavík.
- **HJ-Ljósmyndir IIA:** Halldór Jónsson. 1954. *Ljósmyndir II – Endurminningar*. Átthagafélag Kjósverja. Reykjavík.
- **HÞ:** Hannes Þorsteinsson. 1923. „Rannsókn og leiðrjettingar á nokkrum bæjanöfnum á Íslandi“ *Árbók Hins íslenzka fornleifafélags 1923*: 1-96.
- **ÍF I:** Íslensk fornrit I. 1986. *Íslendingabók og Landnámabók.* Hið íslenzka fornritafélag. Reykjavík.
- **Íslendinga sögur XII:** Íslendinga sögur XII. 1953. *Árnesinga sögur og Kjalnesinga.* Íslendingasagnaútgáfan. Reykjavík.
- **ÍF XIII:** *Íslensk fornrit XIII.* 1991. Harðar saga. Hið íslenzka fornritafélag. Reykjavík.
- **JÁM III:** *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín. III. bindi - Gullbringu og Kjósarsýsla*. 1984. Hið íslenska fræðafjelag. Kaupmannahöfn.
- **Jarðabréf:** *Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdrættir.* 1993. Gunnar F. Guðmundsson bjó til prentunar. Kaupmannahöfn.

- **JJ:** *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi af búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu.* 1847. Gefið út af J. Johnsen. Kaupmannahöfn.
- **Kjósarmenn:** Haraldur Pétursson. 1961. *Kjósarmenn. Æviskrár.* Átthagafélag Kjósverja. Reykjavík.
- **KK I:** P.E. Kristian Kålund. 1984. *Íslenzkir sögustaðir I: sunnlendinga fjórðungur.* Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf. Reykjavík.
- Kristján Jóhannsson. 1989. *Innsveitir Hvalfjarðar*. Víðerni. Reykjavík.
- **Óðinn:** Halldór Jónsson. 1924. Jón í Káranesi. *Óðinn 1.-6.*: 45-47.
- **PP:** Sveinn Níelsson. 1950. *Prestatal og Prófasta.* 2.útgáfa. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík.
- Sólveig Guðmundsdóttir Beck. 2010. *Fornleifaskráning í Kjósarhreppi II*. Skýrsla FS422-07122. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.
- **SSGK:** Sýslu- og sóknalýsingar Gullbringu- og Kjósarsýslu. *Landnám Ingólfs. Safn til sögu þess III.* 1937-39. Hið íslenska bókmenntafélag. Reykjavík.
- Stefán Ólafsson, 2012. *Smávegis um rústaþyrpingar í Kelduhverfi.* Ritgerð til MA-prófs í fornleifafræði. Reykjavík: Háskóli Íslands.
- **Sturlunga:** *Sturlunga saga I.* 1946. Sturlunguútgáfan. Reykjavík.
- Sædís Gunnarsdóttir. 2005. *Menningarminjar í Kjósarhreppi – Svæðisskráning.* Skýrsla FS266-04241. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík.
- Svavar Sigmundsson. 1997. Íslensk örnefni. *Frændafundur 2:* 11-21.
- **Veiðimaðurinn:** Albert Erlingsson. 1948. Fyrstu tilraunir til klaks á Íslandi. *Veiðimaðurinn 7*: 15, 32.
- Þorvaldur Thoroddsen. 1958. *Ferðabók I: skýrslur um rannsóknir á Íslandi 1882-1898.* Snæbjörn Jónsson & co. h.f. Reykjavík.
- Þórður Flóventsson. 1929. *Laxa- og silungaklak á Íslandi.* Útgefandi óþekktur. Reykjavík.
- Þórunn Valdimarsdóttir. 1986. *Af Halamiðum á Hagatorg.* Örn og Örlygur. Reykjavík.

Óútgefnar heimildir:

Örnefnastofnun Íslands

- **Ö-Blönduholt:** Örnefnalýsing Blönduholts. Páll Bjarnason skráði.
- **Ö-Fossá viðb:** Svavar Sigmundsson gerði athugasemdir við Örnefnalýsingu Fossár

sem Sigurþór Ólafsson tók saman. Ari Gíslason skráði athugasemdir.

- **Ö-Hrísakot AG:** Örnefnalýsing Hrísakots. Ari Gíslason skráði.
- **Ö-Hrísakot PB:** Heimildamaður Þorlákur G. Ottesen. Páll Bjarnason skráði 27. ágúst 1976.
- **Ö-Hvítanes:** Örnefnalýsing Hvítaness. Heimildamaður Einar Jónsson á Morastöðum. Ari Gíslason skráði. Athugasemdir og viðbætur gerðar af Kristbjörgu Sveinbjörnsdóttur og Jóhannesi Sveinbjörnssyni árið 1976. Viðbætur skráðar af Páli Bjarnasyni. Allar upplýsingar voru svo settar saman af Guðrúnu Þóru Guðmannsdóttur árið 1984.
- **Ö-Hækingsdalur, ásamt viðbótum:** Örnefnalýsing Hækingsdals. Heimildamaður Hannes Guðbrandsson. Ari Gíslason og Páll Bjarnason tóku saman.
- **Ö-Ingunnarstaðir PB:** Örnefnalýsing Ingunnarstaða. Heimildamaður Þorlákur G. Ottesen. Páll Bjarnason skráði 27. ágúst 1976.
- **Ö-Ingunnarstaðir AG:** Örnefnalýsing Ingunnarstaða. Ari Gíslason skráði.
- **Ö-Ingunnarstaðir og Hrísakot:** Lúther Lárusson skráði 20.3 1959.
- **Ö-Káranes:** Örnefnalýsing Káraness. Heimildamenn Lárus Pétursson og Ellert Eggertsson. Ari Gíslason skráði. 26. ágúst 1976.
- **Ö-Káranes aths og viðb:** Athugasemdir og viðbætur við örnefnalýsingu Káraness. Heimildamaður Ágúst Þorsteinsson bóndi í Káraneskoti. Páll Bjarnason skráði.
- **Ö-Káranes, svör við sp:** Svör Péturs Lárussonar bónda í Káranesi og Mörtu Finnsdóttur við spurningaskrá Örnefnastofnunar. 11. nóvember 1997.
- **Ö-Káraneskot ath og viðb:** Örnefnalýsing Káraneskots og fleiri athugasemdir við örnefnalýsingu Káraness. Heimildamaður Ágúst Þorsteinsson bóndi í Káraneskoti. 26.ágúst 1976. Páll Bjarnason skráði.
- **Ö-Laxárnes:** Örnefnalýsing Laxárness. Heimildamenn Guðmundur Hansson í Þúfukoti og Pétur Magnússon. 18.09.1967. Ari Gíslason skráði.
- **Teikning af Laxárneslandi:** Uppdráttur af Laxárneslandi frá Átthagafélagi Kjósverja sem gerður var af Pétri Magnússyni fylgdi með örnefnalýsingu.
- **Ö-Miðdalur:** Örnefnalýsing Miðdals. Heimildamaður Davíð Guðmundsson bóndi í Miðdal. Ari Gíslason skráði.
- **Ö-Miðdalur aths og viðb:** Athugasemdir og viðbætur við örnefnalýsingu Miðdals. Heimildamaður Grímur Gestsson. Páll Bjarnason skráði.
- **Ö-Reynivellir:** Örnefnalýsing Reynivalla. Heimildamenn séra Halldór Jónsson og

Sigurjón (eftirnafn óljóst) í Sogni. Ari Gíslason skráði.

- **Ö-Reynivellir ath og viðb. GBK:** Athugasemdir og viðbætur við örnefnalýsingu Reynivalla. Gunnar Finnbogason gerði athugasemdir. Guðmundur B.Kristmundsson skráði.
- **Ö-Reynivellir ath og viðb. PB:** Athugasemdir og viðbætur við örnefnalýsingu Reynivalla. Guðmundur Á. Jónsson frá Sogni gerði athugasemdir. Páll Bjarnason skráði.
- **Ö-Sogn PB:** Örnefnalýsing Sogns. Heimildamaður Guðmundur Árni Jónsson frá Sogni. Páll Bjarnason skráði.
- **Ö-Sogn AG:** Örnefnalýsing Sogns. Heimildamenn sr. Halldór á Reynivöllum og Sigurjón á Sogni (eftirnöfn óljós). Ari Gíslason skráði.
- **Ö-Valdastaða PB**: Örnefnalýsing Valdastaða. Þorbergur Guðmundsson frá Valdastöðum gerði athugas., Páll Bjarnson skráði.
- **Ö-Vindás:** Örnefni í Vindáslandi, Kjósarhreppi. Bjarni Ólafsson frá Króki í Hraungerðishreppi skráði.
- **Ö-Þrándarstaðir AG:** Örnefnalýsing Þrándarstaða. Heimildamaður Þorlákur Ottesen, verkstjóri í Reykjavík. Ari Gíslason skráði.
- **Ö-Þrándarstaðir PB:** Örnefnalýsing Þrándarstaða. Heimildamaður Halldóra Guðmundsdóttir, f.í Skorhaga 1903, dóttir Guðmundar Ottesen frá Skorhaga. Páll Bjarnason skráði.

Þjóðminjasafn Íslands

- Hannes Guðbrandsson. 1976. *Fráfærur í Hækingsdal í Kjós.* Svör við spurningaskrá nr. IV. Spurningaskrá Þjóðháttadeildar Þjóðminjasafns nr. 2604. 28 bls.

Þjóðskjalasafn Íslands

- Túnakort 1917 af heimatúni Hrísakots.
- Túnakort 1917 af heimatúni Hvítaness.
- Túnakort 1917 af heimatúni Hækingsdals.
- Túnakort 1917 af heimatúni Ingunnarstaða.
- Túnakort 1917 af heimatúnum Káraness og Káraneskots.
- Túnakort 1917 af heimatúni Laxárness.
- Túnakort 1917 af heimatúnum Miðdals og Miðdalskots.

- Túnakort 1917 af heimatúni Reynivalla.
- Túnakort 1917 af heimatúni Sogns.
- Túnakort 1917 af heimatúni Vindáss.
- Túnakort 1917 af heimatúni Þrándarstaða.

Netmiðlar

Sogn í Kjós: Pétur Björn Jónsson. 2003. www.mennta.hi.is/vefir/saga/torf/2003/sogn_kjos. Þessi vefsíða var gerð við Kennaraháskóla Íslands árið 2003 í námskeiðinu Sagnfræði og sögunám. [Skoðað 10. nóvember 2011].

Heimildamenn:

- *Káranes, Káraneskot og Laxárnes:* Pétur Lárusson bóndi í Káranesi, f. 17.10.1937.
- *Miðdalur og Miðdalskot:* Guðmundur Davíðsson bóndi í Miðdal, f. 02.06.1959.
- *Sogn:* Snorri Ö. Hilmarsson, f. 18.01.1963.
- *Hækingsdalur:* Annabella Harðardóttir, f. 10.8.1943 og Guðbrandur Hannesson bóndi í Hækingsdal, f. 28.9.1936.
- *Vindás:* Magnús Lárusson, f. 07.02.1932.
- *Ingunnarstaðir og Hrísakot:* Guðrún Björnsdóttir, f. 28.01.1942.
- *Þrándarstaðir:* Lúther Ástvaldsson ábúandi á Þrándarstöðum, f. 26.09.1944.
- *Reynivellir og Vesturkot:* séra Gunnar Kristjánsson prestur á Reynivöllum, f. 10.08.1943, og Anna M. Höskuldsdóttir, f. 10.05.1941.

Viðaukar

Viðauki I – Hnitaskrá á ISN93 fyrir árin 2010 og 2011

Númer	Lengdargráða	Breiddargráða	Númer	Lengdargráða	Breiddargráða
320001	375035.51	428337.41	**322004**	373086.24	428422.02
320002	375049.72	428348.06	**322005**	372910.5	428699.93
320003	374975.16	428315.91	**322006**	373052.12	428604.66
320004	375032.36	428326.17	**322007A/013A**	372962.18	428596.77
320005	374886.8	428365.22	**322007B**	372966.71	428590.66
320006	375039.66	428398.16	**322007C**	372967.11	428575.67
320007	374996.26	428342.93	**322007D**	372965.73	428565.81
320008	374753.27	428512.16	**322007E**	372971.25	428549.44
320009	374684.04	428276.46	**322007F**	372968.88	428547.27
320010	375172.99	428411.96	**322007G**	372969.28	428536.22
320011	375016.38	428602.69	**322007H**	372974.8	428514.13
320012	374595.48	428432.48	**322007I**	373007.74	428466.6
320013	374734.34	428975.86	**322008A**	372814.45	428443.72
320014	374225.67	428075.28	**322008B**	372761.19	428472.71
320015	375148.14	428836.02	**322008C**	372846.8	428439.18
320016A	375069.04	428370.94	**322009**	373371.24	428983.16
320016B	375132.36	428393.82	**322010A**	373377.75	427486.54
320017	374828.42	428531.29	**322010B**	373385.64	427505.87
320018	374676.35	428080.21	**322010C**	373399.84	427538.41
320019	374889.36	428813.73	**322011**	374485.62	428981.38
320020	374419.75	427942.15	**322012A**	372965.73	427230.72
320021	375207.9	428588.49	**322012B**	372955.87	427229.14
320022	374765.7	428851.21	**322012C**	372945.22	427223.82
320022A	375026.84	428342.93	**322012D**	373003.01	427242.75
320022B	375008.1	428341.55	**322012E**	372942.65	427227.57
320023	375030.98	428345.69	**322012F**	372939.89	427234.08
320024	375016.58	428332.28	**322012G**	372948.37	427239.4
320024A	375015	428339.97	**322012H**	372950.94	427234.08
320024B	375009.28	428332.28	**322013B**	372983.28	428595.39
320025	375226.04	428593.42	**322014A**	374388.78	428822.81
320026	375033.74	428310.19	**322014C**	374196.48	428450.82
320027	375083.44	428572.51	**322015A**	373013.66	428462.46
321001	374926.44	428085.34	**322015B**	373032.99	428458.71
321002	374919.15	428103.29	**322015C**	373135.15	428462.06
321003	374909.48	428103.69	**322015D**	373161.98	428515.12
321004	374918.36	428110.19	**322016**	372642.46	428755.35
321005	374907.11	428118.28	**322016A**	372637.73	428755.35
321006	374917.96	427979.23	**322016B**	372636.94	428759.69
321007	374959.18	428061.87	**322016C**	372640.29	428763.04
321008	375010.07	427766.81	**322016D**	372648.38	428759.49
321009	374896.46	427507.44	**322016E**	372648.18	428753.77
321010	374911.06	427828.15	**322016F**	372643.25	428751.6
321011	375069.83	427705.67	**322016G**	372636.35	428753.38
321011A	375063.32	427735.64	**322017**	372938.11	428635.83
321011B	375070.62	427748.86	**322018**	372876.38	428557.13
321011C	375087.98	427777.66	**322019**	373112.67	428362.85
321011D	375149.71	427872.13	**322020**	373794.12	429173.88
321011E	375285.21	428082.38	**322021**	372714.06	427426.38
321012	374898.04	428082.98	**322022**	373615.62	428708.8
321013	374885.42	427971.54	**322023**	373970.64	428799.93
321014	374903.76	428097.57	**322024**	373078.74	428563.84
322001	373044.03	428597.17	**322025A**	372845.22	428580.21
322002	373065.73	428600.52	**322025B**	372744.43	428453.98
322003	373066.52	428576.46	**322025C**	372964.94	428606.83

Númer	Lengdargráða	Breiddargráða	Númer	Lengdargráða	Breiddargráða
322025D	373006.16	428601.9	**333001**	368396.97	424341.42
322026	374427.04	428481.39	**333002**	368379.02	424263.52
322027	374276.95	428256.54	**333003**	368402.69	424251.88
322028	373676.17	428715.51	**333004**	368366.4	424217.36
322028B	374167.48	428371.73	**333005**	368395.99	424326.24
322028C	373391.56	427346.5	**333006**	368378.63	424334.13
322028D	373430.61	427466.02	**333007**	368411.37	424327.62
322029	373250.14	428764.23	**333008**	368366.2	424365.68
322030	372797.09	428435.63	**338037**	378695.21	425789.72
322031	374274.78	429125.17	**343026**	381046.06	423560.96
322032	373047.38	428588.88	**346001**	383974.21	423388.58
322033	373062.37	428569.75	**346002**	384054.29	423195.88
322034	373075.39	428581.98	**346003**	384013.07	423361.95
322035	373022.53	428610.58	**346004**	384045.42	423364.12
322036	373875.97	429066	**346005**	384031.41	423445.19
322037	373006.36	427738.8	**346006**	383765.93	423721.71
332001	368484.54	424378.9	**346007**	383624.52	423745.38
332002	368543.52	424473.37	**346008**	383601.64	423726.44
332003	368481.98	424395.47	**346009**	383804	423714.61
332004	368510.97	424363.91	**346010**	383560.02	423810.66
332005	368460.09	424443.99	**346010A**	383531.42	423764.91
332006	368607.03	424373.38	**346010B**	383558.64	423797.05
332007	368537.8	424240.44	**346010C**	383561.01	423801.2
332008	368435.83	424462.33	**346010D**	383567.91	423816.19
332013	368453.18	424460.16	**346010E**	383574.42	423830.39
332014	367560.1	424945.56	**346010F**	383580.14	423854.65
332015	367783.18	424652.66	**346011A**	384180.33	423340.85
332016	367658.13	424659.96	**346011B**	384241.07	423470.24
332017	368383.95	424460.36	**346012**	385426.65	420019.8
332018	368334.84	424463.12	**346012A**	385538.68	420035.58
332019	368210.78	424514.4	**346013A**	382555.7	424339.85
332020	369083.74	423829.01	**346013B**	382612.31	424303.75
332021	368933.85	424780.86	**346014A**	382003.83	424518.15
332022	368508.21	424195.86	**346014B**	382020.6	424481.66
332023	369092.62	423861.35	**346014C**	382034.6	424520.12
332024	368220.84	423829.01	**346015**	385414.62	419351.77
332025	368631.88	424297.83	**346016**	383955.28	423455.25
332025B	368630.1	424290.73	**346017A**	382878.18	425478.29
332026	368434.25	424450.1	**346017B**	382848.79	425523.85
332027	368493.02	424460.36	**346018**	384062.38	423538.68
332028	368685.72	423026.85	**346019**	384052.32	423536.51
332030A	368620.64	424265.29	**346021**	383888.81	423541.44
332030B	368521.62	424363.51	**346022**	383927.08	423742.62
332031	368495.19	424363.91	**346023**	383526.1	423513.63
332032	368478.23	424372.59	**346024**	383284.48	425548.11
332033	368467.38	424449.31	**346025**	382312.11	424272
332035	368400.13	424096.85	**346026**	382541.5	424440.24
332036	368512.55	424394.87	**346027**	382456.09	424500.59
332037	368224	424340.04	**346028**	383441.09	424409.67
332038A	368542.33	424442.01	**346029**	383176	424425.05
332038B	368529.91	424488.56	**346030A**	384154.09	423376.15
332038C	368561.86	424458.38	**346030B**	384138.71	423365.5
332039	368454.56	424439.45	**346031**	384668.48	423369.25
332040	368615.51	424353.26	**346032**	384155.67	423283.85

Númer	Lengdargráða	Breiddargráða	Númer	Lengdargráða	Breiddargráða
346033	384362.57	423126.65	**347018**	379409.21	425183.03
346034	384061.98	422460.98	**347019**	379663.05	424494.87
346035A	383272.65	423193.32	**347020A/B**	380990.64	424075.95
346035B	383268.7	423202.98	**347020C**	381006.42	424039.06
346035C	383254.9	423219.94	**347021**	378848.27	425808.66
346035D	383198.88	423313.43	**347022**	378984.36	425863.09
346035E	383118.61	423362.94	**347023**	378971.54	425773.75
346036	385595.29	422661.97	**347024**	380964.01	425968.81
346037	385419.55	421429.64	**347025**	378803.5	425801.36
346038	384620.36	421547.78	**347026**	378934.85	425654.42
346039	386379.69	423685.22	**347027A**	378831.9	425735.88
346040	384478.15	423205.55	**347027B**	378835.25	425772.17
346041	382669.31	424447.14	**347028**	378725	425858.75
346041A	382669.7	424439.84	**347029**	378874.5	425434.9
346041B	382663.19	424442.41	**347030**	379508.41	424433.34
346041C	382629.46	424423.28	**347031**	378925.78	425462.31
346042	384092.16	422451.32	**347032**	381137.58	424048.53
346043	383339.91	423974.37	**347033**	378919.47	425743.17
346044	384112.48	423486.01	**347035**	378831.9	425684.2
346045	384069.28	423435.13	**347036**	379128.54	425606.1
346046A	384009.12	423588.18	**347037**	378943.14	425802.15
346046B	383937.73	423599.82	**347038**	379044.71	425845.74
346047	383973.62	423381.68	**347039**	379133.27	425847.91
346048	384053.9	423330.99	**347040**	378898.56	425682.82
346049	385306.14	419643.87	**347041A**	379610.78	425891.5
346049B	384876.17	421218.2	**347041B**	379583.96	425752.64
346050	383761.79	423712.05	**347041C**	379366.01	425617.54
346051	383618.99	423739.46	**347042**	378983.97	425284.41
346052	385156.64	420705.39	**347043**	380817.27	427472.34
347001	378938.4	425752.25	**347044**	381062.23	427146.5
347002	378934.07	425792.68	**347045**	381296.35	426725.41
347003	378934.26	425806.68	**347046A**	381308.78	425049.1
347003B	378919.86	425807.08	**347046B**	381012.53	427137.43
347004	378891.07	425663.49	**347047**	380017.68	425131.15
347005	378948.66	425790.31	**347048**	380075.47	425677.5
347006	378944.12	425886.76	**348001**	378047.89	428582.18
347007	378965.23	425902.15	**348002**	378023.83	428564.62
347008	379022.82	425861.52	**348003**	378091.67	428391.65
347009A	378971.34	425714.97	**348004**	378094.44	428457.53
347009B	378954.58	425889.33	**348005**	378088.52	428402.1
347010A	379009.61	425903.92	**348006**	378092.46	428383.96
347010B	379011.78	425900.96	**348007**	378103.9	428378.24
347010C	379012.17	425898.6	**348008**	378108.44	428360.88
347010D	379000.73	425902.74	**348009**	378118.7	428335.63
347010E	378985.74	425898.2	**348010**	378143.35	428319.07
347010F	378970.95	425894.45	**348011**	378254.79	428384.94
347010G	378754.38	425790.51	**348012**	378261.89	428374.49
347010H	378831.7	425830.35	**348013**	378204.89	428495.99
347012	380509.78	426028.18	**348014A**	378260.51	428367.59
347013	379156.94	425915.95	**348014B**	378348.08	428371.33
347014	379043.33	426229.36	**348014C**	378418.89	428443.13
347015	379106.45	425582.23	**348014D**	378427.96	428449.24
347016	379357.33	425701.95	**348014E**	378443.54	428465.22
347017	379075.48	424896.64	**348014F**	378281.41	428367.98

Númer	Lengdargráða	Breiddargráða	Númer	Lengdargráða	Breiddargráða
348014G	378171.75	428340.17	**348045**	377994.04	428633.66
348014H	378164.06	428332.08	**348046A**	377821.07	428863.04
348015	378340.98	428233.27	**348046B**	377983.39	428959.29
348017	377859.53	428630.7	**348046C**	377830.34	428873.1
348018	378191.08	428529.32	**348046D**	377840.99	428883.16
348019A	378063.27	428548.06	**348046E**	377866.43	428882.17
348019B	378254	428684.35	**348046F**	377877.87	428887.3
348019C	378489.69	428582.38	**348047**	378093.65	428352.2
348019D	378402.71	428762.65	**348048**	375536.1	428218.67
348019E	378448.08	428757.32	**348b001**	382592.38	427339.99
348019F	378519.67	428739.77	**348b002**	382612.9	427313.56
348019G	378507.84	428766.99	**348b003**	382663.78	427315.73
348019H	378560.3	428761.07	**348b004**	382603.43	427296.6
348019I	378563.46	428790.06	**348b005**	382592.58	427328.95
348019J	378566.22	428798.94	**348b006**	382569.9	427391.47
348019K	378653.2	428804.27	**348b007**	382476.21	427370.96
348019L	378644.72	428824.38	**348b008**	382596.53	427357.15
348019M	378666.61	428824.19	**348b009**	382571.08	427358.53
348019N	378987.91	429143.9	**348b010**	382600.87	426349.87
348019O	380136.41	429488.87	**348b011**	381965.57	426927.77
348020	378391.47	428462.26	**348b012**	382567.34	426282.22
348021	378024.61	428623.99	**348b013**	382140.72	427573.32
348022	378043.55	428457.33	**349001**	377953.81	428831.09
348023A	377939.61	428569.75	**349002**	377941.78	428806.43
348023B	378143.35	428325.38	**349003**	377951.24	428811.37
348024	378654.39	428241.95	**349004**	377813.97	428792.63
348025	378438.81	428059.5	**349005**	377797.4	428773.1
348026A	379117.3	427090.29	**349006**	377832.51	428789.08
348026B	379144.12	427114.16	**349007**	377827.77	428793.81
348026C	379126.96	427099.76	**349008**	377795.43	428822.02
348027	379239.98	426490.1	**350001**	376735.88	429091.44
348027B	380912.93	427542.55	**350002**	376763.1	429080.79
348028	379187.51	427233.48	**350003**	376722.47	429077.04
348029A	378918.68	428867.58	**350004**	376706.89	429073.1
348029B	378940.77	428822.61	**350005**	376794.06	429181.58
348029C	378990.28	429106.04	**350006A**	376877.89	429278.81
348030A	379370.74	429292.82	**350006BA**	376883.02	429282.17
348030B	379378.44	429284.14	**350006BB**	376889.13	429283.15
348031	377280.45	428111.38	**350006CA**	376881.44	429272.11
348032	376889.53	428392.24	**350006CB**	376890.51	429260.08
348033	379906.63	428383.96	**350006CC**	376890.31	429246.66
348034	378767.01	428867.77	**350006D**	376874.34	429269.94
348035	376831.54	428161.87	**350006EA**	376872.56	429269.54
348036	377932.31	428798.15	**350006EB**	376880.06	429246.07
348037	378044.34	428190.27	**350007**	376608.07	429144.69
348037B	375377.52	428711.76	**350008**	376694.46	429090.85
348037C	375412.63	428712.55	**350009**	376708.46	429091.24
348038	378333.88	428226.96	**350010**	376893.27	429178.62
348039	378100.94	428337.41	**350011A**	376642.78	428400.13
348040	378122.64	428338	**350011B**	376648.31	428450.43
348041	378187.14	428434.65	**350012**	376698.4	429157.32
348042	378136.64	428504.27	**350013**	377816.73	428966.59
348043	378229.54	428537.8	**350014**	376540.62	428762.06
348044	378346.11	428248.85	**350015**	376686.96	429159.09


Númer	Lengdargráða	Breiddargráða	Númer	Lengdargráða	Breiddargráða
350016A	376895.25	429249.23	**358003**	386325.26	430549.6
350016B	376899.78	429256.72	**358004**	386304.35	430527.51
350016C	376907.28	429267.77	**358005**	386415.39	430527.71
350017	376823.65	429293.61	**358006**	386316.97	430438.56
350018	376767.24	429269.74	**358007**	386228.42	430538.36
350019A	376698.4	429082.37	**358008**	384017.8	430132.45
350019B	376704.32	429089.47	**358009**	382542.29	430475.44
350020A	376700.57	429074.67	**358010**	382523.55	430470.11
350020B	376709.06	429085.52	**358012**	384025.5	430642.1
350021	376736.47	429073.1	**358013**	384234.76	429977.62
350022	376717.14	429063.04	**358014**	385888.18	430314.69
355001A	379116.11	431262.01	**358015A**	386475.16	430741.31
355001B	379122.03	431245.05	**358015B**	385944.99	430850.78
355002	379129.33	431243.87	**358016**	385361.76	430570.9
355003	379132.48	431245.84	**358017**	385672.8	430177.22
355004	379145.7	431248.4	**358018**	386302.58	430513.51
355005	379228.34	431211.72	**358019**	383644.24	430569.32
355006	379238.01	431223.95	**358020**	386307.31	430628.49
355007	379250.63	431239.92	**358021**	386267.07	430558.08
355008A	379092.05	431258.27	**358022**	386216.98	430613.11
355008B	379103.89	431277.4	**358023**	386211.45	430640.72
355008C	379144.12	431264.77	**358024**	386316.58	430419.23
355008D	379138.99	431255.11	**358025**	386321.91	430504.43
355009	379115.32	431234.99	**358026**	385894.3	430913.1
355010	379014.93	431134.2	**358027**	386009.48	430586.88
355011	379270.55	431523.94	**358029**	386418.75	430527.51
355012	379150.24	431428.48	**359001**	387201.57	431286.27
355013	379324.2	431475.82	**359002**	387183.03	431283.91
355014	379229.92	431197.32	**359003**	386965.68	430871.68
355015	379296.58	431256.69	**359004**	387184.02	431304.02
355016	379291.26	431237.75	**359005**	387210.25	431311.91
355017	379023.41	431234.79	**359006A**	386886.2	431328.68
355018	378972.72	431214.09	**359006B**	386943.98	431350.97
355019A	379122.62	431232.03	**359006C**	386962.33	431355.11
355019B	379136.63	431241.7	**359006D**	386976.73	431368.91
355020	379492.04	430926.52	**359006E**	387013.02	431404.22
355021	379648.65	430671.29	**359006F**	387018.93	431405.99
355022	380162.05	430325.15	**359007A**	389534.28	430332.84
355023A	378948.07	431278.38	**359007B**	389530.72	430318.05
355023B	378956.94	431270.89	**359007C**	389554.98	430334.61
355023C	378991.07	431263.79	**359008**	387431.75	431497.91
355023D	379003.3	431261.22	**359009**	389344.14	430561.24
355024	379255.76	431375.42	**359010A**	387889.73	430837.37
355025A	379197.77	430999.49	**359010B**	387876.71	430841.51
355025B	379070.75	430968.33	**359010C**	387907.08	430813.7
355026	379498.36	431093.38	**359011**	389544.33	430324.55
355027	379100.73	431117.44	**359013**	389239.21	430752.95
355028B	380137.79	430009.37	**359014A**	389309.03	430742.69
355028C	380001.31	429705.43	**359014B**	389353.02	430700.09
355028D	380006.83	429547.84	**359015**	387424.06	431322.37
355029A	380079.21	429124.58	**359016**	387275.14	431305.21
355029B	380091.05	429131.87	**359017**	387487.96	431296.92
355030	379638	430748.61	**359018**	387403.35	431255.5
358001	386295.08	430671.1	**359019**	387229.19	431032.63

Númer	Lengdargráða	Breiddargráða	Númer	Lengdargráða	Breiddargráða
359020	386855.62	431140.71	**359031**	387012.23	431414.08
359021A	389591.87	430638.16	**360001**	388337.06	431218.23
359021B	389598.97	430612.32	**360002**	388344.55	431211.13
359021C	389621.85	430630.27	**360003**	388346.33	431220
359022	389609.82	430590.82	**360004**	388378.28	431251.76
359024	389267.61	430836.77	**360005**	388439.23	431184.5
359025A	387183.63	431316.25	**360006**	388374.33	431402.84
359025B	387166.27	431308.17	**360007**	388281.24	431251.95
359025C	387234.71	431273.06	**360008**	388303.53	431227.5
359025D	387214.39	431295.15	**360009**	388440.41	431208.37
359026A	387205.52	431282.72	**360010**	389125.8	430906.6
359026B	387206.5	431280.95	**360011**	388469.4	431302.84
359026C	387208.28	431266.35	**360012A**	389464.65	431204.22
359026D	387202.76	431264.58	**360012B**	389321.46	431046.63
359026E	387174.55	431279.96	**360012C**	389257.75	431023.75
359027	387185.4	431286.27	**360013A**	388953.22	430983.71
359027A	387167.85	431287.46	**360013B**	388994.64	430946.44
359027B	387162.92	431285.88	**360013C**	388917.91	430963.6
359027C	387160.55	431289.43	**360014**	388884.78	430883.12
359027D	387160.94	431295.74	**360015**	389580.23	431292.78
359027E	387159.17	431299.69	**360016A**	388328.18	431214.09
359027F	387160.15	431302.05	**360016B**	388321.08	431219.41
359027G	387160.35	431307.57	**360016C**	388330.55	431236.77
359027H	387164.49	431308.36	**360016D**	388343.37	431232.43
359027I	387172.78	431308.36	**360017**	388341.79	431199.69
359028	387246.15	431291.4	**360017A**	388346.13	431187.66
359029	386956.61	431434.99	**360017B**	388350.86	431199.69
359030	386976.53	431351.76	**360017C**	388328.58	431205.8


Viðauki II – Minjakort


Hér að aftan eru birt minjakort fyrir allar jarðir skráðar í Kjósarhreppi árin 2010 og 2011. Fornleifar eru merktar inn á kort frá Ljósmyndum ehf. Númer fornleifa í heimatúni bæja sjást á teikningum af túnakortum frá 1917 í byrjun fornleifaskrár fyrir hvern og einn bæ.


VINSAMLEGAST ATH! Landamerki eru sett inn ÁN ábyrgðar. Minjakortin má EKKI nota sem heimild um landamerki.



Yfirlitskort: Landamerki og minjastaðir í Kjósarhreppi
N
Minjastaðir
Mörk túns 1917
Landamerki*
Garðlög
Gamlar leiðir
Áveitukerfi
Handgrafnir skurðir
*Landamerki eru sett fram ÁN ábyrgðar
Minjakortin má EKKI nota sem hemild um landamerki
0
2,5
5
kílómetrar



Minjakort: Fornleifar í Káranesi og Káraneskoti
N
320013
320022
320019
320015
320011
320027
320025
320021
320008
320017
320012
320010
320005
320009
320014
320018
320020
321011
321008
321011
321009
0
0,25
0,5
kílómetrar



Minjakort: Fornleifar í Laxárnesi
N
322020
322031
322036
322009
322011
322014
322023
322029
322028
322016
322022
322025
322018
322008
322026
322030
322019
322028
322027
322037
322010
322021
322012
0
0,25
0,5
kílómetrar



Minjakort: Fornleifar í Miðdal og Miðdalskoti
N
332014
332021
332016
332015
332013
332026
332027
332019
332018
332017
332038A
332037
332040
332025
332030
332022
332035
332023
332020
332024
332028
0
0,2
0,4
kílómetrar


Minjakort: Fornleifar í Hækingsdal
N
346024
346017
346027
346014
346041
346026
346029
346028
346025
346013A
346013B
346043
346022
346039
346021
346023
346030
346031
346035E
346035A
346002
346040
346033
346036
346034
346042
346038
346037
346049
346052
346012
346015
0
0,5
1
kílómetrar



Minjakort: Fornleifar í Vindási
N
347043
347044
347045
347014
347022
347038
347028
347013
347039
347041
347012
347024
338037
347016
347036
347027
347015
347048
347031
347029
347042
347018
347047
347046
347017
347019
347030
347020
347032
0
0,5
1
kílómetrar



Minjakort: Fornleifar á Reynivöllum
348030
348019
348029C
348034
348029A
348029B
348036
348046
348018
348045
348021
348017
348043
348020
348037
348032
348044
348024
348033
348048
348035
348031
348037
348025
348028
348026
348027
0
0,5
1
kílómetrar


Minjakort: Fornleifar í Vesturkoti í landi Reynivalla
N
349001
349008
349003
349002
349007
349004
349006
349005
348001
0
100
200
metrar


Minjakort: Fornleifar að Sogni
N
350017
350006
350018
350016
350013
350014
350011B
350011A
0
0,25
0,5
kílómetrar


Minjakort: Fornleifar í Hvítanesi
N
355011
355013
355012
355017
355024
355015
355018
355016
355014
355010
355026
355027
355025
355020
355030
355021
355022
355028B
355028C
355028D
355029
0
0.25
0,5
kílómetrar


Mínjakort: Fornleifar á Þrándarstöðum
N
358026
358015B
358015A
358001
358023
358022
358027
358016
358024
358014
358017
358012
358019
358009
358010
358008
358013
0
0,5
1
kílómetrar


Minjakort: Fornleifar á Ingunnarstöðum og í Hrísakoti
N
359029
359031
359030
359008
359016
359015
359017
359018
359028
359020
359019
360006
360011
360015
360013
360012
360010
360014
359024
359013
359014
359021
359009
359022
359007
359011
359003
359010
0
0,4
0,8
kílómetrar